

nr 1

*Arnþjótur B. Olson*

Suite 14 Vesta Apts.

WINNIPEG, - MAN.

FÁTÆKI

# Ráðsmaðurinn

Saga eftir

OCTAVE FEULLET

*Arnþjótur B. Olson*



THE COLUMBIA PRESS LTD.  
WINNIPEG.  
1913

Surs

óvíst  
horf  
utan  
götur  
mana  
nötra  
og ól

ætla  
svift

og g  
eg á,  
Meða

atriði  
kvæn  
um, l  
frá ö

mína  
léttir

## Arnþjotur B. Olson

Sursum corda!

París 20. Apríl 185...

Þetta er nú annað kveldið, sem eg held til í þessu óvistlega og leiðinlega herbergi. Sljóvum augum horfi eg á tóman hitunarofninn, og hlusta eins og utan við mig á tilbreytingarlaust vagnskröltið niðri á götunni. Í þessari stóru borg finst mér eg vera einmanalegri og ver kominn heldur en skipbrotsmaður. nötrandi af kulda, á flaki, sem fleytir honum á úfnu og ólgandi hafi.

En nú hlýtur brátt að draga að leikslokum! Eg ætla að horfast í augu við örlögin ókviðinn, til að svifta þau sárasta broddinum.

Eg ætla að léttu á harmþrungnum huga mínum. og gera að trúnaðarmanni mínum, eina vininn, sem eg á, fölleita manninn, sem starir á mig í spegliunni. Meðaumkun þess vinar veldur mér ekki sársauka.

Eg ætla nú að skrásetja hugsanir mínar og æfiatriði, ekki með barnalegri og hversdagslegri nákvæmni, þar sem slept sé öllum meiri háttar viðburðum, heldur ætla eg að segja rétt og samvizkusamlega frá öllu, sem á dagana drífur.

Eg ætla að láta mér þykja vænt um dagbókina mína; hún skal verða eins og bróðurlegt bergmál, sem léttir mér einveruna; jafnframt því á hún að vera

önnur samvizka mín að einhverju leyti, er vari mig við því að hafast nokkuð það að, sem eg ekki er reiðubúinn að rita á eftir með óskjáltandi hendi.

Með harmþrungnum ákafa leita eg nú í umliðinni tíð, eftir sérhverri átyllu og smáatvikum, er átt hefðu fyrir löngu að hafa orðið mér nægilegt skýringarefni, ef sonarleg lotning, vald vanans, leti og kæruleysi ekki hefði lokað augum mínum fyrir því er gerðist umhverfis mig.

Nú skilst mér hversvegna hún móðir mín var svo þunglynd; nú skilst mér hversvegna hún hafði óbeit á samkvæmislífint, og nú skilst mér hversvegna hún ávalt klæddist viðhafnarlitlum og óbreyttum búningi-er föður mínum varð aðra stundina gremjuefni, en hann hæddist að hina.

“Þú ert langlíkust vinnukonu!” sagði hann við hana.

Eg hafði þó orðið þess áskynja, að missætti, enn þá alvarlegra eðlis, raskaði friði á heimili okkar, en aldrei heyrði eg beinlínis á það sjálfur. Eg heyrði að eins óminn af röddu föður míns, æstri og skipandi, og til móður minnar lágan bænarróm, og grátstaf, sem hún reyndi að dylja.

Eg ímyndaði mér að þessi raunalega misklið á heimilinu væri sprottin af helzt til ákøfum og árangurslausum tilraunum föður míns, til að fá móður mína til að taka þátt í dýrðlegum veizluhöldum, svo sem venja hennar hafði verið fyrrum; en í þess kyns samkvæmi fór hún nú mjög nauðug með föður mín-

um, og fram st

Ef að faðin móðir r ar hún aldrei.

Ein frá Par um. H inguna, sá eg a ósægjanl

Mei arinnar álög, ein kom útf hans min ast allan

“Svo hlaupa á

Og lendi.

Þega og kátur hugkvæm ins, og v réði mér að geta g andi einh

um, og varð æ tregari að gera slíkt, sem lengur liðu fram stundir.

Eftir þvílíkar skærur bar það við eigi allsjaldan. að faðir minn fór og keypti einhvern skrautgrip, sem móðir mín fann svo undir pentudúknum sínum, þegar hún settist að matborði, en slíka gripi bar hún aldrei.

Einu sinni á hverjum vetri fékk hún sendan frá París stóran kassa, fullan af yndislegustu blómum. Hún þakkaði föður mínum alúðlega fyrir sendinguna, en þegar hann var kominn út úr herberginu. sá eg að hún ypti öxlum og horfði til himins með ósægjanlega miklum vonleysis- og örvæntingarsvip.

Meðan hann var innan endimarka gömlu hallarinnar okkar, var engu líkara, en á honum lögju í lálög, eins og þungt farg. En jafnskjótt, sem hann kom útfyrir hallarhliðin, sá eg hrukkurnar á enni hans minka, sá hann soga í sig loftið og eins og yngjast allan á einu augabragði.

“Svona Maxíme, sagði hann, nú skulum við hlaupa á sprett.”

Og svo þutum við af stað yfir merkur og graslendi.

Þegar við vorum þannig saman var hann glaður og kátur eins og barn; þá var hann svo skemtilega hugkvæmur, hrifinn af frjálsri náttúru-dýrð drottins, og var svo dæmalaust hispurslaus í tali, að eg réði mér ekki fyrir fögnuði, og mig dauðlangaði til að geta gert aumingjann hana móður mína aðnjótandi einhvers af þessu, hana, sem sat alein heima.

hrygg og raunamædd.

Þegar hér var komið fór mér að þykja vænt um föður minn, og gat ekki hjá því farið, að eg dáðist að honum, er eg við hátíðabrigði samkvæmislífsins. — á veiðum, veðreiðum, dansleikjum og í miðdegisveizlum — sá alla hans góðu hæfileika njóta sín. Hann var ágætis reiðmaður, fyndinn og skemtinn sessunautur undir borðum, frábær spilamaður, og þar að auki hugprúður flestum fremur, og afar mildur af fé. Það var því ekki að undra, þó að hann yrði í huga mínum fyrirmynd göfugrar karlmensku og riddaraskapar. Með nöpru brosi var hann vanur að kalla sig: "síðasta aðalsmanninn".

Þannig var faðir minn utan heimilis, en jafn-skjótt sem hann kom inn fyrir húsdyr heima hjá sér. áttum við móðir mín við ákaflyndan, önugan og uppstökkan aldurhniginn mann að eiga.

Sjálfsgagt hefði stirðlyndi föður míns gagnvart móður minni orðið mér óbærilegt, ef hann hefði ekki öðru hvoru sýnt, að hann sá eftir að hafa móðgað hana, og vildi á ýmsan hátt bæta fyrir það, eins og eg hefi þegar tekið fram.

Þessar sannanir fyrir því, að hann sæi eftir því, er hann gerði móður minni rangt til, réttlættu hann í mínum augum; eg hugði hann vera góðan mann og réttvísan, mann sem hlypi á sig, af því að hann mætti mótspyrnu einmitt þar, sem honum kæmi verst.

Eg ímyndaði mér, að taugasjúkdómur hafi gengið að að móður minni, einhvers konar vonleysisþunglyndi; faðir minn gaf mér og í skyn að hann væri

þeirra  
um þá  
E  
um m  
Þegar  
að á  
hörku  
rólegt  
svipur  
fúsleik  
M  
ar húr  
þegar  
S  
einn m  
og gaf  
H  
sinnun  
og mæ  
að ger  
—  
—  
þá einl  
að lesa  
—  
til þess  
ur, og  
setjast  
áfram  
—

þeirrar skoðunar, þó að hann að vísu væri fáorður um þau efni, en það þótti mér ekki nema eðlilegt.

Ekki var mér fyllilega ljóst, hvernig tilfinningum móður minnar gagnvart föður mínum var háttað. Þegar hún virti hann fyrir sér var engu líkara en að á stundum væri hörkublær á svipnum; en þessi hörkublær hvarf brátt og innan skamms breiddist yfir rólegt andlitið, og augun fögru, sem tárin stóðu í, svipur, sem ljóslega vottaði átakanlega sjálfsfórnarfúsleik og takmarkalausauðmýkt.

Móðir mín var ekki nema fimtán ára gömul þegar hún giftist, og eg var á tuttugasta og öðru árinu. Þegar Helena systir mín fæddist.

Skömmu eftir að hún fæddist kom faðir minn einn morgun út úr herberginu, þar sem móðir mín lá og gaf mér vísbendingu um að fylgja sér út í garðinn.

Hann gekk hryggur í bragði tvisvar eða þrisvar sinnum garðinn af enda og á; síðan nam hann staðar og mælti: — Maxime, það er alt af að verða erfiðara að gera móður þinni til hæfis.

— Er hún svo fjarska veik, pabbi?

— Já, hún er nú veik, en svo hefir hún fengið þá einkennilegu flugu í höfuðið, að þú skulir byrja að lesa lögfræði.

— Lögfræði? Er það satt að móðir mín ætlist til þess að eg, á þeim aldri sem eg er, og jafnvel ættur, og í annari eins stöðu og eg er, eigi að fara að setjast á skólabeck? Annað eins og það væri blátt áfram hlægilegt.

— Já, sama segi eg, svaraði hann þurlega, en

móðir þín er svo lasin, að við megum til með að verða við óskum hennar.

Í þá daga var eg flón, fávíslega státtinn af aðalsnafnbót minni, minni eigin mikilvægu persónu, og því álitu, sem mér þegar hafði hlotnast í samkvæmislífinu; en samt sem áður unni eg móður minni hugástum; eg hafði gert það í meir en tuttugu ár sem við höfðum verið samvistum og okkur ávalt fallið ágætlega hvoru við annað.

Eg þaut inn til hennar og lofaði að gera það sem hún vildi og hafði beðið um.

Hún brosti raunalega, kinkaði kolli til mín í þakklætisskyni, og lét mig kyssa litlu systur mína, er hvíldi sofandi í kjöltu hennar.

Dags daglega lét móðir mín mig gera sér grein fyrir framförum mínum við námið. Þetta gerði hún með svo stöðugum og einbeittum áhuga, að eg fór síðast að halda, að sú ákefð hennar væri sprottin af óheilbrigðum dutlungum, og engu öðru.

Eigi að síður var það ekki alls ómögulegt, að hin mikla óbeit föður míns á öllu, sem leiðinlegt var og óskáldlegt hér í lífi, hefði valdið því, að fjármál okkar hefðu komist á einhvern hátt í ólag; eg fór að hugsa sem svo, að móðir mín vildi láta mig lesa lög, til þess að mér yrði hægra ef svo væri, að kippa því í lag, fjármálunum viðvíkjandi, sem lagfæra þyrfti.

En við nánari íhugun átti eg þó bággt með að trúá því, að þessa væri rétt til getið. Að vísu mundi eg eftir því, að faðir minn hafði barmað sér yfir því, með mikilli háreisti, hvaða fjártjón hann hefði beðið

af stj  
mér h  
ur fyr  
væru ó

V

skamt  
í hérað  
margra  
minn v  
við gál  
þess vi

He

í þeim  
sem fai  
sér af

Þa

*Boulev*  
komu c  
bragur  
óþrjóta  
réttum,  
faðir m

He

Þa

lyndi h  
hana se  
af henni  
heimilin  
getsakir

Fað



af stjórnarbyltingunni, en þessum umkvörtunum, er mér höfðu fundist næsta ástæðulitlar, var hann hættur fyrir nokkru, og eg þóttist vita, að eignir okkar væru öldungis nægilega miklar.

Við áttum heima í höll ættar okkar, sem stóð skamt frá Grenoble, og það var almannarómur, þar í héraðinu, að jafnskrautleg höll væri hvergi til á margra mílna svæði þar nærlendis. Þegar við faðir minn vorum á veiðum bar það við eigi allsjaldan, að við gátum verið svo heilan dag við þá skemtun, án þess við kæmum út fyrir landamæri okkar.

Hesthúsin okkar voru rúmgóð og hátt undir loft í þeim. Þar stóðu margir gæðingar af bezta kyni, sem faðir minn hafði miklar mætur á og var upp með sér af að eiga.

Þar fyrir utan áttum við sjálf hús í París á *Boulevard des Capucines*; þar var ávalt alt búið undir komu okkar til höfuðborgarinnar, og allur heimilisbragur hjá okkur bar þess vitni, að auðlegðin væri óþrjótandi. Matborð okkar var alltaf sett dýrustu réttum, og prýtt með hinni mestu smekkvísi, því að faðir minn vildi svo vera láta.

Heilsu móður minnar fór síhningandi.

Þar kom og um síðir, að hið aðdánlega blíðlyndi hennar breyttist. Eg, sem aldrei hafði heyrt hana segja meiðandi orð, varð nú fyrir bituryrðum af henni, og í hvert skifti, sem eg fór eitthvað út af heimilinu, kváðu við hjá henni álasanir og meinlegar getsakir í minn garð.

Faðir minn komst ekki hjá öflugum aðfinningum

hennar frekar en eg; hann bar þær með jafnaðargeði, svo að mig furðaði á, en var miklu oftár að heiman. heldur en nokkurn tíma áður. Hann færði fram þá afsökun við mig, að hann gerði þetta til að gleyma og dreifa þeim óþægilegu hugsunum, sem sæktu að sér. Hann hvatti mig oft til að fara með sér, og vegna skemtana fýknar minnar, þokkagirnri æskunnar og löngunarinnar til að losna við óþægindin heima fyrir, varð auðgert að fá mig til að verða við óskum hans.

Einu sinni í Septembermánuði 185 . . . vildi svo til, að halda átti veðreiðar á veðhlaupa-sviði í grend við höllina. Þar átti meðal annars að reyna nokkra veðhlaupahesta föður míns.

Við faðir minn höfðum riðið þangað snemma um morguninn, og snætt morgunverð við veðhlaupa-sviðið. En er eg seinna um daginn var að hleypa hesti utan til á veðhlaupa-sviðinu, til að geta betur séð til veðreiðanna, kom þangað aðvífandi einn vinnumannanna okkar; hann kvaðst hafa leitað mín meir en heila klukkustund. Hann sagði að faðir minn væri kominn heim; móðir mín hefði sent eftir honum og óskað eftir að eg kæmi einnig að finna hana þegar í stað.

— En hvað er að? spurði eg vinnumanninn.

— Eg er hræddur um að frúnni hafi versnað, svaraði hann.

Þá þaut eg af stað sem óður væri, og þegar eg kom heim, hitti eg systur mína, sem sat á grasbalanum í stórum, þöglum og mannlausum garðinum heima hjá okkur. Um leið og eg steig af hestinum kom

hún hl  
á svipi  
á munu

—  
Eg  
ur þys  
skyndi  
snéri að  
þá opnu  
skjöldir  
Eg  
födur o

—  
móðir þ  
Eg  
bandaði  
út að e  
synlega

Eg  
Hú  
handleg  
laus. Í  
fögru bl  
ar höfði  
dauðans  
yfir her

Eg  
un ofurl  
og horfð  
máls og

hún hlaupandi til mín og sagði íbygginn og merkileg á svipinn, en þó glaðlega, um leið og hún setti totu á munninn, til að kyssa mig:

— Presturinn er kominn.

Ég varð þess samt ekki var að nokkur óvanalegur þys eða órósemi væri inni í húsinu. Eg þaut í skyndi upp steinriðið og gegnum litla herbergið, sem snéri að herbergi móður minnar. Hurðin að því var þá opnuð hljóðlega, og faðir minn kom fram á þrep-skjöldinn.

Eg nam staðar frammi fyrir honum; hann var fögur og drættir í kringum munninn.

— Maxime, sagði hann, án þess að líta á mig. móðir þín vill finna þig.

Eg ætlaði að spyrja hann, hvað að gengi, en hann bandaði andmælandi til mín hendinni, og gekk hratt út að einum glugganum, eins og hann þyrfti nauðsynlega að horfa þangað eftir einhverju.

Eg fór inn til móður minnar.

Hún hvíldi hnipruð saman á hægindastól; annar handleggurinn hékk niður eins og hann væri máttlaus. Í mjallhvítu andlitinu sá eg alt í einu þá engilfögru blíðu og kvenlega yndispokka, sem þjáningarnar höfðu um hríð máð burtu. Eg sá einnig að engill dauðans hafði nú þegar breitt sína verndandi vængi yfir hennar þreytta höfuð.

Eg féll á kné við hlið hennar; hún opnaði augun ofurlítið, lyfti með erfiðismunum þreyttu höfðinu og horfði á mig lengi og innilega. Síðan tók hún til máls og sagði þessi orð, lágt og með löngum and-

köfum á milli:

— Elsku drengurinn minn! Þú hlýtur að sjá að eg get ekki lifað lengur . . . En gráttu ekki! . . . Þú hefir verið æðimikið í burtu frá mér upp á síðkastið, af því að eg hefi verið svo geðstirð! Við sjáumst aftur, Maxíme, og þá getum við sagt hvort öðru alt, sem nú er ósagt; elsku sonur minn. — Nú get eg ekki meir! . . . Mintu föður þinn á að efna það, sem hann hefir lofað mér. . . . Vertu styrkur í baráttu lífsins . . . og sýndu þeim umburðarlyndi, sem veikbygðir eru!

Það var svo að sjá, sem þróttur hennar væri þrotinn; hún þagði andartak, svo lifti hún með mikilli áreynslu upp einum fingri, starði fast á mig og sagði:

— Systir þín!

Bláleit augnalokin hnigu nú aftur; alt í einu lukust upp á ný, og um leið rétti hún frá sér handleggina með miklum taugateygjum.

Eg rak upp vein; faðir minn kom hlaupandi inn, greip hana í fang sér, og þrýsti andvana líkama hennar að brjósti sínu með átakanlegum harmagráti.

\* \* \*

Að nokkrum vikum liðnum fór eg burt af Frakklandi eftir beiðni föður míns. Hann sagði mér að þessu hafði hann meðal annars lofað móður minni áður en hún dó. Eg ferðaðist þá víða um lönd og hefi verið á því ferðalagi þangað til rétt nýlega.

Þetta ár, sem eg var í burtu að heiman, fann eg oft til innilegrar löngunar til að hverfa aftur til

fóst  
ferð  
móð  
heitt  
skyl  
að d  
vera

var  
móð  
hver  
mátt  
mínu  
heim

eg sá  
lögur  
glögt  
huldi

stór  
meið  
kenni

mann  
það r  
fyrir  
búið

F  
sá mi

fósturjarðar minnar, einkanlega eftir að nýjabrum ferðalagsins var horfið; eg þráði innilega að sjá gröf móður minnar og litlu systur mína, sem eg unni mjög heitt. En faðir minn hafði fastráðið, hveð lengi eg skyldi vera að heiman, og hann hafði kent mér það, að dirfast aldrei að hafa á móti því, sem hann vildi vera láta.

Bréf hans voru ástúðleg en stutt, og ekkert orð var í þeim, sem gæfi til kynna, að hann biði óþolinmóður heimkomu minnar. Mér varð því næsta hverft við, þegar eg kom til Marseille, fyrir tveim mánuðum, og fékk þar fleiri en eitt bréf frá föður mínum, þar sem hann lagði fast að mér að flýta mér heim þegar í stað.

Það var á dimmu kveldi, í Febrúarmánuði, að eg sá aftur gömlu múrveggina umhverfis heimili mitt; lögun þeirra, var mér svo minnisstæð, og sást mjög glögt, er þeir báru við þunna snjóábreiðuna, sem huldi landið umhverfis.

Nístandi napur norðanvindur þaut mér um eyru; stór hélukorn svifu, eins og fölnuð blöð, niður úr meiðum aldinsvalanna, og féllu með daufum og ein-kennilegum ómi á raka jörðina.

Þegar eg ók inn í garðinn, sá eg skugga af manni, bera við innan við gluggann. Sýndist mér að það mundi vera skuggi föður míns. Skugganum brá fyrir við glugga í dagstofunni, sem aldrei hafði verið búið í síðustu árin, sem móðir mín lifði.

Eg flýtti mér upp þangað, og þegar faðir minn sá mig, rak hann upp lágt vein; síðan breiddi hann

út faðminn á móti mér, og rétt á eftir fann eg hjarta hans berjast ótt upp við brjóst mitt.

— En hvað þér er kalt, elsku drengurinn minn, sagði hann. Komdu og vermdu þig. Það er nú kalt hérna, en hér hef eg helzt viljað vera, því að hér get eg þó dregið andann.

— Hvernig líður þér, pabbi?

— Þolanlega, eins og þú sér.

Eg gekk yfir að arninum, en hann tók að ganga um gólf þreyjuleysislega, um stóra salinn, sem við vorum í og í loguðu að eins tvö eða þrjú ljós. Eg var svo sem höggdofa af þessum viðtökum, og horfði kvíðafullur á föður minn.

— Hefurðu séð hestana mína, spurði hann alt í einu.

— Þú veist, pabbi . . . .

— Já, það er rétt! Þú ert alveg nýkominn. Nú varð þögn. Svo sagði hann aftur:

— Eg þarf að segja þér nokkuð, Maxime.

— Já, gerðu það, pabbi.

Það var svo að sjá, sem hann hefði ekki heyrt, hvað eg sagði, því að hann hélt áfram að stika fram og aftur um gólfið, og endurtaka öðru hvoru:

— Eg þarf að segja þér nokkuð, sonur minn.

Loks rak hann upp átakanlegt vein, strauk hendinni um ennið, settist niður og benti mér að setjast á stól andspænis sér. Það virtist svo sem hann vildi taka til máls, en hefði ekki kjark til þess, því að hann starði á mig nærri því bænaraugum og úr svipnum skein kvíði og auðmýkt, sem átakanlega hryggilegt

var a  
eins c  
sú sö  
eg ge  
honu  
varð  
ofboð  
upp ú  
ur og  
I  
I  
maðu  
f  
lá . .  
sannle  
mínur  
vottu  
grein  
N  
hanga  
M  
minn  
nægtu  
bættis  
sonur  
og eig  
M  
hans,  
tók þ  
einast

var að horfa á, og óeðlilegt jafn dramblátum manni eins og faðir minn var að eðlisfari. Hvað þung, sem sú sök var, sem hann átti svo erfitt með að játa, fann eg gerla, að í djúpi sálar minnar hafði eg fyrirgefið honum hana. Hann starði fast á mig, en alt í einu varð augnatillitið ógurlega hvast, hann greip fast og ofboðslega um handlegginn á mér — — reis til hálfis upp úr hægindastólnum — — — hné strax niður aftur og rann síðan, með þungu falli, ofan á gólf.

Faðir minn var látinn.

Þegar maður ann einhverri manneskju, kveður maður ekki upp yfir henni áfellisdom.

Í einni svipan hafði mér skilist hvernig í öllu lá . . . á einu vetfangi rann nú ljós veruleikans og sannleikans upp og gerði auðsæ og skiljanleg í huga mínum, öll þau mörgu smáatvik, sem eg hafði verið vottur að næstliðin tuttugu ár, án þess að gera mér grein fyrir hvað þau táknuðu.

Nú duldist mér ekki að örbirgð lá við dyrnar, hangandi yfir höfði mér.

Mér er það óljóst, hvort eg hefði grátið föður minn meira, ef hann hefði andast í auði og allsnægtum; en við sorg mína og söknuð og sára missi, bættist ósegjanleg meðaumkun, meðaumkun, sem eg, sonurinn, hlaut að finna til gagnvart föður mínum. og eigi verður með orðum lýst.

Mér stóð stöðugt fyrir hugskotssjónum augnaráð hans, biðjandi, auðmjúkt og bugað af iðrun, og mig tók það sárt, að eg skyldi ekki hafa getað sagt eitt einasta hughreystingarorð við hann, áður en hann gaf

upp öndina, og eg hrópaði nú eins og í ofboði, þó að hann gæti ekki heyrt til mín frammar:

— Eg fyrirgef þér! Eg fyrirgef þér!

Mikil óskapa harmastund er þetta, drottinn minn!

Eftir því sem eg komst næst, hafði faðir minn heitið móður minni því á banadægri, að hann skyldi selja meiri hluta eigna sinna, til þess að greiða að fullu þær feiknamiklu skuldir, sem hann var kominn í; en þær voru þannig til komnar að hann hafði árlega eytt þriðjungi meir en tekjurnar námu; að því búnu hafði hann og heitið henni að halda miklu sparara á en áður, og eyða því einu af eftirstöðvum eignanna, sem hann rétt kæmist af með.

Faðir minn hafði leitast við að efna þetta loforð sitt. Hann hafði selt skóga sína og nokkurn hluta bújarðanna; en þegar hann hafði fengið æði mikið fé milli handa á ný, varði hann að eins litlum hluta þess til að greiða með skuldir sínar. Í stað þess reyndi hann til að rétta fjárhag sinn með því að leggja það, sem hann átti eftir af lausafé í kauphallargróðabrall, og við það varð hann á skömmum tíma gjaldþrota.

Enn sem komið er, hefi eg ekki getað kannað til fulls, djúp óhamingjunnar, sem við höfum lent í.

Viku eftir að faðir minn dó, veiktist eg hastarlega, svo eftir tveggja mánaða sjúkleik gat eg rétt með naumindum komist burtu úr feðraheimkynni mínu, er ókunnur maður settist þar að.

Til allrar hamingju varð gamall vinur móður

mi  
mí  
ha  
Ba  
lúk  
mig  
um  
býs

hra  
upp  
mor

að e  
kjar

ef e  
um,  
svo  
lega  
að k

vonir  
þegar  
hund  
frank  
ténd

I  
und f



minnar til að veita mér hjálp og aðstoð í raunum mínum. Hann var lögmaður, sem átti heima í París; hafði verið lögfræðilegur ráðanautur ættmanna minna. Bauðst hann til að takast á hendur að sjá um skuldalúkningarstarfið fyrir mína hönd, en til þess fann eg mig með öllu ófæran, sakir reynsluleysis í þeim efnum. Eg fól honum alla umsjá og eftirlit þar um, og býst eg nú við að þeim málum sé lokið.

Strax þegar eg kom til borgarinnar í gærmorgun hraðaði eg mér á fund hans. Hann var þá kominn upp í sveit, og er ekki væntanlegur heim fyr en á morgun.

Þetta hafa verið ógurlegir dagar!

Óvissan er vafalaust öllu óláni þungbærari, því að ekkert lamar sálarþróttinn, og stelur úr mannum kjarkinum eins og hún.

Skelfing held eg að eg hefði verið hissa á því, ef einhver hefði spáð mér því fyrir svo sem tíu árum, að þessi gamli lögmaður, sem faðir minn hafði svo oft brosað að fyrir lögvizku-orðalag og þyrkingslega hæversku, yrði hjálparhella mín, og kjörinn til að kveða á um það, hverja æfibraut eg skyldi ganga!

Eg hefi ásett mér það, að gera mér ekki of háar vonir. Mér hefir talist svo til, að eg mundi eiga eftir. Þegar allar skuldir eru greiddar, eignir sem nema frá hundrað og tuttugu til hundrað og fimtíu þúsundum franka. Það væri kynlegt ef ekki væri eftir þó al-ténd það af fimm miljóna höfuð-stól.

Eg héfi svo hugsað mér, að taka sjálfur tíu þúsund franka af fé því, fara til Vesturheims og leita

gæfunnar þar. Það sem eftir er af eignunum skil eg eftir handa systur minni.

Nú hefi eg skrifað nóg í kveld!

Það er býsna raunalegt starf að vera að ryfja upp slíkar endurminningar! Þrátt fyrir það dylst mér ekki, að eg hefi orðið rólegri eftir skriftirnar. Að frátalinni þeirri ómetanlegu blessun, sem í starfinu felst, finnur maður til gleði og ánægju þegar því er lokið. Og samt sem áður eru menn ekki fúsir til vinnu. . . . Dagsdaglega njóta menn þeirra gæða, sem hún hefir í för með sér, og eru ánægðir yfir því, sem þeir hafa afkastað, en á komandi degi taka þeir aftur til starfa með sömu óbeit á verki eins og áður.

Hér er um furðulega og dularfulla mótsögn að ræða. Það er engu líkara en vér í senn skoðum starfið, bæði eins og refsing og eins og guðdómlega gjöf.

*Arnþjótur B. Olsson*

II.

Fimmtudag.

Þegar eg vaknaði í morgun var mér fært bréf frá Laubépin gamla. Hann bauð mér að borða hjá sér miðdegisverð, og afsakaði um leið að hann gerðist svo djارفur að fara fram á slíkt við mig; hinsvegar gat hann ekkert um það, hvað fjármálunum liði og þótti mér það illt viti.

Áður en eg lagði af stað þangað, sótti eg systur mína í klaustur-skólann og gekk með henni um ýmsar götur Parísar mér til skemmtunar, Telpuhökkann

órar  
um  
mun  
ærið  
vinst  
pent  
mikl  
gefi

þar

hnigi  
eg m  
er nú  
um,  
loðnu  
um v

I

hvítt  
gamal  
kurtei

C

opnar

F

tók m

Þar s

—

sagði

S

og ha

órar ekki fyrir því að við séum orðin öreigar. Þá um daginn datt henni í hug að kaupa ýmsa dýra muni. Hún keypti nokkur pör glófa, sem kostuðu ærið fé, ljósrauðan skrifpappír, brjóstsykur handa vinstúlkum sínum, dýr ilmvoð og sápur, marðarhárs-pentla og marga aðra muni sem kostuðu mikið, og miklu er hægra að vera án en miðdegisverðar. Guð gefi að hún þurfi aldrei að komast að raun um það!

Klukkan sex var eg kominn yfir í Cassette-götu þar sem Laubépin átti heima.

Mér var ókunnugt um hversu gamall hinn aldurhnigni vinur ættingja minna var, en svo langt sem eg man til var hann öldungis eins ásýndum og hann er nú: hár vexti, holdskarpur, ofurlítið lotinn í herðum, með úfið, snjóhvítt hár og hvöss augu undir loðnum brúnunum. Andlitið var fíngert, en bar vott um viljaprek og staðfestu.

Hann var í svörtum frakka með fornu sniði, — hvítt bindi um hálsinn og nælda í demants-nál — gamalt erfðafé. Alt fas hans bar vott um alvöru: kurteisi og mikla virðingu fyrir fornum venjum.

Gamli maðurinn beið mín í dyrum, sem stóðu opnar, og vissu að hinum litla gestasal hans.

Hann hneigði sig mjög kurteislega fyrir mér. tók mjúkt í hönd mér og leiddi mig yfir að arninum. Þar sat roskin kona, í viðhafnarlausum búningi.

— Þetta er de Champcey d' Hauterive, markís! sagði hann hátt og hátíðlega.

Síðan bætti hann við í eðlilegum rómi um leið og hann snéri sér að mér:

— Þetta er frú Laubépin!

Við settumst niður og nú varð ónotaðögn.

Eg var við því búinn að heyra þá þegar gerða grein fyrir því hvernig fjármálum mínum væri hátt- að, en þegar eg sá, að dráttur átti að verða á því. Þjóst eg við að ekki væri gott í efni, og það hugboð mitt styrktist við það, hvað vorkunnsamlega frú Laubépin leit hornauga til mín, með miður heppilegri háttlægni.

Laubépin veitti mér nákvæma eftirtekt, og eg gat ekki betur séð, en að öðru hvoru bryðgi fyrir miður góðgjarnlegum glampa í augum hans. Mundi eg þá eftir að faðir minn hafði sagt, að bak við hæverskugrímuna sem hann bæri þessi gamli lög- maður fælist meir en lítið af alþýðu drjúglæti og óvild gegn aðalsmannastéttinni. Það var svo að sjá sem þessi óvild stældist einmitt nú, og að gamli maðurinn hefði verulega ánægju af að sjá aðalsmann í kröggum, þó að hann reyndi að láta ekki á því bera.

Þó að eg væri næsta raunamæddur og í þungu skapi, herti eg hugann og spurði rólega og ísmeygi- lega:

— Hvernig stendur á því að þér hafið getað fengið af yður að flytja burt frá Vendome, herra Laubépin? Þar kunnuð þér svo ágætlega vel við yður. Eg hefði aldrei trúað að þér gætuð látið jafnmikið á móti yður og það!

— Eg er heldur ekki vanur því að ganga í berhögg við fastákveðnar skoðanir mínar, herra markís, svar- aði Laubépin, en þegar eg hætti lögmanns störfum

mínum, varð eg að sleppa hvorttveggju í einu, skrifstofunni og bústaðnum, því að maður getur ekki flutt með sér lögsagnar-umdæmis tililbríkina eins og mangara-tililbrík.

— Fáist þér þó ekki við lögmannsstörf ennþá?

— Ójú, þegar svo stendur á að eg get gert gömlum kunningjum greiða í þeim efnum, herra markís. Einstöku ættir, sem mikils metnar eru, og hafa fengið traust á mér í tuttugu og fimm ára lögmannsstarfstíð minni, gera mér stundum þá sæmd, að spyrja mig ráða, þegar vandamál ber að höndum, og eg vona að þær hafi aldrei þurft að sjá eftir því, að hafa leitað til mín.

Um leið og Laubépin slepti orðinu, kom öldruð vinnukona inn og sagði að búið væri að bera á borð.

Eg bauð frúnni að leiða hana að borðinu. Meðan á máltíðinni stóð, var að eins talað um hitt og þetta. Laubépin hafði ekki af mér augun og kona hans bauð mér réttina með svo vesallegum vorkunnlætis svip, eins og hún stæði við sjúkrabeð.

Loks stóðum við upp frá borðum og gamli lögmaðurinn fylgdi mér inn í skrifstofu sína, og þangað var okkur litlu síðar fært kaffi.

Hann bauð mér að setjast á stól, en sjálfur nam hann staðar framan við arninn og sagði:

— Þér hafið sýnt mér þann heiður, herra markís, að leyfa mér að annast um fjármálaráðstafanir eftir föður yðar sáluga, de Champcey d' Hauterive markíss. Eg hafði ásett mér að skrifa yður í gær, en þá frétti eg að þér væruð væntanlegur til Parísar.

og get eg nú tilkynt yður árangurinn af athugtinum mínum.

— Eg hefi hugboð um að sá árangur sé síður en ekki mér í vil.

— Sú tilgáta yðar er rétt, herra markís, og vil eg nú biðja yður að hlusta á mig með verulegri hugprýði. Eg er vanur að tala umsvifalaust og hefja þar máls, sem byrja ber.

Það var árið 1820 að Karl Kristján Odier de Champcey d' Hauterive, markís bað ungfrú Lovísu Helenu Dugald Delatouche sér fyrir konu.

Forfeður mínir höfðu um langan aldur verið ráðunautar Dugald Delatouche ættarinnar og nú hafði sá sæmdarstarfi fallið mér í skaut. Við viðkyningu í því starfi hafði eg felt innilegan vinarhug til hinnar ungu meyjar, og eg neytti allrar minnar mælsku til að kæfa ást hennar og gerði mitt til að ráða henni frá því óheillavænlega hjónabandi, sem hér átti að stofna til.

Eg bið yður að forlata, herra markís, þó að eg tali svona hispurslaust; það verður ekki hjá því komist, ef þér eigið að geta skilið, hvernig í málinu liggur.

Eg gerði þetta ekki fyrir þá sök að eg horfði í mismun á auðæfum, því að eignir de Hauterive markíss voru engu minni en eignir ungfrú Delatouche, en það sem kom mér til að rísa móti ráðahagnum var það, að eg þekti lundarfar markísins og ættgenga hæfileika. Þó að hann væri hinn drengilegasti sýnum, eins og ætt hans öll, sá eg þó gerla, að hann var að eðlisfari ótrúlega óvarkár, kæruleysið takmarka-

lau  
lau

her  
hor  
þes  
látr

ma  
þeg  
dra  
sem  
var

gek

mér  
eg l

hélt  
hon

harr  
Þve  
ar e  
tóks  
tilsk  
eigna

marl

laust, skemtifýsnin óseðjandi og með samvizku-  
lausri eigingirni sinni . . . . .

— Eg verð að biðja yður að segja ekki meira.  
herra Laubépin, sagði eg og greip fram í fyrir  
honum; minning föður míns er mér helg, og eg krefst  
þess að enginn tali öðruvísi en virðulega um hinn  
látna.

— Eg virði þessar tilfinningar yðar, hélt gamli  
maðurinn áfram, og var augsýnilega hræður, en  
þegar eg minnst á föður yðar á eg bágt með að  
draga fjöður yfir það, að eg er þá að tala um mann-  
sem lagt hefir móður yðar í gröfina . . . . . en hún  
var göfug kona . . . . . engill í mannsmynd!

Eg hafði spröttið upp af stólnum, en Laubépin  
gekk til mín og tók í handlegginn á mér.

— Fyrirgefið mér ungi maður, mælti hann en  
mér þótti svo innilega vænt um móður yðar . . . . .  
eg hefi harmað hana svo sárt látna. Fyrirgefið mér!

Hann færði sig þessu næst aftur að arninum og  
hélt svo áfram að tala í þeim hátíðlega rómi, sem  
honum var svo eiginlegur:

— Það var sæmdarhlutskifti mitt og jafnframt  
harmsefni, að semja hjúskaparsáttmála móður yðar.  
Þvert ofan í tillögur mínar var heimanmundur henn-  
ar eigi gerður að séreign; en eftir mikla erfiðismuni  
tókst mér þó að koma grein inn í sáttmálann, þar sem  
tilskilið var, að ekki mætti eyða neinu af þriðjungi  
eigna móður yðar, nema með hennar samþykki.

Þetta var óhyggilega sleginn varnagli, herra  
markís, og þessi ráðstöfun, sem ætlast var til að yrði

henni vernd fyrir fátækt og harmi, varð þvert á móti uppspretta endalausra þjáninga henni til handa. Ráðstöfun þessi varð tilefni til þeirrar deilu, þess sundurlyndis og þeirra reiðikasta, sem þér hljótið oftar en einu sinni að hafa fengið vitneskju um. Smátt og smátt rúði faðir yðar konuna óhamingju-sömu eignum hennar, arfi barna hennar . . . . .

— Hlífið mér, herra Laubépin!

— Rétt sem yður sýnist, herra markís. Eg skal ekki eyða fleiri orðum um þátíðina, en tala að eins um hinn yfirstandandi tíma. Jafnskjótt og þér höfðuð sýnt mér þann heiður að ljá mér tiltrú yðar, fann eg mér skylt að ráða yður frá að taka við arfi og skuldagreiðslu föður yðar.

— Mér fanst það varpa skugga á minningu föður míns og gat ekki fallist á það.

Laubépin leit til mín rannsóknaraugum og mælti:

— Yður er að líkindum ókunnugt um, að úr því að þér vilduð ekki fara að mínum ráðum, og nota yður laganna heimild, þá eruð þér skyldur til að greiða skuldirnar, ef eigurnar hrökkva ekki — og þær hrökkva ekki skal eg segja yður. Eins og yður mun augljóst af þessu skjali, þá munuð þér og systur yðar skulda lánveitendum föður yðar um fjörutíu og fimm þúsund franka; jafnvel þó að fasteignir yðar hér í París, séu seldar gegn fullu verði til skuldalúknningar.

Eg varð sem höggdofa við þessar fréttir, sem algjörlega kollvörpuðu öllum fyrirætlunum mínum. Eg hlustaði eins og í leiðslu á tifið í klukkunni og

einl

boð  
hen  
ir e  
Til  
eiga  
hefi  
eg  
ig eherr  
að e  
með  
andv  
kaupen eg  
hafit  
yðar,  
frankl  
tekju  
og f  
vinur  
herra  
veg  
og hv



einblíndi eins og utan við mig á vísirana.

Laubépin þagði stundarkorn. Síðan mælti hann.

— Frúin, móðir yðar, hafði sem betur fór hugboð um, að svona mundi fara, og hún fékk mér í hendur nokkra dýrgripi til geymslu. Kjörgripir þessir eru líklega hér um bil sextíu þúsund franka virði. Til þess að koma í veg fyrir að þetta fé, sem er al-eiga yðar, skuli lenda skuldheimtumönnum í hendur hefi eg hugsað mér undanbragð, sem löglegt er, og eg ætla nú að leyfa mér að kunngjóra yður, hvernig er.

— Þér skuluð ekki vera að gera yður það ómak herra Laubépin. Mér er það sannarlegt fagnaðarefni að eg á kost á að greiða skuldir föður míns að fullu með þessu fé, og eg ætla að biðja yður að verja andvirði gripanna til þess, þegar þér hafið fengið kaupanda að þeim.

Lögmaðurinn hneigði sig og svaraði þannig:

— Hafið það eins og yður sýnist, herra markís. en eg vil þó leyfa mér að benda yður á, að þegar þér hafið greitt það sem eftir stendur af skuldum föður yðar, þá verða alls eftir milli fjögur og fimm þúsund franka, og eftir því sem leigustofn er nú, þá verða tekjur yðar af því sem næst tvö hundruð og tuttugu og fimm frankar á ári. Af því að eg hefi verið vinur ættfólks yðar, þá langar mig til að spyrja yður herra markís, hvort þér hafið hugsað yður nokkurn veg til þess að sjá yður og systur yðar farborða. og hvað þér ætlið fyrir yður framvegis.

— Eg verð að kannast við það, að eg hefi ekki

fastráðið neitt enn framtíð minni viðvikjandi. Allar fyrirætlanir mínar hafa nú að engu orðið, vegna efnaskorts. Ef eg væri einn míns liðs, mundi eg ganga í herþjónustu, en nú þarf eg að sjá fyrir systur minni, og mér er ómögulegt að hugsa til þess að aumingja barnið þurfi að búa við skort. Hún er glöð og ánægð yfir því að vera í klausturskólanum, og þar getur hún vel verið enn nokkur ár. Því að hún er svo ung að aldri. Eg væri fús til að takast á hendur hvaða heiðarlega atvinnu, sem eg ætti kost á, og lifa svo sparlega sem mögulegt væri. ef eg gæti með því móti greitt kostnaðinn við veru hennar á skólanum og lagt ofurlítið fyrir til að tryggja framtíð hennar.

Laubépin horfði fast á mig.

— Ef þér setjið yður slíkt takmark, herrar markís, þá getur það ekki komið til mála að þér gangið í herþjónustu; á yðar aldri sækist svo seint að ná í sæmileg laun hjá stjórninni við slík störf. Þér verðið strax að komast í stöðu, þar sem þér fáið fimm eða sex þúsund franka í árslaun, og eg get sagt yður það, að það er ekki nú á dögum hlaupið ofan á slíka stöðu. Sem betur fer hefi eg nokkur tilboð að gera yður, sem gætu skyndilega breytt kringumstæðum yðar, ef yður geðjast að þeim.

Gamli maðurinn veitti mér nú enn nákvæmara athygli en áður, og mælti því næst:

— Í fyrsta lagi vil eg geta þess, að við mig hefir átt tal ríkur og áhrifamikill gróðabrallsmaður, og beðið mig að finna yður að máli. Þessi maður hefir

fastráðið að byrja á stórfengilegu fyrirtæki, sem eg skal síðar skýra yður nánar frá, og mjög er undir komið stuðningi aðalsmanna hér í landi að vel hepnist. Maður þessi lítur svo á, að ef prenta mætti jafn gamalt og göfugt nafn eins og yðar er á hluthafaskrána, þá mundi það, hafa hagkvæm áhrif á þá menn, er sérstaklega er búist við að keyptu hluti í félaginu. Í notum þess býður hann yður tíu fyrstu hlutina ókeypis — þeir eru virtir á tíu þúsund franka. en ef fyrirtækið hepnast er sennilegt að þeir verði þrefalt meira virði. Þar að auki . . . . .

— Þér skuluð ekki vera að ómaka yður á að segja mér greinilegar frá þessu, herra Laubépin: slíkum tilboðum er mér ómögulegt að sinna.

Eg sá alt í einu bregða fyrir glampa, eins og af stjörnuhrapi, undir loðnum augnabrúnum gamla mannsins, og djúpu hrukkurnar á andlitinu sléttust af nær því ósýnilegu brosi.

— Jæja, ef yður geðjast ekki að tilboðinu, herra markís, þá er eg ekki heldur neitt áfram um að þér takið því, en eigi að síður taldi eg það skyldu mína að segja yður frá því.

Yður fellur ef til vill betur í geð annað tilboðið. sem eg ætla að gera yður, og verð eg líka að kannast við að það er töluvert aðgengilegra.

Meðal minna gömlu viðskiftvaina, er kaupsýslumaður nokkur, næsta heiðvirður. Hann hefir ekki alls fyrir löngu hætt kaupverzlun og ætlar að lifa af eignum sínum, sem eru býsna miklar; árstekjur af þeim eru því sem næst tuttugu og fimm þúsund

frankar. Maður þessi á eina dóttur barna, sem hann sér ekki sólina fyrir. Af tilviljun frétti dóttur þessa viðskiftavinar míns hvað þér eruð illa staddur í svipinn. Þetta er allra elskulegasta stúlka, og auk þess sem hún er fríð sýnum, er hún einnig prýðilega vel greind og einstaklega brjóstgóð; nú hefi eg heyrt að hún muni vera fús til að taka bónorði yðar og verða de Champcey, markísfrú. Samþykki föður hennar er þegar fengið, og eg bíð nú að eins eftir einu hvatningarorði frá yður og þá segi eg yður nafn hennar og heimilisfang.

— Tilboð yðar hvetur mig til að framkvæma það sem mér hefir nú þegar hugkvæmst. Í fyrramálið sleppi eg nafnbótum mínum; það er blátt áfram hlægilegt að halda í þær eins og nú er ástatt fyrir mér, en getur valdið mér ýmsum óþægindum. Hið upprunalega ættarnafn mitt er Odiot, og því nafni ætla eg að nefnast héðan af.

— Jæja, þá hefi eg ekki fleira að tilkynna yður. herra markís, svaraði gamli lögmaðurinn.

Nú varð hann alt í einu ofsakátur, hann neri saman lófunum svo að brakaði í öllum liðamótum og sagði hlējandi:

— Það verður svei mér erfitt að útvega yður stöðu, herra Maxime! Það er alt annað en auðgert að gera yður til hæfis! En sjálfan mig stórfurðar á því, að eg skuli ekki fyr hafa tekið eftir því, hvað dæmalaust þér eruð líkur henni móður yðar! Til augnanna, og brosið — — einkum þó brosið. En nú er víst bezt að við höldum okkur við efnið, og

úr þ  
vinnu  
eruð  
helzt

leysi  
eg þó

þó na  
um ei  
í heyr  
andi,  
að þé

herra  
halda

—  
þér sé  
að snú  
að hra  
að þér  
ætla eg  
— þér  
góða n  
yður f  
ingu en  
skipana  
með fé  
ur yðar

úr því að þér ætlið að hafa ofan af fyrir yður með vinnu, þá leyfið þér mér líklega að spyrja: Til hvers eruð þér þá fær og að hverju hneigist hugur yðar helst?

— Eg er svo sem að sjálfsögðu alinn upp í iðjuleysi og til að lifa á eignum mínum. En lög hefi eg þó lesið og leyst af hendi embættispróf í þeim.

— Rétt er það! Það er alt gott og blessað, en þó nægir prófið eitt enganvegin. Málafærslumönnum er nauðsynlegt að geta flutt fram skoðanir sínar í heyranda hljóði — í þeirri stöðu er það meir áriðandi, en í nokkurri annari — og eruð þér vissir um að þér séuð orðfær og tungumjúkur.

— Nei, eg er hræddur um að eg sé það ekki herra Laubépin. Eg held að mér væri ómögulegt að halda ræðu frammi fyrir miklum mannfjölda.

— Hm! hm! Þá getum við ekki litið svo á, að þér séuð vel fallinn til þeirrar stöðu. Við verðum að snúa okkur að einhverju öðru, en nauðsynlegt er að hrapa ekki að neinu, en hugsa sig vel um. Eg sé að þér eruð nú orðinn þreyttur, herra markís; því ætla eg að eins að afhenda yður þenna skjalaböggul. — Þér eigið alt sem í honum er — og bjóða yður góða nótt. Leyfið mér að vísa yður út! Eg bið yður forláts á að eg ber upp fyrir yður eina spurningu enn, herra markís: Á eg að biða frekari fyrirskipana frá yður áður en eg greiði skuldirnar að fullu með fé því er inn kemur við sölu á kjörgrípum móður yðar?

— Nei, bezt væri að borga skuldirnar sem allra

fyrst — og svo greiðið þér sjálfum yður ómakslaun af eftirstöðvunum.

Við vorum komnir fram á svalirnar. Laubépin hafði gengið nokkuð álútur, en þar rétti hann úr sér.

— Að því er snertir greiðslu til skuldheimtumannanna, skal eg að öllu fara eftir fyrirmælum yðar, herra markís, en að því er sjálfan mig snertir vildi eg minna yður á það, að eg hefi verið vinur móður yðar, og vildi eg einlæglega vilja mega telja mig vin yðar eins og hennar.

Eg rétti gamla manninum hönd mína; hann tók hlýlega í hana og að því búnu skildum við.

Þegar eg sit nú í litla þakherberginu, sem eg á enn heima í, þó að húsið sé ekki framár mín eign. hefi eg reynt að fullvissa sjálfan mig um, að eignamissinn algeri, sem eg hefi orðið fyrir, hefir þó ekki swift mig kjarki; það hefði heldur ekki verið karlmannlegt, ef svo hefði farið.

Þessvegna hefi eg sest niður til að skrifa það sem fyrir mig kom á þessum degi, sem atburðaríkastur hefir verið allra minna lífdaga. Eg hefi leitast við að skýra sem réttast frá orðalagi gamla lögmannsins. Eg hefi leitast við að sýna sem bezt það undarlega sambland af þóttu og kurteisi, af tortrygð og alúð, sem lá í orðum hans, og verkaði á þessum raunastundum mínum, eins og kærkomið læknislyf á mína sjúku sál.

Þarna horfðist eg þá í augu við fátækt í raun og sannleika — ekki yfirlætismikla, leynda fátækt. sem skáldin lýsa — heldur verulegt, miskunnarlau t

vol  
vai  
fát  
um  
gló  
hor

kar

frét

velv  
geri  
kun  
ilsve  
eftir  
því  
eg e  
viss  
er s  
en i  
skját

•Laul  
honu  
hafði

volæði, skort, ósjálfstæði, auðmýkt, og það sem verra var en alt annað, eg horfðist í augu við þá þungbæru fátækt, sem heimsótti mann er lifað hafði í allsnægtum, svartfrakkaða fátækt, fátækt, sem varð að fela glófalausar hendur fyrir gömlum vinum er mættu honum . . . . .

En, "það er þó alt af búningsbót að bera sig karlmannlega".

### III.

Mánudaginn 27. Apríl.

Í fimm daga hef eg árangurslaust beðið eftir fréttum frá Laubépin.

Eg verð að kannast við, að eg treysti því að velvild sú er hann lét í ljósi við mig, væri ekki uppgerð. Sakir, sinnar miklu reynslu, þekkingar og kunnugleika, var hann fær um að ljá mér mjög mikilsverða aðstoð. Eg var fús til að takast á hendur, eftir bendingum hans, hvaða starfa sem væri, en af því að eg er nú einn og enginn til að leiðbeina, veit eg ekki hvað eg ætti að leggja fyrir mig. Eg þóttist viss um, að Laubépin væri einn af þeim mönnum, er seinir eru til loforða, en þeim mun haldinorðari, en nú er eg orðinn hálfhræddur um að mér hafi skjátlast.

Í morgun fastréð eg loksins að fara aftur á fund Laubépins, gera mér það til erindis að afhenda honum skjöl þau, er hann hafði fengið mér, og eg hafði til fulls sannfærst af um mitt raunalega ástand.

Eg hringdi dyrabjöllunni og sá er kom til dyra,

sagði mér að Laubépin væri kominn út í sveit, til hallar í Bretagne, og hann mundi ekki væntanlegur aftur fyr en eftir tvo eða þrjá daga. Þessar fréttir komu mér mjög illa; eg hrygðist af því að reka mig þar á kæruleysi og áhugaskort, sem eg einmitt hafði vonast eftir að finna fyrir greiðvikni og tryggja vináttu. Þó var það enn lakara að eg varð að snúa aftur með tóma pyngju. Eg hafði ætlað að biðja Laubépin að borga mér eitthvað af þessum þrem til fjórum þúsundum franka, sem eftir stóðu þegar allar skuldir væru greiddar að fullu. Að vísu hefi eg bú-ið útaf fyrir mig, og lifað sparlega síðan eg kom til Parísar, en þó eru þeir fáu frankar eyddir, sem eg átti eftir þegar eg kom úr ferðalaginu, og í morgun varð eg að gera mér að góðu fáeinar kastaníur og eitt mjólkurglas. Miðdegisverðar varð eg nærri því að afla mér með sníkjum, og greini eg hér frá því leiðinlega atriði.

Því minna sem maður fær að borða að morgni dags, þeim mun lystugri er maður um miðdegisverðar leytið. Það fékk eg svikalaust að reyna í dag löngu fyrir sólarlag. Meðal þeirra sem góðviðrið hafa teygt út í Tuileri garðinn síðari hluta dags, og fyrsta vorbrosið lék um, mátti sjá ungan mann sæmilega búinn, er virtist mjög sokkinn niður í að virða fyrir sér vorboðana alt umhverfis. Hann lét sér ekki nægja að horfa á græna frjóagna trjána. heldur sleit hann við og við hálfsprottin blöðin af trjánum og bar þau að munni sér með þeirri rannsóknarlöngun, sem grasafræðingum er eiginleg.

U  
því þ.  
í blöð  
næsta  
ari, se  
blöð k  
arblöð  
en full  
sjálfsa  
M  
minnar  
Þ  
var af  
í öllum  
Þa  
og fagt  
hélt á s  
og utar  
—  
öll grát  
Og  
—  
—  
hvíslaði  
— l  
ur, með:  
—  
ólánsöm  
Lúsiu C  
orðnar



Ungi maðurinn var eg sjálfur, og eg komst að því þá, að þessi tegund fæðu, er eg hafði lesið um í blöðum, að skipbrotsmenn legðu sér til munns, er næsta kostill. Samt sem áður varð eg ýmislegs vísari, sem eigi var ófróðlegt að vita, þess t. a. m., að blöð kastaníu-trjáa eru afarbeisk á bragðið, rósviðarblöð sæmilega bragðgóð, blöð linditrjáanna olíurík en fullgóð á bragðið, sýrenublöðin krydd-kend — og sjálfsagt óheilnæm.

Meðan eg var að hugsa um þetta, hélt eg leiðar minnar til klausturskólans, þar sem Helena var.

Þegar eg kom inn í viðtöku-herbergið, sem fult var af fólki, fanst mér eg verða enn ruglaðri en áður, í öllum þeim klíð.

Þar kom Helena til mín með úfið hár, grátbólgin og fagurrjóð í kinnum og með tindrandi augu. Hún hélt á stórri brauðsneið í hendinni og bauð mér, eins og utan við sig, kinnina til að kyssa á.

— Hvað gengur að þér litla skinnið? Þú ert öll grátbólgin!

Og það er svo sem ekkert, Maxíme.

— Jú, segðu mér hvað gengur að þér?

— Æ, eg er veruleg ólánsmanneskja, Maxíme, hvíslaði hún ofurlágt.

— Einmitt það! Segðu mér hvernig á því stendur, meðan þú ert að borða brauðið þitt.

— Eg ætla ekkert brauð að borða; eg er of ólánsöm til að geta það. Þú þekkir víst Lúsíu, hana Lúsíu Campbell, beztu vinstúlku mína? Við erum orðnar verstu óvinir!

— Ósköp eru að heyra þetta! . . . en láttu þetta ekki á þig bita, góða mín, þið veðrið fljótt góðir vinir aftur.

— Nei, það getur aldrei orðið, Maxíme, ágreiningurinn er svo alvarlegs efnis. Í byrjun var þetta smáræði, en svo reiðist maður, og getur þá ekki stjórnað skapi sínu. Við vorum í knattleik, og þá ruglaðist Lúsía í talningunni; eg var búin að fá sjö hundruð og fjörutíu, en hún bara sjö hundruð og fimtán, og þá fór hún að halda því fram, að hún hefði sjö hundruð og fjörutíu og fimm. Þú hlýtur nú sjálfur að sjá, að annað eins og þetta er óþolandi. Eg hélt fast fram minni tölu, og hún sinni. Svo sagði eg: “Við skulum bera þetta undir aðra og láta þá skera úr”. “Nei”, svaraði hún, “eg er viss um að mín talning er rétt, og þú ert verulega ónýt í hnattleik!” Þá sagði eg að hún væri lygari, og þá sagði hún: “eg ber svo djúpa fyrirlitningu fyrir þér, að eg vil ekki framar tala við þig eitt einasta orð”.

Til allrar hamingju bar systurina Sainte-Felix að í þessum svifum, því að annars held eg, að eg hefði rekið henni löðrung. En þú ættir að geta séð það, að það kemur ekki til nokkurra mála, að við getum orðið góðir vinir aftur eftir þetta. Nei, það er alls ómögulegt! Það væri raggeitarskapur! En þú skalt samt ekki trúá því, hvað eg tek mér þetta nærri, og eg get varla ímyndað mér, að nokkurs staðar í veröldinni sé önnur eins ólánsmanneskja og eg er!

— Þetta getur verið, Helena mín, en ef eg á

að se  
leyti  
ásöku  
Lúsía

—  
F  
hærða  
þrútn  
athug  
Felix,  
Lúsía  
Helen

—  
—  
—  
Þú sk  
sem L  
um hó  
kinnar

H  
af sta  
Lúsíu,  
ánægju  
verið s  
var ko  
var alt  
vitunur  
H  
andi út

að segja þér mína meiningu, þá er þetta að nokkru leyti þér að kenna, því að það ert þú, sem þyngstu ásökunarorðin hefir sagt í styrjaldar-ákafanum. Er Lúsía hér í viðtökuherberginu?

— Já, hún stendur þarna úti horninu.

Hún hnykti til höfðinu og benti mér á litla, ljóshærða stúlku, sem fagurrjóð í kinnum og með grátþrútnum augum var að segja roskinni konu — sem athugul hlýddi á — frá þessum leik, er systir Sainte-Felix, sem betur fór, hafði getað skakkað í tíma. Lúsía talaði af sannfæringarhita og gaf öðru hvoru Helenu og mér hornauga.

— Heyrðu, Helena, berðu gott traust til mín?

— Já, þú veist eg geri það, Maxime!

— Þá skal eg segja þér, hvað þú skalt nú gera. Þú skalt laumast, með mestu hægð, aftan að stólnum sem Lúsía situr á, grípa utan um höfuð hennar báðum höndum, kyssa hana heitt og innilega á báðar kinnar, og vita svo hvernig henni verður við.

Helena hikaði við stundarkorn, en svo þaut hún af stað eins og snæljós og fleygði sér ofan yfir Lúsíu, sem tók faðmlögunum feginsamlega. Það var ánægjulegt að sjá litlu stúlkurnar, sem báðar höfðu verið sárhryggar, sáttar aftur, og frú Campbell, sem var kona fríð sýnum, hafði ekki af þeim augun, og var alt af um leið að bera vasaklútinn sinn upp að vitunum.

Helena kom innan stundar til mín aftur hlæjandi út undir eyru.

— Jæja, góða mín, sagði eg við hana, nú vona

eg, að þú getir borðað brauðsneiðina þína?

— Nei, það er mér lífsömögulegt, góði Maxíme; eg er alt of ánægð til þess; nú er líka kominn nýr nemandi, sem hefir gætt okkur á brjóstsykri, kökum, súkkulaði og rjóma, svo að eg er alls ekki svöng.

En nú hefir farið illa fyrir mér, því í öllum þessum ósköpum hefi eg gleymt að láta brauðsneiðina mína ofan í körfuna, eins og okkur hefir verið skipað að gera, þegar við höfum ekki lyst á að borða; nú er eg hrædd um að eg fái ofanígjöf. Eg ætla því að reyna að fleygja brauðsneiðinni inn um kjallaragluggann, án þess nokkur verði var við, þegar eg fer gegnum garðinn.

— En heyrðu, systir mín, ætlarðu að fleygja burtu svona stórri brauðsneið? spurði eg og roðnaði við.

— Eg veit reyndar að það er ekki rétt gert af mér, Maxíme, af því að nóg er til af fátæklingum, sem fegnir yrðu að fá hana.

— Það segirðu satt, Helena.

— En hvernig á eg að fara að því? Engir fátæklingar koma hingað inn.

— Nú skal eg leggja þér gott ráð, systir góð. Þú skalt fá mér brauðsneiðina, og eg gef hana svo fyrsta fátæklingnum, sem fyrir mér verður. Finst þér það ekki snjallræði?

— Jú, það er ágætt!

Í þessu var hringt á nemendurna til næstu námstundar.

Eg braut brauðsneiðina í tvent, og stakk henni

hálf-sk

—  
mín.

fátækli

hvort l

Ój

gaf bra

bergið

fátækli

á meða

þínum

Þa

um slík

ari og

verður

að segja

Í m

Laubépi

kannske

voradist

Mér

segja her

á meðan

að meta l

í löngunin

skelkuð

hálf-skömmóttulega ofan í frakkavasa minn.

— Komdu bráðum aftur, Maxime, sagði systir mín. Þá geturðu sagt mér, hvort þú fanst nokkurn fátækling, hvort þú gafst honum brauðsneiðina og hvort honum þótti vænt um?

Ójá, Helena mín! Eg fann fátækling, sem eg gaf brauðið þitt; hann fór með það upp á þakherbergið sitt einmanalega, og þótti vænt um. En þessi fátæklingur var fjarska kjarklitill, því hann tíraðist á meðan hann var að neyta ölmusugjafarinnar úr þínum kæru höndum.

Það ætla eg að segja þér, Helena, því að vitneskja um slíkt er þér til góðs, að hér í heimi eru þungbærari og meiri sorgir til, en það anstreymi sem þú verður fyrir á barnsaldrinum — en hitt ætla eg ekki að segja þér, hver fátæklingurinn var.

*Arnþjótur B. Olson*

IV.

Þriðjudaginn 28. Apríl.

Í morgun kl. 9 hringdi eg dyrabjöllunni hjá Laubépin með þeirri hégómlegu von, að hann hefði kannske komið heim fyr en við var búist, en fólkið vonaðist þá ekki eftir honum fyr en á morgun.

Mér flaug strax í hug að finna frú Laubépin og segja henni frá því, hve afarilla eg væri staddur. En á meðan eg var að ráða það við mig, hvort eg ætti að meta meir, blygðunarsemistilfinninguna eða matarflöngunina, varð roska vinnukonan auðsjáanlega skelkuð við starandi augnaráð mitt, og sultarsvipinn

á mér, svo hún skelti hurðinni aftur rétt við nefið á mér.

Eg átti því ekki annars úrkosta en að svelta til næsta dags. Eg huggaði mig við það, að menn dæu ekki af eins dags föstu, og vegna þess, að eg vilði ekki, fyrir metnaðar sakir, leita annara úrræða, varð eg að þola þessi óþægindi.

Eg hélt því leiðar minnar til Sorbonne; þar settist eg niður og hlýddi á fyrirlestra; leitaðist eg þannig við að fylla það tóma rými með andlegum forða. er skortir hinn líkamlega. En svo kom að því, að fyrirlestrunum lauk, og andlegt fóður er næsta kostilt til líkamlegs viðurhalds. Það kom yfir mig ógurlegt taugaslekjuflog, sem eg reyndi að hasa af mér með göngu.

Veður var kalt og þoka. Þegar eg gekk yfir eina af brúnum mörgu er liggja yfir Signufljót, nam eg eins og ósjálfrátt staðar.

Eg hallaði mér yfir grindurnar og hortði á hvernig gruggugt vatnið byltist áfram undir brúarbogana.

Eg skil ekkert í því, hvað sorglegar hugsanir hreyfðu sér þá í mínum þreytta heila!

Mynd ókomna tímans rann upp fyrir hugskotssjónum mínum, dregin sem allra dekstum litum. Eg sá hið stöðuga stríð, ósjálfstæði og auðmýking, sem eg átti í vændum. Eg kendi ósegjanlegs lífsleiða, og mér fanst nærri ómögulegt að halda áfram slíkri vesaldar-æfi.

Jafnhliða varð sál mín öll gagntekin af áköfum og óviðráðanlegum harmi; mér sortnaði fyrir augum:

eg hal

allan á

Eg

aðrir i

vilji.

vil hel

gefið c

að svo

og alt,

prýði c

harða l

Þe

sjálfun

þorsta

eg eftir

hreinna

mér þa

sem eg

vændun

Mi

nugkvæ

Á

de Vau

hafði sé

að hafa

lega h

víkjandi

hann va

hann sn

— 1

eg hallaði mér enn lengra út fyrir grindurnar og sá allan árflötinn blika eins og þúsundir stjarna . . . . .

Eg ætla ekki að skoða það svo, eins og margir aðrir mundu hafa gert, að það hafi ekki verið guðs vilji. Eg er tregur til að misbeita nafni hans. Eg vil heldur segja, að eg hafi ekki viljað! Guð hefir gefið oss frjálsræðið, og ef eg hefi áður dregið í efa að svo væri, þá hefir brottnumist sá efi fyrir fult og alt, á því augnabliki, þegar sál og líkami, hugprýði og hugleysi, hið góða og hið vonða, háði svo harða baráttu í hugskotsleynum mínum.

Þegar eg var aftur búinn að ná fullu valdi yfir sjálfum mér, vaknaði löngun hjá mér til að slökkva þorsta minn með vatni úr Signufljóti. En þá mundi eg eftir því, að inni í herbergi mínu var vatn bæði hreinna og betra heldur en Signu-vatnið; hraðaði eg mér þangað og í huganum gladdist eg við þá nautn. sem eg mundi hafa af vatnsdrykknum, er eg átti í vændum.

Mig nærri furðaði á því að mér skyldi ekki hafa nugkvæmst þetta fyrri.

Á götunni hljóp eg þá beint í fangið á Gaston de Vaux, einum minna gömlu kunningja, sem eg ekki hafði séð síðastliðin tvö ár. Hann nam staðar, eftir að hafa þó hikað sig við það, og rétti mér vingjarnlega hönd sína, sagði eitthvað notalegt við mig viðvíkjandi ferðalagi mínu og skálmaði svo burtu. En hann var þó ekki kominn nema skamt undan þegar hann snéri við, kallaði til mín og sagði:

— Eg held eg ætti annars að gera þig aðnjót-

andi happs, sem mér hefir nýlega hlotnast. Eg hefi náð í nokkra vindla, sem kostuðu mig tvo franka hver, en eru þó þrefalt meira virði. Hérna er einnreyktu hann og láttu mig vita, hvernig þér geðjast að honum. Vertu svo blessaður, vinur minn!

Eg staulaðist með erfiðismunum upp á sjötta loft, og eg var ekki fyr kominn inn fyrir dyrnar, en eg greip vatnsflöskuna mína og drakk það, sem í henni var hægt og hægt. Því næst kveikti eg í vindlinum, sem kunningi minn hafði gefið mér og kinkaði kankvíslega kolli til myndarinnar af mér í speglinum.

Litlu síðar fór eg út aftur, því að eg hélt að hreyfing og skemtunin, sem götu-vistin lét í té, mundi verka vel á mig.

Í því að eg opnaði hurðina rakst eg á hirðingakonuna í húsinu, hún stóð þar í mjóum ganginum og lét sem hún yrði hissa við að sjá mig þarna. Mér kom þetta á óvart og féll það illa. Kona þessi hafði fyrmeir verið vinnukona hjá móður minni; móður minni hafði verið vel við hana, og þessvegna útveg- að henni þá arðvænlegu stöðu, þegar hún giftist, sem hún gegndi nú.

Mér fanst eins og hún mundi hafa verið að gefa mér nánar gætur nokkra daga undanfarið, og með því að eg sama sem stóð hana að verki í þetta skifti, ávarpaði eg hana reiðulega, og spurði:

— Hvað viljið þér?

— Ekki neitt, herra Maxíme, alls ekkert, svar-

aði h  
í lagi.

E

N

fjölför

ur um

varð e

að reyl

Eg

það va

Þ

hungur

það inn

er eitth

dýr sty

Þe

var san

Hung

mannleg

því dag

nema ei

hafa eki

dómi, se

Guði

sem mér

hún þar

nú fyrir.

legt, bro

En ]

sjúkdómi



aði hún; eg ætlaði bara að líta eftir, hvort gasið væri í lagi.

Eg ypti öxlum og fór út.

Nú var komið myrkur, og eg gat gengið um fjölförnustu götur án þess að þurfa að vera hræddur um að hitta gamla kunningja mína. Vindlinum varð eg að fleygja frá mér, því að eg fékk ógleði af að reykja hann.

Eg var á gangi í tvær eða þrjár klukkustundir; það var óskapatími!


Það er átakanlega sárt að verða að þola nagandi hungur, sem að eins þeir allra snauðustu þekkjja, og það inni í miðri lífölgju menningarstraumsins. Það er eitthvað óheilbrigt. Það er því líkast sem tigrisdýr stykki á mann á miðju borgarstræti.

Þetta varð mér nýtt hugleiðingarefni. Hungur var sannarlega annað og meir en orðin tóm!

Hungur er sjúkdómur, og það er vafalaust að mannlegar verur þjást af þessum sjúkdómi, nærri því dags daglega, en eg hefi ekki fundið til hans nema einn einasta dag á æfinni. Og hversu margir hafa ekki orðið að þola þjáningar af þessum sjúkdómi, sem mér hefir verið hlíft við.

Guði sé lof að ein manneskja er til í veröldinni, sem mér þykir vænt um, og að henni er þyrmt svo að hún þarf ekki að þola þær þjáningar, sem eg verð nú fyrir. Eg sé í anda andlit hennar, fagurt og glaðlegt, brosandi og blómlegt.

En það eru til menn sem ekki þjást af þessum sjúkdómi einir; það eru til menn, sem heyra há-



róma hróp hungursins endurtekið af munnum sem þeim eru kærir; það eru til menn, sem vita að heima í köldu herberginu bíður þeirra fölleit kona og lítil börn, sem ekki geta brosað . . . . Aumingjarnir þeir! . . . . Aumingjarnir þeir! . . . .

Þessar hugsanir gerðu mig rólegri í skapi, og veittu mér þrek til að standast reynsluna. Eg gat svo sem auðvitað stýtt minn föstutíma. Skamt í þurtu héðan eru tvö matsöluhús, sem eg er kunnugur í. Meðan eg var ríkur hafði það oft viljað til, þegar eg gekk þangað inn til snæðings, að eg hafði gleymt pyngju minni heima, en í þá daga gerði eg mér enga rellu út af því. Nú gat þetta ekki komið til mála. Ekki hefði það heldur verið erfitt fyrir mig, að lána fimm franka pening í Parísarborg, en eg hafði ímugust á slíkum úrræðum, sem gengu nærri fjárglæfrabralli. Þvílík úrræði eru líka mjög viðsjárverð fátæklingum, og út á þann áhættustíg vildi eg ekki leggja. Eg held að eg vildi heldur missa alls heldur en sómatilfinningar minnar, því án hennar getur enginn verið.

Eg hefi svo margsinnis veitt því athygli, hvernig sómatilfinning sumra gáfaðra og velmentaðra manna hefir smátt og smátt farið þverrandi, unz hún hefir horfið gersamlega, og hefir þetta ekki að eins borðið við, þegar ógæfan vofir yfir, heldur einnig þá, er að eins var um fjárþröng að ræða. Þessvegna vil eg gjalda varhuga við að þagga niður rödd samvirkunnar; menn mega ekki venja sál sína á að hörfa af rétttri leið á tímum mótlætisins; hún er því miður

helzt

P

kulda

D

Máttar

komið

í íbúð

að hir

þeim s

sína, að

þinn.

Nú hva

skyldi

í jörðir

—

hefði þ

vatnið t

eg trúi

leikari e

og þess

honum l

er langt

að í ra

illa við :

settu þé

vera alv

eldneista

sá maður

praktugle

helzt til hneigð til þess.

Þegar klukkan var nærri níu hvarf eg heim sakir kulda og þreytu.

Dyrnar sem vissu út að götunni stóðu opnar. Máttarvana drógst eg upp riðið, og þegar þangað var komið barst mér til eyrna rifrildi, sem fram fór inni í íbúð hirðingarkonunnar, og virtist snerta mig, því að hirðingarmaðurinn nefndi nafn mitt einmitt í þeim svifum í mjög fyrirlitlegum rómi.

— Gerðu það fyrir mig, sagði hann við konu sína, að hætta öllu stagli við mig um þenna Maxime þinn. Er það eg sem hefi gert hann gjaldþrota? Nú hvað á þá alt þetta þvaður að þýða? Ef hann skyldi fyrirfara sér, þá verður honum líklega komið í jörðina.

— En eg get sagt þér það, Vauberger, að þér hefði þótt það sárt, ef þú hefðir séð hann drekka alt vatnið úr vatnsflöskunni . . . . Og ef þú heldur að eg trúí því, að þér sé alvara, sem reigir þig eins og leikari og þeysir kæruleysislega út úr þér öðru eins og þessu: “Ef hann skyldi fyrirfara sér, þá verður honum líklega komið í jörðina” — þá . . . . En það er langt frá að þú talir eins og þér býr í brjósti, því að í raun og veru ertu sóma-karl, sem að eins er illa við allar nýjungar, sem þú ert óvaunr . . . . En settu þér það fyrir hugskotssjónir Vauberger, að vera alveg matarlaus og hafa ekki heldur nokkurn eldneista í hitunarfönninn! Og þetta verður einmitt sá maður að reyna, sem er alinn upp í “vellystingum praktuglega” og við hverskyns eftirlæti! Það er

bæði synd og skömm að vita til annars eins, og dálagleg stjórn er það, sem ekki hleypur undir bagga þegar í þvílíka nauð rekur!

— Þetta kemur stjórninni alls ekkert við, svaraði hirðingarmaðurinn af skynsamlegu viti sínu . . . . Þar að auki skjátlast þér . . . . hann er ekki svo illa staddur . . . . hann sveltur ekki. . . . Það kemur ekki til nokkurra mála!

— Nú skal eg segja þér eitt, Vauberger; eg hefi haft nákvæmar gætur á honum, og eg hefi látið Edvard veita honum eftirför; og eg er því alveg viss um, að hann hefir engan meðdegisverð fengið í gær, og ekki heldur neinn morgunverð í dag. Þar að auki hefi eg leitað í öllum skúffum, og í vösum á hverju hans fati, og hvergi hefir nokkurn skilning verið að finna. Þú mátt því vera viss um, að hann hefir ekki neytt neins miðdegisverðar í dag heldur, því að hann lítur of stórt á sig, til þess að biðja nokkurn mann beininga . . . .

— Þetta er honum sjálfum verst! Það situr ekki á fátæklingum að vera stórir upp á sig, svaraði hirðingarmaðurinn, er ekki virtist hafa mikla samúð með meðbræðrum sínum.

Eg hafði nú heyrt nóg, og flýtti mér að gera enda á samtalinu, með því að opna hurðina að hirðingamanns-íbúðinni, og biðja Vauberger um ljós.

Þó að eg hefði heimtað höfuð hans, hefði honum ekki orðið meira hverft við.

Þó að eg reyndi eftir mætti að láta enga veilu á mér finna, fékk eg þó steypur yfir höfuðið svo að

eg h

að v  
finna  
inum  
og e  
eskjuhægin  
anna  
flytja  
svo aI  
í einh  
svifið  
ir ges  
á dyr  
sá hi  
hönduH  
að bre  
grein  
hvatleg"F  
eigið þ  
Hi—  
—  
—  
pantað

eg hrasaði hvað eftir annað í stiganum.

Þegar eg kom inn í herbergi mitt, sem vant var að vera jökulkalt í, kom mér notalega á óvart að finna að þar var hlýtt inni og snarkandi eldur í arninum. Eg gat ekki fengið af mér að slökkva hann, og eg blessaði í huga mínum þær hjartagóðu manneskjur, sem þrátt fyrir alt eru til í veröldinni!

Eg setti mig niður og hagræddi mér í gömlum bægingastól flöjelsklæddan, sem fyrir óhöpp örlaganna hafði hlotið sama hlutskifti eins og eg: að flytjast af neðsta lofti upp í þakherbergi. Eg reyndi svo að sofna þar.

Þarna hafði eg setið nærfelt hálf klukkustund í einhverju deyfðarmóki, og fyrir hugskotssjónir mér svifið matborð hlaðið dýrindisréttum, er að sátu glaðir gestir, þegar eg hrökk upp við það að drepið var á dyr. Eg hélt að draummókið héldi áfram, er eg sá hirðingarkonuna koma inn með stóran bakka í höndum, er af lagði á móti mér ilm tveggja rétta.

Hún var búin að setja bakkann frá sér og farin að breiða dúk á borðið, áður en eg gat gert mér fulla grein fyrir því, sem var að gerast. Eg spratt þá hvatlega upp af stólnum.

“Hvað á þetta að þýða? spurði eg. Hvaða erindi eigið þér hingað?”

Hirðingarkonan lét sem hún yrði mjög forviða.

— Hafið þér ekki pantað kveldverð?

— Nei, það hefi eg ekki gert.

— Edvard sagði þó, áreiðanlega að þér hefðuð pantað . . . . .

— Þá hefir Edvard skjátlast, og leigjandinn herna í næsta herbergi hefir líklega gert það.

— Það er enginn annar leigjandi en þér á þessu lofti . . . . Eg skil alls ekki hvernig . . . . .

— Samt sem áður hefi eg engan mat pantað . . . . Hvernig stendur á því að þér látið svona? Þér gerið mér gramt í geði. Farið þér burt með þenna mat!

Aumingja konan fór að brjóta dúkinn saman með miklum raunasvip, og leit til mín með auðmjúkum augum, eins og rakki, sem hefir verið lúbarinn. Loks spurði hún með kvíðafullum rómi.

— Jája, þá eruð þér víst búinn að borða kveldverð?

— Það er mjög sennilegt..

— Mér þykir það leiðinlegt, því að nú er eg búin að búa þenna mat til, og hann verður ónýtur. en Edvard fær snuprur fyrir hjá föður sínum. Ef svo skyldu nú vera að þér hefðuð engan kveldmat borðað, þá gerðuð þér mér mikinn greiða . . . .

Eg stappaði fætinum í gólfið og hrópaði:

— En í því að hún var að fara, gekk eg til hennar og sagði:

— Eg skil yður til fullnustu, Lousion, og er yður þakklátur fyrir góðsemina; en eg er ekki vel frískur í kveld og ekkert svangur.

— Ef þér vissuð, herra Maxime, hve mikið þér hryggið mig mið þessu! sagði hún grátandi. Ef yður er það svo ákaflega mikið áhugamál þá getið þér altaf borgað mér þessa máltíð, þegar þér hafið fé

aflögu  
ið mé  
gæfuð  
glöð v  
legu  
eruð  
svo sk  
skilið

—  
ekki g  
verðin  
svo ve  
—  
þakkir.

—  
Eg ætl  
óhræð  
fyrir I  
Gr  
Ef  
sem L  
heyrði  
riðið út  
rödd L  
eftir va  
hvarf fr  
mannsin  
Ha  
bakkanu  
faðminn

aflögu . . . . þér ráðið hvort þér trúði mér eða trúði mér ekki, en það segi eg yður satt, að þó að þér gæfuð mér hundrað þúsund franka yrði eg ekki eins glöð við það eins og ef þér þæjuð nú, þessa lítilfjörlegu máltíð, sem eg hefi búið til handa yður. Það eruð þér sem gerðuð mér greiða með því! Þér eruð svo skynsamur, herra Maxime, að þér hljótið að geta skilið þetta!

— Já, já, jæja þá, Lousion mín góð, eg get alls ekki gefið yður hundrað þúsund franka . . . en kveldverðinn frá yður skal eg borða . . . Þér gerið víst svo vel og lofa mér að gera það í einrúmi?

— Já, sjálfsgat, herra Maxime, og þúsundfaldar þakkir. Þér eruð góðhjartaður. Ástar þakkir!

— Lofið þér mér að taka í hönd yðar Lousion! Eg ætla ekki að fara að borga yður, þér megið vera óhrædd um það. Verið þér sælar og þakka yður fyrir Lousion.

Grátandi gekk svo þessi ráðvanda kona í burtu.

Eftir að eg hafði snætt með góðri lyst matinn, sem Lousion hafði fært mér, og ritað þessar línur, heyrði eg þunglamalegt fótatak og stilt gengið uppriðið úti fyrir. Mér heyrðist ekki betur en eg þekktu rödd Laubépins er talaði býsna hátt niðri. Rétt á eftir var drepið á dyr hjá mér, og í því að Lousion hvarf fram í myrkrið, kom hinn vöxtulegi líkami lögmannsins í ljós í dyragáttinni.

Hann leit sem snöggvast á matarleifarnar á bakkanum og gekk því næst til mín með útbreiddan faðminn, og úr svip hans skein bæði feimni og ásökun.

— Í hamingju bænum herra markís, þér hafið þó ekki? . .

Hann lauk ekki við setninguna, en tók að skálma fram og aftur um gólfið. Alt í einu nam hann staðar og mælti:

— Þarna hafið þér ekki farið rétt að ungi maður! Þér hafið sært vin yðar og komið gömlum manni til að blygðast sín.

Hann var hræður mjög; eg var líka hræður, horfði á hann en vissi ekki hvað eg átti að segja. Þá greip hann mig alt í einu í fang sér, þrýsti mér að brjósti sínu svo fast að eg ætlaði varla að ná andanum og hvíslaði lágt:

— Aumingja vinur minn!

Svo varð stundarþögn og við settumst báðir niður.

— Eruð þér enn sömu skoðunar eins og þegar eg skildi við yður, herra Maxíme? spurði Laubépin. Hafið þér hugrekki til að takast á hendur, hvaða smávægilega stöðu sem er, ef hún er heiðarleg, ef þér með því móti getið trygt framtíð yðar og um leið hlíft systur yðar við þeim hættum og skorti sem fátækt fylgja?

— Eg er reiðubúinn til þess, herra Laubépin; eg tel það skyldu mína.

— Ef svo er kærí vinur, þá skulið þér nú hlýða á þær fréttir, sem eg hefi að færa yður. Eg er nýkominn frá Bretagne. Þar á heima auðug fjölskylda, sem Laroque heitir, og hefir hún um mörg ár sýnt mér þann heiður, að hafa mig fyrir ráðunaut sinn.

Nú sen  
og tvæ  
síns, er

La  
ráðsma  
svo dja  
Daginn  
bréf ur  
Laroque  
hafði lo  
hæfileik  
kostum

Sar  
um ætt  
að þér  
íbúð í su  
yður fæ  
borðs m  
in, og ve  
yður á?

— M  
þeim ma  
verð var  
óskum m  
er það, a  
maður.

— Y  
hvað það  
uggað un  
það við



Nú sem stendur er fjölskyldan að eins einn karlmaður og tvær konur, sem fyrir aldurs sakir og lundarlags síns, eru ófærar til að annast sjálfar um fjárhag sinn.

Larogue-fjölskyldan á allmiklar landeignir, sem ráðsmaður nokkur hefir litið eftir, er eg hefi gerst svo djarfur að skipa á bekk með óreiðuseggjum. Daginn eftir að við sáumst síðast, Maxime, fékk eg bréf um lát þessa manns. Eg fór þá þegar til Laroque-hallarinnar og sótti um stöðuna, sem þar hafði losnað, yður til handa. Eg benti á lögfræðis-hæfileika yðar, en hélt þó sérstaklega fram mann-kostum yðar.

Samkvæmt ósk yðar hefi eg ekki gert uppskált um ætt yðar. Þar í höllinni veit fólk ekki annað en að þér heitið Maxime Ódiot. Yður verður ætluð íbúð í sumarskála, út af fyrir yður, og þangað verður yður færður matur, þegar þér eigi kjósið að sitja til borðs með fjölskyldunni. Laun yðar eru fastákveðin, og verða sex þúsund frankar á ári. Hvernig lízt yður á?

— Mér lízt ágætlega á þetta, og er hræður yfir þeim margvíslegu merkjum fornar vináttu, sem eg verð var hjá yður, og áhuga yðar við að verða við óskum mínum. Það eina, sem eg ber kvíðboga fyrir er það, að eg reynist ekki nægilega hagsýnn umsýslumaður.

— Yður er óhætt að vera öldungis óhræddur, hvað það snertir, vinur minn. Eg hafði sjálfur uggað um þetta, og ekki látið hjá líða að minnast á það við rétta hlutaðeigendur,

Mér fórust orð á þessa leið við mína góðu vinkonu, frú Laroque: Þér þurfið ráðsmanns með frú mín góð, er geti stjórnað landeignum yðar! Eg þekki slíkan mann. Það er langt frá því, að hann sé jafnslunginn fjármálamaður eins og fyrirrennari hans, hann er öldungis ókunnur afgjöldum og viðskiftum landsdrotna og leiguliða; hann skortir og reynslu og æfingu í þessum efnum, en hann hefir aftur á móti þá kosti til að bera, sem fyrirrennara hans skorti algerlega, og hann gat ekki numið í sinni sextíu ára ráðsmannstíð — en það er réttvísi og samvizkusemi.

Eg hefi verið samtíða honum á reynslustundum hans, og eg þori að ábyrgjast hann! Veitið þér honum ráðsmannsstöðuna, frú mín góð, og þá gerið þér bæði honum og sjálfri yður greiða.

Þér getið verið vissir um það, að frú Laroque skemti sér vel við að hlusta á, hvernig eg færi að mæla með fólki; en þegar öllu var á botninn hvolft, virtist aðferð mín ekki hafa verið svo mjög óskynsamleg, úr því að eg kom því fram, sem eg mæltist til.

Gamli maðurinn, ljúfur og viðmótsþýður, bauð mér svo að láta mér í té ýmsar nauðsynlegar upplýsingar, viðvíkjandi því, hvers kyns störf það væru, sem eg skyldi takast á hendur, og hann gaf mér enn fremur allar upplýsingar, sem eg þurfti á að halda, að því er Laroque-fjölskylduna snerti, en þeim upplýsingum hafði hann safnað og ritað á blað mér til hægri vika.

— Og hvenær á eg að fara?

— Því fyr því betra, vinur minn, (hann var nú

hættu  
þarna  
vinko  
en í  
tekur

mér ]

hnigir  
henna  
getið

á mor  
eg ha  
fintu  
höfðu

ar bá  
kenda  
lögum

ar nið  
kvittu  
inn, se

Ef þé  
launu  
að dr  
Helen

K  
verð l  
sem n  
sofið ]

hættur að kalla mig markís), því að aumingja fólkið þarna kann jafnvel ekki að skrifa kvittun. Mín ágæta vinkona, frú Laroque er atkvæðakona að ýmsu leyti, en í fjármálum er hún svo ónýt og óhagsýn, að ekki tekur tali. Hún er annars af kreóla-ættum.

— Er hún af kreóla-ættum? spurði eg, því að mér þótti það nýjung.

— Já, ungi maður, hún er af kreóla-ættum og hnigin að aldri, svaraði Laubépin þurlega. Maður hennar var frá Bretagne, en um öll slík aukaatriði getið þér fengið að vita síðar . . . . Svo sjáumst við á morgun, Maxime, og verið þér nú ókvíðinn . . . . Æ, eg hafði rétt að segja gleymt að segja yður, að á fimtudaginn áður en eg fór, gerði eg dálítið, sem þér höfðuð hag af. Sumir skuldheimtumanna föður yðar báru fram kröfur, sem mér þóttu nokkuð okurkendar, og með því að neyta réttar okkar samkvæmt lögum, tókst mér að fá þá til að færa skuldakröfurnar niður um helming, og gat neytt þá til að gefa mér kvittun fyrir skuldinni. Þessvegna verður afgangurinn, sem þér fáið, eitthvað um tuttugu þúsund franka. Ef þér leggið við það, það sem þér getið lagt upp af launum yðar árlega, getið þér á tíu árum verið búinn að draga saman svo mikið fé, að þér getið gefið Helenu systur yðar álitlegan heimanmund. . . .

Komið þér svo í fyrramálið og borðið morgunverð hjá Laubépin gamla, þá skulum við ljúka því sem nú er eftir . . . Verið þér sælir, Maxime, og sofið þér vel í nótt.

— Guð blessi yður, herra Laubépin.

## V.

Í Laroque 1. Maí.

Í gær fór eg frá París. Laubépin tók sér burtför mína nærri, því að eg elska hann og virði eins og hann væri faðir minn.

Eg varð einnig að kveðja Helenu. Til að gera henni það skiljanlegt, að eg þyrfti að takast starf á hendur, varð eg að segja henni, að nokkru leyti, hvernig mál væri vaxið, og að eg væri í peningavandræðum í svipinn.

Aumingja barnið skildi sjálfsagt, að eitthvað alvarlegra byggi undir, en eg lét uppi, því að augu hennar, stór og undrandi, fylltust tárur, og hún flaug grátandi upp um hálsinn á mér.

Loksins komst eg af stað. Eg fór með lestinni til Rennes og var þar um nóttina.

Í morgun fór eg með póstvagninum og eftir fimm eða sex klukkustunda keyrslu, kom eg til smábæjar í Morbihan, en þaðan var ekki nema kippkorn til Laroque-hallarinnar.

Strax þegar eg kom út fyrir Rennes, fór eg að virða fyrir mér héraðið, því að sú sveit er orðlögð fyrir fegurð, en ekki gat eg þó orðið þess var. Tilbreytingarlausar, grænar, mishæðalausar sléttur, blöstu við augum, endalausir eplatrjálundar, meðfram enda-

lau  
er  
um  
me

lofa  
bur

und  
lagi  
það  
átt  
vagi

inn  
vott

um  
begg  
voru  
henn  
og þ  
tré,  
vaxn

stein  
megi  
þar s  
himir

1

lausum engiteigum, og gil með grasi grónum höllum, er drógu úr útsýni til beggja handa. Á stöku stöðum voru heillandi fagrir blettir, en þar drógu verkamenn á skyrtnunni úr fegurð náttúrunnar.

Þetta Bretagne, sem mest hefir verið hrósað og lofað í ljóði, fanst mér litlaust og ófagurt í samanburði við Normandí!

Þreyttur af vonbrigðum og eplatrjám hafði eg, undir það síðasta, alveg hætt við að hyggja að landslagi, en hafði fallið í væran blund, og hrökk upp við það, að mér fanst vagninn hallast meir en hann hefði átt að gera. Í sömu andránni stönguðu hestarnir og vagnhjólin urguðust hátt og hranalega við hemlana.

Roskin kona, sem sat hjá mér, greip í handlegginn á mér — en slíkar handatiltæktir eru venjulega vottur um, að sameiginlegur háski sé á ferðum.

Eg stakk höfði út um vagnluggann. Við vorum að aka niður snarbratta brekku og háar hliðar til beggja handa. Við ultum og runnum áfram unzt við vorum komin ofan í þrönga og dimma dæld, en eftir henni seitleði straumlítil lækjarspræna, gegn um hátt og þétt sefgras. Meðfram læknum stóðu nokkur álmtre, gömul og kræklótt, og stofnarnir allir mosa-vaxnir.

Þjóðvegurinn lá yfir lækinn um mjóa brú úr steinlimdu grjóti; síðan lá hann upp aftur hinum megin og þaðan yfir afar hrjóstuga, óyrkta heiði; og þar sem henni lauk tóku við háir hólar, er báru við himin.

Í grend við brúna stóð skamt frá veginum kofi,

afar-hrörlegur. Ungur maður þrekinn stóð utan við kofann og klauf eldivið. Hár hans, ljóst og mikið, var bundið með svörtu bandi bak við eyrun. Þegar hann leit upp hnykti mér við að sjá hið einkennilega ættarmót, sem andlitsfall hans bar vott um, og glamp-ann sem skein úr augum hans, bláum og hvössum. Hann heilsaði mér og ávarpaði mig á hljómfögru máli, sem eg ekki skildi.

Við gluggann sat kona og spann; höfuðbúnaður hennar og klæðasnið, var líkast klæðasniði gamalla hefðarkvenna, sem höggvar eru í forna legsteina.

Kofabúarnir þarna líktust á engan hátt bændafólki; hinsvegar var yfir þeim alvöru, unaðs og vel-líðunarblær, er að eins verður vart við hjá velment-uðu fólki. Það var einhver draumkendur þunglynd-islblær yfir þeim, eins og að þeim fyndist þeir ekki eiga heima í landinu þar sem þeir áttu aðsetur.

Eg hafði farið út úr vagninum, til að ganga upp brekkuna, sem var brött. Innan skamms tók heiðin við og breiddist í allar áttir, svo langt sem auga eygði.

Alt var vaxið gisnu lyngi, sem þakti svarta jarð-veginn. Hingað og þangað mátti sjá læki sem þorn-að höfðu upp, gil, húsatóptir, sem lagzt höfðu í eyði, og stöku kletta, sem gnæfðu í loft upp, en hvergi var neitt tré að líta.

Þegar eg var kominn alveg upp á brekkubrúnina sá eg til hægri handar, fast út við sjóndeildarhring, einhverja dökkbláa gára. Sólin sveipaði hið fjarlæga hérað geislum sínum, og nú sá eg alt í einu dýrðar-fagra og áhrifamiklu sjón: eg sá loksins Bretagne!

höl  
ákv

ljós  
en  
ist  
noti

við  
eg a

man  
aus  
gefn  
ingu  
hinn  
höfn  
það  
um  
þau  
orðið  
minn

hafði  
er eg  
eftir  
hlyti  
eitthv  
einnig

Í smábænum, sem var eitthvað tvær mílur frá höllinni, varð eg að leigja mér vagn, til að aka til ákvörðunarstaðar míns.

Á leiðinni þangað, sem skjótt sóttist, man eg óljóst eftir, að eg fór fram hjá lundum og rjóðrum, en því nær sem dró Laroque-höllinni, því meir fylltist brjóst mitt ömurlegum kvíða, svo að eg gat ekki notið náttúrufegurðarinnar til hlitar.

Innan skamms átti eg að komast í kunningsskap við fjölskyldu, sem eg hafði aldrei séð, og þar átti eg að verða þjónn — en slíku var eg næsta óvanur.

Strax þegar Laubépin bauð mér þessa ráðsmannsstöðu, höfðu allar hvatir mínar og yfirráð vanans innra með mér, gert uppreisn gegn þeirri undirgefni, sem slíkri stöðu fylgdi. En mér fanst ógerningur að neita henni, því að þá hlaut eg að hryggja hinn gamla vin minn, er hafði gert sér svo mikla fyrirhöfn, til að útvega mér starfann. En svo var og á það að líta, að eg gat ekki, fyrst í stað, gert mér von um að ná í neina aðra stöðu, sem óháðari væri, og þau hlunnindi veitti, er þarna buðust mér strax, og orðið gátu til þess, að trygð yrði framtíð systur minnar.

Eg lafði því unnið bug á óhug mínum, en það hafði ekki verið auðgert og nú vaknaði hann að nýju, er eg var í þann veginn að taka við stöðunni. Hvað eftir annað varð eg að segja við sjálfan mig, að það hlyti fyrir hvern mann að koma, að verða að leggja eitthvað í sölurnar fyrir einhvern, og eg endurtók einnig með sjálfum mér, að hvað lítilfjörleg og til-

komulítil, sem staða mín væri, þá þyrfti maður aldrei að láta ganga á persónulegan heiður sinn.

Þessu næst fastréð eg, hversu eg skyldi hegða mér gagnvart Laroque-fjölskyldunni; eg ætlaði mér að sýna staka samvirkusemi viðvíkjandi hagsmunum hennar, en fólkinu sjálfu hina mestu virðing, án þess þó að minka mig um of eða auðvirða mig.

Þó duldist mér ekki, að þessi síðari hluti ráðagerðar minnar var erfiðastur viðfangs, og mundi að mjög miklu leyti vera kominn undir innræti þess fólks, sem eg hefði saman við að selda, og þó að Laubépin væri kunnugt um, að eg bar einmitt kvíðboga fyrir þessu, hafði hann verið tregur til að veita mér nokkrar verulegar upplýsingar í þessu efni.

En rétt í því að eg var að fara af stað hafði hann þó afhent mér ritaða skýrslu, sem hann bað mig að brenna þegar eg hefði haft hennar full not.

Eg tók nú blað þetta úr vasabók minni, og tók að lesa þá dularfullu frásögn, sem eg endurrita hér orðrétt:

*Arnþjotur B. Olson*

## VI.

### LAROQUE-HÖLLIN.

*Skýrsla um fólkið, sem á heima í ofangreindri höll.*

1. Herra Laroque (Lúðvík Ágúst), áttatíu ára gamall, forkólfur ættarinnar nú, og sá, er aflaði henni auðsins. Gamall sjógarpur og víkingur á dögum



keisarastjórnarinnar fyrri; virðist svo sem hann hafi auðgast á sjóferðum sínum með miður löglegu móti, öðrum þræði. Hefir lengi átt heima í frönskum nýlendum. Ættaður frá Bretagne; þar hefir hann átt aðsetur um þrjátíu ár ásamt með einkasyni sínum, sem nú er látinn, en hét Perrie-Antoine-Laroque og var kvæntur.

2. Frú Laroque (Jósefinu-Klöru) tengdadóttur áðurnefnds; hún er af kreóla-ættum, á fimtugsaldri, afar óhlutdeilin, ofurlítið rómantísk og sérvitur, en bezta manneskja.

3. Ungfrú Laroque (Margrét-Lovísa), sonardóttir og eini erfingi beggja hinna fyrnefndu, tvítug, samrunnið í henni eðli kreóla-konu og Bretagne-konu, afar-skapmikil, en yndislegasta yngisstúlka.

4. Frá Aubry, ekkja Aubrys, vixilbrakúns, er andaðist í Belgíu; þrímennigur að frændsemi, fær að vera í gustuka skyni; næsta skapill kona.

5. Ungfrú Hélouin (Karólína-Gabríella), tuttugu og sex ára, fyrrum kenslukona, nú laxmær; vel mentuð, en um skapferli hennar er ekkert hægt að segja.

Brendu blaðið!

Jafnvel þó skjal þetta væri svona gætilega skrifað, hafði eg þó meira en lítið gagn af því; eftir að eg hafði lesið það, var eg miklu ókvíðnari um það, sem eg átti fyrir höndum. Það var ekki annað hægt að sjá, en að Laubépin væri þarna að lýsa tveimur góðum manneskjum í Laroque-höllinni, sem samúðar mátti af vænta, og var varla hægt að gera frekari

kröfur, þar sem í fjölskyldunni voru ekki nema fimm manns.

Eftir tveggja stunda akstur, nam vagninn staðar frammi fyrir grindhliði nokkru, þar sem litlir sumarskálar stóðu, sinn til hvorrar handar, og bjó dyravörður í öðrum. Hjá honum skildi eg eftir mestallan farangur minn, en gekk sjálfur heim til hallarinnar með göngustaf í annari hendi, en litla tösku í hinni.

Eftir að hafa gengið æðispöl eftir löngum trjá-göngum, risavaxinna kastaníumeiða, kom eg að víðáttumiklum garði, hringmynduðum, er virtist ná yfir að lystigarði lengst burtu.

Til beggja handa sá eg runna og trjálunda, sem stóðu í blóma, og í litlar tjarnir grilti hingað og þangað, milli lundanna, en við bakka þeirra lágu hvít-málaðir bátar, í trjáviðar-geymsluhúsum.

Beint framundan mér var höllin, tilkomumikið stórhýsi með ítölsku byggingarsniði að nokkru leyti, en það snið bygginga tíðkaðist mjög á fyrstu stjórnararárum Lúðvíks XIII. Framan við höllina var grasi vaxinn hjalli, en niður frá henni lá tvísett steinrið; hjallinn sjálfur var eins og garður út af fyrir sig, og lágu aftur niður af honum lítil steinrið, á ýmsum stöðum.

Mér kom hálf tveggja stunda á óvart, hvað heillandi og skrautlegt þetta höfðingjasetur var, og ekki rénaði sú tilfinning þegar eg nálgast hjallann og heyrði margar fjörugar raddir og unglegar, en yfir þær tóku háir píanó hljómar.

ili se  
sem

í svip  
þá al  
ef öð

sólski  
píanó  
inn, c  
út un  
blómle  
sem li  
skarinn  
varð þ  
röð, og  
inn ók

En

var í

Þe

manna

vinnu,

taka þv

í þ

tvísetta

hætti m

Eg

út í opi

á loðnat

Það var svo að sjá, sem það væri fjörugt heimili sem eg sótti til, gagnólikt því gamla höfðingjasetri, sem eg hafði hugsað mér.

En eg hafði ekki tóm til langra hugleiðinga þá í svipinn, en eg gekk hröðum fetum upp riðið, og sá þá alt í einu sjón, sem mér hefði þótt mjög dýrðleg, ef öðru vísi hefði staðið á.

Á miðri sléttu hjallans stigu hlæjandi í glaða sólskininu, sex ungar stúlkur dans, eftir hljóðfalli píanósins, en það voru æfðar hendur sem léku valsinn, og hljómfagrir tónar hans streymdu unaðsríkir út um opinn glugga. Eg fékk tæpast tóm til að sjá blómlegar kinnar dansmeyjanna, hatta og hárlokka, sem liðuðust þeim ofan um herðar, því að ungmeyja skarinn rak upp hátt óp þegar hann sá mig, og svo varð þögn. Þær höfðu hætt dansinum, skipað sér í röð, og biðu nú með alvörusvip eftir því, að gesturinn ókunni færi fram hjá.

En ókunni maðurinn gat ekki leynt því að hann var í vandræðum og stóð kyr.

Þó að eg um tíma hefði ekki talið mig í heimsmanna-röð, hefði eg þó í þetta skifti viljað alt til vinnu, að geta losnað við tösku mína, en eg varð að taka því, sem að höndum bar.

Í því að eg gekk með hattinn í hendinni yfir að tvísetta steinriðinu, er lá upp að fordyri hallarinnar, hætti músikin alt í einu.

Eg sá gríðarmikinn Nýfundnalandshund koma út í opna gluggann og leggja sitt fagra ljónshöfuð á loðnar lappirnar á gluggakistunni. Rétt á eftir kom

í ljós við hliðina á hundinum, hávaxin ung stúlka alvarleg á svip. Hún var nokkuð hörundsdökk og hafði óvanalega fagurt, þykt, gljásvart hár. Mér fanst augun býsna stór, og hún starði hálf-kæruleysislega á það, sem var að gerast í garðinum úti fyrir.

— Hvað gengur á? spurði hún rólega.

Eg hneigði mig kurteislega fyrir henni, um leið og eg bölvaði töskunni minni á ný, sem auðsjáanlega var ungu stúlkunum mesta hlátursefni; síðan hraðaði eg mér upp steinriðið.

Í fordyrinu hitti eg gráhærðan þjón við aldur, er spurði mig að heiti.

Síðan var mér strax fylgt inn í stóra dagstofu, þar sem voru húsgögn búin gulu silki, þar inni þekti eg ungu stúlkuna, sem eg hafði séð í glugganum. Hún var frábærlega fríð sínum.

Eldur brann glatt á arni, en framan við hann sat roskin kona, augsýnilega af kreóla-ættum, á viðum hægindastóli, sem fullur var af sessum, mjög mismunandi stórum. Messingar-glóðarker stóð á þrífæti fornum, svo nærri henni, að hún átti hægt með að rétta þangað granna fingur sína til að orna sér.

Hjá frú Laroque sat kona með þrjóna. Jafnskjótt sem eg sá andlit hennar, ólúndarlegt og óviðkunnanlegt, þekti eg frænkuna, ekkju belgizka víxilbrakúnsins.

Mér fanst ekki betur, en að frú Laroque yrði alveg forviða, jafnskjótt sem hún kom auga á mig.

Hún bað mig aftur að segja sér hvað eg héti.

—  
—  
—  
Laubéy

—  
—  
Eg

—  
—  
Hu  
víxilbra  
legu, ei  
an hagr

—  
Eg er y  
hjálp y  
nauðsyn  
dregið  
óláni að

Nú  
svo að l  
— j

Aubry.  
þessari a  
við fátæl  
komist á  
veikbygð  
altaf stál  
farið for

— Ja  
hefði víst

— Hvað heitið þér aftur? spurði hún.

— Ódíot, frú mín góð.

— Maxime Ódíot, ráðsmaðurinn, sem herra Laubépin . . . ?

— Já, frú mín góð, eg er hann

— Eruð þér vissir um það?

Eg gat varla varist brosi.

— Já, eg er alveg viss um það.

Hún skotraði augunum sem fljótast til ekkju víxilbrakúnsins og síðan til ungu stúlkunnar alvarlegu, eins og hún vildi spyrja þær: Skiljið þið? Síðan hagræddi hún ofurlítið sessunum og mælti:

— Gerið svo vel og setjið þér yður, herra Ódíot. Eg er yður mjög þakklát fyrir að þér viljið veita mér hjálp yðar, og eg get sagt yður það, að við þurfum nauðsynlega á henni að halda, því að eg get ekki dregið dulur á það, að við höfum orðið fyrir því óláni að eignast mikinn auð.

Nú varð hún þess vör að frænkan ypti öxlum, svo að hún bætti við:

— Já, eg stend við það, sem eg sagði, kæra frú Aubry. Drottinn hefir viljað reyna mig með allri þessari auðlegð. Eg var vafalaust sköpuð til að lifa við fátækt, skort og sjálfsafneitun, en eg hefi aldrei komist á mína réttu hillu. Eg hefði fegin viljað eiga veikbygðan mann, en í þess stað var herra Laubépin altaf stálhraustur. Þannig hafa allar vonir mínar farið forgörðum og . . . . .

— Já, svei! sagði frú Aubry gremjulega. Yður hefði víst komið það dável, eða hitt þó heldur, að

vera fátæk, — yður, sem ekki getið neitað yður um nokkra nautn lífsins gæða!

— Eg bið forláts, góða mín, hélt frú Laroque áfram, eg tel ónauðsynlega sjálfsafneitun tilgangs-  
lausa. Hver hefði gagn af því að eg legði á mig að þola allskyns skort? Yrðuð þér ánægðari, þó að eg skilfi af kulda frá morgni til kvelds

Frú Aubry lét það í ljós með látbragði sínu, að hún yrði engu sælli fyrir því, en að hún liti svo á, sem þetta tal frú Laroque væri bæði teprulegt og hlægilegt.

— Mér stendur rétt á sama um, hvort það er talið lán eða ólán að vera ríkur, mælti frú Laroque, en hvað sem því líður, herra Ódíot, þá erum við mjög auðug, hve lítils, sem eg met þenna auð, þá er það þó skylda mín, gagnvart dóttur minni, að líta vel eftir honum, þó að blessað barnið hirði ekkert meir um hann heldur en eg . . . . er þetta ekki satt, Margrét?

Við þessa spurningu færðist ofurlítill brosvottur yfir þóttalegar varir ungfrú Margrétar, augabrúnnirnar virtust teygjast sundur, og síðan komst hennar alvarlega andlit í samt lag.

— Þau hóbýli, sem yður voru ætluð, eftir einlægni ósk herra Laubépins, verða yður sýn l nú þegar, herra Ódíot, mælti frú Laroque. En fyrst munuð þér vilja heilsa upp á tengdaföður minn, er þykir vafalaust gaman að kynnast yður. Viljið þér gera svo vel og hringja, kæra frænka? Eg vona að þér gerið okkur þá ánægju að borða með okkur mið-

degis  
mér i  
mig a  
Laroc  
A  
að þv  
látleg  
—  
skyldi  
ill ma  
þenna  
U  
ekki þ  
hennar  
—  
en sar  
Hvern  
á kloss  
hefir a  
segja a  
kannsk  
hugsa  
Heyrðu  
fylgdir  
Ré  
Þegar  
á andli  
—  
bíða sí

degismat í dag, herra Ódíot. Og verið þér nú sælir.

Þjónninn, sem til hafði verið kvaddur, fylgdi mér inn í herbergi sem lá inn úr dagstofunni, og bað mig að bíða þar þangað til hann hefði sagt herra Laroque frá komu minni.

Af því að hurðin stóð í hálfu gátt, gat eg ekki að því gert, að eg heyrði að frú Laroque sagði góðlátlega, en þó með dálitlum háðkeim:

— Mér er það öldungis óskiljanlegt, að Laubépin skyldi segja okkur að ráðsmaðurinn væri tilkomulitill maður roskinn og ráðinn, en sendir okkur svo þennan fína herra mann!

Ungfrú Margrét svaraði einhverju, sem eg gat ekki heyrt, mér til mikillar eftirsjónar, en móðir hennar svaraði því þegar í stað þannig:

— Eg vil alls ekki bera á móti því, góða mín, en samt sem áður er þetta undarlegt af Laubépin. Hvernig heldurðu að þessi herra maður kunni við sig á klossum úti á akri? Eg þori að segja að sá maður hefir aldrei komið á klossa á æfi sinni. Eg þori að segja að hann veit ekki hvað klossar eru. Það er nú kannske heimska, góða mín, en mér er ómögulegt að hugsa mér duglegan ráðsmann, nema á klossum. Heyrðu Margrét, væri það ekki annars réttast, að þú fylgdir honum upp til afa þíns?

Rétt á eftir kom Margrét inn í herbergið til mín. Þegar hún sá mig, kom strax einhver óánægjusvipur á andlitið.

— Heyrið þér, ungfrú góð, þjónninn bað mig að bíða sín hér.

— Viljið þér gera svo vel og koma á eftir mér, herra Ódíot?

Eg fór á eftir henni. Við fórum upp stiga, gegnum marga ganga, er lágu að eins konar myndasal, en þar skildi hún við mig.

Eg fór að skoða myndirnar, sem héngu þarna á veggjunum. Myndirnar voru einkum af skipum á sjó og heldur lélega gerðar; þær lýstu afreksverkum gamla víkingsins á fyrsta keisarastjórnar-tímabilinu. Nokkrar myndirnar voru af stórorustum, loftið hálfmyrkvað af púðurreyk, en alstaðar sást glögt litla briggskipið, "Aimable", er fast hafði sótt fram, undir stjórn Laroque, gegn Englendingum. Það sem einkum vakti þó athygli mína voru nokkrar myndir af Laroque kašteini í fullri líkamsstærð. Allar sýndu þær, þó ólíkar væru, afar-stórvaxinn mann, klæddan í einkar fagran lýðveldis-einkennisbúning með stórum ermauppbrotum og víða gullsaumaðan. Hann hafði feikna-sítt hár, áþekt Kleber herforingja, og í skuggalegu, einbeittu og hvössu augnaráðinu, var eitthvað meir en lítið óviðfeldið.

Þegar eg var í bezta gengi að virða fyrir mér þetta einkennilega andlit, sem samhæfði öldungis þeim hugmyndum, sem menn að jafnaði gera sér um víkinga eða sjóræningja, bauð ungfrú Margrét mér að koma inn.

Rétt á eftir stóð eg frammi fyrir gömlum, holdskörpum manni, hrumum af elli; hann var orðinn nærri blindur og heilsaði mér þannig, að hann bar

skjálfað  
huldi har

— A

þetta er h

— V

lítið upp  
hvikulum

Ungf  
setjast nið

— A

urinn.

— Sa

Nú v

Kafte

með riðan

Alt í

hug mjög

með dimm

De Ba

Eg ha

Bauchéne

líða að ský

frá mér st

um sorgleg

Gamla

þetta, því

draugslegu

— De

Eg len

urteknu yfi



skjálfandi hendina upp að svörtu silkihúfunni, sem haldi hans gljáa skalla.

— Afi minn, sagði Margrét og brýndi raustina, þetta er herra Ódíot.

— Veslings, ellihrumi vikingurinn lyfti sér ofurlítið upp í hægindastólnum og glápti á mig stórum hvikulum augum.

Ungfrú Margrét gaf mér vísbendingu um að setjast niður og sagði svo aftur:

— Afi minn, þetta er herra Ódíot, nýi ráðsmaðurinn.

— Sælir herra minn, tautaði öldungurinn.

Nú varð ónotapögn.

Kafteinninn hélt áfram að stara á mig álútur, með riðandi höfði og bjálfalegu augnaráði.

Alt í einu leit út fyrir að honum hefði dottið í hug mjög skemtilegt umræðuefni, því að hann sagði með dimmri og hljómlausri röddu:

De Bauchéne er dáinn!

Eg hafði enga minstu hugmynd um, hver de Bauchéne var, og úr því að ungfrú Margrét lét hjá líða að skýra mér frá því, lét eg mér nægja, að gefa frá mér stunu, svo sem í samhrygðarskyni yfir þessum sorglega atburði.

Gamla mannum virtist augsýnilega ekki hugna þetta, því að rétt á eftir endurtók hann með sömu draugslegu röddinni:

— De Bauchéne er dáinn!

Eg lenti í eun meiri vandræðum við þessa endurteknu yfirlýsingu. Eg sá að ungfrú Margrét var

farin að slá litlum fæti sínum ópolinmódlega ofan í gólfið, og í örvæntingar-ofboði sagði eg það sem mér fyrst kom í hug, en það var:

— Úr hverju dó herra de Bauchéne?

Eg var ekki fyr búinn að sleppa orðinu, en eg sá það á reiðisvipnum á ungfrú Margrétu, að eg hafði gert mig sekan í óhæfilegri ókurteisi.

Þó að eg í raun rétttri gæti ekki séð, að annað hefði verið að þessum orðum mínum, en að þau hefðu verið hálf-klaufaleg, hraðaði eg mér því að beina samtalinu í aðra átt. Eg fór að tala um myndirnar í myndasalnum, um byltingarnar, sem þær hlytu að rifja upp í huga kašteinsins, og um þann heiður, sem eg teldi mér af því, og ómetanlegu ánægju að standa augliti til auglitis við hetjuna, sem svo mikilli sigursæld hefði átt að fagna í þeim styrjöldum. Eg tók jafnvel svo djúpt í árinna að eg mintist, með allmikilli aðdáun, á tvær orustur, þar sem mér fanst að briggskipið "Aimable" hefði getið sér frábæran orðstír.

Meðan eg var að opinbera þessi teikn sannrar kurteisi og ástúðlegrar athygli, hélt ungfrú Margrét áfram að horfa á mig með augsýnilegum þóttu- og gremjusvip.

Afi hennar hlustaði aftur á móti með mikilli athygli á allt, sem eg sagði, og eg varð þess var, að hann gerðist smátt og smátt stæltari í hálsliðunum. Magurt andlitið eins og lifnaði við af einkennilegu brosi, sem færðist yfir það, og hrukkurnar tóku að sléttast.

Alt í einu greip hann báðum höndum um hæg-

indast  
Úr au  
brenna  
sem g

—  
að! ..  
búnir  
um við  
Sópið  
ir að!  
móti b  
Skjótíð

Vi  
máttva  
reyndi

Ur  
og eg l

Eg  
í gegnu  
mælgj  
kašteini

Alc

á móti  
í fordyr  
hefði el  
miðdegi  
borð í þ

Í þ  
um tutt  
Það var

indastólsbrikurnar, reis á fætur og teygði úr sér. Úr augunum, sem lágu langt inn í höfðinu, virtist brenna eldur og hann hrópaði með ógurlegri röddu, sem gekk í gegnum merg og bein:

— Vendið!—Kúvendið! Leggið að! Leggið að! . . . . Stýrið á bakborða! . . . . Skjótið! . . . . Tilbúnir með stafnljáina! . . . . Fljótt! Fljótt! Nú erum við vissir með þá! . . . . Skjótið þarna uppi! . . . . Sópið þilfarið! . . . . Hrjóðið skipið! . . . . Fylgist allir að! . . . . Gangið djarflega móti óvinunum . . . . móti bölvuðum Englendingunum . . . . Skjótið! . . . . Skjótið á bölvaða Engilsaxana! . . . . Húrra!

Við síðasta ópið, sem líkast var snörli, hné hann máttvana niður á hægindastólinn, en sonardóttir hans reyndi að styðja hann þó árangurslaust væri.

Ungfrú Margrét benti mér þóttalega á dyrnar, og eg hraðaði mér út.

Eg reyndi, eftir því sem eg bezt gat, að hafa mig í gegnum vöfundarhús ganga og stiga, gramur yfir mælgj minni í fyrsta skiftið, sem eg hitti gamla kašteinninn á "Aimable".

Aldurnigni, gráhærði þjónninn, sem tekið hafði á móti mér þegar eg kom, og Alain heitir, beið mín í fordyrinu með þau skilaboð frá frú Laroque, að eg hefði ekki tíma til að fara til minna herbergja fyrir miðdegisverðartíma, og eg gæti gjarnan sezt undir borð í þeim fötum, sem eg væri í.

Í því að eg kom inn í dagstofuna, gengu eitthvað um tuttugu manns, tvent og tvent, inn í borðsalinn. Það var í fyrsta sinn, eftir að eg varð öreigi, að eg

kom í svo fjölment samsæti. Áður fyrri hafði eg vanist þeirri viðurkenning, sem metorðum og tignarstöðu fylgja, og það var ekki alveg gremjulaust, að eg þoldi fyrstu tákni þess niðrandi kæruleysis og lítilsvirðingar, sem hin nýja staða hlaut óhjákvæmilega að hafa í för með sér mér til handa. Eg leyndi þessari óviðurkvæmilegu tilfinningarsemi svo vel sem eg gat, og bauð ungri stúlku, sem stóð ein sér, að leiða hana að borðinu. Hún var fremur smá vexti, en var falleg á fæti og dálagleg, og eftir því sem eg hafði ímyndað mér, kenslukonan, ungfrú Hélouin. Það kom í ljós síðar, að eg hafði verið heppinn í þessu, því að mér var vísað til sætis við hlið hennar, þegar sezt var að borðum.

Meðan við vorum að setjast niður kom ungfrú Margrét og leiddi hinn ellihruma afa sinn, eins og Antígóne fornaldarinnar. Hún settist til hægri handar við mig, með þeim rólega og þurlega hátignarsvip, sem henni var svo eiginlegur; Nýfundnalandshundurinn mikli, settist aftan við stól hennar, og er svo að svo sem hann haldi dyggilega vörð um þessa prinsessu.

Eg fann að það var skylda mín að geta þess við ungfrú Laroque að mér þætti stórum miður, að af klauffengni minni hefði eg vakið þær endurminningar í huga afa hennar, sem komið hefðu honum í slíka geðshræringu.

— Það er eg, sem ætti að biðja yður afsökunar, herra Ódíot, svaraði hún. Eg hefði átt að láta yður vita, að aldrei má minnast á Englendinga, svo að afi

ninn he  
á Breta

Eg  
ið fyr,  
séð það  
væri þe  
svæðum,  
eg þóttis  
gert un  
skuggi r

Það  
um töku  
sagði há

— J  
fagurt er  
og ímyn  
ar heiða  
hlýtur þv  
að þeim

-- E  
frú góð?

Þega  
með góðv  
aug með

— M  
Mervyn!

Þess  
inn í þyk  
upp á aft  
diska okk

minn heyri. . . . Eruð þér annars nokkuð kunnugur á Bretagne?

Eg svaraði því, að eg hefði þangað aldrei komið fyr, en mér væri það mikið ánægju-efni að hafa séð það fagra hérað, og til að sína enn betur, að mér væri þetta alvara, tók eg að lýsa þeim fögru landsvæðum, sem eg hafði ekið um. En einmitt þegar eg þóttist viss um, að mælska mín og lofsorð hefðu gert ungfrúna mér velviljaða, varð eg þess var, að skuggi reiði og gremju færðist yfir andlit hennar.

Það var auðséð, að eg hafði alls ekki náð réttum tókum á ungu stúlkunni. Hún tók til máls og sagði hálf-háðslega:

— Eg sé gerla, að yður er þóknanlegt alt, sem fagurt er, alt sem hefir miklar verkanir á huga manns og ímyndunarafl, svo sem grænar merkur, svipmiklar heiðar, og háir klettar. Ykkur ungfrú Hélouin hlýtur því að koma ágætlega saman, því að hún dáist að þeim hlutum, en mér er ekki vitund ant um slíkt.

-- En hvað er það þá, sem yður er ant um, ungfrú góð?

Þegar eg bar upp þessa spurningu, sem eg gerði með góðviljaðri gletni, veik hún höfði til mín, leit á mig með miklum yfirlætissvip og svaraði stutt:

— Mér er ant um hundinn minn! Hægan, Mervyn!

Þessu næst smeygði hún hendinni kjassfýsilega inn í þykka loðnu hundsins, en jafnskjótt stóð hann upp á afturfætur og tróð hausnum upp á milli diska okkar ungfrú Margrétar.

Eg tók nú að virða fyrir mér, hið einkennilega andlit ungfrú Margrétar, með enn þá meiri athygli heldur en áður, til þess að reyna að sannfærast um það kaldlyndi og kæruleysi, sem hún gerði sér far um að láta í ljósi.

Í fyrsta augnakasti hafði mér virst ungfrú Margrét mjög há vexti, en þeim áhrifum hefir ráðið þreklyndi hennar og fríðleikssamræmi, því að í raun réttir er hún að eins meðalkona á hæð.

Andlitið er fagurlega eggmyndað, hálsinn fríðskapaður, og hún ber höfuð hátt og djarfmannlega. Dimmgulur hörundslitur ljær svip hennar laðandi hlýleik. Hárið þykt og svart, með bláleitum gljáa, hrynur niður um enni, og nasaopin fínleg og þanmjúk minna á rómverskar myndir af Maríu mey. Augun eru stór, dreymandi og dularfull, og augnahárin löng og silkimjúk falla eins og dimmur skuggi yfir dökkleita fagurhvelfda vangana; en eg á bágt með að lýsa rétt því töfragra brosi, er stundum lífgar þetta unga andlit og bræðir burtu klakann og hörkuna úr augnaráðinu.

Jafnvel þó að sjálf dís skáldskaparins, draumanna og æfintýra-landsins birtist þessari ungu stúlku, mundi það engin minstu áhrif hafa á hana—hún hugsar ekki um neitt nema hundinn sinn. Náttúran býr oss oft hvað mestu vonbrigðin í því fullkomnasta sem hún framleiðir!

Jæja, ekkert af þessu kemur eiginlega mér við!

Eg finn það fullgreinilega, að eg mundi hafa jafnlítill áhrif á æfikjör ungfrú Margrétar, eins og

svertingi  
kreóla-ke

En  
stórlátari  
legt, að e  
ástæðum.  
mig nein  
ast hjá  
komið tí  
þeirrar t  
listamanr  
manni m

En n  
hafði get  
kvensessu  
illi mælsk  
um Arthu  
ið. Það  
ítarlega þ  
væri nafn  
kallaði M  
tók hún a  
og að því  
merkilegu

Jafn  
neska skó  
skorti an  
vera fullb  
ins áfram  
hún sat v

svertingi hefði, en það er öllum kunnugt, hvað lítið kreóla-konum er um þann þjóðflokk gefið.

En þrátt fyrir þetta, vona eg að eg sé engu óstórlátari en hún, og það mundi eg telja alls ómögulegt, að eg feldi ástarhug til hennar, af fjárvænlegum ástæðum. En reyndar þarf eg víst ekki að brynja mig neinum sérstaklegum siðferðisþrótti, til að komast hjá þeirri hættu, er hér virðist alls ekki getað komið til mála, því að fegurð ungfrú Laroque er þeirrar tegundar, er fremur mundi vekja aðdáun hjá listamanni, heldur en hlýjar tilfinningar hjá meðal-manni með heilbrigðri skynsemi.

En nú varð nafnið Merwyn, sem ungfrú Margrét hafði gefið hundi sínum að heiti, tilefni til þess að kvensessunautur minn, ungfrú Hélouin, tók með mikilli mælsku að skýra mér frá fornsögum frá Bretagne, um Arthur konung og riddarana við kringlótta borðið. Það var svo að heyra, sem hún hefði kynt sér ítarlega þessar sagnir. Hún sagði mér að Merwyn væri nafn þess þjóðkunnna töframanns, er alþýða kallaði Merlin. Að þessum söguhetjum frágengnum tók hún að tala um Cæsar, er lagði undir sig Gallíu, og að því búnu lýsti hún fyrir mér öllum hinum merkilegu fornmenjum héraðsins.

Jafnframt því sem eg reikaði þannig um keltneska skóga, undir leiðsögn ungfrú Hélouins — hana skorti annars ekkert nema dálítið meiri hold, til að vera fullboðleg hofgyðja — hélt ekkja víxilbrakúnsins áfram að barma sér og kvarta í sífellu, þar sem hún sat við hinn borðsendann. Margt fann hún sér

til: Það hafði gleymst að færa henni fóta-vermil, súpan hennar var köld, og þegar kjötfatið kom til hennar var ekkert eftir á því nema tómmt beinahrasl; en þessari meðferð var hún jafnaðarlegast látin sæta. Hún var svo sem farin að venjast þessu, en þannig var hlutskifti fátæklinganna — raunalegt og hryggilegt, og hún vildi óska að hún væri dauð.

— Já, svona er það, herra læknir, mælti hún við sessunaut sinn, er með uppgerðar-athygli og hæðnis-svip, lézt hlýða á kvartanir hennar; mér er bláasta alvara með þetta sem eg segi, eg vildi fegin vera dauð, og því yrðu víst margir fegnir, sem næst mér standa. Þér hljótið að fara nærri um hvaða viðbrigði það eru, herra læknir, að hafa borðað við silfurborðbúnað, með sínu eigin fangamarki á, og verða svo gustukamanneskja og láta vinnufólkið troða á sér. Það veit enginn hvað eg tek út á þessu heimili, og það skal heldur enginn fá að vita. Til allrar hamingju er eg of stórlát til þess að barma mér; eg kvelst í kyrþey, en ekki verða þrautirnar léttari fyrir það.

— Það segið þér dagsatt, svaraði læknirinn, sem eg held að heiti Desmaret. En við skulum ekki fjöl-yrða um þetta frekara, frú mín góð. Við skulum heldur drekka eitt glas af víni hvort með öðru. Það styrkir yður og gerir yður rólegri.

— Ekkert nema dauðinn getur gert mig rólega.

— Svona alvarlega megið þér ekki líta á þetta, svaraði læknirinn.

Við miðju borðsins var athygli gestanna snúið að hávaðamanni miklum er þar sat, og eg heyrði

nefndar  
vinur h

Ha  
svipaði  
Franz f

Hv  
svari, og  
mikla at  
sýna no

Af  
heyrði a  
burðum,  
sögum, s  
metið af

En  
hans hál  
bauð han  
salinn.

nokkrir l  
sýnilega  
frábær h

— J  
enda han  
að ná í s

— N  
kann að  
tíu ár, en  
eignast ha

— Þ



nefndan de Bévallan, en hann virtist vera kærkominn vinur heimilisfólksins.

Hann var býsna hár vexti, ekki mjög ungur, og svipaði töluvert bæði að vaxtarlagi og andlitsfalli, til Franz fyrsta.

Hverju sem hann sagði tóku menn eins og goðasvari, og ungfrú Laroque virtist veita honum svo mikla athygli og aðdáun, sem henni var mögulegt að sýna nokkrum manni.

Af því að flest öll þau hnyttiyrðin, sem eg heyrði að fólkið var að hlæja að, voru nátengd atburðum, sem gerst höfðu þar í héraðinu, og smásögum, sem þar höfðu orðið til, gat eg ekki fyllilega metið andagift de Bévallans.

En ekki þurfti eg að kvarta undan ókurteisi af hans hálfu, hvað mig snerti, því að eftir snæðing bauð hann mér vindil og dró mig með sér inn í reyk-salinn. Þar hegðaði hann sér mjög léttúðugt, en nokkrir barnungir menn, sem þar voru, dáðust aug-sýnilega að honum, og fanst hann sönn fyrirmynd og frábær heimsmaður og ástagarpur.

— Jæja, Bévallan, sagði einn hinna ungu dá-enda hans, ætlið þér nú ekki að sleppa allri von um að ná í sólgyðjuna?

— Nei, það geri eg aldrei, svaraði Bévallan. Eg kann að þurfa að bíða enn tíu mánuði, eða jafnvel tíu ár, en hún skal verða mín. Enginn annar skal eignast hana!

— Þér eruð kenn þrjótur. Og ef yður skyldi

leiðast að bíða, þá getið þér huggað yður við kenslu-  
konuna!

— Á eg að skera úr þér tunguna, eða eyrun af þér, Arthur litli? spurði Bévallan lágt, um leið og hann vakti athygli unga mannsins á því, að eg var nærstaddur.

Þessu næst var farið að tala um hesta, hunda og kvenfólk í öllu bygðarlaginu. Í svigum vildi eg geta þess, að ákjósanlegt væri, að kvenfólk gæti hlýtt á viðræður karlmanna á eftir góðum miðlegisveizlum. Þá mundu þær komast að raun um háttprýði karlmanna, og sannfærast um, hversu maklegir þeir eru trausts kvenfólksins. Eg ætla alls ekki að hrósa mér af því, að eg sé neinn siðapostuli, en samræður þær, sem eg hlýddi á þarna, fóru langt út yfir þau takmörk, sem góðum félagsskap hæfði. Þarna var hæðst að hverju sem var, dregið dár að öllum, og það svo ruddalega að hin mesta viðurstygð var á að hlýða. Eftir því sem mér hafði verið kent, eru þeir hlutir og þær ástæður til, sem taka verður til greina, og enginn hefir heimild til að vanvirða, jafnvel þó í glæðsinna hóp sé. Hér á Frakklandi eru því miður til þeir menn á ungum aldri, sem þvaðra hvað sem vera skal, strax þegar þeir hafa fengið ofurlítið í staupinu; þessir kvistir framtíðarinnar fara háðslegum orðum um foreldra sína, guð og föðurland sitt, og mætti halda að þeim væri ungað út í vél, sem hvorki væri í vit né tilfinning, og þeir væru settir á jarðríki, til alls annars fremur en að vera þar til prýði.

De E  
þessa ung  
sem þeir  
hann ekki  
aðar skoð

Eg h  
svo sem e

Eg ba  
minna; ha  
mér út í g

Innan  
læk, og v  
hvassboga

Þarna

Aldar  
skildi yfir  
á þær unda  
aðsetur.

Þrjú  
sæmilega b

Þessi  
vel stöðu

Eg va  
sem er mji  
að rita þá  
Öðru hvoru  
litla, rétt  
anna, sem

De Bévallan blygðaðist sín ekki fyrir að fræða þessa unglunga, sem lítt var sprottin grön, um það, sem þeir hefðu helzt ekki átt að vita; mér hugnaði hann ekki, og eg ímynda mér að hann hafi haft svipaðar skoðanir á mér.

Eg hlýddi á þetta stundarkorn þegjandi, en lét svo sem eg væri þreyttur og bauð góðar nætur.

Eg bað Alain gamla um að vísa mér til herbergja minna; hann tók sér ljósker mikið í hönd og fylgdi mér út í garðinn.

Innan skamms komum við að trébrú, sem lá yfir læk, og við skin ljóskersins sá eg ramgert hlið, í hvassboga stíl, og lítinn turn annarsvegar.

Þarna var inngangur í gömlu höllina.

Aldar-gömul eikitré og furubjarkir héldu hlífiskildi yfir þessum menjum frá miðöldunum, og varpa á þær undarlega dularfullum blæ. Þarna á eg að hafa aðsetur.

Þrjú herbergi á eg að hafa til íbúðar; þau eru sæmilega búin húsgögnum og liggja milli turnanna.

Þessi rólega íbúð fellur mér vel í geð, og hæfir vel stöðu minni.

Eg var varla fyr búinn að losa mig við Alain, sem er mjög mærdarmikill, fyr en eg settist niður til að rita þá mikilvægu atburði, sem gerst höfðu í dag. Öðru hvoru hvíldi eg mig, til að hlusta á nið læksins litla, rétt utan við gluggann minn, eða á væl uglanna, sem voru að kalla á maka sína.

1. Júlí.

Nú er komið mál til þess að eg fari að gera mér ljóst, hvernig afstöðu minni á þessu heimili er háttað; síðastliðna tvo mánuði hefi eg verið svo þreyttur, eftir daglegu störfum, sem hafa orðið mér erfið af óvananum, að eg hefi vanrækt að rita í dagbók mína.

Daginn eftir að eg kom var eg snemma á fótum, og varði fyrri hluta dagsins til þess að skoða skjöl og reikningsfærslu fyrirrennara míns, herra Hivarts.

Að því búnu gekk eg heim til hallarinnar til að snæða morgunverð með fjölskyldunni, en þar hitti eg fáa gesti þeirra, sem voru þar daginn fyrir.

Frú Laroque hefir mestan hluta æfi sinnar átt heima í París. Þar dvaldi hún þangað til hún neyddist til að fara til tengdaföður síns, sakir heilsubilunar hans; eigi að síður hefir hún haldið smekkvísi sinni þarna uppi í sveitinni, og enn hefir hún áhuga á, og þykir mikið koma til hinna íburðarmiklu og nautnaríku lifnaðarháttanna í höfuðstað Frakklands. Það er ennfremur svo að heyra, sem hún hafi dvalið í flestum stórborgum Evrópu, og virðist eins og hún hafi flutt þaðan með sér listfræðilegan auð og bókmenta- legan, svo að hún stendur á miklu hærra mentunarstigi en flestar nútíðar konur í París. Hún lætur senda sér kynstur mestu af blöðum og myndabókum, og hún reynir eftir megni að fylgjast með á öllum menningar svæðum, bæði í vísindum, bókmentum og leiklist.

N  
leikini  
urri a  
ekki s  
því se  
isstæð  
fram

F

glögt  
að ráð  
nú vil  
það ei

E

nú var  
svarað  
þó at  
fleira,  
um sú  
minnir

V

urminn  
ur hef  
þegar  
ar sem  
að frú  
fram í  
tali, se  
smátt  
Laroqu  
fyrstun

Meðan við sátum að morgunverði bar nýja tónleikinn á góma; frú Laroque veik þá spurningu nokkurri að de Bévallan, viðvíkjandi leiknum, en hann gat ekki svarað henni, jafnvel þó að hann sé altaf, eftir því sem hann segir sjálfur, með annan fótinn á virkisstæðum Parísar, og hafi vakandi auga á öllu, sem fram fer þar í borginni.

Frú Laroque snéri sér þá til mín, þó að eg gæti glögt séð á svip hennar, að hún átti litla von á því, að ráðsmaður hennar vissi mikið um slíka hluti; en nú vildi einmitt svo vel til, að þetta er hér um bil það eina, sem eg veit nokkuð um.

Eg hafði sem sé heyrð tónleik þenna á Ítalíu, er nú var fyrst farið að sýna á Frakklandi. Þó að eg svaraði spurningunni mjög yfirlætislítið, vakti svarið þó athygli frú Laroque; hún tók nú að spyrja mig um fleira, og lét jafnvel svo lítið að segja mér af ferðum sínum og að minnast margra atvika og endurminninga frá þeim tímum.

Við rifjuðum smátt og smátt upp leikhús endurminningar okkar, og töluðum um það, hversu okkur hefðu komið fyrir sjónir helztu söfn í Evrópu, og þegar við stóðum upp frá borðum, stóð viðræða okkar sem hæst, og líklega hefir það verið þessvegna, að frú Laroque tók um handlegg mér og við leiddumst fram í dagstofuna; þar héldum við áfram þessu samtali, sem við bæði höfðum svo mikla ánægju af, og smátt og smátt hvarf sá yfirlætisblær úr rödd frú Laroque, sem hún hafði beitt gagnvart mér í fyrstunni.

Meðal annars sagði hún mér að vitstola leikari hefði bitið sig, og að hana langaði ekki til margs jafnmikið, eins og efnt væri til gamanleiks heima hjá henni; það hún mig nú að ráðleggja sér hvernig því yrði best komið í kring. Eg sagði henni frá leik, leiknum þannig í heimahúsum, sem eg hafði horft á í Pétursborg, en með því að eg var hræddur um að henni fyndist eg gera mig of heimakominn, stóð eg upp skyndilega, og færði fram þá afsökun, að eg þyrfti þegar í stað að fara að sinna störfum mínum; kvaðst eg ætla rակleitt til leigubóls þess hins mikla, er væri svo sem mílu vegar burtu frá höllinni, því eg þyrfti að skoða það.

Frú Laroque virtist furða mjög á því að samtalinu skyldi ljúka með þessum hætti; hún leit ein-kennilega til mín, hagræddi sessunum sínum, teygði hendurnar yfir glóðarkerið og sagði loks í lágum hljóðum:

— Og það er víst ekki áriðandi! Það liggur varla á því.

En þegar eg hélt fast við fyrirætlun mína, sagði hún með gletni í röddinni:

— Þér vitið ekki hvað vegirnir eru óskaplega vondir! Bíðið þér nú heldur þangað til veðrið batnar!

— Nei, frú mín góð, svaraði eg henni; eg get ekki beðið nokkra stund. Annaðhvort er eg ráðsmaður ellegar ekki!

Í þessum svifum kom Alain gamli inn í dyrnar og sagði:

— Sýnist frúnni ekki réttast að láta beita hest-

um fyrir  
Þetta er r  
og eins g

Frú l  
hann dirfi  
mér, sem  
togafrú, a  
ins.

— Æ  
hún.

— Lé  
að komast  
fastur á n  
hann.

Eg k  
gangandi.

— N  
mála. H  
..... V  
standa br  
enginn rei

— Eg  
alveg óþar

— Al  
handa hei  
taka Marg

— Lj  
og glotti v

— Ne  
grét með :

um fyrir veiðivagn Hivarts, handa herra Ódíot? Þetta er reyndar ekki fjaðravagn, en hann er sterkur og eins góður fyrir því.

Frú Laroque hvesti augun á aumingja Allain, er hann dirfðist að bjóða ráðsmanni jafnmikilhæfum og mér, sem verið hafði í sjónleik hjá Helenu stórhertogafrú, að aka í veiðivagni fyrverandi ráðsmannsins.

— Ætli léttivagninn væri ekki hentugri? spurði hún.

— Léttivagninn? Nei, á honum væri ómögulegt að komast gegnum elginn, sagði Allain. Hann sæti fastur á miðri leið . . . ef komist yrði svo langt með hann.

Eg kvaðst vel geta komist þessa vegalengd gangandi.

— Nei, alls ekki! Það getur ekki komið til mála. Hvernig eigum við að ráða fram úr þessu? . . . . Við eigum milli tíu og tuttugu reiðhesta, sem standa brúkunarlausir . . . . en þér eruð kannske enginn reiðmaður?

— Eg get setið á hesti, frú mín góð, en það væri alveg óþarft, eg ætla nú að fara . . . .

— Alain sjáið þér um að söðlaður sé hestur handa herra Ódíot! Hvaða hest finst þér ætti að taka Margrét?

— Ljáið honum Próserpínu, tautaði de Bevallan og glotti við.

— Nei, nei, ekki Próserpínu! sagði ungfrú Margrét með ákefð.

— Hversvegna má eg ekki fá Próserpínu, ungfrú? spurði eg.

— Af því hún setur yður af sér, svaraði hún einarðlega.

— Setur mig af sér? Haldið þér það? . . . . .  
Fyrirgefið ungfrú, mig langar til að spyrja, hvort þér ríðið nokkurn tíma þessu hrossi.

— Já, eg geri það, en eg á erfitt með að ráða við hana.

— Yður gengur það kannske betur, eftir að eg er búinn að koma henni á bak nokkrum sinnum. Mig er nú farið að langa til að reyna hrossið. Viljið þér Allan, gera svo vel og láta leggja á Próserpínu?

Ungfrú Margrét hleypti brúnum, ypti öxlum og settist niður; og átti það að tákna, að hún bæri af sér alla ábyrgð á slysi því, er að öllum líkindum mundi verða.

— Ef þér þurfið á sporum að halda þá getið þér fengið þá hjá mér, sagði de Bévallan, sem var þess fullvís að eg mundi alls ekki komast ómeiddur úr þessu ferðalagi.

Eg lét eins og eg sæi ekki ásakandi augnaráð ungfrú Margrétar og þáði boð hans.

Rétt á eftir heyrðist traðk og fnæs úti fyrir, er tveir hesta-sveinar leiddu fram Próserpínu að einu steinriðinu í garðinum.

Próserpína var dökkbrún hryssa af gæða-kyni.

Eg gekk hvatlega niður garðsriðið. Tveir ungir menn fylgdust með mér ásamt de Bévallan út í hallargarðinn. Þá langaði víst til að sjá hvernig færi.

Um  
þess  
að sj  
hjá  
gera  
um þ  
að eg  
og þi  
l  
minn  
aráng  
að, til  
var sj  
fara í  
vel á  
P  
tauma  
eg fyr  
viðbra  
að hó  
riðið v  
fótunu  
—  
hestasv  
—  
skal hi  
U  
reipið,  
eg laga  
In



Um leið voru þrír dagstofugluggarnir opnaðir, til þess að kvenfólkið gæti einnig notið ánægjunnar af að sjá mig á hestbaki; eg hefði helzt viljað komast hjá öllu þessu uppnámi, en eg neyddist til þess að gera mér þetta að góðu; að vísu var eg ósmeykur um það, hversu reið þessi mundi takast, því að þó að eg sé rýr í ráðsmannsstöðu, þá er eg margæfður og þrautreyndur reiðmaður.

Eg var varla alveg kominn á fót þegar faðir minn setti mig á hestbak, móður minni til mikils hugarángurs, og eftir það lét hann ekkert tækifæri ónotað, til að gera úr mér ágætan reiðmann, eins og hann var sjálfur. Hann hafði jafnvel stundum látið mig fara í þung herklæði, til að venja mig við að sitja vel á hesti, jafnvel í þeim þunga búningi.

Prósperína stóð grafkyr meðan eg var að laga taumana og klappa henni um hálsinn, en ekki hafði eg fyr snert ístaðið með tanni, en hryssan tók hart viðbragð út á hliðina og sló með afturfótunum, svo að hófarnir námu jafnhátt marmara-kerunum, sem riðið var prýtt með. Því næst stóð hún upp á afturfótunum og var svo grafkyr.

— Það er ekki auðhlaupið á bak á henni, sagði hestasveinninn kampakátur.

— Eg sé að það er hverju orði sannara, en þó skal hún finna að eg get ráðið við hana.

Um leið sveif eg á bak án þess að snerta stigreiðið, og á meðan Prósperína var að átta sig, hafði eg lagað mig vel á baki.

Innan stundar hurfum við bæði á fleygiferð inn

í kastaníutrjá-göng; á eftir okkur kvað við dynjandi lófaklapp, og enginn klappaði meir en de Bévallan.

Þó að atburður þessi væri smávægilegur að vísu, þá varð eg þess þó var, strax kveldið eftir, að hann hafði orðið til þess að auka álit hallarbúa á mér.

Ýmsar fleiri listir, sem eg hefi numið í aðalstið minni, hafa og orðið til þess að tryggja mér þá virðing, sem eg óska eftir, og til að halda uppi álitinu mínu.

Húsbændur mínir hafa samt orðið þess varir, að það er síður en ekki ætlun mín, að vanbrúka þá vinsemd og alúð, sem mér er sýnd á heimilinu, í því skyni að hreykja mér til upphefðar, er alls ekki hæfir þeirri litiðmótlægu stöðu, sem eg hefi að rækja. Þar heima fyrir.

Eg held mig eins mikið og eg get í herbergjum mínum, en varast auðvitað að gera slíkt að óánægju-efni; eg hefi yfir höfuð hegðað mér mjög gætilega. Því að eg vil sem minst láta bera á mér.

Nokkru eftir að eg kom var mikil miðdegisveizla haldin í höllinni, og var eg þar viðstaddur, en þær veizlur eru tíðar um þetta leyti árs. Í þessari veizlu fór sýslumaður úr nágrannabænum næsta að spyrja um mig. Sýslumaðurinn var afar holdugur maður og sat við hægri hlið húsmóður minnar.

Frú Laroque er oft eins og viðutan, og gleymdi hún því augsnílega, að eg sat skamt frá, og hvort sem eg vildi eða ekki, hlaut eg að heyra það, sem hún svaraði, en það var þetta:

— Spyrjið mig ekki um þetta herra sýslumaður, því að okkur öllum er þessi maður sem óráðin gáta.

...  
dularl  
nóg ti  
kyns  
leikur  
kann  
eg að  
hann  
S  
svo he  
holdug  
að þa  
höllinn  
annað  
Ástagu  
... S  
alvarle  
—  
af þess  
heyra l  
Fr  
greiðas  
M  
sýsluma  
við frú  
mína n  
dugnað  
Nú  
urnýja  
urinn v

. . . Okkur hefir þótt líklegast að hann sé prinz í dularbúningi, sem sé að leita æfintýra . . . . Það er nóg til af þeim nú á tímum . . . . Hann er hverskyns hæfileikum búinn: hann er frábær reiðmaður, leikur á píanó eins og listamaður og til dráttlistar kann hann stórvel . . . . Svona okkar á milli held eg að lítið fari fyrir ráðsmanns-hæfileikum hans, en hann er fárra líki í samkvæmum.

Sýslumaðurinn er víst mesti ágætismaður eða svo heldur hann sjálfur að minsta kosti. Hann strauk holdugri hendinni um vanga sér og sagði brosandí, að það væri nægilega margar fagureygar snótir í höllinni til þess að ráðin væri þessi gáta, og ekki væri annað líklegra, en að maðurinn gengi í biðilsbuxum. Ástaguðinn væri eins og allir vissu verndari flónanna. . . . Svo skifti hann alt í einu um róm og sagði mjög alvarlega:

— En ef frúin skyldi vera eitthvað kvíðandi út af þessum náunga, þá skal eg láta herforingja yfirheyra hann í fyrra málið.

Frú Laroque flýtti sér að afþakka þessa greiðasemi og svo var ekki meira um mig talað.

Mér hálfþótti þetta; eg þyktist ekki eiginlega við sýslumanninn, sem mér fellur mjög vel í geð, heldur við frú Laroque, er að vísu lét heimsmannshæfileika mína njóta sannmælis, en gerði óhæfilega lítið úr dugnaði mínum í þeirri stöðu, sem eg hafði á hendi.

Nú vildi svo til, að daginn eftir átti eg að endurnýja leigusamning, er nam býsna miklu. Samningurinn var gerður við gamlan og kengan bónda, sem

mér tókst að gera orðlausan með nokkrum háfleygum lagamálssetningum og starfsmálammanslegri rósemi. Þegar við vorum orðnir sammála um meginatriðin, lagði bóndinn rólega fram þrjá bréfstikla með gullpeningum í á skrifborðið hjá mér.

Þó að mér ekki skildist strax til hvers þessir peningar áttu að fara, gætti eg þess þó að láta það ekki á mér sjá, eða að mig furðaði á þessu, en um leið og eg opnaði stiklana og tók úr þeim peningana, lét eg einhver þýðingarlaus orð falla þeim viðvíkjandi og komst þá að því, að þetta fé var eins konar þokkabót sem leiguliðar greiddu samkvæmt gamalli venju þegar leigusamningur var endurnýjaður.

Eg hafði hvergi séð slíkan teknalið tilgreindan í allri bókfærslu fyrirrennara míns, sem eg hafði þó vandlega athugað, og því hafði mér ekki komið til hugar að krefjast þess fjár.

Eg hugsaði samt ekki um þetta fyr en eg varð var við undrun frú Laroque, er eg rétti henni gullpeningana.

— Hvaða peningar eru þetta? spurði hún.

Eg skýrði henni frá málavöxtum, en svo var að sjá sem hún skyldi mig ekki, því að hún lét mig endurtaka ummæli mín þessu viðvíkjandi.

— Er þetta venja? spurði hún.

— Já, í hvert sinn sem leigusamningur er endurnýjaður frú mín góð.

— En síðastliðin þrjátíu ár hafa sjálfsagt þrjátíu leigusamningar verið endurnýjaðir, og aldrei hefi eg fyr orðið var við slíkar borganir fyrirfram.

um þ  
hafi  
en er  
ofurl  
svo á  
hún :

indas  
þeim  
vel:

fyrir.

l

var n

hefir

ið be

Eg f

hún r

I

virðin

grand

á því

kom t

herra

vel eg

vegað

—

herra

— Mér er ókunnugt um það, frú mín góð.

Frú Laroque starði hugsandi fram undan sér um hríð, og má vera að fyrir hugskotssjónir hennar hafi svifið mynd herra Hívarts í hæfilegri fjarlægð; en er hún hafði setið þannig stundarkorn, ypti hún ofurlítið öxlum, leit á mig. síðan á gullpeningana, og svo á mig aftur, eins og hún væri í vafa um hvað hún ætti að gera.

Þessu næst hallaði hún sér aftur á bak í hægindastólinn, stundi þnugan, og sagði við mig með þeim rólega og notalega málrómi, sem mér féll svo vel:

— Jæja, það er ágætt, herra Ódíot, þakka yður fyrir.

Þessi sönnun fyrir ráðvendni minni, sem hún var nógu hyggin til að fara ekki að hrósa mér fyrir, hefir líklega orðið til þess að frú Laroque hefir fengið betra álit á dugnaði og forsjá ráðsmanns hennar. Eg fékk frekara fullvissu um það nokkru síðar er hún mintist á þetta efni við dóttur sína.

Það er einlæg von mín, að mér auðnist að ná virðing og trausti húsbænda minna, með svo miklum grandvarleik ræki eg starf mitt, og góðar horfur eru á því að þessi von mín ætli að rætast, því þegar eg kom til Parísar nýskeð að finna systur mína, þakkaði herra Laubépin mér innilega fyrir það, hve afbragðs vel eg stæði í stöðu minni, þeirri, sem hann hafði útvegað mér.

— Haldið þér áfram eins og þér hafið byrjað, herra Maxime, mælti hann, Helena litla hefir varla

orðið nokkurrar breytingar vör, og þarf heldur aldrei að fá neitt um hana að vita; yðar sjálfs vegna skuluð þér ekki vera áhyggjufullur, því að það sem hér í heimi er talin hamingja, það hafið þér öðlast, guði sé lof, en það er góð samvizka og drengileg fullvissa um að hafa gert skyldu yðar.

Þessi aldraði, skynsami maður hefir víst rétt fyrir sér. Eg er orðinn rólegur, en hamingjusaman get eg alls ekki talið mig. Eg er víst ekki enn orðinn nógu þroskaður til að njóta þeirra fórna, sem eg færi fram, því að öðru hvoru koma í mig hugleysis og ráðaleysisköst. Ókominni æfi minni ætla eg að verja til baráttu, baráttu í því skyni að tryggja framtíð veikbygðrar stúlku, og því gefst mér hvorki tóm til að hugsa um sjálfan mig eða mitt gagn. Hugur minn skal vera önnum kafinn, og hjarta mitt slá til stuðnings velliðunar annara, og ef eg get aðeins gert Helenu litlu hamingjusama, þá er því marki náð, sem eg hefi sett mér.

En er þegar farinn að finna ellimörkin, en eg vildi að eins að ár fylgdu árum sem allra hraðast; þess óska eg af heilum hug.

Að öðru leyti get eg ekki kvartað yfir stöðu minni; hún er langtum betri en eg gat gert mér von um, og kvíði minn í því efni hefir reynst ástæðulaus.

Starf mitt og tíðu ferðalög út í yztu jaðra landeignanna, ásamt einveru-þráar minnar, tálmar því að eg sé tíður gestur í höllinni, en þar reyni eg að lenda ekki í stórum samkvæmum.

Það er kannske því að þakka hvað sjaldan eg

kem,

mig,  
ingur  
að v  
mikið  
legt,  
kulvíaka  
orgar  
inn o  
hina  
konu  
lífskjI  
látinn  
hans  
sem hJ  
konar  
fyrir  
dag, lað að  
sín fr

S

mér a

U

ur í f

er jaf

kem, að mér er altaf svo vel tekið.

Frú Laroque er einkanlega mjög vingjarnleg við mig, og mér trúir hún fyrir sínum furðulegu hugleiðingum um það, hvað ákjósanlegt það væri fyrir hana að vera fátæk, og hve fús hún mundi vera að leggja mikið í sölurnar fyrir aðra; þetta virðist dálítið broslagt, þegar gætt er að þeim háu kröfum, sem þessi kulvísa kreóla-kona gerir til lífsins.

Aðra stundina öfundar hún Zigeuna-konur, er aka um þjóðvegu í lélegum fjalavögnum fullum af organdi krökkum, — konur, sem verða að sjóða matinn ofan í sig og hyski sitt í skjóli við útgarða — en hina stundina eru það hjúkrunarkonur og matsölu-konur í her, sem hún dáist að, og vildi gjarnan skifta lífskjörum við.

Þessu næst tekur hún til að ákæra mann sinn látinn fyrir hans góðu heilsu, er aldrei veitti konu hans færi á að sýna þá ágætu hjúkrunar-hæfileika, sem hún er viss um að hún er búin.

Jafnframt þessu hefir hún látið gera nokkurs konar kví umhverfis hægindastól sinn, til verndar henni fyrir dragsúg. Þegar ég kom inn til hennar í fyrra dag, hreykti hún sér í þessu tjaldbirgi, bíðandi þess, að að þeim tímamótum drægi, er hún gæti framkvæmt sín frægðarverk.

Sama er að segja um hina hallarbúana, þeir sýna mér allir einstaka vinsemd.

Ungfrú Margrét er að öllum jafnaði sokkin niður í fjarsýnis dagdrauma, eins og egiptskt meyljón, er jafnvel svo tilhliðrunarsöm að syngja fyrir mig

uppáhalds söngva mína. Hún hefir einkar fagra millirödd, sem hún beitir eftir listarinnar reglum, en hún kryddar söng sinn með svo miklum kulda og kæruleysi, að helzt lítur út fyrir að hún geri það viljandi. Stöku sinnum er þó eins og hún gleymi sér, og þá legst óvanalegur ylur og varmi í róminn, en jafnskjótt og hún verður þess vör, er eins og hún blygðist sín og fyllist gremju yfir því að hafa komið upp um sig, og þá hraðar hún sér að hjúpa sig aftur sínum jökulskrúða.

Nokkrum sinnum hefi eg spilað *piquet* við Laroque gamla, og af því eg hefi altaf verið svo kurteis við hann að tapa, vona eg að hafa náð hylli hans. Stundum starir þessi aldraði aumingi svo athugull á mig, að engu er líkara, en að einhver endurminning frá löngu liðnum tíma, eða hemjulaus líking láti á sér bóla í draumaheiminum þeim, sem sennilega svífur í sundurleitri fylking fyrir sálar-sjón gamla mannsins.

En sér er nú hvað! Þau ætluðu að afhenda mér aftur skildingana, sem eg tapaði í spilum við hann!

Eftir því sem eg kemst næst, þá kvað frú Aubry, sem jafnaðarlegast spilar við gamla manninn, ekki hika við að taka aftur við því, sem hann græðir af henni, þó að hún vinni oft af honum og detti aldrei í hug að skila þeim skildingum, enda slá þau þá oft alvarlega brýnu.

Laubépin lýsti þessari frú Aubry alt of væl í skýrslu sinni, og eg hefi á henni mesta ýmugust.

Samt sem áður hefi eg fjölskyldunnar vegna,

ræynt a  
ast það  
mál he  
ýkjur k  
silfurbo

Eg  
geng í  
hefi mi  
litningu  
rök fyr

Fy  
má við  
hlýtur a  
um, er

Þá  
deyr lan  
óhaming

Þes  
og sérly  
markala  
sem hen  
hinnar y  
þyrnikró  
guð hefi

Húr

Nær  
er veður  
mér með  
blaktir k  
fyrir vin



ræynt að ná hylli þessarar konu, og hefir mér hepnast það með því móti að hlusta á kvennavols-klögumál hennar um þau kjör, sem hún eigi við að búa, ýkjur hennar um auð þann er hún hafi átt, húsgögn, silfurborðbúnað, kniplinga og glófa.

Eg skal játa það, að það er góður skóli sem eg geng í hér til að læra að fyrirrita þau gæði, sem eg hefi mist. Allir hér á heimilinu hafa mestu fyrirritningu á auði, og sleppa engu tækifæri til að færa rök fyrir þeirri skoðun sinni.

Fyrst og fremst er að telja frú Aubry, er líkja má við matháka þá sem eru svo gráðugir, að maður hlýtur að missa matarlyst og fá viðbjóð á þeim réttum, er þess kyns fólk mælir mest með.

Þá er næst að telja aumingja kašteinninn, sem dæyr langvinnum dauða innan um miljónir sínar, jafnóhamingju-samur eins og Job í eynd sinni.

Þessu næst er að nefna míná ágætu, kærulausu og sérlyndu frú Laroque, er mitt í öllum sínum takmarkalausum auð, blaðrar um þann skort og fátækt, sem henni er neitað um — og að endingu er að geta hinnar yndisfögru ungrú Margrétar, er ber eins og þyrnikróna væri það ennishlað auðs og fríðleiks, sem guð hefir skreytt hana með.

Hún er undarleg kona!

Nærri því á hverjum einasta morgni þegar gott er veður, ríður hún fyrir gluggann minn og heilsar mér með alvörusvip; í því að hún beygir höfuðið, blaktir langa, svarta fjöðrin í flókahattinum hennar fyrir vindi, og svo ríður hún burtu fót fyrir fót niður

skuggasælan stíginn á bak við rústir gömlu hallarinnar.

Venjulega kemur Alain gamli ríðandi kippkorn á eftir henni, en stundum er aftur enginn með henni nema Merwyn, stóri hundurinn hennar, tryggi, er labbar eins og séður björn við hlið sinnar fögru húsmóður.

Svona fer hún um alla landareignina og gerir mikið gott. Hún gæti vel komist af án beggja verndaranna, sem fyr voru taldir, því að ekki er eitt einasta heimili á sex mílna svæði umhverfis höllina, þar sem hún ekki er heiðruð og virt svo sem góðgerðadís.

Bændurnir kalla hana að eins "ungfrúna", þegar þeir minnst á hana, og þeir líta svo á, sem hún sé ein þeirra prinsessa, sem þeir hafa lesið um í æfintýra sögum, og finst þeim að hún sé gædd fegurð þeirra, valdi og töfrum. ,

Eg er alt af að leitast við að komast að því, hvernig standi á því dimma skýi, sem grúfir yfir svip hennar, og því yfirlæti og sérgæði, sem skín úr augnaráði hennar, eða því bitra og sára háði, sem felst í orðum hennar. Eg er altaf um það að hugsa, hvort það sé hennar sanna eðli, sem birtist þar, eða hvort þetta er afleiðing af einhverjum duldu harmi, ellegar það sé samvirkubít, iðrun eða ást, sem hrelli hjarta hinnar göfugu konu.

Þó að manni sé óskýlt málið, kemur þó forvitni ávalt til sögunnar, þegar um jafn-mikilhæfa mannskju er að ræða, eins og ungfrú Margrét er.

Þegar Alain gamli færði mér matinn inn í gær — við erum orðnir mestu mátar — þá sagði eg við

hann:

— Hafið þér verið úti í góða veðrinu í dag, Alain?

— Já, eg ræið með ungfrúnni kippkorn í morgun, herra minn.

— Einmitt það.

— Þér hljótið að hafa séð okkur ríða hér fram hjá!

— Var það í morgun? Já, eg sé yður stundum ríða fram hjá, Alain. Þér sitjið fallega á hesti!

— Þér eruð einstaklega alúðlegur! Nei, eg á ekki það hrós skilið, en ungfrúin situr ágætlega vel á hesti.

— Hún er mjög fríð sínum.

— Hún er hverri konu fríðari, og hugarfarið er útlitinu samboðið, alvæg eins og hjá móður hennar. Eg skal nú segja yður sögu. Eins og þér vitið, þá átti síðasti greifinn af de Castennec-ættinni þessar eignir, og mér veittist sú sæmd að vera í þjónustu hans. Þegar Laroque-ættin keypti höllina, þá verð eg að játa að mér þótti það stórum miður, og eg gat ekki ráðið við mig, hvort eg ætti að fara eða vera.

Eg hafði verið alinn upp til að bera sérstaka virðingu fyrir aðli, og mikið þurfti eg á móti mér að láta til að geta felt mig við að ganga í þjónustu fólks, sem ekki var af aðalsættum. Þér hafið líklega orðið þess varir, að mér er það alvæg einstakleg ánægja að gera viðvik fyrir yður, og er það vegna þess, að það er einhver aðalsmannabragur á yður. Éruð þér nú vissir um, að ekki renni aðalsblóð í æðum yðar?

— Já, eg er hræddur um að því sé ekki að heilsa, Alain.

— En þar fyrir utan hefi ég orðið þess áskynja, sagði Alain og hneigði sig kurteislega, að sálargöfgi er engu minna virði heldur en ættgöfgi, svo sem eins og ættgöfgi greifans af Castennecs, því að hann var vanur því að berja á þjónum sínum. Samt sem áður er það lætt, að ungfrú Margrét skuli ekki eignast aðalsmann, því að þá væri hún óaðfinnanleg.

— Eg hélt að það væri undir sjálfri henni komið.

— Já, ef þér bendið til þess að hún ætti að giftast de Bévallan. Hann hefir beðið hennar fyrir ári síðan, og frúin, móðir hennar, virðist ekkert hafa á móti ráðahagnum; herra de Bévallan er líka einhver ríkasti maður, hér nærlendis, fyrir utan Laroquesfólkið, en ungfrúin hefir ekki enn viljað afráða neitt.

— En ef henni þykir vænt um de Bévallan, og ekkert er því til fyrirstöðu að hún giftist honum, því er hún þá alt af svo alvarleg og þungbúin?

— Eg veit ekki hvernig á því stendur, en mikil breyting hefir orðið á ungfrúnni síðustu tvö eða þrjú árin. Hér fyrrum var hún glöð og kát eins og lævirki; en nú er hún svo alvörugefin, að maður mundi ætla, að hún byggi yfir einhverju miklu hrygðarefni, en bággt á eg með að trúá því, að hún sé mjög ástfangin af þessum de Bévallan.

— Þér sýnist ekki hafa neitt góðan bifur á de Bévallan, Alain minn góður. Hann er þó af góðum ættum. . . .

— En alt um það, er hann þó skítmenni, sem

hugsar ekki um annað en elta ungar stúlkur í sveitinni, og ef ráðsmaðurinn hefir haft augun hjá sér, þá hlýtur hann að hafa orðið þess var, að hann kemur sér vel að því að hafa soldána-siði hér á heimilinu, um sama leyti, sem hann er að biðla til ungfrú Margrétar.

Nú varð löng þögn, en loks sagði Alain alt í einu:

— Það er leiðinlegt, að þér skulið ekki hafa að minsta kosti hundrað þúsund franka árstekjur.

— Og því þá það?

— Af því . . . svaraði Alain og hristi höfuðið hugsandi.

*Arnþjótur B. Olson*

VIII.

25. Júlí.

Síðastliðinn mánuð hefi eg eignast eina vinkonu, en jafnframt tvo óvini, eftir því sem eg kemst næst.

Óvinirnir eru ungfrú Margrét og ungfrú Helouin, en vinkonan er gömul hefðarkona áttatíu og fjöggra ára gömul. Eg er hræddur um að tap og ágóði standist ekki á.

Eg ætla fyrst að tala um ungfrú Helouin. Hún er afar-ópakklát manneskja. Það sem hún er gröm við mig yfir, er þess efnis, að hún ætti heldur að virða mig fyrir það; en hún virðist vera ein þeirra kvenna, sem því miður er alt of mikið til af í veröldinni, og ekki hirða um álit annara manna.

Fyrst eftir að eg kom í höllina, höfðu hin sviplíku kjör mín, ráðsmannsins og hennar kenslukonunnar, og yfir höfuð okkar tilkomulitli verkahringur orðið til þess, að við ungfrú Helouin urðum býsna málkunnug. Eg hefi ávalt reynt, að sýna slíkum veslings stúlkum þá virðing, sem hið vanþakkaða starf þeirra og erfiða og óvissa staða á heimting á.

En þar fyrir utan var ungfrú Helouin lagleg, og góðum hæfileikum búin, en hún rýrir gildi hæfileika sinna með hvatvisi sinni og léttúð. Hún er ástleitin dálítið og öfgagjörn, eins og þess konar kvenfólki er títt, en mér þótti hún eigi að síður svo skemtileg, að mér féll það hægt að sýna henni kurteisni á karlmanns visu þegar tækifæri bauðst.

Hálft í hvoru fanst mér það skylda mín að gera slíkt, einkum eftir að eg hafði orðið þess var, oftar en einu sinni, að grimmilegt ljón, sviplíkt Franz fyrsta var á vakki umhverfis ungu stúlkuna, og lét svo að ekki var hægt að villast á, hvað tilætlunin var.

Þessari ósvífni de Bévallans, sem menn gátu ekki nóg samlega dáðst að, fylgdi svo mikil kænska og dirfska og yfirskynsvínáttu-þel, að hrekkjalausar auðtrúa manneskjur hlutu auðveldlega að láta blökkjast af.

Hvorki frú Laroque eða dóttir hennar þekkja neitt til slíks niðangaháttar, og standa svo fjarri öllu, sem er andstyggilegt og ljótt, að þær mundi aldrei gruna hið minsta í þessa átt.

Eg sárreiddist aftur á móti þessum óseðjanlega ástagarpi, og hafði unun af því að koma í bága við

ráðagerðir hans; oftár en einu sinni dró eg athygli hennar frá honum, og leitaðist við að kæfa þá sáru tilfinning einstæðingsskapar og lítilsvirðingar í brjósti ungfrú Helouin, sem skapar helzt til móttækilegan akur þess kyns huggun, sem de Bévallan ætl- að sér að láta í té.

En skyldi eg einhvern tíma í þessari óvarkáru baráttu við freistarann hafa farið út fyrir þau takmörk, sem hæfilegt var, er eg var að leitast við að halda hlífiskildi yfir hinni ungu stúlku?

Eg ímyndaði mér ekki, og orð þau, sem okkur ungfrú Helouin fóru á milli, þó samtalið væri stutt, sannfærðu mig um, að eg hafði heglað mér öldungis rétt gagnvart henni.

Tildrögin voru þessi:

Kveld eitt í vikunni sem leið, vorum við á gangi úti í garðinum. Eg hafði áður um daginn fengið færi á að sýna ungfrú Helouin hugulsemi, og þegar við um kveldið gengum hvort við annars hlið um trjágangana í garðinum, lagði hún alt í einu hönd sína ofur-laust á handlegg minn, og sagði ósköp lágt, um leið og hún nartaði í gulleplablóm:

— En hvað þér eruð góður maður, herra Maxime.

— Eg leitast við að vera það, ungfrú góð.

— Þér eruð einlægur vinur.

— Já, eg er það nú kannske.

— En hvers konar vinur?

— Þér sögðuð áðan: einlægur vinur.

— Vinur . . . sem þykir vænt um mig?

— Já, vitaskuld.

— Mikið?

— Já, getið þér verið í vafa um það?

— Elskið þér mig?

— Nei, ungfrú!

Eg hafði ekki fyr sagt þetta nei, sem eg lagði viljandi áherzlu á, um leið og eg horfði fast á hana, en hún fleygði frá sér gulleplablóminu og slepti handleggnum á mér.

Alt frá þessari örlagastund sýnir hún mér ósegjanlega fyrirleitning, og eg mundi vafalaust hafa haft tillneiging til að ímynda mér, að vinátta milli kynjanna tveggja væri fögur ímyndun, ef eg ekki daginn eftir hefði komist alveg á gagnstæða skoðun.

Eg hafði farið til hallarinnar í því skyni að dvelja þar um kveldið. Tvær eða þrjár fjölskyldur, sem dvalið höfðu hjá Laroques fólkinu um hálfsmánaðartíma, höfðu farið burtu fyrri hluta dagsins, svo eg hitti í höllinni að eins hina venjulegu gesti: sóknarprestinn, skattheimtumanninn, Desmaret lækni, Saint-Cast herforingja og frú hans, er eiga heima í nágretta-þorpinu eins og hann.

Herforingja-frúin hafði flutt með sér töluverðan auð í búið, og var hún komin í hugnæma samræðu við frú Aubry.

Þessar tvær hefðarkonur voru að öllum jafnaði einstaklega vel sammála og rómuðu á víxl af mikilli andagift þau ómetanlegu gæði, sem auðlegðinni fylgdu, og orðalagið var jafnkurteislegt, sem það var háleitt á að hlýða.



— Já, þér hafið rétt að mæla, herforingja-frú, það eina sem nokkurt gildi hefir hér á jörðu er auður, sagði frú Aubry. Meðan eg var rík fyrirleit eg af öllu hjarta þá sem ekki voru ríkir; þessvegna finst mér það svo sem sjálfsagt að menn fyrirleti mig nú, og mér dettur ekki í hug, að vera að kvarta yfir því!

— Engum lifandi manni kemur til hugar að lítilsvirða yður fyrir það, frú Aubry, það megið þér alls eigi láta yður koma til hugar, sagði frú Saint-Cast; en eigi að síður gerir það mikinn mun, hvort maður er ríkur eða fátækur. Um það getur herforinginn bezt borið, því að hann átti ekki eyris-virði þegar eg giftist. Hann átti ekkert nema sverðið sitt, og sverð er alls ekki sá hlutur, sem að mikilli velmegun getur stutt á heimili; fynst yður það ekki rétt, frú mín góð?

— Jú, það er heilagur sannleikur! svaraði frú Aubry svo hrifin af þessari skarpviturlegu yfirlýsingu. Í skáldsögum er ósköpin öll látið af metorðum og mannvirðing, en mér þykir þægilegur fjaðravagn meira virði, eruð þér ekki á sömu skoðun herforingja-frú?

— Jú, bókstaflega á sömu skoðun. Og þetta sagði eg líka við manninn minn, þegar við vorum á leiðinni hingað í morgun; manstu ekki eftir því, herforingi?

— Hm, hreytti herforinginn út úr sér, þar sem hann sat út í horni og spilaði *piquet* við gamla kafeininn.

— Þú áttir ekki nokkurn skapaðan hlut þegar eg giftist þér, herforingi, hélt frú Saint-Cast áfram; eg

ímynda mér að þú farir varla að neita því.

— Þú þarft ekki að vera að klifa oftar á því; eg held að við höfum heyrt það.

— Það er engin sönnun þess, að það sé ekki rétt, sem eg sagði! Ef eg hefði ekki gifst þér, herforingi, þá hefðirðu víst verið neyddur til að fara alt gangandi, en það hefði orðið þér alt annað en þægilegt, eftir öll þau sár, sem þú hafðir fengið í styrjöldinni. . . . . Ekki hefðum við getað haft vagn undir höndum ef við hefðum ekki haft annað en styrktareyri þinn, milli sex og sjö þúsund franka. . . . . Á þetta var eg einmitt að benda honum í morgun þegar við mintumst á nýja vagninn okkar, sem er svo léttur, að hann flýgur eftir þjóðveginum. En sá var nú heldur ekki gefinn . . . . . kostaði fjögur þúsund í beinhörðum peningum.

— Þessu trúi eg vel herforingja-frú! Bezti vagninn minn kostaði fimm þúsund, að meðtöldum tigrisdýrsfeldinum, en hann einn kostaði fimm hundruð franka.

— Já, eg varð nú að horfa dálítið í skildinginn í þetta skifti, svaraði frú SaintCast, því að eg var nýbúin að leggja til ný húsgögn í dagstofuna mína, og ábreiður, gluggatjöld og veggjapappír sem að eins kostuðu mig fimtán þúsund franka.

Yður kann kannske að sýnast þetta full mikið, þar sem maður á hæima svona í sveitaborpi að eins, og væri slíkt ekki sagt alveg út í hött; en svo veitist sú hugsvölun aftur á móti, að allir bæjarbúar skríða í duftinu fyrir manni, og það hlýtur öllum að þykja

mikils virði, haldið þér það ekki líka, frú mín góð?

— Víst er þetta dagsatt, sem þér segið, herforingjafrú, svaraði frú Aubry; menn eru ávalt metnir eftir auðlegðinni. Nú hæfi eg ekki annað að hugga mig við en það, að ef eg væri alt í einu orðin eins rík og eg var fyrrum, þá mundu allir, sem nú líta til mín með lítilsvirðing, sækjast eftir hylli minni.

— En hamingjan veit að eg mundi ekki gera það! hrópaði Desmaret læknir og spratt upp af stólnum. Þó að þér fengjuð hundrað miljónir í árstekjur, dytti mér alls ekki í hug að fara að smjaðra fyrir yður. Eg legg þar við drengskap minn! Og nú verð eg að fara út til að anda að mér hreinu lofti, því að fj... sjálfur mætti sitja hér inni lengur í minn stað!

Að svo mæltu gekk læknirinn skyndilega út úr stofunni: Eg fór á eftir honum og horfði þakkar- augum til hans þar sem hann fór; það var eins og létt hefði verið af mér þungum steini, er eg heyrði hversu þessar tvær gortara-hítir fengu á baukinn.

Þó að læknirinn að öllum jafnaði væri orðhvatur þarna í höllinni, þá hafði hann nú komist svo djarflega að orði að flestum tilheyrendum þótti nóg um, og ónotapögn gerðist.

Frú Laroque rauf hana með því að spyrja dóttur sína, hvort klukkan væri ekki orðin átta.

— Ekki enn þá, mamma, svaraði ungfrú Margrét, því að ungfrú Porhoét er enn ókomin.

Rétt á eftir fór klukkan í stofunni að slá, og samstundis var lokið upp hurðinni og ungfrú Jocelynde de Porhoét-Gaél kom inn, og leiddi Desmaret læknir

hana.

Ungfrú de Porhoét-Gaél, er nú nýlega orðin 84 ára; hún er áþekktust langri humal-stoð, sem silki hæfir verið fært upp á; hún er síðasta grein mjög göfugrar aðalsættar, og er sagt að forfeður hennar séu komnir af sjálfum konungum Bretlands á söguöldinni.

Þó er fyrst um ætt þessa getið á 12. öld, og fyrsti maður í ætt þessari, sem menn hafa nafngreindan í fornum sögum var Juthaél, sonur Conan le Tort, er kominn var af yngstu bretönsku ættinni.

Í mörgum aðalsættum Frakka er Porhoéta-blóð. svo sem í ættunum, Rohan, Lusigan og Penthieve, og þessir stórlátu aðalsmenn hafa allir verið upp með sér af því, að vera komnir af Porhoétunum.

Eg man eftir því, að þegar eg einu sinni fyr meir var að kynna mér ættartölu mína, drukkinn af æsku-hroka, þá rakst eg á þetta einkennilega nafn Porhoét; og man eg þá eftir að faðir minn, bar mikið lof á þessa ætt, en hann var manna bezt að sér í ættfræði aðalsmanna.

Ungfrú Porhoét-Gaél, sem er síðasti frjóangi ættarinnar, hæfir aldrei viljað gifta sig, til þess að hið hljómfagra nafn Porhoét-Gaél skuli sem lengst varðveitast í aðli Frakklands.

Einu sinni þegar verið var að tala um ætt bourbonsku konunganna, svo að hún heyrði, sagði hún um leið og hún fiðraði við ljósu hárkolluna með bandprjóni sínum:

— Ójá, Bourbonarnir eru af göfgum ættum —

en þó eru til göfgari ættir en þeirra, bætti hún við blátt áfram.

Það er varla annað hægt, en að beygja sig með lotningu fyrir þessari öldruðu, ættgöfgu konu, er ber elli og óhamingju sína með þeim virðuleik, sem er eins dæmi.

Síðastliðin fimtán ár hefir hún átt í málaferlum erlendis; þau málaferli hafa orðið henni mjög erfið og hafa skarðað svo í eignir hennar, að hún hefir nú tæplega þúsund franka í árstekjur. Á engan hátt hefir þó mótlæti þetta spilt skapi hennar eða lamað stórlætið; hún er altaf eins, glöð og ánægð; hún býr í húsi sem hún á, og hefir þar hjá sér unglingsstúlku til að annast heimastörfin; enginn getur í því skilið, hvað vel hún kemst af, jafn-fátæk og hún er, og þó er hún ör af fé við fátæklinga í nágrenninu.

Frú Laroque og dóttir hennar hafa lagt einlæga vináttu við þessa ættgöfgu en æfnalitlu nágrannakonu, og þær sýna henni virðing og nærgætni, sem frú Aubry stórfurðar á.

Oft hefi eg séð ungfrú Margrétu ganga frá dansmanni sínum, þegar dansleikur stóð sem hæst, til þess að verða sú fjórða í vist með ungfrú Porhoét. Það er alt af spiluð fimm sentíma\*) bit, en ef ungfrúin yrði einn dag af því að spila vist eins og hún er vön, þá kæmi hljóð úr horni.

Eg er einn þeirra, sem oft spila við ungfrú

---

\*) Frakkneskur eyrir, sem er einn hundraðasti úr franka.

Porhoét, og þetta kveld, sem eg hefi gert að umræðuefni nú, var þess ekki lengi að bíða, að presturinn, læknirinn og eg höfðum sest við vistar-spila borð ásamt með kven-afkomenda Conan le Torts.

Hér vil eg skjóta því að, að snemma á síðastliðinni öld, fór frændi ungfrú Porhoét, er verið hafði við hirð hertogans af Anjou yfir Pyreneafjöll með hinum unga prinzi, er konungdóm hafði tekið á Spáni og kallaður var Filippus fimti.

Þessi frændi Porhoétanna gerðist forgöngumaður sýslanar nokkurrar á Spáni, er hepnadist ágætlega vel.

Að því er bezt verður séð, eru allir niðjar hans andaðir fyrir eitthvað fimtán árum, og ungfrú Porhoét gerði þá tilkall til arfs, eftir frændur sína, því að hún hafði aldrei algerlega mist sjónar á þeim og högum þeirra, þá að Alpafjöllin lægi á milli. Arfurinn var æði mikill, en til hans gerði einnig tilkall maður nokkur kominn af elztu ættum í Castilíu, sem var í tengdum við þá spönsku ættmenn er mægst höfðu við Porhoétana.

En þetta er tilefni málaferlanna, sem þessi aumingja hálfníræða kona leggur nú stórfé til, og veitir mjög nákvæma athygli, og sýnir þrautseyju við, er gengur óviti næst, svo að vinum hennar er hrygðar efni, en óviðkomandi fólk hlær að því.

Þó að Dresmaret læknir beri stórmikla virðing fyrir ungfrú Porhoét, er hann einn í þeirra hópi, er finst málaferli hennar hlægileg, og hann hefir ekki dregið neina dul á, að hann er mótfallinn því, hvernig

gamla konan hefir hugsað sér að verja arínum, sem hún að líkindum eignast aldrei. Hún hefir hugsað sér að reisa fyrir hann kirkju í gotneskum stíl. Kirkjan á að standa í nágrannaþorpinu litla, og vera þar óbrotgjarnt tákni um hina veglyndu konu, er gaf hana og var síðasta manneskjan af þeim ættstofni, er dó út með henni.

Hún er sí og æ að hugsa um þessa kirkju; hún lætur byggingarmeistara gera uppdrætti af henni, og alla daga og fram á nætur stundum er hún að hugsa um hvernig hún skuli prýða hana, en oft skiftir hún um skoðun á tilhögun skrautsins. Hún talar svo um kirkjuna, sem hún væri þegar reist og komin til afnota, og segir t. d.: Eg stóð inni í miðbiki kirkju minnar í nótt og varð þess þá vör að í norðurvængnum var eitthvað, sem var ógeðfelt að horfa á . . . . Eg vil láta breyta einkennisbúningi meðhjálparans . . . o. s. frv.

— Jæja, hafið þér nokkuð verið að hugsa um að breyta tilhögun á kirkjunni yðar síðan í gær? spurði læknirinn um leið og hann stokkaði spilin.

— Það hefi eg reyndar gert, herra læknir og mér hefir líka dottið nokkuð í hug, sem er alveg ágætt. Mér hefir hugkvæmst að setja í stað heila múrveggisins, sem á að vera milli kórs og skríðhúss annan múrvegg, sem sjá má í gegnum, með gips-rósum, blöðum og blómum eins og í kirkjunni í Josselin. Það er ekki nærri því eins þunglamalegt.

— Þetta kann vel að vera! En hafið þér ann-

ars heyrnt nokkuð frá Spáni nýskeð? Er það kannske satt sem stóð í Revue des deux mondes í morgun, að hinn ungi hertogi af Villa-Hermosa hafi boðið yður að giftast sér, til þess að útkljá deiluna í bróðerni?

Ungfrú de Porhoét hristi höfuðið fyrirtillega, svo að borðalykkjan á línúfu hennar með upplituðu böndunum sveiflaðist til og frá.

— Eg hefði látið hann fá hryggbrot, svaraði hún.

— Já, þér segið nú þetta, en hvað á þá að þýða alt guitar-spilið sem heyrst hefir úti fyrir glugganum yðar núna síðustu næturnar?

— Hvaða þvaður er þetta, herra læknir?

— Þetta er ekkert þvaður. Eða hver skyldi hann annars vera þessi spanski, sem fólk sér á flakki hér um héraðið, í sveipkápu á gulum stígvélum, stynjandi hátt, svo að heyrist langar leiðir?

— Þér eruð mesti háðfugl, læknir, sagði ungfrú de Porhoét, um leið og hún opnaði tóbaksdósirnar sínar með mestu ró. En úr því að yður er svo mikið áhugamál að vita þetta, þá hefir lögmaður minn skrifað mér nýskeð frá Madrid, að eg skuli vera þolinmóð því nú verði málið til lykta leitt innan skamms.

— Já, því trúi eg! En vitið þér hverskonar náungi þessi lögmaður yðar er? Hann er ósvífinn svikari. Hann svælir út úr yður allar eignir yðar og hlær svo að yður á eftir. Það réttasta sem þér gætuð gert ungfrú góð, væri að hætta að hugsa um þessa vitleysu og lifa eftirleiðis í ró og friði . . . Hvaða gagn gætuð þér haft af þessum miljónum? Eruð



þér ekki bæði nógu hamingjusöm og mikils metin . . . hvað gætið þér óskað yður frekara? Um kirkjuna yðar vil eg helst af öllu vera fáorður, hún er hvort sem er ekki annað en barnalegt uppátæki!

— Kirkjan mín er barnalegt uppátæki í munni manna, sem ekkert vit hafa á þessu, herra læknir. En þar fyrir utan er eg að berjast fyrir réttindum mínum og reyni að fylgja þeim fram. Þetta fé á eg að réttu lagi; það heyrði eg föður minn segja margsinnis, og eg læt það aldrei viljug af hendi við ókunna menn, er standa ætt minni jafn-fjærri eins og þér, kæri vinur minn, eða herra Ódíot, bætti hún við og kinkaði kolli til mín.

Eg var nógu barnalegur til að þykkjast af þessum ummælum og sagði strax:

— Yður skjátlast að því er mig snertir, ungfrú, því að föður mínum veittist sá heiður að vera í ætt við yður.

Þegar ungfrú Porhoét heyrði þessa furðulegu yfirlýsingu, lyfti hún eins og ósjálfrátt hendinni sem hún hélt á spilunum í, upp að hökunni, sem var mjó og mögur. Hún rétti því næst úr sér, og horfði fast á mig til að ganga úr skugga um, hvort eg væri með réttu ráði; það var auðséð að hún átti bággt með að stilla sig, en tók þó í nefið og sagði:

— Þér skuluð verða að færa mér heim sanninn um þetta, ungi maður.

Sneyptur yfir því hlægilega gortí, sem eg hafði gert mig sekan um, og vandræðalegur yfir að sjá alla horfa á mig forvitnisaugum, laut eg höfði og þagði.

Við spiluðum þegjandi það sem eftir var.

Klukkan var orðin tíu, og eg sýndi mig líklegan til að hafa mig í burtu, en rétt í því lagði ungfrú de Porhoét litla hönd sína á handlegg mér og sagði:

— Viljið þér ekki, ráðsmaður, gera svo vel og ganga með hérna yfir að enda trjágarðsins?

Eg hneigði mig kurteislega og fór af stað með henni.

Við fórum út úr lystigarðinum. Litla vinnukonan gekk á undan. Hún var í þjóðbúningi sínum og hélt á ljóskeri. Á eftir henni gekk svo ungfrú de Porhoét, þurleg og þögul; með annari hendinni hélt hún hæversklega uppi pilsfaldinum á silkikjól sínum.

Eg hafði boðið henni að leiða hana, en hún hafði neitað því, og gekk eg því skömmóttulega við hlið hennar.

Þegar við höfðum um stund gengið þessa sorgöngu, sagði gamla ungfrúin:

— Gerið þér nú svo vel og færið fram sannanir fyrir ummælum yðar, herra Ódíot, eg bið eftir að hlusta á þær. Þér hélduð því fram, að skyldleiki væri milli ætta okkar, og af því að eg vissi alls ekki til slíks, þætti mér mjög vænt um að heyra hvernig þeim skyldleika er varið.

Eg hafði fastráðið að láta ekki uppi hver eg væri, svo að eg sagði:

— Eg vona að þér fyrirgefið þetta, sem eg sagði í græskulausu gamni, ungfrú góð! . . .

Græskulausu gamni! sagði ungfrú Porhoét. Annað eins og þetta hafa menn ekki í fíflskaparmál-

um. Hvaða augum lítið þér, sem nú eruð uppi á slíka háttsemi gagnvart heiðvirðri aldurhniginni konu? Þér hefðuð varla hegðað yður svona gagnvart karlmanni!

— Eg sé að ekki verður hjá því komist ungfrú góð að segja yður eins og er, en verð jafnframt að reiða mig á þagmælsku yðar. Kannist þér nokkuð við nafnið Champcey d' Hauterive?

— Já, eg þekki vel Champcey d' Hauterivana; það er göfug ætt og mikils metin frá Daupiné. Hvað kemur hún þessu við?

— Það, að eg er nú síðasti maðurinn af þeirri ætt, sem er á lífi.

— Síðasti maðurinn? endurtók ungfrú de Porhoét og nam alt í einu staðar; eruð þér einn af Champcey d' Hauterivunum?

— Já, í beinan karlegg, ungfrú?

— Þá er öðru máli að gegna, sagði hún, leiðið mig nú og segið mér sögu yðar.

Með því að svona var komið sá eg það réttast að leyna hana engu, og hafði rétt að eins lokið við hina raunalegu frásögu um ólán ættar minnar, þegar við vorum komin að einkennilegu, litlu og lágu húsi, með litlu framskoti við annan enda hússins, sem á var risbratt þak.

— Gerið svo vel að koma inn, markís, sagði gamla aðalsmærin, um leið og hún nam staðar við dyrnar á hinu fátæklegu höll sinni, komið þér nú inn.

Innan stundar var eg kominn inn í dagstofuna, sem var lítil og í var lélegt hellu-gólf. Á upplituðu

veggfóðrinu hingu nokkrar gamlar myndir af ættingjum öldruðu konunnar, hver við annarar hlið, og þeir sem myndirnar voru af báru bæði skjaldarmerki og hertoga-kápur.

Á arinhyllunni stóð fögur klukka í skelplötu-umgerð, búin koparskrauti og þrýdd myndum sem áttu að sýna sólarguðinn.

Nokkrir hægindastólar með háum bríkum og forn legubekkur á fjórum fótum, sem orðnir voru ótraustir — það var allur húsbúnaðurinn; en alt var tá-hreint, og yfir því einhvers konar fornleiks-ilmur, sem gerði það að verkum að maður kundi vel við sig þar inni.

— Setjið yður nú niður, sagði ungfrú de Porhoét og tylti sér sjálf í legubekkin; setjist þér niður frændi! Þér verðið að afsaka að eg nefni yður þannig, þó að við séum ekki systrunga og bræðrungur og getum aldrei orðið, vengja þess að Jeanne de Porhoét og Hugues de Crampcey, hafa, svona okkar í milli, gert sig seka í þeirri heimsku að láta ekki eftir sig neina afkomendur; en þegar við erum tvö ein, ætla eg með yðar leyfi að ávarpa yður svona, til þess að mér finnist síður að eg standa ein uppi míns liðs í heiminum.

Jæja, eg hefði nú heyrt um hagi yðar frændi minn, og verð eg að játa að þér hafið ratað í raunir, en nú ætla eg að segja yður frá ýmsu sem eg er að hugsa um, og hefir orðið til þess að halda við hugrekki mínu.

Í fyrsta lagi vil eg gæta þess, kæri markís, að þegar eg virði fyrir mér allt þetta fólk, sem áður var

rétt og slétt vinnufólk, en hreykir sér nú í lystivögn-um, að yfir fátækt hvíli einhvers konar unaðs- og tignarblær.

Þar að auki er eg ekki frá því að ímynda mér, að guð hafi látið suma af oss búa við lítil efni, til þess að á þessari sinnuleysis og fjárgræðginnar öld, gæt-um við átt í sjálfum okkur metnaðar og sjálfstrausts-tilfinning, sem ekki er undir peningum komin, eða neinu því, sem aflað verður með þeim — þá metnaðar-og sjálfstrausts-tilfinning, sem hvorki getur gengið kaupum eða sölum!

Á þennan hátt hefir mér þótt viðurkvæmilegt að skilja hina réttvísu tilhögun forsjónarinnar að því er snertir æfíkjör okkar, kæri frændi.

Eg tjáði ungfrú de Þorhoét, að mér væri það fagnaðaræfni að vera ásamt henni kjörinn til að flytja mannkyninu kenningu, sem það þyrfti nauðsynlega á að halda og ætti að veita viðtöku.

— Að því er sjálfa mig snertir, sagði gamla konan, er fátæktin ekkert sérlegt böf, og eg finn ekki neitt að ráði til óþæginda af henni. Sú manneskja hlyti að vera í meira lagi þröngsýn og smámunaleg, er færi að taka sér það nærri, hvort nokkrum réttum væri fleira eða færri á borðum heima fyrir, eða fatnaður sjálegri eða ósjálegri, ef sú hin sama manneskja hefði lifað það, að sjá föður sinn og fjóra bræður falla fyrir sverðseggjum eða kúfum óvinanna, eins og eg hefi gert, eða sjá alt það er maður virti og unni hverfa í djúp dauðans.

Þér megið vera þess fullvís, að ef ekki væri um

annað að ræða en afkomu sjálfrar mín, þá stæði mér öldungis á sama, hvort eg fengi þessar miljónir frá Spáni ellegar ekki; en mér finst að önnur eins ætt og mín er, ætti ekki að hverfa svo af jörðinni, að hún léti ekki eftir sig eitthvert óbrotgjarnt minnismærki, einhvern varða sem vitnaði um mikilleik hennar og sálargöfgi.

Þessvegna er það, að mér hefir dottið í hug að reisa þessa kirkju, að dæmi ýmsra forfeðra minna, eins og eg veit að þér hafið heyrt getið um; mér dettur því ekki í hug að falla frá þessari fyrirætlun meðan eg dreg andann.

Þegar gamla göfuglynda konan sá hve hugfanginn eg hlýddi á hana, var sem hún reyndi að rifja upp í huga sínum löngu liðna viðburði um leið og hún lét augun hvarfla eftir röð ættarmynnda sinna, sem farnar voru að óskýrast til muna. Í þessum svifum sló gamla stofuklukkan tólf, og rauf þannig á hátíðlegan hátt þögnina inni í hálfrökkraðri stofunni.

— Eg ætlast til að margir munkar verði settir við kirkjuna, og lesi þar messur til skiftis, hélt ungfrú de Þorhoét áfram með hátíðlegri röddu.

Á hverjum morgni skal lesin sérstök sálumessa fyrir mér og forfeðrum mínum, í einka-kapellu ættar vorrar. Presturinn, sem þá messu les, skal standa á stórri marmara-hellu, sem enga áletran beri, en þar undir skulu hvíla bæin mín, og ætlast eg til að hella þessi sé jafnframt rið upp að altarinu.

Eg laut höfði hrærður mjög yfir því sem eg hafði heyrt.

Ungfrú de Porhoét greip hönd mæna og þrýsti að henni þakksamlega.

— Eg er alveg óbiluð á geðsmununum, frændi minn góður, mælti hún, þó að fólk kunni að halda annað. Faðir minn var hverjum manni sannorðari, og hann sagði alveg hiklaust, að þegar afkomendur okkar á Spáni væru útdauðir, þá værum við réttmætir erfingjar.

En af því að dauða hans bar að svo skyndilega, þá gat hann ekki veitt okkur frekari upplýsingar í þessu máli, en af því að eg hefi aldrei haft ástæðu til að efast um orð hans, efast eg ekki heldur um réttindi mín . . . .

Eftir stundarþögn hélt hún áfram í sorgarrómi:

— En þó að eg sé ennþá ófötluð á geði, þá er eg þó orðin gömul, og það vita menn sunnan landamæraanna. Þeir hafa síðastliðin fimtán ár altaf verið að biðja um frest á frest ofan; þeir biða þess að eg deyi, og þar með sé þessum málum lokið . . . . Og þeir þurfa nú því miður varla lengi að biða þess hér eftir.

Eg verð vafalaust að falla frá þessari fyrirætlun minni, sem mér er svo afarhughaldið um; eg finn það gerla . . . Eg má hætta við kirkjuna mína — mína einu ást — er verið hefir mér nokkurs konar uppbót margra niðurbældra tilfinninga og vonbrigða. . . . . í hana verður líklega ekki lagður nema einn steinn — legsteinninn minn.

Nú þagnaði gamla konan og tók að þerra með grönnum, holdlitlum fingrum sínum, tár sem hrundu

henni niður um kinnar; því næst herti hún sig upp og reyndi að brosa.

— Forlátið þetta frændi, þér eigið víst fullerfitt með að bera yðar eigin raunir. — Misvirðið svo ekki við mig þó að eg segi að nú sé orðið framorðið, og bændi yður á að stofna ekki mannorði mínu í háska.

Áður en eg fór bað eg ungfrú de Porhoét að fara vel með leyndarmál mitt, er eg hafði neyðst til að segja henni.

Hún svaraði mér hálf í hvoru út í hött, en sagði þó síðan að eg mætti vera rólegur, mér skyldi ekkert mein standa af því. En litlu síðar vaknaði þó grunur hjá mér um að mín virðulega vinkona hefði sagt frú Laroque frá leyndarmáli mínu, því að hún fór eftir þetta að sýna mér enn þá meiri tillitssemi heldur en áður.

Ungfrú de Porhoét játaði þetta jafnvel sjálf fyrir mér; hún kvaðst ekki hafa getað stilt sig um það, því að sér hefði fundist virðing ættar okkar væri í hættu, ef hún þegði yfir því við frú Laroque, en hún mundi aldrei fara að ljósta upp slíku leyndarmáli, er henni væri trúað fyrir, og mundi jafnvel ekki segja dóttur sinni frá því.

Viðtal mitt við hina öldruðu hefðarmey hafði haft allmikil áhrif á mig, og eg reyndi að sýna henni það í verki á ýmsan hátt.

Strax næsta kveld á eftir tók eg á öllum teiknifimleik mínum til þess að prýða kirkju hennar utan og innan.

Hún var mér næsta þakklát fyrir þessa hugul-



semi, sem nærri því komst upp í vana fyrir mér, svo að næstum á hverju kveldi, að aflokinni vistar-spilamenskunni, tek eg mér blýant í hönd, og dreg upp standmynd af prédikunarstól ellegar pallstúku.

Ungfrú Margrét virðist bera mjög hlýjan hug til gömlu konunnar, og hefir sýnt teikni-myndum mínum þann sóma, að setja þær í bók, sem nú er orðin hér um bil full af þeim, en allar eru þær af kirkju ungfrú de Porhoét.

Ennfremur hefi eg boðið hinni öldruðu frænku minni að ljá henni alla þá hjálp, sem eg er fær um að láta í té viðvíkjandi rekstri málaferla hennar. Hún hefir látið mig heyra það á sér, að henni þætti vænt um þetta; að visu getur hún sjálf annast allar nauðsynlegar bréfaskriftir málinu viðvíkjandi, en hún er orðin svo sjóndöpur að hún á bággt með að lesa löng málskjöl skrifuð. Alt til þess tíma hafði hún engan fengið til þess að hjálpa sér í þessu efni, þó að nauðsynlegt hefði verið til heppilegra lykta málsins; en hún mun hafa skirst við það, vegna þess að hún vildi ekki gera fleiri nákunnuga málinu, og eiga það á hættu að verða fyrir háði manna þar í héraðinu.

Hún hefir nú þegar gert mig að lögfræðisráðunaut sínum.

Eg hefi nú þegar tekið að mér að rannsaka öll þau mörgu skjöl er málinu koma við, og er þess fullvís orðinn, að dómur fellur á hana. en hann verður kveðinn upp innan skamms.

Eg hefi ráðfært mig Laubépin um þetta efni, og

hann er alveg á sömu skoðun, en eg vil leynd mína gömlu vinkonu í lengstu lög þessum úrslitum, sem hún hlýtur að taka sér nærri.

Meðan málinu er ólokið, geri eg það til huggunar við hana að blaða í skjalasafni ættarinnar, því að hún á stöðugt von á því, að þar finnist eitthvað málstað hennar til stuðnings. En því miður er skjalasafn þetta feikna mikið og er í fleiru en einu herbergi í húsinu, þó að það sé ekki stórt.

Í gær fór eg í fyrra lagi heim til ungfrú de Porhoét, því að eg hafði ásett mér að rannsaka böggul nr. 115, sem eg hafði byrjað á daginn áður.

Af því að ungfrú de Porhoét var ekki komin á fætur, fékk eg vinnukonuna til að fylgja mér inn í dagstofuna, og þar tók eg að skoða gömlu skjölin svo hljóðlega og hávaðalaust sem mér var unt.

Eftir klukkustundar lestur var eg kominn aftur á síðustu blaðsíðu í bögglinum nr. 115, og í því sá eg ungfrú de Porhoét koma inn með skjalastranga undir hendi, svo mikinn að hún fékk naumast valdið honum; utan um stranga þenna var vandlega vafið hreinu, hvítu lérefti.

— Góðan daginn frændi, sagði hún. Þegar eg komst að því að þér hefðuð gert yður svona mikið ómak fyrir mínar sakir svona snemma morguns, þá vildi eg ekki láta yður vera að hafa fyrir því, að leita að 116 stranganum, og nú er eg með hann hérna.

Í einhverju æfintýri man eg að sagt er frá prinsessu, sem lokuð var inni í turni, og þar skipaði henni nörn nokkur, svarinn óvinur ættar prinsess-

unnar, að vinna nokkrar óeðlilegar þrautir. Eg verð að játa það, að þessa stundina fanst mér ungfrú de Porhoét, þrátt fyrir allar sínar dygðir, vera eitthvað í ætt við þessa norn.

— Í nótt dræymdi mig, að í þessum stranga væri málskjöl, er skæru úr erfðafjárþrætum mínum á Spáni, mælti ungfrú de Porhoét ennfremur. Þessvegna er mér áhugamál að þér lítið nú á þenna skjalastranga þegar í stað. Þegar þér eruð búinn að því, þá gerið þér svo vel og borðið hjá mér morgunverð, hérna yfir í skuggasæla laufskálanum mínum.

Það var ekki um annað að gera fyrir mig, en að verða við óskum hennar, en eg þarf naumast að taka það fram, að í stranganum 116 var ekkert annað en margra alda ryk.

Klukkan tólf kom gamla konan stundvislega, rétti mér hönd sína og leiddi mig hátíðlega út í litla garðinn, með sortulyngs-krönzuðu beðunum, er nær yfir að grasgrund nokkurri, sem er eina landeignin, sem nú er í eigu Porhoéta-ættarinnar.

Borið hafði verið á borð undir fögru beykitré, og gerðu greinar þess hringmyndaðan laufskála, en skínandi björt sumarsólin sendi hlýja geisla sína yfir ilmandi, drifhvítan dúkinn.

Steikt hænsn voru á borðum og gerði eg þeim góð skil og drakk með gamalt borðeau-vín; þótti vin-konu minni augsýnilega vænt um hvað eg var matlystugur. Þegar við vorum að enda við að borða, leiddi hún talið að Laroque-ættinni.

— Eg skal játa það hreinskilnislega, að mér

hugnar ekki gamli kaftinninn. Eg man það glögt, að þegar hann kom hingað í héraðið, hafði hann með sér stóran apa, sem hann klæddi í þjóns-föt. Þeir virtust vera mestu mátar, apinn og hann. Allir nágrannarnir höfðu illan bifur á apanum, og engum síðuðum og mentuðum manni hefði getað komið til hugar að búa ómálga skepnu þeim búningi. Menn sögðu að þetta væri api, og eg lét eins og eg tryði því, en með sjálfri mér þóttist eg vera alveg viss um að þetta væri svertingi, einkanlega fyrir þá sök að eg hafði kaftinninn grunaðan um að hafa rekið verzlun á þeim varningi á ströndum Afríku.

Sonurinn var aftur á móti mentaður maður og hið mesta ljúfmenni.

Og um kvenfólkið er ekkert nema gott að segja, þær frú Laroque og dóttur hennar; eg tel ekki frú Aubry þar með; hún er leiðinleg kvensnipt.

Rétt í því að hún slepti orðinu, heyrðist jódynur frá litla stígnum, er lá utan við garðinn og innan stundar var drepið á litlu dyrnar rétt hjá laufskál-anum.

— Hver getur þetta verið? sagði ungfrú de Porhoét.

Eg leit upp og sá á svarta fjöður blakta ofan við múrvegginn.

Ljúkið upp var kallað með djúpri hljómfagurri röddu útifyrir; ljúkið upp; það er öllu óhætt!

— Eruð það þér, yndið mitt? kallaði gamla hefðarkonan. Hlaupið þér strax til og ljúkið upp, frændi!

Í því að eg opnaði hurðina, lá við að Merwyn

fleygði mér um koll, því að hann ruddist milli fóta minna, og nú sá eg að ungfrú Margrét var komin, og var að binda hestinn sinn við einn grindar-uppstandarann.

— Góðan daginn, herra Ódíot, og var ekki svo að sjá, sem henni kæmi á óvart að hitta mig þarna.

Því næst lagði hún reiðpilsslóðann upp á handlegg sér og gekk inn í garðinn.

— Verið þér vel komin í þessu yndislega veðri, ástin mín, og komið þér nú og kyssið mig, sagði ungfrú de Porhoét. Þér hljótið að hafa riðið í sprættinum, góða mín, því að kinnarnar á yður eru eins og nýútsprungnar rósir, og það brennur hreint og beint eldur úr augum yðar. Hvað má bjóða yður að borða fagra vina mín?

— Hvað hafið þér upp á að bjóða? spurði ungfrú Margrét og lét augun hvarfla yfir borðin . . . herra Ódíot er búinn að borða alt, sem til var! Eg er heldur ekki svöng, eg er bara þyrst.

— Eg harðbanna yður að drekka nokkuð meðan yður er svona heitt . . . það eru víst jarðarber þarna í beðinu . . .

Meðan eg var að leita að sem stærstu fíkjuviðarblaði, kýmði ungfrú de Porhoét um leið og hún virti með fagnandi brosi eftirlætis-goð sitt fyrir sér, þar sem ungfrú Margrét gekk léttum fetum eftir trjá-göngunum, sem sólin skein á.

— Horfið þér á hana, frændi, hvíslaði hún, finst yður hún ekki hæfa vel ætt okkar?

Ungfrú Margrét hafði lotið ofan að beðinu, og

var rétt við að detta um sinn langa kjól-slóða; í hvert sinn sem hún fann nýtt ber, kallaði hún upp af fögnuði.

Eg gekk á eftir henni með fíkjuviðarblaðið í framréttri hendi; öðru hvoru lagði hún ber á laufið, en þess á milli stakk hún tveimur eða þremur upp í sig. Þegar henni fanst að við hefðum tint nóg, fórum við aftur inn í laufskálann. Hún stráði sykri á jarðarberin, sem við höfum tint, og marði þau svo sundur með hvítum, smáum tönnunum.

— En hvað þau eru góð, sagði ungfrú Margrét, þegar hún var búin með seinasta berið. Þessu næst lagði hún hattinn sinn á bekkinn í laufskálanum og hallaði sér upp að rimlunum í honum.

— Ef þér vilduð nú segja mér, ungfrú de Porhoét, frá þeim tímum, þegar þér voruð reiðkona, sem ekkert hræddist, þá held eg, að eg gæti ekki óskað mér neins frekara hér í heimi.

Ungfrú de Porhoét lét ekki lengi ganga á eftir sér, en tók að segja frá mjög áhrifamiklum sögum af djarflegri reið sinni er hún var í för með göfgustu reiðmönnum og konum Bretagnes.

Einmitt þá fékk eg nýjar sannanir fyrir sálar-göfgi minnar öldruðu vinkonu, því að hún talaði með jafnmikilli virðingu um allar hetjurnar frá stjórnarbyltingartímunum, hvaða fána sem þær fylgdu.

Einkum varð henni tíðrætt um Hoche herforingja, og dáðist svo að honum að hélt við hjáguðadýrkun.

Mig furðaði hálfgeri á því, hvað ungfrú Mar-

grét veitti frásögu þessari ítarlega eftirtekt.

Aðra stundina sat hún óbifanleg eins og myndastytta, horfði niður fyrir sig og hallaði sér upp að laufrunninum; hina stundina var hún svo hrifin af því, sem frá var sagt, að hún hallaði sér fram á litla borðið og lét litla, hvíta hönd sína hverfa í blævakta hárlökkana; og þá starði hún stórum augum á hina aldurhnignu konu, sem hafði lifað svo margt og undursamlegt.

Eg verð að kannast við það, að þessi stund, sem eg varði til að virða fyrir mér svipbreytingarnar á fyrirmannlegum andlitum þessara tveggja kvenna, er einhver hin ánægjulegasta, sem eg man eftir á þeirri dauflegu æfi, er eg á nú.

Þegar gamla konan hafði lokið frásögu sinni, kysti Margrét hana, vakti Merwyn, er lá við fætur hennar, og sagðist nú ætla að ríða heimleiðis.

Eg kynokaði mér alls ekki við að sýna ferðasnið á mér um sama leyti, því að eg gat ekki ímyndað mér, að henni gæti mislíkað það.

Þess er að gæta, að eg er svo lítilfjörleg persóna þarna á heimilinu, í samanburði við hana, auðuga erfingjann, og þar fyrir utan er ekkert athugavert, þó að við séum saman; móðir hennar hefir sem sé veitt henni sama frjállega uppeldið, sem hún hlaut sjálf, þar sem hún ólst upp í brezkum nýlendum.

Það er alkunnugt, að uppeldi enskra ungra stúlkna er miklu skynsamlegar háttað, en uppeldi franskra stúlkna, því að síðarnefndar eyða rétt að

kalla allri æsku sinni fram að giftingardegi í klausturskólanum.

Við urðum því sanferða út í garðinn, eg hélt í ístaðið fyrir hana, meðan hún var að fara á bak, og síðan lögðum við af stað til hallarinnar.

Eftir að við höfðum haldið áfram kippkorn, sagði hún:

— Það var annars leiðinlegt að eg skyldi koma og gera ykkur ónæði, því að þið sátuð þarna í bezta gengi.

— Já, okkur leið að vísu ágætlega, en af því að eg var búinn að dvelja lengi heima hjá ungfrú de Porhoét, þá komuð þér ekki til óþæginda — heldur til hins gagnstæða.

— Þér eruð einstaklega hugulsamur við okkar kæru nágrannakonu, og fyrir það er móður mín yður mjög þakklát.

— En er dóttir móður yðar það þá líka? spurði eg brosandí.

— Það þarf nú meira til að hrífa mig. Ef þér lítið svo stórt á yður, að ímynda yður að eg dáist að yður, þá skal eg láta yður vita, að þér megið gera svo vel og bíða enn eftir því um stund. Eg hefi ekki vanið mig á að dæma verk manna eftir fyrsta áiti, því að venjulega má mæla með þeim og móti. Eg skal játa það að framkoma yðar gagnvart ungfrú de Porhoét virðist mjög hrósverð, en . . .

Hún þagnaði, ypti öxlum, og bætti því næst við, með bitru og nagandi háði:

— Eg er ekki viss um nema þér seuð að daðra



við hana, í von um að hún arfleiði yður.

Eg fann að eg fölnaði.

Hranalegt svar var komið fram á varirnar á mér, en við nánari íhugun sá eg að það var hlægilegt að fara að verja sig fyrir jafn-ósvífinni árás, svo að eg stilti mig og sagði með alvarlegum rómi:

— Eg get ekki annað en vorkent yður, og það af alhug, ungrú.

Henni virtist koma þetta á óvart.

— Vorkent mér?

— Já, ungrú, eg verð að biðja yður forláts á því, þó að eg með allri virðingu lýsi yfir því, að eg vorkenni yður að slíkar hugsanir skuli búa innra með yður.

— Þér vorkennið mér! hrópaði hún, stöðvaði hestinn og leit til mín fyrirlitlega. Eg get alls ekki áttað mig á, hvað þér eruð að fara.

— Það er nú naumast mjög torskilið, ungrú góð. Það er sannarlega raunalegt, ef ávextir langrar lífsreynslu verða þeir, að menn ímynda sér að sérhvert góðverk sé unnið af illum hvötum, en aldrei verður þeirri manneskju vorkent um of, sem elur þegar á ungum aldri slíkt vantraust í brjósti sínu.

— Þér dæmið eins og blindur um lit, svaraði ungrú Laroque með ákefð, sem henni var þó óeðlileg. jafnróleg og hún var oftast nær — og svo gleymið þér því víst, við hvern þér eruð að tala, bætti hún við hörkulega.

— Eg bið forláts, ungrú, svaraði eg hógværlega og hneigði mig. Það kann vel að vera að eg dæmi

eins og blindur um lit og gleymi því, við hvern eg á orðastað, en þér hafið sjálfar brotið upp á þessu tali.

Ungfrú Margrét horfði upp í trjátoppna og spurði bæði þóttalega og háðslega:

— Kannske þér ætlist til að eg fari að biðja yður afsökunar?

— Ef annaðhvort okkar ætti að biðja hitt afsökunar, þá ættuð þér vafalaust að gera það, svaraði eg með áherzlu; þér eruð rik, en eg er fátækur; þér getið lækkað yður, en það get eg ekki!

Nú varð þögn.

Hún kreisti saman varirnar og nasaopin þöndust út, og náfól varð hún í framan; alt vottaði ljóslega í hvaða stríði hún átti við sjálfa sig.

Alt í einu beygði hún svipuna sína, eins og þegar maður heilsar og sagði:

— Jæja, þá bið eg yður fyrirgefningar.

Um leið sló hún hranalega í hestinn sinn og þeysti af stað, en eg stóð eftir alveg orðlaus á veginum.

Síðan hefi eg ekki séð hana.

*Arnþjótur B. Olsen*  
IX.

30. Júlí.

Aldrei er karlmönnum jafn-gjarnt til að flaska á tilgátum sínum, eins og þegar þeir eru að geta sér til um hugsanir og tilfinningar kvenna.

Eftir að þetta leiðinlega atvik hafði komið fyrir

milli okkar ungfrú Margrétar, langaði mig síður en svo til að verða á vegi hennar; eg lét því líða svo tvo daga, að eg ekki kom heim í höllina; eg var jafnvel hálf-kvíðandi um, að varla yrði á svo skömmum tíma horfin úr hennar dramsama hjarta, gremjan sem hún bæri til mín.

En þegar eg sat við skrifborðið mitt kl. 7 í fyrramorgun, þá kallar hún til mín glaðlega, þessi unga stúlka, sem eg hafði ímyndað mér, að væri bálreið við mig.

— Eruð þér þarna inni, herra Ódíot?

Eg gekk út að glugganum og sá þá að ungfrú Margrét var komin út í bát, sem bundinn var við bryggjuna. Með annari hendinni lyfti hún upp barðinu á brúna hattinum sínum og horfði upp í gluggann minn.

— Já, eg er hérna, ungfrú góð, flýtti eg mér að segja.

— Viljið þér koma með mér að róa?

Vegna óttans og óróleikans, sem í mér hafði verið undanfarna daga, var eg hálf-smeykur um að þessi ljúfmenska hennar væri yfirskyn og hún ætlaði sér að hrella mig enn meir en áður.

— Fyrirgefið, ungfrú góð, eg skil yður víst ekki.

— Viljið þér koma að róa með Alain og Merwyn og mér?

— Já, með mestu ánægju, ungfrú!

— Hafið þér þá með yður uppdráttabókina yðar.

Eg hraðaði mér út og var innan stundar kominn ofan að ánni.

— Sjáum til, sagði unga stúlkan, þér sýnist vera í allgóðu skapi, svona snemma morguns!

Eg svaraði eitthvað á þá leið, að eg væri altaf í góðu skapi, en það virtist ungfrú Margrét draga í vafa; því næst stökk eg út í bátinn og settist við hlið hennar.

— Róðu nú af stað, Alain, sagði hún, og gamli þjónninn, sem heldur sig vera ágætan ræðara, tók nokkur röskleg áratog, og var engu líkari við róðurinn, en stórum þunglamalegum fugli, sem reynir að fljúga, en getur ekki haft sig á loft.

— Eg var neydd til að draga yður út úr greninu, sagði hún, úr því að þér hafið nú setið inni í fýlu í fulla tvo daga.

— Eg fullvissa yður um það ungfrú góð, að mér gekk ekkert annað til en óframfærni . . . virðing fyrir yður og kvíði um . . . .

— Nei, reynið þér ekki að fara að koma mér til að trúá slíku . . . virðing . . . kvíði . . . nei, það var bara fýla í yður, og blátt áfram annað ekki. En sjá-ið þér nú til, við erum miklu vingjarnlegri heldur en þér. Móðir mín krefst þess . . . eg veit ekki hversvegna . . . að yður sé sýnd sú allra mesta tillitssemi, og hún hefir nú skipað mér að bera sjálfa mig fram eins og fórn á altari stórlætis yðar, og nú ber eg fram þá fórn eins og hlýðinni dóttur sæmir að gera.

Óþarft er að geta þess að eg flutti henni innilegar þakkir mínar.

— Og til þess að gera ekkert hálfverk hefi eg ráðgert þetta ferðalag, sem að öllu leyti skal hagað

eftir því sem yður geðjast bezt. Því valdi eg stundina er yndislegur sumardagur sveipaði bjarkir og runna í sem dýrðlegustu ljósi, þegar fuglar kvökuðu á greinum, . . . þá skyldi hvítmálaður bátur svífa hljóðlaust eftir árfletinum . . . . Ætti ekki jafn-rómantískur maður og þér að vera ánægður með slíkt?

— Eg er fagnandi og hrifinn, ungfrú!

— Það var gott að heyra.

Og það var satt. Þessa stundina var eg ánægður með alt og alla.

Á báðum árbökkunum sem við svifum fram hjá, stóðu stakkar með ilmandi heyi, og streymdi þekkur ilmur þess til okkar. Inn á milli háu trjána í lystigarðinum skutust sólargeislarnir og mynduðu gu'na birtubletti, þar sem þeir snertu jörðina; alt umhverfis suðuðu skorkvikindi í miljóna tali, á milli þess, sem þau steyptu sér niður og svöluðu sér á kristalsskærum daggardropunum.

Alain gamli sat beint á móti mér og brosti til mín við hvert áratog með vingjarnlegum verndar-mannssvip.

Við hlið mína sat ungfrú Margrét, hvítklædd, en því var hún óvön.

En hvað hún var falleg, björt og yndisleg eins og vorblóm. Með annari hendi hristi hún daggardropa af kniplinga-prýddum hattinum sínum, en hinni hendinni hélt hún niðri í vatninu til að herða á Merwyn, hundinum hennar tryggja, sem synti á eftir bátnum.

Það þurfti ekki lengi að eggja mig til að fara

í slíka skemtiferð; eg hefði fúslega fylgt henni á enda veraldar í hvíta bátnum.

Um leið og við runnum undir einn brúarbogann, utarlega í lystigarðinum, spurði unga kreóla-konan:

— Vitið þér nú hvert við erum að fara? Þér hafið alls ekki spurt um það.

— Nei, ungfrú góð; mér stendur gersamlega á sama.

— Við erum að halda beint inn í álfheima!

— Eg var rétt að ímynda mér það.

— Ungfrú Helouin er miklu skáldlegar sinnuð heldur en eg, og hún hefir sjálfsagt sagt yður, að lágu skógarnir sem breiðast um hérað þetta á tuttugu mílna svæði, eru leifar hinna fornu og miklu Broceliande-skóga, þar sem forfeður ungfrú de Porhoét voru á veiðum; þar varð og nafni míns tryggja Merwyns, jafnvel þó að hann væri sjálfur göldróttur, töfraður af ungri meyju, sem hét Viviane.

Við erum nú rétt að segja komin inn í hinn umrædda skóg, og ef það nægir ekki til að koma ímyndunarafli yðar af stað, þá ætla eg að segja yður, að í skógum þessum sjást enn menjar hinna dulspaklegu trúarbragða Keltanna, og það úir og grúir af þeim menjum. Eg skal nú leyfa yður að ímynda yður að undir sérhverju þessara skuggasælu trjáa standi frakkneskur prestur í hvítum kyrtli, og að á gullbúinn fórnarhníf bliki í hverjum sólargeisla.

Þessir óskaplegu prestar hafa reist skamt héðan á rómantískum stað minnismarki nokkurt, og þar hafa margir, sem auðveldlega verða hrifnir, rétt að

segja fallið í ómegin af aðdáun.

Eg hafði hugsað mér, að yður kynni að þykja gaman að draga upp mynd af þessum stað, og af því að ekki var vandratsað, hugsaði eg mér að flytja yður þangað; en í notum þess langar mig til að biðja yður að hlífa mér við fagnaðar-upphrópunum, sem mér er ómögulegt að taka þátt í.

— Eg lofa yður því, ungfrú góð, að eg skal stilla mig um það.

— Já, eg vona að þér haldið það loforð.

— Eg lofa því! Hvað heitir þetta minnismerki?

— Eg kalla það stóra-stein-dys, fornfræðingar kalla það *Dolmen*, og enn aðrir vísindamenn *Cromlech*, en það er nafn á fornmenjum á undan sögutíð Kelta.

Meðan hún var að segja mér þetta, skreið báturinn hægt niður ána. Til beggja handa teygði sig frjósamt og gróðurrikt graslendi, þar sem litlar svartar bjúghyrntar kýr voru á beit, og lyftu upp höfðunum þegar þær heyrðu áratogin og gláptu á okkur stórum, heimskulegum augum.

Þegar hér var komið, breikkaði áin og rann eftir dalverpi nokkru í bugðum og voru þar háir bakkar að henni; bakkarnir voru sumstaðar vaxnir lyngi og þurru sefi, en annars staðar grænum runnum. Öðru hvoru sá inn í op á hæðóttum þveröldum, en á bak við þá sást óglögt til bláleitra fjalla í miklum fjarska.

Þó að ungfrú Margrét væri sí og æ að tjá sig um það, að henni þætti ekkert til náttúrufegurðar koma, lét hún þó ekki hjá líða að benda mér á alla

fegurstu staðina, sem við fórum fram hjá, en þó gat hún ekki stilt sig um að skjóta að einhverjum háð-glósum um leið.

Við höfðum um stund heyrt mikinn og dynjandi nið, er helzt gaf til kynna að við værum að nálgast foss, einkanlega vegna þess að dalurinn mjókkaði líka alt í einu og varð að hrikalegu og eyðilegu gljúfri. Til vinstri handar hóf sig hár veggur mosavaxinna kletta. Eik og fura skaust upp úr kletta-sprungunum, umvafin bergfléttu og hangandi smákjarri, og náði þessi jurtagróður alt upp að efstu brún hins háa klettabeltis, sem af féllu töfraþrungnir skuggar niður á hið djúpa vatn, við rætur bjarganna.

Nokkrum hundruðum feta fyrir neðan okkur ólgaði áin og freyddi; því næst hvarf hún alt í einu, en sást svo aftur koma í ljós gegnum hvítan úðamökkinn, í grænni fjarsýn.

Til hægri handar var bakkinn hallbleytt mjó grasræma, en þar fyrir ofan tóku við skógivaxnar hæðir og voru til að sjá eins og dimmgræn flöjelsgjörð.

— Legðu að, sagði kreóla konan unga.

Um leið og Alain batt bátinn, hoppaði hún léttilega í land og kallaði til mín:

— Jæja, herra Ódíot, ætlið þér nú ekki að fá yfirlið? Éruð þér ekki höggdofa, hrifinn, töfraður? Menn segja annars, að þetta sé dásamlega fallegur blettur. Mér þykir vænt um þennan stað af því að hér er altaf svali. . . . En nú skuluð þér koma með



mér inn í skóginn — ef að þér þorið það — þá skal eg sýna yður steininn fræga.

Ungfrú Margrét var nú kátari, fjörugri og ánægjulegri, en eg hafði nokkru sinni séð hana áður, og hljóp hratt upp eftir grasivöxnum bakkanum; og því næst snéri hún á stíg sem lá upp í gegnum kjarrið á hæðinni fyrir ofan. Við Alain fórum í humáttina á eftir, hvor á eftir öðrum.

Eftir stundar göngu nam ungfrú Margrét staðar svo sem til að átta sig, en svo beygði hún rétt að kalla strax á eftir með snöggu átaki tvær samfléttaðar greinar til hliðar, snéri brott af stígnum og stefndi beint inn í skóginn.

Nú fór ferðalagið ekki að verða eins skemti'legt.

Þar var torsótt að komast í gegnum eikarkjarrið og þéttan skóginn; ungu trén voru býsna óþjál og kræklóttar greinarnar fléttaðar hver í aðra.

Okkur Alain gekk að minsta kosti hálf-illa að hafa okkur áfram; við urðum að ganga mjög álútir, og af því að við rákum höfuð í greinarnar í hverju spori, þá heltist reglulegt steypubað daggar yfir okkur.

Ungfrú Margrét hefir aftur til að bera mjúkleik kvenþjóðarinnar og katt-líkan fimleik; hún sveif því fyrirhafnarlaust, að því er séð varð, gegnum þetta völundarhús, en hló hjartanlega að því, hvað bágt við áttum með að fylgja henni, og var sem hún setti sig út til að láta greinarnar kippast aftur og slást fram- an í okkur.

Loks komum við að dálitlu rjóðri, sem virtist

vera efst uppi á hæðar-öldunni. Þar sá eg, og ekki með öllu hrifningarlaust, svarta, geysimikla hellu, er hvíldi á fimm eða sex stóreflis-björgum, hálf-signum í jörð, er mynduðu helli, er hlýtur í raun og sannleik að vekja fjálgleik hjá manni.

Við fyrsta augnakast virtist í þessu höggunarlausu minnimerki, frá ævagömlum tímum, söguöldinni fornu, fólgin svó áhrifamikill máttur veruleiks, og svó mikilfenglegur þróttur, að ganga hlaut til instu sálarfvlesna og töfra mann.

Nokkrir sólargeislar skutust gegnum laufskrúðið og léku um rifóttan flöt hellunnar, og breiddu yfir þenna hrottalega fórnarstað ljúflegan bjarma.

Jafnvel ungfrú Margrét stóð hugsandi og horfði á þetta með fjállegum svip.

Eftir að eg hafði farið inn í hellirinn og skoðað minnimerkið ítarlega, tók eg að gera uppdrátt af því.

Um stund hafði eg verið svó sökkin nýður í starf mitt, að eg hafði alls ekki tekið eftir hvað fram fór í kringum mig, en alt í einu kallaði ungfrú Margrét:

— Vilið þér ekki fá hofgyðju, til að gera myndina líflegri?

Eg leit upp úr bókinni.

Hún hafði gert sér sveig um enni úr laufgaðri eikarorein, stóð nú upprétt á fórnarstaðlinum og studdist kæruleysislega við nokkur eikartré.

Í skugganum undir laufskrúðinu sýndist hvíti kíóllinn hennar eins og skínandi hiúpur, og úr augum hennar stafaði undarlegur bjarmi, er varð enn

áhrifameiri vegna eikarlaufkransins, sem sveigður var að enni hennar.

Hún var aðdánlega fögur, þar sem hún stóð, og eg ímynda mér að hún hafi vitað af því sjálf.

Eg virti hana fyrir mér hljóður, því að eg fann ekki orð til að lýsa hugsunum mínum, og því sagði hún:

— Ef eg trufla yður, þá skal eg fara ofan aftur.

— Nei, nei, verið þér kyrrar, í öllum bænum.

— Jája, en þá verðið þér að flýta yður, og dragið þér líka mynd af Merwyn; hann er hofgoðinn, en eg hofgyðjan.

Mér hepnáðist að draga nokkurn veginn eðlilega frummynd, af þeirri skáldlegu sýn, er alt í einu bar mér fyrir augu.

Þegar eg var búinn með myndina, kom ungrú Margrét til mín og virti hana fyrir sér mjög ítarlega.

— Hún er ekki svo slæm, sagði hún.

Því næst fleygði hún eikarsveignum niður hlæjandi og sagði ennfremur:

— Og nú skuluð þér kannast við að eg var góð og eftirlát!

Eg var fús til að viðurkenna það, og ef hún hefði spurt mig um það, hefði eg gjarnan viljað láta hana vita að hún var býsna ástleitnisleg líka; annars hefði hún heldur ekki verið veruleg kona, og fullkomleiki er afarleiðinlegur. Jafnvel gyðjurnar sjálfar verða að hafa eitthvað meira til að bera heldur en

þeirra ódauðlegu fegurð, til þess að geta vakið ást á sér.

Við komumst loks gegnum kjarrið og yfir á stíg sem lá gegnum skóginn, en þaðan niður til bátsins.

— Áður en við förum heim, ætla eg að sýna yður fossinn, sagði unga stúlkan við mig, ef til vill líka til þess að njóta sjálf ánægju. Merwyn, Merwyn! Komdu hingað, hundurinn minn, þú ert alltaf bezta skinn!

Við vorum komin alveg niður á árbakkann, beint á móti hraun-dröngunum í fljótinu, sem gerðu árþrengslin.

Þarna steyptist fljótið fram af nokkurra feta háum stalli, ofán í djúpa, íbjúga skál, er að lágu á alla vegu, grasivaxnir hallfleyttir bakkar, en upp úr þeim stóðu á stöku stöðum rakir klettar. Þaðan streymdi vatnið aftur um ósýnilega farvegu, unz þær kvíslar féllu aftur í einn farveg nokkru neðar.

— Það er ekki beinlínis Niagara, sem eg sýni yður hér, sagði ungfrú Margrét og brýndi röddina til að láta hana heyrast yfir vatnsniðinn, en eg hefi heyrt þá sem vit hafa á, láta mikið yfir því, hvað foss þessi sé fallegur.

Eruð þér nú búinn að dáðst að honum? Það er ágætt, því að eg þarf að unna Merwyn nokkurrar skemtunar. Merwyn! Merwyn!

Nýfundalands-hundurinn kom hlaupandi að hlið húsmóður sinnar, og mændi á hana titrandi af ákafa.

Unga stúlkan batt nokkra smásteina í vasaklút-

inn sinn og fleygði honum út á ána rétt fyrir ofan fossinn.

Í sömu svifum stökk Merwyn með miklu skvampi út í hylinn neðan við fossinn og synti hratt frá landi. Vasaklútinn bar skjótt niður ána, hentist fram af fossinum, og drógst í marga hringa með straumnum, frammi fyrir hundinum, sem greip hann svo með snöggu viðbragði. Því næst synti Merwyn með klútinn að landi, og þar tók ungrú Margrét við honum kát og fagnandi.

Þessi skemtilega sundraun var endurtekin hvað eftir annað, og hepnadist jafnvel fimm sinnum.

En þegar vasaklútinum var kastað í sjötta skiftið, gat Merwin ekki náð í hann, annaðhvort af því, að hann stökk of seint út í vatnið, eða klútinum var kastað of snemma.

Vasaklúturinn drógst í hringiðu fossins og barst þaðan yfir að þyrnikjarri er óx við bakka hylsins annars vegar.

Merwyn synti eftir klútinum til að ná í hann, en okkur brá við, er við sáum hundinn alt í einu sleppa klútinum, taka til að berjast um í vatninu, um leið og hann leit til okkar og skrækti aumkunarlega.

— Hamingjan góð! Hvað skyldi ganga að honum? kallaði nugfrú Margrét.

— Það lítur helzt út fyrir að hann hafi fest sig í þyrnikjarrinu, en hann getur sjálfsagt losað sig aftur.

En það kom í ljós að hundinum gekk það ekki greiðlega. Greina-netið, sem hann hafði fest sig í, óx einmitt þar, sem miklar vatnsöldur beljuðu og skullu

öðru hvoru yfir hausinn á aumingja Merwyn.

Hundgreyinu lá við köfnun, hann hætti loks að reyna að losa sig, og um leið varð gelt hans að ámátlegum stunum, sem varla heyrðust.

Í þessum svifum greip ungfrú Margrét í handlegginn á mér og sagði lágt:

— Það er ómögulegt að bjarga honum. Komið þér, herra Ódiot . . . . Við skulum fara héðan.

Eg leit til hennar og virti hana vandlega fyrir mér.

Úr fölu andliti hennar skein kvíði, þjáning og hræðsla, og dökka hringa var aðsjá undir augunum.

— Það er alveg ómögulegt að koma bátnum hingað, sagði eg við hana, en eg er ekki svo slakur sundmaður, og ef þér hafið ekkert á móti því, þá skal eg reyna að bjarga hundinum yðar.

— Nei, . . . nei, það skuluð þér ekki bera við . . . . Það er langt sund þangað . . . . og þar að auki hefi eg heyrt, að áin sé bæði djúp og hættuleg hér í nánd við fossinn.

— Verið þér óhrædd, ungfrú, eg er mjög varasamur.

Um leið og eg sagði þetta, fleygði eg frakkanum mínum á grasbalann og stökk út í hylinn, en var þó svo gætinn, að fara ekki mjög nærri fossinum. Hylurinn var djúpur, því að eg fann hvergi botn, fyr en eg var rétt að segja kominn þangað, sem hundurinn var.

Eg veit ekki, hvort þarna hefir fyr meir verið ofurlítill hólmur, eða áin hefir skolað þangað leir og

grjóti, sem losnað hefir úr árbökkunum, en víst var um það, að mikil róta og greinaflækja var þar fólgin niðri í vatninu, en þess þó að þessa sæjust nokkur merki á yfirborðinu.

Eg gat náð fótfestu á einum stofninum, er greinar virtust að ganga út frá, og mér hepnadist að losa Merwyn. Um leið og hann losnaði greip hann sundtökin og synti eins og ekkert hefði í skorist upp að bakkanum, án þess að hirða um mig hið minsta.

Þetta atferli kom illa heim við þá trygð og það þakklæti, sem þessu hundakyni er hrósað fyrir, en Merwyn hefir víst haft svo lengi samneyti við mennina, að hann hefir lært að vera eigingjarn.

Þegar eg ætlaði að leggja af stað á eftir hundinum, fann eg, mér til mikillar skelfingar, að nú hafði eg fest mig í hinni ömurlegu rótarflækju. Annar fóturinn á mér var flæktur í rötunum, og reyndi eg til að losa hann en gat ekki.

Það kemur að litlu haldi að vera sterkur, þeim sem staddur er út í djúpu vatni, þar sem leðjubotn er og hvergi fótfestu að finna; þar að auki var eg hálf-ruglaður af vatnsmegni því, sem stöðugt steypist ofan yfir mig.

Er það skemst að segja, að eg þóttist illa kominn.

Eg leit til lands. Þar stóð ungfrú Margrét; hún studdist við haldlegg Alains og beygði sig út yfir freyðandi hylinn, og horfði á mig angistar-augum.

Mér flaug í hug, að nú yrðu forlög mín þau að eins að verða grátinn af þessum fögru meyjaraugum, um leið og æfi minni lyki þó með þeim hætti, er ýms-

um karlmönnum gæti orðið efni til afbrýði.

Eg hleypti í mig kjarki og vísaði þessari óhæfilegu hugsun frá mér, spyrnti við og tók á af öllum kröftum, fékk losað mig, batt litla vasaklútinn, sem allur var orðinn rifinn og táinn, um hálsinn á mér og synti svo rólega upp að bakkanum.

Þegar eg steig á land, rétti ungfrú Margrét mér höndina; hún titraði, og við að finna það, fékk eg hjartslátt.

— Þetta var fásinna! Þér hefðuð getað druknað . . . . og það fyrir að bjarga hundi.

— Já, en þér áttuð hundinn, svaraði eg í jafn lágum rómi, eins og hún hafði talað.

Henni virtist gremjast svar mitt; hún kipti að sér hendinni, snéri sér þangað sem Merwyn lá með gapandi kjaft í grasinu, og sleikti sólskinið. Hún sló í hrygginn á honum og sagði:

— Ólukku bjálfinn þinn! En hvað þú varst vitlaus!

En af mér er það að segja, að vatnið streymdi niður eftir mér og ofan í grasið, eins og úr vökvunar-könnu; eg vissi varla hvað eg átti af mér að gera, þangað til ungfrú Margrét kom til mín og sagði vinn-gjarnlega:

— Nú skuluð þér taka bátinn, herra Maxime, og flýta yður heim; ef þér róið rösklega slær ekki að yður. Eg fer gegnum skóginn með Alain; sú leið er styttri.

Mér féll þessi ráðstöfun vel í geð, og kom ekki með neina mótbárur. Eg kvaddi því, og átti því láni



að fagna, að taka aftur í hönd ungrú Margrétar.

Þegar eg kom heim, og ætlaði að fara að hafa fataskifti, varð eg hálfhissa á, að eg hafði enn vasaklút ungrú Margrétar um hálsinn; eg hafði gleymt að afhenda henni hann. Hún bjóst víst við, að hann hefði lent í ána, og staðfestist því sú miður heiðarlega fyrirætlun hjá mér, að draga mér klútinn, svo sem í launa skyni fyrir hina djarflegu sundraun mína.

Um kveldið fór eg til hallarinnar. Ungfrú Laroque tók þá á móti mér með sínum venjulega leiðindasvip, sem mér er orðinn vel kunnur, og er öll ungis gagnstæður þeirri glaðværð og góðsemi, sem hún sýndi um morguninn.

De Bévallan snæddi þar kveldverð, og sagði ungrúin frá ferðalagi okkar, til þess að það yrði heyrinkunnugt. Inn í frásögu sína skaut hún nokkrum háðglósum um það fólk, er hrífast léti af náttúruvegurð; hún lauk máli sínu, með því að segja frá þeim háska, sem Merwyn komst í, en ekki mintist hún einu orði á þátttöku mína við að bjarga honum.

Ef hún hefði með þessu ætlað sér, að gefa mér bendingu um að minnast ekki á, hvað gerst hafði um morguninn, þá var það öldungis óþarft.

Undir eins og de Bévallan heyrði þessi tíðindi, tók hann að barma sér yfir slysinu; hann sagði að það hefði verið óskaplegt, að ungrú Margrét skyldi hafa þurft að vera svo lengi í hræðilegri óvissu, og raunalegt hefði það verið, að Merwyn skyldi hafa lent í aðra eins hættu, og að de Bévallan hefði ekki verið nærstaddur! Hann kvaðst aldrei mundi fyllilega ná

sér eftir þau raunalegu örlög! Það lægi nú varla annað fyrir sér, en fara burt og hengja sig!

— Ef það ætti að vera mitt hlutverk að skera hann niður, þá skyldi hann fá að hanga stundarkorn, sagði Alain.

Dagurinn í gær varð mér ekki eins ánægjulegur, eins og næsti dagur á undan.

Um morguninn fékk eg bréf frá Madrid, er flutti þær fréttir, að ungfrú de Porhoét hefði tapað máli því, er hún ætti í syðra. Lögmaður hennar tjáði mér það og, að ætt sú, er málið hefði varið, hefði heldur ekki neinn fjárhagslegan ávinning af úrslitunum, af því að aftur stóð til mál milli þeirrar ættar og ríkisins spanska, um eignirnar; ríkið krafðist þeirra, af því að þær væru erfðagóss útlendings, og mundi sjálfsgátt ná þeim undir sig.

Eftir að eg hafði hugsað málið um stund, komst eg að þeirri niðurstöðu að það væri velgerningur að þegja yfir þessum raunalegu úrslitum við gömlu konuna, og láta hana ekki vita í svipinn að allar vonir hennar hefðu brugðist. Eg hefi því fastráðið, að semja um það við spanska lögmanninn, að láta ekki uppi úrslit málsins við ungfrú de Porhoét, heldur að láta sem svo, að málinu hafi enn verið frestað; eg ætla svo að halda áfram að rannsaka skjalasafn ættarinnar, og gera alt, sem í mínu valdi stendur, til að koma í veg fyrir það, að gamla kona þjái loftkastala sína hrynja, áður en hún deyr.

Þó að þetta undirferli væri af góðum huga gert, fanst mér þó gaman að heyra álit annara um það, og

Þessvegna fór eg síðari hluta dags til hallarinnar að finna frú Laroque og segja henni frá þessu leyndarmáli.

Hún félst á þessa ráðagerð mína, og hrósaði mér meir fyrir hana, heldur en mér fanst eg eiga skilið. Mér kom sannast að segja á óvart, er hún lauk tali sínu við mig með þessum orðum:

— Eg fæ nú ástæðu til að láta yður vita, að eg er yður einstaklega þakklát fyrir það, sem þér hafið gert í þessu máli, og mig langar til að bæta því við, að mér líkar hverjum deginum betur við yður, og er stöðugt að fá meira og meira álit á hæfileikum yðar.

Eg vildi óska þess að við þyrftum aldrei að skilja, og bið yður forláts á að eg segi það svona umsvifalaust, því að þér litid kannske alt öðrum augum á það, en eg . . . . Eg sendi oft og tíðum einlægur bænir til guðs um þetta, og bið hann að gera kraftaverk til þess að það geti orðið . . . . því að eg sé, að til þess þarf kraftaverk að gerast!

Þó að eg gæti ekki áttað mig á, eða skilið hvernig stóð á geðshræringu þeirri sem þessi góða kona var alt í einu komin í, þakkaði eg henni af allhug fyrir góðsemi hennar, og flýtti mér því næst í burtu frá henni, til að dylja sorg þá er mér bjó í brósti.

Það vildi nú svo til, að mér varð reikað, eftir klukkustundar göngu, yfir í dalverpið, og að hylnum, þar sem eg hafði sýnt það nýskeð, að eg var enginn heigull.

Trjálundarnir og klettarnir, sem eru umhverfis hylinn, gera þennan stað svo einstaklega rólegan og

þægilegan til að njóta einveru. Þar er engu líkara, en að komið sé á heimsenda, í land, sem enginn hefir áður fundið, og þar hljóti maður að vera einn, alveg einn.

Eg fleygði mér niður í lyngið, og fór í huganum yfir það, sem gerst hafði daginn fyrir, því að þess kyns viðburðir gerast ekki nema einu sinni á æfi manns, og eg fann gerla, að ef eitthvað sviplíkt kæmi fyrir mig síðar, þá mundi þó langt um minni nýnæmis og töfra-bragur vera við það bundinn.

Mér var það fyllilega ljóst, að þetta fagra æfintýri var alt í einum kapitula, og að þann kapitula hafði eg þegar lesið.

Því varð ekki neitað, að þessi stund, þessi rómantíska stund, því að rétt var að nefna hana því nafni, hafði verið dæmalaust unaðsleg, af því að atburðirnir voru ekki ráðgerðir fyrirfram, af því að eg sá fyrst til fulls, hvað hún var ununarrík þegar hún var liðin, og af því að eg hafði fundið til sætleik ástarinnar, án þess að verða var við eftirlanganir hennar.

Nú hafði eg gert mér grein fyrir tilfinningum mínum, og fann gerla að eg var í hættu staddur . . . . eg fann að eg ól í brjósti ást, sem var óskynsamleg og ekki gat orðið fullnægt . . . . aldrei gat öðlast andsvar! Það var mál til komið að eg færi að gæta að mér; eg veslings bláfátæki ræfillinn!

Eg lá endilangur á þessum eyðilega og einmana-lega stað, og reyndi að kæfa niður ást mína; óþarft hefði að vísu verið fyrir mig að fara á þenna stað, til að komast að því, hvernig tilfinningum mínum var

háttað í þessu efni; en alt í einu var eg rifinn upp úr raunalega dagdrauma-grufli mínu, við að heyra mannamál.

Eg stóð upp og sá þá fimm eða sex menn í hóp, koma gangandi; fólkið hafði komið á bát og var nýstigið á land.

Fyrst gengu þau ungfrú Margrét og de Bévallan; þau leiddust; þar eftir komu þær ungfrú Helouin og frú Aubry og loks Alain og Merwyn.

Vegna vatnsniðsins hafði eg ekki heyrt þegar fólkið kom; það átti ekki nema fáein skref til mín þegar eg varð var við það; eg átti því engan kost á, að komast nokkuð burtu, og varð því að gera mér að góðu að verða fundinn þarna dreymandi á afviknum stað.

Þó var svo að sjá, sem engan furðaði á að finna mig þarna; að eins virtist ofurlitill skuggi færast yfir ennið á ungfrú Margrétu, þegar hún sá mig þarna, og hún heilsaði mér mjög kuldalega.

De Bévallan nam staðar á árbakkanum við hylinn, og tók að þrísá náttúrufegurðina þar með mikilli háreysti.

— En hvað hér er fallet! Alveg dásamlegt! Stórum hrífandi! Þetta er staður sem skapaður er handa skáldi að lýsa, eða málara að mála!

Þessum orðaflaum fylgdi svo mikið handleggjavings, að margir hefðu mátt ætla, að hann væri sjálfur listamaður, sem ætlaði að fara að lýsa þessari náttúrudýrð.

Loks hætti hann þessu tilgerðar-þvaðri og bað

um að sýna sér staðinn, þar sem Merwyn var rétt druknaður.

Ungfrú Margrét sagði nú söguna á ný, en þagði eins og áður yfir hluttöku minni við að bjarga hundinum. Hún fjölyrti jafnvel um það, hvað hundurinn hefði sýnt frábært áræði, jafnhættulega staddur og hann var, og fanst mér þetta vera hálfgerðt meiðandi fyrir mig, eins og á stóð.

Hún ímyndaði sér sjálfsagt, að sú smávægilega vinsemd, sem hún hafði sýnt mér, og sú hepní sem mér hafði hlotnast, að geta komið henni að liði, hefði æst hégómagirni mína úr hófi fram, og var henni því augsýnilega áhugamál, að þessi atvik gleymdust sem fyrst.

Nú tóku þær ungfrú Helouin og frú Aubry að biðja um það, hvað eftir annað, að fá að sjá hundinn sækja klútinn út á hylinn; og loks lét ungfrú Margrét tilleiðast og kallaði á Nýfundnalandshundinn; því næst fleygði hún vasaklútnum í ána eins og daginn fyrir, en Merwyn var ekki á því að bleyta sig í þetta skifti. Í stað þess að stökkva út í vatnið á eftir vasaklútnum, tók hann til að hlaupa fram og áftur um árbakkann, geltandi og dinglandi rófunni; lét hann með látbragði sínu í ljós, að hann væri að vísu fús til að sækja klútinn, en jafnframt myndi hann glögt, eftir því, sem þarna hefði gerst. Hundurinn var í stuttu máli of skynsamur til að þreyta þessa sundraun aftur!

Árangurslaust ógnaði ungfrú Margrét eftirlætisgoði sínu, og jafn-árangurslaust reyndist það að fara

vel að rakkanum; hundurinn reyndist of-skynsamur til að hætta sér á hylinn.

Eftir alt hrósið um hugrekki Merwyns, varð þessi þrjóska hans að leggja út í vatnið, býsna hlægileg; eg hafði einna helst ástæðu til að skemta mér yfir þessu, og sparaði eg það heldur ekki. Og hitt fólk-  
ið gat ekki annað en hlegið líka, og ungfrú Margrét sömuleiðis, þó að hún hlægi kannske ekki jafn-dátt eins og við hin.

— Já, það er þá ekki nema annar vasaklútur til, sem eg missi”, sagði hún.

Vasaklúturinn sveiflaðist í marga hringa í straum-  
iðukastinu, en loks festist hann á greinum hins ör-  
laga-þrungna runna við hinn bakkann.

— Ef þér viljið lofa mér að ráða, ungfrú góð, þá skal eg ná vasa klútnum yðar á augabragði, elleg-  
ar sökkva til botns með honum, sagði de Bévallan.

Mér fanst ekki betur, en að ungfrú Margrét líta til mín, eftir þessa mikilfenglegu yfirlýsingu, og mætti lesa úr augnaráði hennar: “Sjáið þér til, það eru fleiri en þér fúsir til að leggja töluvert í sölurnar fyrir mig!”

Því næst svaraði hún de Bévallan og mælti:

— Í guðs bænum farið ekki út í neina vitleysu! Ain er fjarska djúp . . . . og það er veruleg hætta. . . .

— Um það hirði eg ekki hót, svaraði de Bévallan. Heyrið þér, Alain, hafið þér ekki hníf á yður?

— Hníf? endurtók ungfrú Margrét forviða.

— Já, lofið þér mér nú að vera sjálfráðum.

— En hvað ætlið þér að gera með hnífinn?

— Eg ætla að telgja mér langan staf, svaraði de Bévallan.

— Eg hélt að þér ætluðuð að synda eftir vasaklútnum, sagði unga stúlkan lágt.

— Syndu eftir honum, ungfrú góð, endurtók de Bévallan. Fyrst og fremst er eg nú ekki í sundfötum . . . . . og þar að auki verð eg að játa, að eg er ósyndur.

— Nú úr því að þér eruð ekki syndur, þá gerir minnst til, hvort þér eruð í sundfötum eða ekki, sagði ungfrú Margrét þurlega.

— Það segið þér dagsatt, svaraði de Bévallan þurlega; en eg ímyndaði mér, að yður væri það ekkert áhugamál, að eg drekti mér. Þér viljið gjarnan ná aftur í vasaklútinn yðar, og ef þér fáði hann, eruð þér líklega ánægð.

— Jæja, farið þér þá og telgið þér stafinn, svaraði hún ólundarlega.

Þessu næst hvarf de Bévallan, sem manna best kann að stjórna skapi sínu, inn í kjarrið, og heyrðum við æðistund mikið brak í greinunum þar sem hann var; að nokkrum tíma kom hann aftur með langa hesliviðar-renglu í hendi, og tók að lima af henni blöð og stöngla.

— Haldið þér kannske að þér getið náð yfir hylinn með þessari renglu? spurði ungfrú Margrét, er fór að finnast þessi undirbúningur býsna hlægilegur.

— Látið mig um það, látið mig um það, mælti hinn djarfhugaði aðalsmaður með einstakri geðprýði.

Við létum hann orðalaust halda áfram undirbúningi sínum. Þegar hann var búinn að lima öll blöð



af renglunni, lagði hann af stað yfir að bátnum.

Við sáum þá strax að hann ætlaði að róa yfir ána nokkuð ofan við fossinn, og þegar hann væri kominn yfir um, ætlaði hann að kraka vasaklútinn að sér með renglunni, því að það var skamt frá bakk-  
anum.

Þegar þessi ráðagerð var augljós, rak alt fólkid upp gremjuóp, því að það er alkunnugt, að kvenfólk hefir ánægju af því, að aðrir stofni sér í háska, eða tefli á tvær hættur fyrir það.

— Já, skárta var það nú snjallræðið. Fussum fei! Þér megið skammast yðar de Bévallan!

— Nei, eg sé enga ástæðu til þess, kæru frúr! Það sem mest er undir komið, er að vera hugvitsmaður, eins og sagan af Kolumbusi og egginu sýnir.

En þvert á móti því sem áhorfðist, átti þó ekki þessi ómerkilega ferð að ljúkast áhrifalaust, eða hættulaust.

Í staðinn fyrir að fara beint yfir ána, þar sem báturinn lá, datt de Bévallan í hug að róa kippkorn niður eftir henni, alt ofan undir fossinn. Hann hratt bátnum því út á miðja ána og lét hann reka kippkorn ofan eftir álum, en innan stundar komst hann að raun um, að straumurinn var afar-hardur þegar nærri fossinum dró.

Við sáum nú líka að hætta var á ferðum, er de Bévallan venti og tók að róa af öllum kröftum.

Stundarkorn réri hann lífróður, en svo hardur var straumurinn, að þó að hann nálgast ofurlítið bakkann hinum megin, barst hann samt með miklum hraða

nær fossinum, þar sem áin steyptist niður með geysimiklum drunum.

Ekki voru nema fáein fet eftir fram á fossbrúna, þegar de Bévallan gat með ofboðslegri áreynslu komið bátnum svo nærri bakkanum að hann gat bjargað sér. Þá slepti hann árunum og tók undir sig gríðarstökk til lands, en um leið spyrti hann óviljandi bátnum frá sér, svo að hann þeyttist yfir í gljúfrin, og hentist undan straumnum á hvolfi.

Meðan á hættunni stóð, höfðum við öll staðið á öndinni af hræðslu, yfir að horfa á þessa óheillavænlegu sjón, en þegar hættan var afstaðin, gafst okkur gott færi á að bera saman muninn á mikilmensku og stærilæti de Bévallans, áður en hann lagði á stað út á ána, og nú á síðari hluta ferðalags hans til að bjarga vasaklútnum.

Eins og allir vita, er mönnum gjarnast til að hlæja innilega, þegar hætta er nýafstaðin; því var það, að við tókum öll til að hlæja hjartanlega, þegar við sáum, að de Bévallan var laus við bátinn.

En enn á ný bættist við óhöpp hans.

Þar sem hann hafði náð landi var bakki árinna brattur og sleipur, og ekki hafði hann fyr leitað sér fótfestu, en hann hrapaði niður. Til allrar hamingju náði hann handfestu á sterkum greinum og í þær hélt hann sér dauðahaldi með báðum höndum, en buslaði með fótunum niðri í vatninu. Áin var ekki djúp þarna, svo að hætta var sama sem engin.

Það var óvenju-hlægileg sýn, sem okkur bar þar fyrir augu, og herra de Bévallan hafði víst sjálfur

eitthvert hugboð um það, að hann væri spaugilegur ásýndum; hann herti sig því enn meir en áður til að ná fótfestu, en það virtist ekki að neinu haldi koma.

Loks virtist hann þó vera búinn að festa fót á bakkanum, en þó hrapaði hann rétt á eftir, því að þyrnigreinar slitnuðu og hann tók aftur að busla í vatninu í mikilli örvænting.

Það var ósköp að sjá manninn. Aldrei held eg að ungfrú Margrét hafi skemt sér eins vel! Fyrirmensku-bragur allur hvarf af henni og loftið kvað við af hvellum hlátrum hennar, eins og hún væri glettin skógargyðja.

Tárin runnu niður um kinnar henni, hún klappaði saman hönduum, réði sér ekki fyrir kátinu og hrópaði milli hláturkastanna:

— Bravó! Bravó! herra de Bévallan! Þetta er stórfengilegt! Óviðjafnanlegt! Aðdáunarvert!

Að lyktum tókst de Bévallan að hafa sig upp á bakkann, Þegar þangað var komið snéri hann sér móti kvenfólkinu og tók til að halda ræðu, sem þó heyrðist trautt vegna dynjandans í fossinum; en af fjörugum tilburðum hans, miklu handleggja-veifum og raunalegu brosi mátti ráða að hann var að gefa okkur skýringu til málsbóta óhappi sinu.

— Já, einmitt það, herra de Bévallan; við skiljum alt þetta, svo dæmalaust vel, sagði ungfrú Margrét, en hélt þó áfram að hlægja reglulegan ertnis-hlátur á kvenmannsvisu; það voru snildarlegir tilburðir, sem þér sýnduð, og getið verið upp með yður af! Þegar hún loks hætti að hlægja spurði hún mig

hvernig við ættum að fara að því að koma bátnum aftur á réttan kjöl, og bjarga honum, því að hann væri beztur allra bátanna.

Eg lofaði henni að fara þangað þarna daginn eftir, með nokkrum vinnumannanna, og koma bátnum heim.

Síðan lögðum við glöð og kát af stað aftur heimleiðis til hallarinnar; en de Bévallan, sem ekki var í sundfötum, varð að fara aðra leið, og sáuum við hann hverfa inn á milli klettanna á hinum bakka fljótsins.

## X.

20. Ágúst.

Loks hefir þessi einkennilega kona gert mér uppskátt um hið mikla leyndarmál sitt. Eg vildi að hún hefði látið það ógert!

Næstu daga eftir atburðinn, sem um er getið hér á undan, hafði ungfrú Margrét brugðið á ný yfir sig þóttu, grunsemdar- og fyrirlitningar-hjúpi, er hún var vön að bera um sitt fagra höfuð. Það var engu líkara, en að hún sæi eftir þeirri ertnis-kæti, sem hún hafði leyft sér að hafa í frammi fyrir skemstu. Hún sveif fram eins og jökulkaldur skuggi kæruleysis og ólundar, innan um veizlufólk, er hvað eftir annað kom til hallarinnar næstu daga á eftir, í samkvæmi, stór-veizlur og á dansleiki, sem þar voru haldnir.

Háðslegum ummælum fór hún um göfugustu andlegar nautnir, sem til eru, þær nautnir einmitt sem ihugun og hugsunarþrótt þarf við, ellegar hún dró dár að þeim tilfinningum, sem flestir telja helgar, og finst sjálf sagt að misbjóða ekki. Ef minst var loflega á eitthvert göfugt verk er hugrekki hafði þurft til að vinna, eða mannúðar-starfsemi, reyndi hún ávalt að snúa því þannig, að eigingirni lægi á bak við, hjá þeim sem hlut eiga að máli. Og ef nokkur var svo óheppinn að minnast með lotningu á listaverk, þá gerði hún að því hinn mesta gys.

Uppgerðarhlátur hennar, óþýður og kaldrana-legur, mundi líkastur hæðni fallins engils, er samúðarlaus gerði gys að öllum fegurstu og göfugustu eiginleikum mannsandans.

Þessi undarlega löngun til að traðka á hugsjónum meðbræðranna, var sérstaklega stæld gegn mér á fjandsamlegan hátt.

Mér gat ekki skilist og skilst það ekki enn, hvernig á því stóð, að hún beindi þessum ofsóknum svo sérstaklega gegn mér; sannast að segja hef eg bjargfasta trú á því sem guddómlegt og göfgandi er, og þeirri skoðun ætla eg að halda til hinstu stundar; en það er ekki ætlun mín, að halda þessum tilfinningum mínum fram opinberlega, eða gera mikið veður úr þeim; í því er eg jafn-fastráðinn eins og hinu, að láta ekki ást mína verða neinum til leiðinda.

Ef ekki væri þannig ástatt fyrir mér, væri eg illa kominn.

En hvernig sem eg vóg orð mín, varð ekki hjá

Því komist að hún teldi mig mesta draumsjónamann.

Ungfrú Margrét sakaði mig um að vera rómantískan og fullan af alls kyns draum-órum; þetta gerði hún til þess að fá tilefni til þess að hæðast að mér; það var því líkast sem hún fengi mér ósýnilega hörpu í hönd, til þess að skemta sér við að slíta strengi hennar á eftir.

Þó að þessi hildarleikur ungfrú Margrétar gegn göfugustu skoðunum annara og öllum unaðsemdum mannlegs lífs væri engin nýjung, bar þó svo ónotalega mikið á honum, að hlaut að særa alla þá, er þótti vænt um hina ungu stúlku.

Einu sinni eftir að við höfðum hlýtt á ásakanir ungfrú Margrétar gegn mér sagði ungfrú de Porroét við hana:

— Heyrið þér góða mín, það er einhver óskaplegur fitonsandi kominn í yður í seinni tíð, sem yður væri nauðsynlegt að losna við sem fyrst, því annars er hætt við að þér lendið í óyndislega þrenning með þeim frú Aubry og Samt-Cast hertogafrú.

Eg segi þetta að eins til að aðvara yður; eg hefi aldrei gert mér það í hugarlund sjálf að eg væri sérvitur eða rómantísk, eða hafi nokkurn tíma verið það; en mér er það ánægjuefni að vita, að hér í heimi eru menn, sem fúsir eru að leggja mikið í sölurnar fyrir aðra — og eg hefi líka trú á því að óeigingirni sé til; að minsta kosti er eg ekki í vafa um óeigingirni hjá sjálfri mér, og eg trúi því líka til til sé sannarlegt hugrekki, því að eg hefi sjálf þekt miklar hetjur.

Og eg fagna líka yfir því að heyra litla fugla

syngja í garðinum hjá mér og hugsa um það hvað hátt kirkjuturn minn muni gnæfa mót heiðbláum himni.

Þetta er kannske hlægilegt alt saman, góða mín, en eg ætla að eins að vekja athygli yðar á því, að þess kyns hugsanir eru eini auður fátæklinganna; við herra Ódiot eigum engan annan auð, og það sem ein-kennilegast er, að við erum ekki að barma okkur yfir því.

Nokkru síðar er ungfrú Margrét hafði verið að hnýta eitthvað í mig, eins og hún var vön, kallaði móðir hennar á mig og sagði:

— Dóttir mín er óvingjarnleg í yðar garð, herra Ódiot, en látið það ekki á yður bíta. Þér hafið, ef til vill tekið eftir því, að lundarfar hennar hefir breyst töluvert í seinni tíð?

— Já, ungfrúin virðist vera nokkuð dutlunga-gjarnari, en hún hefir verið.

— Og hamingjan veit að það er ekki ástæðulaust. Hún er komin á fremsta hlunn með að stíga stórt spor á lífsleiðinni, og ungt fólk er oft önnuglynt þegar svo stendur á.

Eg kinkaði kolli og þagði.

— Þér eruð vinur okkar, hélt frú Laroque áfram, og þætti mér vænt um að þér vilduð nú segja okkur, hvernig yður geðjast að de Bévallan.

— Herra de Bévallan er eftir því, sem mér er bezt kunnugt, stórríkur — kannske ekki alveg eins ríkur og þér, — en hann hefir þó býsna ríflegar tekjur, um hundrað þúsundir franka á ári.

— Um efnahag hans er ekkert að segja, en hvað segið þér um mannkosti hans?

— Herra de Bévallan er mesti snyrtimaður, hann er andríkur og álitinn hinn kurteisasti maður.

— Þetta getur alt verið gott og blessað, en haldið þér að dóttir mín verði lánsmanneskja, ef hún giftist honum?

— Eg get ekki ímyndað mér að hann geri hana að ólánsmanneskju. Hann er alls ekki vondur maður.

— Eg veit alls ekki, hvað gera skal! Mér geðjast ekki rétt vel að honum . . . . en hann er sá eini maður, sem dóttir mín virðist ekki hafa óbeit á . . . . og svo eru þeir ekki tiltakanlega margir, sem hafa hundrað þúsundir franka í árslaun.

Þér getið víst getið því nærri, að dóttur mína hefir ekki skort biðla. . . . Síðastliðin þrjú ár, hefir heill herskari safnast að henni . . . . Og einhverja enda verður að binda á það . . . Eg er veikbygð og get fallið frá, hvenær sem er, og þá stendur dóttir mín ein uppi og forsjálaus . . . Og af því að þetta er að ýmsu leyti álitlegur ráðahagur, og mörgum virðist hann góður, væri það mjög óskynsamlegt af mér, að fara að setja mig upp á móti honum. Eg er ásökuð um að vekja draumóra hjá dóttur minni . . . en það er alveg tilhæfulaust. Hún veit víst gerla hvað hún vill. En hvað viljið þér nú ráðleggja mér?

— Vill frúin leyfa mér að spyrja hvernig ungrú de Porhoét lízt á þetta? Hún hefir góða dómgreind og er yður einkar vinveitt.

— Ef eg hlýddi á ungrú de Porhoét, þá vísaði



eg herra de Bévallan óðar á bug . . . . En hún má trútt um tala . . . . Ekki þarf að gera ráð fyrir því að hún fari að giftast dóttur minni, þó að de Bévallan sé frá hnekt.

— Ef hér er eingöngu um peninga að ræða, er de Bévallan alveg óviðjafnanlegur biðill; það verður ekki hrakið . . . . og ef yður er mjög mikið áhugamál að ná í þessar hundrað þúsundir franka í árstekjur þá . . . .

— Eg sjálf met hundrað þúsundir franka engu meir en hundrað *sous*, herra Ódiot. En hér er ekki um mig að ræða, heldur dóttur mína . . . . Ekki get eg farið að gifta dóttur mína múrsmið; tinst yður það? Sjálf hefði eg mjög fúslega viljað giftast múrara, en það sem eg hefi talið hamingjusamlegast mér til handa, mundi dóttur minni ef til vill ekki hugna. Eg verð því að fara eftir álitum annara en mínu er eg vel henni mannsefni.

— En ef yður geðjast að ráðahagnum frú . . . . og dóttur yðar líka . . . .

— Nei, nú hefi eg sagt yður að mér geðjast alls ekki að ráðahagnum . . . . og dóttur minni ekki heldum . . . . Þetta er hygginda-kvonfang . . . . eingöngu hygginda-kvonfang.

— Er ráðahagurinn þá fastákveðinn?

— Nei, vitaskuld er hann það ekki, úr því að eg að spyrja yður ráða. Og ef alt væri nú orðið fast-ráðið, þá væri dóttur mín rólegri; það er þessi vafi sem gerir hana þreyjulausa og . . . .

Frú Laroque hallaði sér aftur á bak upp að yfir-

tjaldinu, er sett hafði verið yfir hægindastól hennar og spurði því næst:

— Hafið þér nokkurn grun um, yfir hverju hún býr?

— Nei, það hef eg ekki, frú mín göð.

Hún starði á mig um stund blikandi augum; því næst stundi hún þungan og sagði blíðlega en raunalega:

— Jæja, eg ætla þá ekki að tefja yður lengur, herra Ódíot.

Mér hafði ekki komið á óvart þessi tíðindi, því að það hafði verið auðséð, að frú Margrét hafði í síðustu tíð sýnt de Bévallan alla þá alúð, sem við var hægt að búast af henni.

Þó virtist framferði hennar fremur bera vott um vinsemd heldur en hún væri ástfangin af hinum unga aðalsmanni, og var það ekki nema eðlilegt.

Mér fyrir mitt leyti hefir aldrei geðjast að de Bévallan, og má vera að það hafi komið um of fram í dagbók minni, að lýsing mín af honum yrði fremur skrípamynd heldur en sönn mynd. En hann hefir þó til að bera þá hæfileika og þá galla, sem konum geðjast að.

Hann er gersneyddur öllu lítillæti, en það kemur ekki að sök; kvenfólki fellur það vel.

Hann hefir til að bera þá andríku, hæðilegu rólegu ósvífni, sem aldrei verður ofboðið, en margir láta blekkjast af, og ávalt tryggir þeim, sem hana á, einkonar vald og yfirburði yfir öðrum.

Hann er hár vexti, stórfeldur í andliti, er mjúkur

í öllum líkamshreyfingum, viðurkendum reiðmaður og veiðimaður; en alt þetta styður að því að gera hann álitlegan í augum kvenfólks. Þar að auki felst eitt-hvað dirfskuþrungið í augnaráði hans, eitthvað töfrandi og ofbeldisfult, sem þó er í góðu samræmi við æfiferil hans og framkomu, en vekur óróesmi í huga kvenna, og leggur bál í brjóst þeirra.

Nú er þess að geta, að helzt hafa slíkir menn náð haldi á ástum kvenna, sem minni háttar má telja. Frá fyrstu viðkyningu hefi eg alt af ímyndað mér, að ungfrú Marfrét ætti jafn-göfugt hjarta, sem hún er fríð sýnum; en nú í síðari tíð hefir hún látið í ljós þess kyns tilfinningar, sem auðvirðilegar mætti kalla, og mér finst það þess vegna mjög líklegt, að hún láti mótstöðulaust, og án þess að nokkur djúp tilfinning raski venjulegu kæruleysi hennar, bindast þessum alkunna ástagarpi og hafni sig í hygginda-hjónabandi.

Eg hlaut náttúrlega að gera mér þetta að góðu, og féll það léttara heldur en svo sem mánuði fyr, því að eg hafði neytt allrar orku, til að stríða móti fyrstu einkennum ástar, er bæði heilbrigð skynsemi og sóma-tilfinning sjálfs mín hlaut að fyrirdæma.

Konan sem olli þessu mikla sálarstríði, sem eg átti í, hún varð mér líka, án þess að vita af, stoð í því stríði.

Hún hafði ekki getað leynt fegurð sinni fyrir mér, en hinsvegar afhjúpaði hún innræti sitt, og hafði það nægt til að loka hjarta mínu fyrir henni um allan ókominn tíma.

Það var ef til vill engin ógæfa fyrir auðuga dótt-

ur miljónaeigandans, en það var hamingja fyrir mig!

Meðan þessu fór fram, tókst eg á hendur ferð til Parísar, bæði í erindagerðum fyrir frú Laroque og sjálfan mig.

Þegar eg kom þaðan aftur, eftir eitthvað tveggja daga burtuveru, var mér sagt, að gamli Laroque hefði ekki lint á því allan daginn að kalla á mig, svo að eg hraðaði mér á fund hans, strax þegar eg kom.

Jafnskjótt og hann sá mig hýrnaði yfir honum og dauft bros færðist yfir blóðlausar varirnar.

Hann starði á mig, að mér fanst með illmannlegum fögnuði og duldum feginleik, og sagði með sinni dimmu röddu:

— Herra de Saint-Cast er dáinn.

Þessi frétt, sem öldunginn hafði augsýnilega langað til að flytja mér, var dagsönn.

Nóttina áður hafði Saint-Cast herforingi fengið heilablóð og eftir klukkustundar sjúkleik hafði dauðinn kipt honum burtu af auðlegðar heimilinu, sem hann hafði átt konu sinni að þakka.

Þegar þessi harmafrétt barst til hallarinnar, hafði frú Aubry þegar í stað farið á fund vinkonu sinnar, og sagði Desmaret lækni okkur síðar, að þessar konur hefðu allan daginn setið á skrafstólum og verið að hugsa um dauðann í öllum mögnlegum myndum; þær hefðu verið að tala um það, hvað óvænt hann gæti að borið, hve gersamlega ókleift væri að sjá hann fyrir, eða verja sig gegn honum, hve gagnslaut væri að gráta hina látnu. er ekki væri auðið að vekja til

lífs á ný, og svo töluðu þær um tímann, er græddi öll sár o. s. frv.

Síðan hefðu þær sezt að matborði og etið og drukkið af beztu lyst.

— Borðið þér nú vel, herforingja frú; maður verður að reyna að halda við kröftunum, því til þess ætlast guð almáttugur, sagði frú Aubry.

Þegar kom að eftirmatnum, lét herforingja frúin sækja spanskt vín í kjallara. Það var vintegund sú, sem hinum látna herforingja hafði þótt ljúftengust til drykkjar, og þessvegna vildi herforingjafrúin um fram alt gæða vinkonu sinni á henni. en frú Aubry var ófáanleg til að drekka ein; lét því herforingjafrúin tilleiðast að drekka ofurlítið gas af víni með sætabrauði, því að hún sagði sem svo að það kynni að vera guðs vilji. Svo mátti skoða þetta sem erfidrykkju eftir herforingjann.

Í gærmorgun stigu þær frú Laroque og dóttur hennar upp í vagn íklæddar sorgarbúningi og settist eg þar hjá þeim. Klukkan tíu komum við til kaupþúsins.

Meðan eg var við jarðarför herforingjans, voru þær mæðgur ásamt frá Aubry hjá ekkjunni að hugga hana.

Þegar sorgarathöfninni var lokið, snéri eg aftur heim í hús ekkjunnar, og var mér þar ásamt öðrum fleiri syrgjendum fylgt inn í þann fræga sal, þar sem húsgögnin inni höfðu kostað fimtán þúsund franka.

Í hálförökrinu sem inni var kom eg auga á ekkju herforingjans sitjandi á legubekk, sem hafði kostað

tólf þúsund franka. Herforingja-frúin var með miklum hrygðarsvip, hjúpuð í grisslæðu, sem við fengum innan skamms að vita verðið á.

Við hlið hennar sat frú Aubry og var hún sönn ímynd hrygðar og örvæntingar. Eitthvað milli tíu og tuttugu vinir og ættingjar voru enn fremur þarna inni.

Við stóðum í hóp yfir í öðrum enda salsins og heyrðum þá fótatak og mikið marr í stígvélum; allir þögðu og biðu með óþreyju eftir komumanni. Öðru hvoru heyrðist stuna frá legubekknun, og hermdi frú Aubry hana eftir í sífelli svo að engu var líkara en náttúrlegu bergmáli.

Við sáum að sá er inn kom var ungur maður, sem hafði orðið á eftir hinum, því að hann staldraði við að reykja vindling þann, er hann hafði kveikt í þegar við fórum út úr kirkjugarðinum.

Um leið og hann gekk í hóp hinna karlmannanna tók herforingja frúin eftir honum.

— Ert það þú. Arthur? spurði hún með veikri röddu.

— Já, frænka, svaraði ungi maðurinn og gekk fram á gólfið.

— Jæja, það er þá víst alt búið, sagði ekkjan með hrygðarrödd og dró seiminn.

— Já, frænka, svaraði ungi maðurinn hratt og með mikilli áherzlu.

Þessi Arthur var annars maður, sem var frábærlega ánægður með sjálfan sig.

Nú varð löng þögn. og því næst bar herforingja-

frúin upp langa runu af spurningum, er streymdu út úr hennar sár-þjökuðu sál.

— Fór alt eins og vera átti?

— Já, frænka, það hefði ómögulega getað verið farið nær tízku, en gert var.

— Var margt fólk viðstatt?

— Já, alt bæjarfólkið, frænka, hver manneskja.

— Og herliðið?

— Já, frænka, öll setuliðsdeildin, og lúðrar-þeytaraflokkur á undan.

— Var eldliðið þar líka?

— Já, frænka, alt eldliðið.

Það var mér hreinasta ráðgáta, hvernig á því stóð, að herforingjafrúnni varð svo mikið um að heyra að eldliðið hefði verið viðstatt, en sú frétt fór þó alveg með hana; þá veinaði hún yfir sig og steinleið yfir hana. Alt kvenfólkið rauk upp til handa og fóta til að hjálpa henni, og við karlmennirnir notuðum tækifærið til að hafa okkur í burtu.

Eg fyrir mitt leyti varð fyrstur til að fara út, því að mér fanst það ógerningur að hlusta lengur á hræsnis-harmatölur þessarar nornar út af hinum góða, heiðarlega en þreklitla manni, er hún hafði gert æfina lítt bærilega, og að líkindum valdið dauða.

Innan stundar kom frú Laroque út, spurði hvort eg vildi fylgja henni til leigubólsins Langoat, er lá fimm eða sex mílur utan við bæinn, niður við strönd. Kona bóndans þar hafði fóst-rað ungrú Margrétu, og frú Laroque og dóttir hennar höfðu fyrir löngu ráðgert að fara þangað. Nú var kona þessi sjúk, svo

að sérstakt tilefni var til að heimsækja hana.

Við lögðum af stað á að gizka kl. 3, og var ákaflega heitt í veðri. Inn um opna vagnluggana fundum við þurt og brennheitt loftið streyma á okkur er við ókum yfir sendnar lyngheiðarnar.

Okkur var svo ómátt að samtalið féll niður.

Frú Laroque hafði nú látið tilleiðast að fara úr loðkápu sinni og viðurkendi það fúslega, að þetta væri mikill blessaður hiti; hún hallaði sér út af og hvíldi í óumræðilegri unaðssælu.

Ungfrú Margrét sat uppi og svalaði sér eins og ríkbörin Spánarkona.

Við ókum gætilega upp eftir hinum miklu hæðum, sem svo víða má sjá í þessu héraði; sáum við þá mikla hópa ferfætla silfurgljárra á ferli milli klettanna, sem voru brennandi heitir, og sömuleiðis heyrðum við þyt ilmjurtanna, sem ávaxtahylkin opnast á í sólargeislunum.

Í því að við vorum komin miðja vega upp í eina hæðina var kallað til okkar skamt frá veginum:

— Viljið þið gera svo vel að stanza augnablik?

Í sama bili stökk ung sveitastúlka rösklega yfir sýkið og upp á veginn. Hún var berfætt og hafði skýlu á höfði. Nokkrar kindur, sem hún mun hafa verið að líta eftir, stygðust burt og hlupu sín í hverja áttina.

Hún setti fótinn á vagnskörina og rétti brosfagurt sólbrent andlitið inn um gluggann á vagninum.

Eg bið ykkur forláts, heiðruðu frúr, sagði hún, með þeim mjúka málhreimi, sem einkennir bretansk-



ar stúlkur; viljið þið gera svo vel og lesa þetta fyrir mig?

Um leið dró hún bréf úr barmi sínum, saman brotið eftir fornri tízku.

— Lesið þér þetta, herra Ódíot, sagði frú Laroque við mig, og lesið það hátt, ef yður sýnist svo! Eg tók við bréfinu. Það var ástabréf.

Utan á það var skrifað til ungfrú Kristínar Oyadec á ..... í ..... þorpi

Skriftin var nokkuð viðvaningsleg, en virtist ekki vera breytt af ásettu ráði. Dagsetningin bar það með sér, að ungfrú Kristín hafði gengið með það í vasanum í hálfan mánuð eða þrjár vikur. Aumingja stúlkann var ólæs; hún hafði ekki þorað að kunngjöra fólkinu á sínum bæ þetta leyndarmál sitt; hafði kannske verið hrædd um að það færi að hæðast að öllu saman; þessvegna hafði hún beðið, þangað til hún hitti einhverja vel innrætta manneskju, er væri vel að sér í dulrúnum leturgerðarinnar, og vildi verða til að opinbera henni þann leyndardóm, sem í heilan hálfan mánuð hafði legið við hjarta hennar, eins og falinn eldur.

Hún starði á mig þakklátum uagum, meðan eg var að staulast fram úr stafastórri og áferðarljótri skriftinni.

Bréfið var á þessa leið:

“Ungfrú góð! Eg skrifa yður þessar línur, til að láta yður vita, að síðan um daginn, að eg talaði við yður inni heiðinni, hafa fyrirætlanir mínar haldist óbreyttar, og vona eg að eins sé ástatt fyrir yður.

Hjarta mitt eigið þér, og engin önnur, eins og eg líka vona að hjarta yðar sé mín eign. Ef sú tilgáta mín er rétt, þá megið þér trúa því og treysta, að hvorki á himni eða jörðu er til hamingjusamari maður en vinur yðar — sem ekki skrifar nafn sitt undir þessar línur, — en ungfrúin þekkir samt sem áður, og veit hver það er, sem þetta skrifar.”

— Vitið þér hver það er, ungfrú Kristín? spurði eg um leið og eg rétti henni bréfið aftur.

— Það er ekki ómögulegt, svaraði hún og brosti, svo að skein í hvítar tennurnar, en ánægjan tindraði í augum hennar. Ástar þakkir, vinir mínir!

Hún hoppaði niður af vagnskörinni og hvarf syngjandi eins og lævirki inn í lágskógin.

Frú Laroque hafði veitt þessari einkennilegu sveitarsýn nákvæmt athygli, því að þetta hugnaði hennar draumórakendu lund; hún brosti vingjarnlega til berfættu stúlkunnar, sem hafði alveg heillað hana.

Þegar stúlkann var horfin, datt frú Laroque alt í einu í hug, að hún hefði átt að gefa stúlkunni fimm franka seðil.

— Æ, Odíot, hrópaði hún, kallið þér á hana!

— Til hvers mamma, spurði ungfrú Margrét, sem alt þangað til hafði þagað, og látið sem hún tæki ekkert eftir þessu.

— Elskan mín! þessi litla hjarðmey hefir enga hugmynd um, hvað hún hefir gert mér glatt í geði, og sjálf veit hún ekki hvaða hamingja það er, sem henni hlotnast, að geta hlaupið svona um berfætt, eftir rykugum þjóðveginum — þessvegna vona eg að

hún láti sér skiljast gleði mína, þegar eg gef henni fimm franka seðil.

— Gefa henni peninga! Eg er alveg hissa á þér mamma! sagði ungfrú Margrét; Eg er hissa á, að þér skuli geta komið til hugar, að spilla gleði ungu stúlkunnar, með því, að gefa henni peninga.

Þessi viðmóts-smekkvísi, sem Kristín smala-stúlka hefði trautt orðið vör við, kom mér hálf í hvoru á óvart, einkanlega af því að ungfrú Margrét var ekki vön að flíka slíkum tilfinningum, og þó að hún sæti þarna alvarleg á svip, hélt eg samt, að hún væri að gera að gamni sínu.

En hvort sem þetta voru dutlungar í henni, eða ekki, þá tók móðir hennar því í alvöru, og það varð úr, að ekki var kallað á smalastúlkuna.

Eftir að þetta var um garð gengið, lét frú Margrét hallast upp að hægindunum, en ungfrú Margrét svalaði sér með blævæng sínum, með enn meiri ákefð, heldur en áður.

Að einni klukkustund liðinni, vorum við komin þangað, sem við ætluðum okkur. Bærinn stóð niðri í djúpri dæld; þar rann lækur fram hjá með þekku- um niði, en allt umhverfis voru ásarnir lyngi vaxnir.

Bóndakonan tók þegar í stað að búa undir miðdegisverð handa okkur, en efnið í hann höfðum við haft rétt allt meðferðis. Dúkað var undir diska út á grasbala í skugga mikils kastaníu-trés æfagamals, og þó að illa færi um frú Laroque og hún yrði að sitja á einni vagnsætisdýnunni, var hún hæstánægð.

Hún sagði að þessi máltíð minti sig á kornskurð-

armenn er oft og tíðum settust undir garða til að snæða í skjóli, og hafði hún oftast en einusinni öfundað þá.

.....

Ef öðruvísi hefði á staðið, kann að vera að mér hefði hugnað að setjast að máltíð í slíkum stað, einkanlega af því að við þvílíkt borðhald er alt frjálsglegra heldur en annars er venja, en eg stilti mig að láta á mér heyra að eg væri hrifinn eða fagnandi, því að ég vissi, að vel gat verið að eg mundi sjá eftir því, ef eg léti í ljós slíkar tilfinningar.

Þegar við vorum búin að borða, sagði frú Laroque við mig:

— Hafði þér nokkurn tíma farið upp á þessar hæðir og horft yfir héraðið?

— Nei, það hefi eg aldrei gert.

— Það ættuð þér endilega að gera! Útsýnið það er svo aðdánlega fallett. Meðan verið er að setja hestana fyrir vagninn, getur Margrét sýnt yður það; viltu ekki gera það, góða mín?

— Jú, eg er fús til þess, mamma. Eg hefi reyndar að eins einu sinni komið þangað áður; en nú er langt um liðið síðan . . . . en eg rata sjálfsagt samt. Komið þér þá, herra Ódíot, en þér megið búast við leiðinlegu ferðalagi.

Við ungrú Margrét lögðum af stað upp brattan stig er lá upp hæðina, og óx þétt kjarr beggja megin við hann.

Unga stúlkan gekk á undan mér hröðum fetum, veik höfði snöggvast við öðru hvoru, til að fullvissa sig um, hvort eg kæmi líka, og brosti til mín, en hún

var móð af göngunni, og mælti því ekki orð frá munni.

Þegar við komumst loks upp á hæðarbrúnina, sem var skóglaus og lyngivaxin, kom eg auga á litla kirkju æði-kipp burtu, og bar turn hennar fagurlega við heiðan himininn.

— Þangað þurfum við að fara, sagði hún, og herti gönguna á ný.

Aftan við kirkjuna var grafreitir og múrveggur umhverfis. Hún opnaði hliðið og gekk með erfiðis- munum gegnum graslúðann og brómberjarunnana yfir að hringmynduðum fleti út við vegg á garðinum.

Upp á flötinn lá steinrið, er tönn tímans hafði nokkuð orkað á; rið þetta var prýtt einkennilegum steinkúlum og fyrir ofan það tók við flöturinn fyrnefndi, sem var á jafnri hæð, og múrveggjar-brúnin hæsta. Á þeim fleti stóð mikill kross úr steini gerður.

Ungfrú Margrét var ekki fyr komin upp á flötinn slétta, og hafði hvarflað augum yfir héraðið, en hún brá hönd fyrir augu, eins og hún fengi ofbirtu af geisladyrdinni.

Sólu var tekið að halla, þennan fagra sumardag. og aftangeislarnir lauguðu marglitt, undursamlegt og töfrafagurt héraðið í svo unaðsríkri og hugumljúfri birtu, að mér mun aldrei sú sjón úr minni líða.

Fram undan okkur og langt neðan við þann stað er við stóðum á, teygðist mýrlendi mikið upp frá sjávarströndu, og vötn um það viðsvegar, sem voru á að sjá eins og skínandi sólskinsblettir, og bar nú

meira á heim en ella því að fjara var. Fyrir neðan mýrlendið skarst vík úr sjónum í land upp, lukt háum hömrunum.

Á sandrifjunum við fiöruborðið, þar sem sef og strandiurtir uxu, var að líta hin fegurstu litbrigði, er hæfðu vel grænbláa sjávarlitnum, og runnu saman við hann.

Og um leið og sólin var nú að hverfa við rönd sjóndeildarhringsins, hurfu ýmist stöðuvötnin mörgu og smá, eða urðu sem gullroðin að sjá; það var ergu líkara en að eygló sækti í sitt himneska forðabúr alla þá fjársjóðu og kjörgripi, sem til eru fegurstir í heimi: gull, silfur, rúbína og demarta, og léti líónma heirra leogia á víxl vfir hið dýrðarfaera hér- að. En er sól var loks sezt, lagðist létt þoka vfir ystu takmörk héraðsins og sveipaði þau rauðgu'num blikandi bjarna.

Eg var svo hrofanginn af að horfa á þessa náttúrudýrð, að eg hafði nærri því gleymt ungu stúlku'nni er stóð við hlið mína. En eg var há mintur á hana með þessum orðum, sem hún hvíslaði lígt:

— Drottinn minn! En hvað hér er yndislega fallett!

Eg hafði sízt af öllu átt von á slíkri upphrópun frá henni.

Eg snéri mér hvatlega við og leit framan í hana og undrun mín jókst er eg sá hvað hrifin hún var af dýrð náttúrunnar, og hve glöot það skein úr andliti hennar, að það, sem hún hafði sagt, var af ein lægni mælt.

— Játið þér þá, að hér er fagurt? spurði eg.

Hún hristi höfuðið andmælandi, en í sama bili fylltust augu hennar tárur; hún fann að þau streymdu niður kinnarnar og reyndi að leyna því að hún hafði viknað; en er hún sá að það tókst ekki, varpaði hún sér á kné við krossinn, þar sem hún hafði staðið, vafði handleggjunum utan um hann, þrýsti höfði að köldum steininum og tók að gráta ákaft.

Eg vildi ekki ónáða hana, er hún hafði skyndilega komist í svo mikla geðshræring, og gekk því fáein skref í burtu; en er eg litlu síðar sá að hún hóf upp höfuðið og tók að setja upp á sér hárið, sem hrúnið hafði niður, gekk eg til hennar.

— En hvað eg skammast mín mikið, hvíslaði hún.

— Þér hafið enga ástæðu til þess, ungfú góð. Reyndið ekki að halda aftur þessum tárur, því að þau streyma frá helgri uppsprettu. — og svo er yður það ofvaxið, þó þér vilduð.

— Já, en eg vil það! hrópaði hún með ákefð. Og nú er þessi geðshræring, sem betur fer, liðin hjá. Eg misti sem snöggvast vald yfir mér .... Eg ætla að hata alt, sem er fagurt og ástúðlegt — og eg hata það!

— Og hversvegna?

Hún horfði fast framan í mig og svaraði með tilbúðum, sem vott báru um stórlæti og ósegjanlegan harm:

— Vegna þess að eg er sjálf fögur; og enginn elskar mig, sjálfrar mín vegna.

Og nú hélt hún áfram með álíka otsa, eins og

stýfla brysti fyrir þungu vatnsmegni og sagði:

— Það er satt sem eg segi.

Svo lagði hún hönd á hjarta og mælti ennfremur:

— Guð hefir fyllt sálu mína með öllum þeim fjársjóðum, sem eg hæðist að og óvirði dags daglega!

En af því að hann hefir lagt mér á herðar ok auðlegðar, hefir hann tekið með annari hendi, það, sem hann hefir gefið með hinni. Að hvaða haldi kemur mér sá eldmóður og löngun til sjálfsfórnar og góðverka, sem brennur í sálu minni?

Það eru ekki þeir hæfileikar, sem þeir menn kunna að meta eða virða, er biðla til mín! Það hefir mig grunað lengi, og eg veit að svo er — veit það helzt til vell!

Og ef svo bæri til, að einhver göfugur, óeigingjarn og góður maður, feldi ástar hug til mín, sakir sjálfrar mín, en ekki sakir auðæfa minna . . . . mundi eg ekki trúa honum, . . . eg þyrði ekki að trúa honum.

Vantraust, sífelt vantraust Það er refsingin, sem á mig er lögð; það er orsök alls míns harms og hugarstríðs.

Þessvegna get eg aldrei gefið neinum manni ást mína, eg veit það, eg get það . . . . aldrei . . . . aldrei nokkurn tíma! Eg vil ekki láta svo lítið að leggja þær tilfinningar, sem fylla sálu mína, á altari þess manns, sem þeirra er ómaklegur, af því að hann er eigingjarn, og elur lágar og ljótar hugsanir í brjósti Þær hugsanir, sem mér eru eðlilegar, dyl eg inst í fylgsnum sálar minnar, og um þær skal enginn fá að vita!



Eg verð að reyna að vera róleg og þreyja . . . . en eg verð að loka augunum fyrir öllu því, og hata það, sem minnir mig á týnda Eden, hata alt það, sem er í samræmi við fegurstu vonir mínar, og fyrirhlíta alt það, sem yljur brjóst mitt og lætur mér hlýna um hjartarætur.

Hún þagnaði af geðshræringu, og svo hélt hún áfram með lágrri röddu:

— Eg hefi ekki lagt drög til þessa atburðar herra Ódíot . . . . Eg hefi ekki vegið orð mín . . . . Eg hafði ekki ætlað mér að gera yður að trúnaðarmanni mínum, en nú hefi eg sagt hvað mér í brjósti býr, og yður er orðið kunnugt um leyndarmál mitt. . . . . Og vona eg nú að þér fyrirgefið mér, ef eg hefi einhverntíma gert yður gramt í geði, úr því að þér vitið orsökina.

Hún rétti mér hönd sína, og er eg bar höndina, mjúka og vota af tárur hennar, upp að vörum mínum, varð eg gagntekinn af tilfinningum, sem eg hafði ekki þekt áður.

Margrét leit undan, hún horfði út að sjóndeildarhringnum, þangað er sólin hafði nýskeð sezt; því næst gekk hún hægt niður riðið og sagði:

— Við skulum koma.

Við fórum aðra leið, lengri og brattaminni, heim til bændabýlisins og töluðum ekki nokkurt orð á leiðinni.

Hvað hefði eg átt að segja, Hefði eg ekki mjög auðveldlega hlotið að vekja tortrygni hennar?

Eg var þess fullvís, að hvert orð, sem eg hefði

sagt, mundi hafa orðið til þess að breikka gjána, sem lá á milli okkar, mín og þessarar þunglyndu, en fögru konu.

Það var farið að bregða birtu og rökkurskuggarnir leyndu geðshræringunni, sem við vorum í bæði.

Við fórum svo öll upp í vagninn og frú Laroque lýsti aftur yfir því, hvað þessi dagur hefði verið sér ánægjulegur; síðan hallaði hún sér upp að hægindunum og féll í draumóra-mók.

Ungfrú Margrét sat í dimmasta horni vagnsins og bærði ekki á sér frekar en móðir hennar; það var því líkast sem hún svæfi; en við tunglskinsgeisla, sem skutust inn, sá eg að hún vakti og starði fram undan sér, niðursokkin í sínar raunalegu hugsanir.

En eg get ekki haft þau orð um sjálfan mig, að eg væri að hugsa; eg var gagntekinn af samblandi gagnólikra tilfinninga; bæði innilegum fögnuði og þungri hrygð; eg gaf mig þeim tilfinningum á vald, eins og mönnum verður stundum í vöku að gefa sig á vald dagdrauma, er ekki virðist auðið að hrista af sér. Það var komið miðnætti, þegar við komum til hallarinnar. Eg steig út úr vagninum þar sem trjágöngin byrjuðu til að komast skemstu leið gegnum lystigarðinn.

Í því að eg gekk eftir einum dimma ganginum, heyrði eg mannamál, og sá í myrkrinu tvær manneskjur.

Af því að orðið var svona framorðið, var ekki nema eðlilegt að eg fæli mig í runnunum, til að komast að, hvaða fólk færi þarna á ferli.

Fólk þetta gekk hljóðlega þar fram hjá, sem eg var falinn, og gat eg gerla þekt að þetta var Bévallan og ungfrú Helouin. Þau leiddust. Í sama bili heyrðu þau skrölt í vagni, og eftir að þau hefðu tekið innilega í hönd hvors annars, skyldust þau í flýti. Ungfrú Helouin hljóp heim til hallarinnar, en förunautur hennar á skóginn.

Þegar eg kom heim, varð mér tíðhugsað um þetta, sem eg hafði séð í garðinum og hugleiddi hvort eg ætti að láta de Bévallan haldast uppi þessar tvöföldu ástaveiðar þar í höllinni.

Það virtist helzt til langt gengið að hann ætli sér bæði brúður og hjákonu í sömu hóbýlunum.

Mála sannast er það, að eg er hvorki gamall eða hótfyndinn; eg tek hvorki hart á mannlegum breiskleika yfirleitt, né er dómsjúkur heldur, en samt finst mér ákveðin takmörk verði menn þó að setja sér, jafnvel þeir sem allra fastlyndastir eru og vægastir í siðferðiskröfum, og út fyrir þau takmörk leyfi virðing manna, uppeldi og smekkvísi, þeim ekki að fara.

En um fram alt verður þó ást að vera til að dreifa, ef slíku skal mega málsbót finna, en hinnar gálausu ástleitni de Bévallans, var þannig háttað, að um engar dýpri tilfinningar gat verið til að ræða.

Slíkt ástamakk er ekki hægt að skoða svo sem ávirðing; það er of ósiðferðislegt til þess, heldur verður eingöngu að telja það ávöxt þorpalegrar eiginirni og lubbalegs hugsunarháttar.

Og er eg hugleiddi þá ólíku raun, sem eg hafði fengið á báðum brúðhjónaefnum á umliðnum degi,

varð mér ein ljósara en áður, hversu ómaklegur de Bévallan var þess að eiga þá konu, er hann var að biðla til.

Það hjónaband hlaut að verða hreinasta viðurstygð!

En mér skildist það og jafnframt, að ef eg ætlaði að koma í veg fyrir þetta hjónaband, þá mátti eg ekki grípa til þeirra vopna, er örlögin höfðu lagt mér í hendur, því að jafnvel þó að tilgangur sé göfugur, dugir ekki að nota óærleg meðöl til að koma honum í frankvæmd; og klögumál eru alt af andstyggileg.

Hjónaband þetta mun því ná fram að ganga, og hin gögugasta kona, sem guð hefir skapað, lendir í höndunum á honum, þessum andstyggilega fjölyndismanni!

Skyldi annars svo mikil óhæfa geta orðið?

Ójá, það gerist margt af þessu tagi, því miður!

Eg fór nú að íhuga hvers vegna ungfrú Margrét hefði helzt farið að vejla þennan biðil, úr öllum þeim hópi, er hún hafði átt kost á.

Kann að vera að eg hafi verið getspakur, þegar mér hugsaðist að auðlegð hans hafði ráðið því, að hún kaus hann öðrum fremur. Hann var svo að segja jafnríkur eins og hún, og það ef til vill verið henni eins og trygging . . . . hann hefði auðveldlega getað komist af án auðs hennar; það virtist varla sennilegt að hann væri að slægjast eftir eigum hennar, jafnauðugur maður.

En nú er því svo háttað, að ágirnd vex með eyri

hverjum, og þeir sem mest berja sér, eru ekki altaf bágstaddastir.

Var enginn vegur til þess að ungfrú Margrét gæti sjálf séð, hversu ómaklegur sá maður var til að njóta hennar, sem hún hafði nú kosið sér, eða henni kynni að koma til hugar það ráð, sem mér var ómögulegt að leggja henni?

Gat ekki fæðst í brjósti hennar ný ást, er væri nógu sterk til að kollvarpa öllum hagsmunum-ástæðum og láta þær verða að engu?

Var þessi tilfinning ekki þegar vöknud og hafði eg ekki þegar ljósar sannanir fyrir því að svo var?

Allir þeir dutlungar hennar, sem eg hafði orðið var við, hugarstríðið hennar og grátur, voru vottur þess, að hún væri ekki fastráðin í því, hvað gera skyldi, og hefði ekki fult vald yfir sjálfri sér.

Eg hafði þar að auki öðlast svo mikla lífsreynslu, að eg vissi, að atburðir, áþekkir þeim, er eg hafði horft á daginn fyrir, gerast ekki eftir að kona hefir ráðið til fulls við sig að taka bónorði einhvers manns. Nei, slíkar geðshræringar og harmatölur eru þá að eins láttnar í ljós, þegar eitthvað óákveðið, og áþekt aðdýnjanda sterkviðris, svífur yfir höfðum tveggja persóna, sem er rétt farið að óra fyrir því, hvað í sálardjúpi beggja býr.

En ef þessu var þannig háttað, ef hún elskaði mig, eins og mér var ljóst að eg unni henni, þá mátti eg víst fara samskonar orðum um ást mína, eins og hún um sína og segja: "Að hvaða haldi skyldi mér slíkt koma?"

Því að hversu innileg, sem ást mín væri, mundi mér aldrei takast að nema burt vantraust ungrú Margrétar, vantraust, sem með öllu væri ástæðulaust og móðgandi gagnvart mér, en hún hlyti þó að fá á mér, af því að eg er aðalsmaður, sem mist hefi allar eigur mínar.

Varð ekki mikið kraftaverk að gerast til þess að þeim tálmunum yrði á burtu bægt, sem hömluðu okkur að njótast?

Og þó að það kraftaverk yrði, var þá víst að hún mundi bjóða mér hönd sína og hjarta? Því að aldrei mundi eg dirfast að biðja hennar, þó að eg vildi leggja líf mitt í sölurnar til að eignast hana..

Og mundum við verða hvort öðru að skapi? Mundum við verða hamingjusöm í sambúð?

Gat eg ekki búist við að grunsemd mundi þá og þegar vakna í þessari órólegu, leitandi sál?

Mundi mér ekki falla það þungt að verða að þiggja alt af henni?

Gat eg gert mér það að góðu, að njóta þeirrar ástar, sem mér átti að hlotnast af náð?

Hverjum karlmanni ætti að verða það virðingar- og tilfinningar-mál að vera verndari eiginkonu sinnar; en ef þetta snýst í gagnstæða átt, jafnvel þó ekki sé hægt við að gera, þá hlýtur það þó að kasta skugga á virðingu eiginmannsins, ef konan á að vera bæði bóndinn og húsfreyjan.

Vitaskuld er það, að auður er ekki svo mikil hlunnindi, að ekkert sé til, er á við hann megi jafnast, og eg lít svo á, að sá maður, er lætur á móti mikl-

um auðæfum koma ættgöfgi, virðulega stöðu og óflekkað mannorð, þurfi ekki að líta svo á, að hann standi í neinni þakklætisskuld við konu sína, er fjármunina hefir lagt til.

En um mig er það að segja, að eg hefi að eins allsleysi að bjóða, og enga virðingarstöðu, væntanlegri konu minni; eg á að eins eitt af þeim gæðum, er menn leggja virðingu á, og það er ættgöfgi; en einmitt henni verð eg að afsala mér, til þess að ekki sé hægt að nugga mér því um nasir, að með henni hafi eg keypt mér kvonfang.

Eg yrði þá í stuttu máli, að taka við öllu, sem mér yrði látið í té, án þess að hafa nokkuð að leggja fram í móti! Konungar ganga stundum að eiga hjarðmeyjar, og er það talið göfugmannlegt og lýsa miklum mannkostum; er það og ekki að ófyrirsynju lofað, en það mundi ekki þykja eins álitlegur ráðahagur, ef drotning færi að giftast hjarðmanni.

Í alla nótt hefi eg verið að hugsa um þetta efni, og hefi þó ekki komist að neinnri fastri niðurstöðu.

Það hefði kannske verið lang-réttast af mér, að fara brott af þessu heimili og úr þessu héraði; sjálf-sagt mundi það vera lang-skynsamlegast, því að ekki er þess að vænta, að heppileg úrslit verði á þessum málum.

Það er sem sé dagsanna að margoft komast menn hjá miklum hörmunugm, með því að taka rösklegar ákvarðanir, er hugrekki þarf til að fastráða!

Eiginlega hefði eg átt að vera fullur örvænting-

ar, því að aldrei hafði eg haft meiri ástæðu til þess, en nú. Samt er eg það ekki!

Í djúpi minnar sárþínu sálar er ein hugsun, sem tekur yfir allar aðrar, og engin önnur kemst að fyrir, og fyllir mig fögnuði meir en mannlegum. Mér finst eg sé léttur á mér eins og fleygur fuglinn.

Eg er stöðugt að gera mér ferð yfir í kirkjugarðinn einmanalega, og læt augu hvarfla þaðan yfir dökkblátt hafið og nýt hins dýrðlega útsýnis; og eg sé í anda hina guðumlíku konu standa uppi á steinfletinum. Þeirri sýn get eg aldrei gleymt.

Eg finn varir mínar brenna á hönd hennar .... eg finn tár hennar standa mér í augum og drjúpa að hjartarótum mínum!

“Eg ann henni! Ann henni!

Á morgun ætla eg að ráða eitthvað af, ef eg þarf þess, — .... en þangað til ætla eg að njóta sælunnar!

Það er langt síðan lukkan hefir brosað við mér .... og má vera að eg verði að láta líf mitt sakir þessarar ástar .... en samt ætla eg að leyfa henni einn einasta dag að fylla sál mína ósegjanlegum fögnuði.

*Arnþjotur B. Olson*

XI.

26. Ágúst.

Og eg fékk þá ekki að njóta þessa eina dags, sem eg æskti eftir.



Eg varð að líða fyrir eftirlátsemina við sjálfan mig, og yfirbót mín mun verða að standa langan tíma. Það hefði eg átt að vita!

Hér er um lögmál að ræða, sem engum manni leyfist að brjóta hegningarlaust, og enginn getur umflúið tyftandi hönd forsjóunarinnar.

Maður nokkur þreklítill, en miklum hæfileikum gæddur, hefir skráð undursamleg sannindi, þó að hann væri hálfbillaður á geðsmunum, er hann lýsti þeim ástríðum, sem gerðu hann að aumingja, þrátt fyrir hans góðu gáfur. Hann kemst svo að orði: Allar ástríður eru góðar, þegar manni hepnast að hafa taumhald á þeim. En þær verða illar þegar maður verður þræll þeirra. Náttúran bannar oss að láta löngunina leiða oss lengra en það, að vér fáum stjórnað henni. Skynsemin fyrirbýður oss að girnast það, sem ekki er hægt að öðlast. Samvizkan bannar oss ekki að falla í freistni, heldur hitt að láta freistinguna yfirbuga oss. Oss er það ekki sjálfrátt, hvort ástríður gera vart við sig í brjóstum vorum eða ekki, en það er undir oss sjálfum komið, hvort vér drotnum yfir þeim ástríðum eða ekki. Allar þær tilfinningar, sem vér getum stjórnað, eru réttmætar, en allar þær tilfinningar, sem vér getum ekki haft vald yfir, eru óleyfilegar . . . . . Festu huga þinn að eins við það, sem fagurt er, en ekki við það hverfula! Sníddu þér stakk eftir vexti, er þú óskar þér einhvers! Láttu skyldur þínar ganga fyrir öllu! Þar næst eiga tilfinningar að koma til greina! Lærðu að sleppa tilkalli til þess, er hægt er að svifta þig!

Lærðu að afsala þér öllu því, sem sæmd þín krefst!

Já, þannig hljóða þessi lögmálsorð; mér voru þau kunn, en samt trúð eg þau undir fótum, og fyrir þá sök hefir mér komið makleg refsing. Eg hafði varla fyr tylt tá utan í töfragnúp þessarar ástar, en að mér var steyppt niður af þeim tindi, og það er öllu til skila haldið að eg sé enn, eftir fimm daga bil, búinn að fá nægilegt hugrekki til að skrásetja þau atriði, er nærri því mega hlægileg heita, en urðu þó til þess að steypa mér.

Frú Laroque og dóttir hennar höfðu lagt af stað snemma morguns í aðra ferð til að heimsækja Saint-Cast herforingjafrú, og ætluðu þær að sækja frú Aubry um leið.

Eg hitti ungfrú Helouin eina í höllinni, og færði henni laun hennar fyrir síðasta ársfjórðung, því að þó eg þyrfti ekkert að fjalla um einkafjármál, heimilisfólksins, samkvæmt stöðu minni, þá hefir svo verið til ætlast, líklegast af tillitssemi við mig og ungfrú Helouin, að laun hennar og mín skuli að eins ganga gegnum mínar hendur.

Unga stúlkan var í herbergi því, er liggur út úr dagstofunni. Hún tók á móti mér með blíðusvip og var auðsjáanlega í þönkum, og varð eg hrærður við að sjá hana, og það því fremur, sem eg var þá viðkvæmari fyrir en venjulega, og náungans kærleiki vakandi í brjósti mínu. Þessvegna fastréð eg að reyna að liðsinna þessari stúlku, sem vissulega var einstæðingur.

— Ungfrú góð, sagði eg, þér hafið lagt óvild á

mig, en eg ber þó enn sama vinarþel til yðar og áður  
— viljið þér leyfa mér að færa yður heim sanninn  
um að svo er?

Hún játaði því feimnislega.

— Þér eruð að eyðileggja framtíð yðar, ungrú  
góð.

Hún spratt upp alt í einu.

— Þér hafið séð mig í lystigarðinum í gærkveld

— Já, eg sá yður þar.

— Drottinn minn! . . . . .

Hún færði sig nær mér og sagði titrandi af ákefð:

— Eg get svarið það, herra Maxime, að eg er  
heiðarleg stúlka!

— Um það efast eg ekki, ungrú góð, en þó vildi  
eg benda yður á, að þrátt fyrir það, þó að þér hafið  
ekki ætlað yður neitt óheiðarlegt með þessari útivist  
— en hið sama er engan veginn hægt að segja um  
manninn, sem með yður var, þá stofnið þér bæði  
mannorði yðar og sálarfriði í háska með slíku fram-  
ferði. Eg ætla nú af alhug að biðja yður að athuga  
þetta, um leið og eg vil fullvissa yður um, að aldrei  
skal neinn fá neitt um þetta að heyra af mínum munn.

Eg var í þann veginn að snúa burtu, þegar hún  
fleygði sér á kné framan við legubekkinn, tók að  
hágráta, og lét ennið hvíla á hönd minni, er hún hafði  
gripið utan um.

Þó að eg litlu áður, hefði séð miklu fagrari konu  
flóa í tárur, konu sem meiri samúð átti skilið, hrærð-  
ist eg þó til meðaumkvunar.

— Það er enn tími til að taka sinnaskiftum, ungfrú góð, sagði eg.

Blessaðar látið þér ekki hugfallast svona, ungfrú! Það er auðgert að losa yður við þessi óþægindi. Látið þér mig aðeins vita, hvað eg á að gera fyrir yður. Hefir þessi maður í höndum, bréf frá yður eða eitthvað annað, sem þér vilduð að eg heimtaði af honum? Þér getið treyst mér eins og eg væri bróðir yðar.

Hún slepti hönd minni með reiðisvip.

— En hvað þér eruð harðbrjósta stundi hún upp með ekka. Þér talið um að bjarga mér . . . en það eruð þér sem ætlið að koma illu upp um mig! Eftir að þér hafið komið mér til að trúá því, að yður þætti vænt um mig, hafið þér hrundið mér frá yður . . . þér hafið látið mig verða fyrir auðmýkingu og hrundið mér ofan í örvæntingar-djúpið . . . Það er yður einum að kenna, þetta sem nú hefir komið fyrir!

— Nú, sýnið þér mikla ósanngirni ungfrú góð! Eg hefi aldrei gefið yður það í skyn, að eg elskaði yður; eg hefi gerst vinur yðar, og sú velvild er enn óhöggub.

Eg skal játa það, að þér hafið fulla ástæðu til að ætla, vegna fegurðar yðar og miklu hæfileika, að karlmenn felli til yðar ástarhug, sem kynnast yður nákvæmlega, en staða mín í lífinu og þær skyldur, sem eg hefi að rækja gagnvart mínum nánustu, heimilar mér alls ekki að ala í brjósti tilfinningar gagnvart yður, sem eg gæti ekki talið heiðarlegar.

Eg skal hreinskilnislega játa það fyrir yður, að

mér finst þér vera yndisleg stúlka, og eg skal líka viðurkenna, að mér hefir ekki ávalt veist það auðvelt, að halda þeim tilfinningum, sem eg ber í brjósti til yðar, innan réttra takmarka.

Eg get ekki séð, að slíkt þurfi á nokkurn hátt að vera auðmýkjandi fyrir yður, en öðru máli væri að gegna, ef maður tjáði yður ást sína, en neitaði algerlega að giftast yður.

Hún leit til mín illum augum.

— Hvað vitið þér um slíkt? Það eru ekki allir menn svo, að þeir sækist eftir auðæfum einum!

— En ef svo er, að þér séuð vond og illa innrætt manneskja, ungrú Helouin, sagði eg rólega, þá leyfi eg mér að kveðja yður strax.

— Herra Maxime! hrópaði hún og stökk í veg fyrir mig.

Fyrirgefið mér! Sjáið aumur á mér .... og reynið að láta yður skiljast, hvað eg er dæmalaust óhamingjusöm!

Getið þér ekki rent grun í, hvaða hugsanir hljóta að vakna í brjósti þeirrar veslings konu, sem forsjónin hefir verið svo grimmúðug að gæða, ríkum tilfinningum, og miklum hæfileikum .... sem öðlast allar þessar gáfur, til þess að eins að kveljast þeim mun meira .... og hata þeim mun ákafara?

Hvernig haldið þér að æfi mín sé, og hvað getið þér ímyndað yður um framtíð mína?

Æfi mín er sífeld yfirlýsing fátæktar; fullvissa þess vex með hverri stundu, og að sama skapi vex

gremja mín yfir öllum þeim auðæfum og allsnægtum, sem eg sé umhverfis mig!

Og um framtíð mína er það að segja, að hún geymir mér ekkert annað en sára eftirsjá og sorgarstundir, sakir hennar aumu þrældómsæfi, sem eg lifi!

Þér mintust á æsku mína, og hæfileika! Eg vildi óska að eg hefði ekki haft aðra hæfileika, en það, sem sveitastúlkur alment hafa, þá væri eg miklu hamingjusamari!

Eg hefi eytt beztu árum mínum, til að auðga anda annarar stúlku; til þess að hún yrði þeim mun yndislegri, til þess að hún gengi þeim mun meir í augun á karlmönnum, og til þess að hún yrði enn þá dramsamari.

Og þegar eg er búin að dæla blóðlindir minnar vizku inn í æðar hennar, þessarar brúðu, þá verður það hennar hlutskifti að ánægður eiginmaður leiðir hana við hönd sér út í glaum og hátíðafögnuð lífsins, en þá verð eg öldruð og yfirgefin að húka í einhverjum afkymanum, og á þar naumast kost á að geta bætt úr brýnustu nauðsynjum mínum. ....

Hvað skyldi eg hafa brotið, úr því að eg verð að hreppa slíkt hlutskifti?

Hví skyldi mér vera ætluð slík æfi, fremur en þeim, Margrétu og móður hennar? Er eg ekki eins góð manneskja eins og þær?

Ef eg verð vond og illa innrætt, þá er það örlogum mínum að kenna; óhamingjan hefir þá hrundið mér af stað til að gera það, sem ilt var; og rangsleitni lífsins hefir fyllt sálu mína bitru hatri. ....

Eg var alveg áþekk, þeim tveimur, sem eg nefndi, ef til vill þeim að ýmsu leyti fremri; eg var fædd til að vera góð, bjartsýn og ástúðleg! .....

Það er svo sem vandalítið að vera góðsamur, þegar auður er nógur, og það er ekki erfitt að sýna alúð þegar hamingjan brosir við manni!

Ef eg stæði í þeirra sporum, en þær í mínum, þá mundu þær hata mig — eins og eg hata þær! Mönnum þykir sjaldnast vænt um húsmæður sínar! ...?.. Yður finst þetta víst óskaplegt, sem eg hefi sagt? Eg veit það vel, og þeim mun tilfinnanlegra verður mér það ....

Eg finn vel, hvað eg er mikið óhræsi .... eg blygðast mín fyrir það .... en þó verður engu þar um breytt!

Eg veit nú að þér fyrirlítið mig enn meir en áður, herra Ódíot! Þér, sem eg mundi hafa unnað alveg takmarka'aust, ef þér hefðuð viljað sinna ást míni! Þér einn hefðuð getað veitt mér aftur, allt, sem eg hefi glatað: von, frið, góðsemi og sjálfsvirðing! .....

Æ! rétt í svip ímyndaði eg mér, að eg væri hólpin .... rétt í svip fann eg í fyrsta sinn geisla hamingju og metnaðar leggja inn í djúp sálar minnar! Ó, mig auma! ó, mig auma!

Hún greip nú báðar hendur mínar, fól andlit sitt í þeim og grét beisklega.

— Ungfrú góð, sagði eg, það er næsta sennilegt, að eg geti bezt getið nærri, hve aumleg og raunaleg staða yðar er, en þér megið trúá mér til þess, að yður

verður hún tvöfalt þungbærri, ef þér alið slíkar tilfinningar í brjósti, sem þér létuð nýlega í ljós við mig.

Það er sannarlega ljótt af yður að hugsa þannig, og ef þér haldið því áfram, þá eru þessi örlög yður makleg, sem yður virðast þó svo hörð aðgöngu.

Þrátt fyrir fullyrðingar yðar í gagnstæða átt, er yður sýnt sama atlæti hér, eins og þér væruð ein af fjölskyldunni, og það er ekki ósennilegt, að þér eigið eftir að giftast hér og verða lánsmanneskja.

Að því er sjálfan mig snertir, þá skal eg, svo lengi sem eg lifi, vera minnugur vináttu yðar, en til þess, að enginn misskilningur geti átt sér stað okkar í milli, vil eg taka það fram, að eg hefi skyldur að rækja gagnvart mínum nánustu, er hljóta að vera því til fyrirstöðu, að eg geti nokkurn tíma kvongast.

Hún horfði fast framan í mig.

— Og jafnvel ekki ungfrú Margrétu?

— Eg get ekki skilið í, hversvegna þarf að fara að bendla nafn ungfrú Margrétar við þetta.

Nú sveiflaði hún hárinu frá augum sér, með annari hendi, en hina steytti hún framan í mig ógnandi og sagði með dimmri röddu:

— Þér elskið hana, eða réttara sagt, peningana hennar — en þér skuluð aldrei fá að njóta hennar!

— Eg er alveg hissa á yður, ungfrú Helouin!

— Mér kom ekki til hugar, að þér væruð það barn að ímynda yður, að þér gætuð blekt konu, sem hafði verið svo skammsýn að veita yður ást sína.



Þér megið vera vissir um, að eg fer nærri um alt vélræði yðar!

Og þar að auki er mér vel kunnugt um hver þér eruð .... Eg var ekki allfjarri þegar ungfrú de Porhoét sagði frú Laroque leyndarmálið, sem þér höfðuð trúað henni fyrir ....

— Þér leggið það þá í vana yðar að standa á hleri, ungfrú góð?

— Eg læt átölur yðar eins og vind um eyrun þjóta .... En eg skal hefna mín .... áður en langt um líður. Þér eruð kænn herramaður, de Champcey, um það getur enginn neitað yður ....

Yður hefir hepnast snildarlega að leika það hlutverk óeigingirni og lítillætis, sem herra Laupébin hefir falið yður .... hann gat svo sem getið yður nærri .... Honum var líka fullkunnugt um drotnun-argirnina í þessari hofróðu.

Þykist þér ekki hér um bil vissir um að hafa konuna á yðar valdi?

Dáfallegur er auðurinn, þá að sumir segi hann ekki sem best fenginn. Hann ætti þó ætíð að vera fullgóður til að gylla með skja!darmerki og kaupa aftur góss, sem gengið hefir undan voldugri ætt. .... En nú skal ekkert af því verða, og þér skuluð heldur ekki fá lengur að ganga með grímuna, sem þér hafið brugðið yfir yður; þér skuluð ekki fá að bera hana einum degi lengur, því skal eg lofa yður — þessi hönd skal svifta henni af yður!

— Nú er víst tími til kominn að þessu samtali slíti, því það er farið að fá á sig sorgarleiks blæ.

Eg taldi það sjálfsagt drengskaparbragð að aðvara yður, því að eg vildi firra yður illu umtali og óþægindum, en ef yður sýnist svo að færa alt til verri vegar, þá er yður það guð vel komið, og mig getið þér svert og rægt eftir yðar geðþótta; eg legg drengskap minn við því að gjalda yður ekki í sömu mynt.

Og nú leyfi eg mér að kveðja yður!

Svo yfirgaf eg hana, þessa ungu og hamingju-snaudu stúlku, og gat eg ekki annað, en bæði vorkent og fyrirlitið hana í senni.

Þó að eg hefði altaf verið hálfhræddur um, að ungfrú Helouin mundi lenda í glapstigu, af því að hún gat ekki neytt sinna góðu hæfileika, vegna þess hvað staða hennar var lítilfjörleg, þá hafði mér aldrei komið til hugar, að hún mundi fá magnast til því líkar mannvönsku, sem hún hafði nýskeð látið í ljós við mig.

Þegar vandlega er að gáð, þá eru víst fáar stöður líklegri til að vekja gremju í huga, heldur en staða kenslukvenna. Engin staða gerir atvikin áhrifanæmari, eða reynir meir á skapsmuni, ellegar æsir meir til afbrýði, né gengur meir í berhögg við hégómagirnd, heldur en staða kenslukonunnar.

Það mun mála sannast, að þeim einum kenslukonum, sem hafa haft nægilegt siðferðisþrek og viljafestu, eða guðs sérstaka handleiðsla hefir stjórnað, hefir tekist að sneiða hjá þeim sorglegu geðs-hræringum, sem ungfrú Helouin hafa reynst um megn. En þó er þessi staða heiðarleg, og mörgum

verður að leggja hana fyrir sig, vegna fjárskorts. En samt sem áður er staðan ískyggileg!

Mér hefir stundum flogið það í hug, að svo kynni einhverntíma til að bera, að systir mín reyddist til, vegna óhappa, sem að okkur hafa steðjað, að takast á hendur kenslustörf hjá ríku fólki; en eg hefi heitið því með sjálfum mér, að fyr skyldi eg láta hana búa með mér í lælegasta þakherbergi, heldur en að láta hana þola þá auðmýking og það kvalræði, sem oftast verður hlutskifti fátækra kenslukvenna.

Eg hafði fastráðið það við mig, að lofa ungfrú Helouin að sigla sinn sjó, og gera ekki svo lítið úr mér að reyna að berjast í móti henni, með svo auðvirðilegum vopnum, sem hún mundi beita; en samt sem áður var eg hálf-áhyggjufullur yfir afleiðingunum, sem verða mundi af því stríði, sem hún hafði sagt mér á hendur.

Hún hafði gefið í skyn, að hún mundi reyna að hitta snöggustu blettina á mér, vega að ást minni og virðingu.

Ungfrú Helouin var kunnugt um leyndarmál mitt, og með kænlegri lævísí og undirferli mundi henni ekki verða skotaskuld úr, að rugla svo saman sannleik og ósannindum, að framkoma mín yrði næsta tortryggileg; hún mundi ekki skirrast við að nota samvizkusami mína, sem vopn gegn mér, og telja trú um að smávægilegustu athafnir mínar væru hrekkjabrögð, unnin af yfirlögðu ráði.

Mér var öldungis ómögulegt að vita, á hvern hátt

hún mundi beita ilsku sinni, en um það þóttist eg fullvís, að hún mundi efna ógnunarorð sín. Engum var kunnara en henni, hvar eg var veikastur fyrir.

Hún hafði það vald yfir ungfrú Margrétu og frú Laroque, sem yfirdrepsskapur hefir yfir ráðvendni og hreinskilni, og lævisi og undirferli yfir einlægninni.

Vegna þess að hún var með þeim mæðgum dags daglega, naut hún trausts þeirra og trúnaðar, og eins og hún sjálf hafði komist að orði, mundi húsbændum hennar aldrei detta í hug, að henni byggi í brjósti jafn-djöfulegt stærilæti og vanþakklæti, eins og þar var fyrir.

Það var litlum vafa bundið, að jafn-slungin manneskja eins og hún, mundi eiga auðvelt með að anda ólyfjan sinni inn í svo viðkvæmar sálir, sem þær voru mæðgurnar.

Að vísu gat ungfrú Helouin átt það á hættu, að ef hún léti hatur sitt gegn mér hlaupa svo með sig í gönur, að ungfrú Margrét samþykkti bónorð de Bévallans, og þannig yrði flýtt fyrir hjónabandi, er kæmi í bága við metnaðargirnd ungfrú Helouin sjálfrar; en mér var líka vel kunnugt, að hatri kvenna getur enginn getið nærri, og að það er látið ganga fyrir öllu, ef svo ber undir.

Eg var því við því búinn að hefndin mundi skella á þegar í stað, og þann veg sem sízt væri við að búast; og mér skjátlaðist þar ekki.

Þær stundir er eg hafði áður helgað unaðslegustu hugrenningum, urðu mér nú reglulegar harms- og kvíða-stundir.

Eg fann til þeirrar þjáningar, sem ósjálfstæðis-  
meðvitund hlýtur að vekja í stórlátri mannssálu; eg  
fann þá gerla hvað sárt það er að láta gruna sig,  
þegar maður veit sig saklausan, og eg fann hve ó-  
skaplegt það mundi verða, að hljóta að þola fyrir-  
litningu þeirrar konu, sem hugurinn ann, og hjartað  
aldrei gleyma kann.

Aldrei hafði mótlætið, jafnvel á hamingjusnaud-  
ustu stundum æfi minnar, fundist mér jafnhart að-  
göngu!

Eg reyndi að festa hugann við vinnu mína eins  
og eg var vanur, og um kl. fimm fór eg til hallar-  
innar.

Þær mæðgur og fru Aubry höfðu komið heim  
síðari hluta dagsins, og fann eg hina síðastnefndu  
ásamt ungfrú Margrétu og de Bévallan í dagstofunni.  
Þar voru ennfremur tveir eða þrír gestir.

Ungfrú Margrét lét eins og hún sæi mig ekki, og  
hélt áfram viðræðu við de Bévallan; en auðséð var  
að hún átti bágð með það, og var ekki með eðli sínu.

Samtalið hné að dansleik er halda átti þá um  
kveldið á heimili óðalsbónda nokkurs þar í nágrenn-  
inu.

Ungfrú Margrét ætlaði að fara þangað með móð-  
ur sinni og var að biðja de Bévallan um að fara  
þangað líka. Hann barmaði sér yfir því að hann  
hefði farið að heiman frá sér í hversdagsfötum sín-  
um, og væri því óviðbúinn því að sækja slíkt sam-  
kvæmi.

En Margrét hélt áfram með að leggja að honum

með svo nærgöngulli ástleitni að de Bévallan virtist furða á því, og hélt hún því fram, að hann hefði nægan tíma til að fara heim og hafa fataskifti, en að því búnu gæti hann komið og sótt þær. Hann skyldi fá góðan kveldverð áður en hann færi.

De Bévallan sagði að allir keyrsluhestar sínir væru út í haga, og hann gæti ómögulega komið ríðandi í veizlufötunum sínum.

— Úr því er hægt að bæta, það er hægt að keyra yður heim í skrautvagninum, sagði ungfrú Margrét.

Um leið leit hún á mig leiftrandi augum, og sagði stuttlega og í skipandi rómi.

— Herra Ódíot, viljið þér fara út og sjá um að strax verði beitt fyrir vagninn.

Raddblærinn og yfirlætissvipurinn, sem sk'puninni fylgdi, var svo gersamlega ólíkur því, sem eg átti að venjast þar á heimilinu, að öllum, sem við voru staddir hnykti við.

Nú varð óþæginda-þögn.

De Bévallan leit forviða á ungfrú Margrétu, því næst á mig; svo varð hann alvarlegur á svip og stóð á fætur.

Ef þeir, sem við voru staddir, hafa búist við því að eg svaraði reiðulega, þá brást þeim sú ætlun.

Að sönnu fann eg eins og jökulkulda leggja inn að instu hjartarótum mínum við þessi orð, er hin fagra kona mælti, sem eg unni af öllum huga, og eg held nærri því, að mig hefði varla getað kent meira til, þó að hjarta mitt hefði verið lagt í gegn sverðsoddi,

en þó hefi eg aldrei haft meira vald á skapsmunum mínum, heldur en í þetta skifti.

Þjallan, sem frú Laroque brúkaði vanalega til að hringja á vinnufólk sitt, stóð á borðinu skamt frá mér: eg studdi fingri á hana og þjónn kom strax inn, þegar eg hringdi.

— Ungfrú Margrét þarf víst að biðja yður að gera eitthvað fyrir sig, sagði eg rólega.

Þegar hún heyrði þetta, varð hún hamsto'a af bræði, hristi höfuðið og benti þjóninum að fara.

Eg hefði helzt viljað komast sem allra fyrst burtu, en de Bévallan stóð svo valdalegur uppi yfir mér, að eg taldi réttast, að hinkra við.

— Þetta kalla eg kynlegt atferli, sagði hann með þjósti.

Eg lét eins og eg heyrði ekki.

Ungfrú Margrét hvíslaði einhverju að honum, og rétt á eftir sagði hann með mikilli háreysti:

— Það er svo sem sjálfsagt, að eg verði við ósk yðar, ungfrú, en eg vildi þó gjarnan líta í ljós gremju mína yfir að mega ekki skerast í þetta mál.

Eg spratt á fætur í sama bili.

— Herra de Bévallan, sagði eg og gekk fast upp að honum, þér skuluð ekki þurfa að hafa neina ástæðu til að ala gremju í brjósti; að vísu fann eg mér ekki skylt, að hlýðnast skipun ungfrú Margrétar, en eg er reiðubúinn að ganga á hólm við yður, hvenær sem vera skal . . . . eg bið einvígisvotta yðar.

— Það er ágætt, eg æski einskis frekar, svaraði de Bévallan og veifaði mikillátur frá sér hendinni,

svo sem eins og til að gera kvenfólkið rólegra.

Við kvöddumst svo kuldalega og eg fór burtu.

Eg snæddi kveldverð í herbergjum mínum, og færði Alain gamli mér matinn, eins og hann var vanur.

Hann hafði víst frétt hjá hinu vinnufólkinu, hvað gerst hafði, því hann gaut hvað eftir annað aumkvandi til mín hornauga, stundi þungan, og steinþagði alveg, en það var þó ekki venja hans. Hann sagði mér þó, er eg inti hann eftir því, að kvenfólkið hefði hætt við að fara á dansleikinn.

Þegar eg hafði lokið snæðingi, gekk eg frá skjölum mínum og skrifaði Laubépin.

Eg fól honum að sjá um Helenu, ef eitthvað kæmi fyrir mig. Eg tók það nærri mér, að hugsa til einstæðingsskapar hennar, ef eg skyldi falla, en samt sem áður varð grundvallar-skoðunum mínum ekki haggað.

Ef til vill hefi eg rangt fyrir mér, en mér hefir ávalt fundist, að mannorðið væri meira virði, en alt annað. Nú á siðmenningaröld vorri, verður það að bæta upp margskonar galla, sem samvizkan þó óljóst gerir sér grein fyrir; mannorðið verður að bæta upp hálfsvæfðar vonir, og er svo mikils metið í heimi vorum, að mér gat aldrei komið til hugar að vanmeta þau réttindi, sem því fylgja, ellegar að líta smáum augum á skyldurnar, sem vér höfum til að varðveita það.

Þó að torvelt sé að tilgreina, hvað mannorð tákna, þá er það æðra siðgæði og lögum; það er eitt af



ví, sem maður verður var með tilfinningu, án þess að geta rökstutt það. Það eru eins konar trúarbrögð, og ef vér getum ekki fylgt krossfánum, fáum vér ekki heldur fylgt fána hins óflekkaða mannorðs!

Sú tilfinning hlýtur að eiga rétt á sér, er svo föstum tökum hefir náð í sannfæring manna.

Og þegar vel er að gáð, þá ætti hvort heldur er eiginkona eða dóttir hennar, heldur að standa ein uppi í heiminum, heldur en undir vernd manns, sem glatað hefir mannorði sínu.

Eg var fastráðinn í því að fara út og á fund skattheimtumannsins í kaupstaðnum í grend við höllina. Eg þekkti hann vel, hann hafði verið líðsforingi í Krímstríðinu og særst þar, og ætlaði eg að biðja hann að vera einvígisvott minn. En þegar eg var í þann veginn að leggja af stað, var barið að dyrum hjá mér.

Sá er kominn var, var de Bévallan sjálfur!

Hann var með einkennilegum vandræða svip, en þó var auðsær ánægju- og feginleikur á honum.

Eg horfði undrandi á hann, og tók hann þá til máls og mælti:

— Það er ef til vill kynlegt, sem eg ætlast nú fyrir, en sem betur fer, hefi eg sýnt það oftár en einu sinni, að eg er enginn heigull. Þar að auki er eg svo glaður í kveld, að mér er ómögulegt að bera óvild í huga til nokkurs manns — og eftir skipun, sem eg verð að meta öllu öðru meir, kem eg nú á yðar fund til að rétta fram hönd mína til sátta.

Eg hneigði mig án þess að láta mér bregða og tók í hina framréttu hönd.

— Leyfið mér svo að afljúka erindi mínu, sagði hann og settist niður.

— Ungfrú Margrét hefir í gáleysi skipað yður verk, sem yður bar ekki að gera. Þér höfðuð því fulla heimild til að bregðast illa við, og kvenfólkið hefir því mælst til þess við mig, að fara á yðar fund og beiðast afsökunar yðar á þessu, sem eg nefndi. Þeim næðgum mundi þykja það stórum miður, ef hinu góða amkomulagi, sem hefir verið milli yðar og þeirra, og er að þakka dugnaði yðar og háttprýði, yrði ra.kað, sakir augnabliks-gremju og fljótfærni.

Og að því er sjálfan mig snertir, þá hefir mér kveld hlotnast heimild að sameina bænir mínar við nnilegar óskir þeirra mæðgna. Sú von, sem eg um hrið hef' alið í brjósti í kyrþey, hefir nú loksins ræzt, og eg mundi vera yður mjög þakklátur persónulega, ef þér spiltuð ekki þekkingu endurminnirgum þessa ar kveldstundar með því, að ganga burtu, en það veit eg að hlyti að verða bæði tjón og hrygðarefni fjölskyldunni hérna, sem eg get talið mig til nú orðið.

— Eg hlýt að vera yður einkar þakklátur, fyrir nau vinsamlega ummæli, sem þér hafið látið yður m munn fara, bæði fyrir hönd þeirra mæðgna og þar sjálfs, en þér verðið að virða mér til vorkunnar ó að eg geti ekki svarað yður strax af eða á um dvöl mín hér eftirleiðis. Um það efni þarf eg að geta hugsað betur, en eg er fær um vegna skapsmuna minna, sem stendur.

— Ef þér vilduð þó gefa mér einhverja von um, ð ósk þeirra mæðgna rætist, sagði de Bévallan . . . .  
g úr því að við erum nú sáttir, leyfi eg mér að mælast il, að við látum niður falla, alla úlfúð og kala, sem á milli okkar hefir verið undanfarið. Eg er fús til ess, fyrir mitt leyti,

Í fyrsta lagi hefir frú Laroque gefið í skyn, án þess beint að gera uppskátt leyndarmál, sem henni efir verið trúað fyrir, að ýmislegt væri dularfult við yðar hagi, sem mannkosti mikla þyrfti til að leyua yrir almenningi.

Í annan stað er eg í stórri þakklætisskuld við yður; eg hefi komist að því, að þér hafið ekki alls fyrir löngu verið spurður til ráða um samband okkar ungfrú Laroque, og hefi heyrt að yður hafi farist orð vinsamlega í minn garð.

— Það er alveg óþarft að minnast á slíkt, de Bévallan . . . .

— Eg veit reyndar, hélt hann áfram hlægjandi, að yður hefir ekki verið meir en svo um mig, en því virðingarverðara er það, að þér hafið ekki gert mér neitt tjón. Eg verð að viðurkenna að þér eruð skarp-skygnari en fólk flest. Mér hefir sem sé verið sagt, ð yður hafi farist orð eitthvað á þá leið, að þó ungfrú Margrét verður aldrei hamingjusöm, hverjum sem andi, þar sem eg væri annars vegar, þá yrði hún þó kki óhamingjusöm.

Spámaðurinn Daniel mundi varla hafa svarað iturlegar en þetta; því að það mun sannast, að ungrú Margrét verður aldrei hamingjusöm, hverjum sem

ún giftist, því að hún fær aldrei þann mann, sem frá morgni til kvelds, dag eftir dag, endist til að á-  
arpa hana í ljóðum. Annað eins er ekki eðlilegt!  
En eg veit að þér hafið þá skoðun á mér, að eg sé  
rúðmenni. Það hefi eg heyrt eftir yður, og ef þér  
kyntust mér betur munduð þér sannfærast um það.

Eg er alls ekki vondur maður; þvert á móti er  
og ráðvandur og geðugur . . . . Eg er svo sem auðvit-  
að ekki ga'lalaus, einkum var ýmislegt að mér að finna  
hér fyrrum! Eg hefi verið nokkuð upp á kven-  
öndina . . . . því dettur mér ekki í hug að neita! En  
einmitt það er sönnun þess, að maður hafi töluvert  
amúðarþel til að bera.

Nú er eg sem betur fer kominn inn í friðarhöfn  
. . . yfir því hlýt eg bæði að vera glaður og ánægður,  
ví að svona yður að segja, þá var eg farinn að fella  
af.

Eftirleiðis ætla eg ekki um annað að hugsa en  
konu og börn!

Eg er alveg á yðar máli um það, að Margrét  
mundi una vel hag sínum eftir að við erum gift; hún  
mundi verða svo hamingjusöm með mér, sem mögu-  
legt er að hún geti verið, með það lundarfar, sem hún  
efir . . . . Eg ætla mér að verða henni góður og ekki  
neita henni um neitt, sem hún biður um, og jafnvel  
hefir mér hugsast að verða við óskum hennar áður  
en hún lætur það í ljós. En ef hún gerist svo heimtu-  
frek að krefjast tungls og stjarna, er mér ókleyft að  
komast til himna til að sækja slíkt handa henni! Það  
er öldungis ómögulegt að ætlast til annars eins!

Svona, lofið mér nú að taka enn einu sinni í hönd yðar, kæri vinur, að skilnaði.

Eg rétti honum hönd mína og hann stóð á fætur.

— Eg ætla svo að vona að þér verðið kyr . . . . .

Reynið að sveifla burtu óveðursskýjunum af enni yðar . . . . Við skulum reyna eftir megni að gera ykkur dvöolina hér ánægjulega. En þér verðið að hjálpa okkur ofurlítið í því efni. . . . Þér verðið að kasta sorgarbúningnum . . . . Fyrirgefið að eg geri mér svo dælt við yður að segja, að þér séuð helzti óframærinn . . . . og þó skyldi maður ætla að þér væruð í spánskum ættum. . . . Þér ættuð að reyna að vera kátari og gláðari eftirleis.

Þér eruð fríður maður sýnum. þér eruð ungur að aldri, hæfileikamaður og andríkur! Þér ættuð að færa yður þessa miklu kosti í nyt. . . .

• Hvernig stendur annars á því að þér hliðrið yður hjá, að daðra ofurlítið við ungfrú Helouin? Það gæti orðið yður skemt'leg dægradvöl . . . . Hún er lagleg og alls ekki óálitleg . . . . .

En hér stend eg þvaðrandi, og gleymi alveg þeirri upphefð og tign, sem mér hefir nýskeð hlotnast . . . .

Verið þér nú sælir, herra Maxime; við sjáumst á morgun, er ekki svo?

— Verið þér sælir, herra de Bévallan.

Að svo mæltu fór hann burt þessi léttúðugi, herramaður, sem því miður á fleiri sína líka, og skyldi mig eftir í þungum hugleiðingum.

*Arnþjótur B. Olsen*

## XII. KAPÍTULI.

1. Október.

Undarleg eru atvikin!

Þó að afleiðingarnar af fyrnefndum atvikum hafi ekki verið sem ánægjulegastar, hafa þær ef til vill ekki orðið mér verulega tjónsamlegar.

Eftir hið þunga mótlæti, er mér bar að höndum, var eins og tilfinningar mínar hefðu sljófgast af þjáningum, en einmitt vegna þess, mun eg nú finna gleðgra að ólga lífsins er að færast aftur í æðar mínar.

Það er fyrst í dag, eftir þriggja vikna tíma, að eg hefi fengið hugrekki til að opna dagbókina mína og taka mér penna í hönd.

Eftir að eg hafði áttað mig, eftir uppreist þá, er de Bévallan hafði gefið mér kveldið, sem hann heim-sótti mig, sá eg það það var engin ástæða til fyrir mig að segja upp þessari stöðu, sem eg var í og sem svo margvísleg hlunnindi fylgdu. Eg þurfti á tekjum að halda, og eg vissi að eg mundi ekki detta ofan á jafnarðvænlega stöðu strax, og þá, sem eg hafði nú.

Þó að eg þættist sjá það, að eg mundi fá marga skapraun að eg yrði kyr, þá fann eg glögt, að um það

gat eg kent sjálfum mér, og eftirlátsemi við tilfinningar mínar; en eg hafði samt enga heimild til að fara að hafna góðri stöðu af þeim sökum.

Ennfremur var mér illa við það, að eg segði upp stöðu minni af gremju eða vonbrigðum út af því, að eg hafði mist af auðugu kvonfangi, og þessvegna var mér það áhugamál, að hún fengi enga óánægju á mér fundið alt fram að brúðkaupsdegi, og því gætti eg þess að bera á mér rósemdar- og gleði-svip — þó að ung sorg byggi mér í brjósti, því að um það gat hún ekki vitað.

Eg lét það nægja að rita Laubépin og tjá honum, að stöðu minni væri svo háttáð, að hún gæt hvenær em vera vildi orðið mér ópolandi; þessvegna mæltist eg til, að hann útvegaði mér aðra sjálfsæðari töðu; jafnvel þó að hún væri ver launuð.

Daginn eftir að ungfrú Margrétu hafði sinnast, fór eg til hallarinnar, eins og eg var vanur. Þar var de Béval'an fyr'r og tók mér eirkar a'úðlega.

Eg heilsaði upp á kvenfólkið, eins og ekkert hefði í skorist, og engar afsakanir voru bornar fram af neinum, því að sl'ks var alls óþarft. Mér sýnd st ekki betur, en að frú Laroque væri eitthvað vanstíllar, en hún átti að sér, og ungfrú Margrét var þóttaleg, en sýndi mér þó kurteis.

Ungfrú Helouin var í fölara lagi, og leit ekki upp frá saumum sínum. Hún hafði stúlku-greyið heldur enga éstreðu til að fagna yfir þeim afleiðingum, sem orðð höfðu af ráðabuggi hennar. Að vísu reyndi hún, hvað eftir annað, að líta ógnandi horn-

arga og fyrirtillega til hins sigurglaða de Béval'ans, en þó að einhverjum viðvaning hefði kunnað að finna hann væri þarna milli tveggja elda, mátti alls ekki sjá á de Bévallan, því að hann virtist vera hinn allra ánægðasti.

Þessi mikilmensku-bragur gramdist ungfrú Helouin, en hann dró jafnframt úr henni kja k. Þó eftast eg ekki um, að hún hefði verið fu't eins fús til að hefna sín á de Bévallan, á sama hátt og hún hafði hefnt sín á mér daginn fyrir, ef hún hefði ekki ót'art að fal'a í ónáð um leð og hann. Það mátti sem sé við því búast, að hún léti undan afbrýði sinni og reð og æmi um þann, þá mundi hún sjálf leð í klípu, og koma sér út úr hús' hía þeim mæðgum, en hún var of kæn til að eiga það á hættu.

De Béva'llan var alls ekki maður, sem hafði gefið sig í daður við hana, án þess að hafa eitthvert hald á henni, og það mundi hann ekki hika við að nota mjög óvægilega, ef hann yrði tilneyddur.

Ungfrú Helouin gat fagnað yfir því, að hús-bændur hennar höfðu trúað rógi hennar daginn fyrir, en henni var vel kunnugt um, að hægra er að telja trú um þau ó-ann'ndi, er særa hégóm-grind þeirra, sem frá er sagt, heldur en þegar um það er að ræða, er mönnum stendur á sama um. Hún gat því verið kvíðandi um, að sv'kræðis-vopnið gæti snúist í hendi hennar og gert henni sjálfri tjón.

Bæði þennan dag, og þá sem á eftir fylgdu, fékk eg að kenna á margskonar andlegum píslum, eins og eg hafði búist við, þó að þær urðu fleiri og sárari, en



eg hafði getað ímyndað mér.

Það hafði verið fastráðið, að brúðkaupið skyldi standa eftir einn mánuð, og var nú verið að undirbúa

Á hverjum morgni sendi brúðguminn brúðurinni það af miklu kappi.

bíómvönd; það gerði hann sér að reglu, og með hverjum póst komu kniplingar, silkidúkar, skrautgripir o. s. frv., er sáldað var um alla dagstofuna og haft til sýnis glysgjörnum og afryðissömum vinum.

Ávalt var eg spurður um, hversu mér sýndust þessar gjafir, og einkum sældist ungfrú Margrét, með segjanlegri harðýggi til að leita álits míns um kjörgripi þó, er hún fékk senda frá mannsefni sínu.

Eg svaraði öllum þessum spurningum kurteislega, en þegar eg kom heim til mín tók eg rifna varaklútinn, er eg hafði bjargað með miklum lífsháska, upp úr skúffu og þerði með honum brennheita hvarmana.

Það var óviturlega gert, en hver getur láð mér það?

Eg ann henni þrátt fyrir það að hún reyndist mér ótrygg. þrátt fyrir hatur hennar á mér og ófyrirgefianlegan misskilning, og meðan eg dreg andann mun eg enga konu elska aðra!

Ekki gat eg hatað de Bévallan . . . . hann er þess ekki verður. Han er smá-sál, en vill ekki móðga neinn.

Eg gat, hamingjunni sé lof, hræsnislaust hlýtt á og endurgoldið vináttu-yfirlýsingar hans, og með mestu rósemi tekið í hönd honum. En þó að hann

væri of auðvirðilegur til þess að eg gæti borið hatur í hug til hans, þá gat eg ekki varist hrolli og kvíða, við að hugsa til þess, hve ómaklegur maður sá var, til að eiga þá ágætu konu, er innan skamms átti að tengjast honum ævarandi bandi, konu sem hann mundi aldrei geta lært að þekkja eða skilja til hl'tar.

Það er mér ókleyft að tjá eða greina frá öllum þeim hugarharmi og gremju, er innra með mér bjó yfir því, að þetta hygginda-hjónaband skyldi nú innan skamms eiga fram að ganga.

Sönn ást á sér eins konar helgi, er sveipar bæði fögnuð þann og harm, sem hún hafði í för með sér, yfirnáttúrlegum, geislafeldi. Vér karlmenn sjáum eitthvað guðdómlegt í fari þeirrar konu, er vér elskum, og það teljum vér oss eina þekkja og eiga; og ef einhver annar drifist að snerta við geiðhjúpnum, finnst oss það ganga guðasti næst, og vera ósegjanlegt skelfingarefni! Þar er ekki um það að ræða að reynt sé að svifta oss dýrmætu hnessi, heldur, að vanhelga guðdómlega tign og spilla herni!

En þannig er víst afbrýði ávalt háttað — eða þannig hefir hún gert vart við sig hjá mér!

Það var mín óbifanlega sannfæring, að eg væri sá eini í víðri vöröld, er hefði skarpleik, skynsemi og hið rétta innræti, til að sjá, skilja og dáðst að minnkostum þessarar engilfögru konu; og það taldi eg ekkert vafamál, að ef hún giftist einhverjum öðrum, þá yrði hún missæmd og misskilin, en að mér einum hefði hún með lífi og sál, verið fyrirhuguð frá upphafi veraldar og um alla ókomna eilífð!

Fyrir þennan ofsafulla hroka, sem hafði gagn-  
tekið mig, hefi eg nú orðið að þola mikinn sársauka.

En hér við bættist, að mér fanst eins og því væri  
hvíslað að mér, með djöfulegri röddu, að eftir því  
sem mannleg skarpskygni gæti bezt séð, þá mundi  
Margrét verða sælli og ánægðari með rósamleg vin-  
áttuhót hyggins manns, heldur en við ástríðuþrungin  
ástaratlot eiginmanns, með rómantísku lundarfari.

Var það rétt til getið? Gat slíkt átt sér stað?  
Nei, nei mér fanst mér ómögulegt að trúá því!

Hún gerir sér slíka sambúð, er fyr var greind,  
ef til vill að góðu, en er það fullnægjandi? Er það  
æsta tákni hamingjunnar?

Ef hamingjan er í því fólgin, að vera laus við  
harma, og að hjarta manns verði eins og steinrunnið,  
þá mundi hamingja brosa við miklu fleiri mönnum,  
en eiga slíkt skilið. Þeir sem eru alt of nasvitrir og  
hversdagslegir í hugsun, þeir geta ekki metið til fulln-  
ustu allt hið fagra, sem guð hefir skapað.

Hinum dauðu gefur hann frið, en fyllir brjóst  
hinn lifandi með ástríðum!

Þanþol strengja s'larinnar verður ekki treyst til  
fullnustu, nema við algleymis-fögnuð og a'ltra þyngstu  
harma og mótlæti; og stundum getur það orðið við-  
kvæmri og tilfinninganæmri veru einmitt hamingju-  
efni að þjást, einkum ef samúðarríkur vinur er til að  
bera mótlætið með manni. En þess kyns hamingja  
hlotnast ungrú Margrétu ekki, því að þar sem samúð  
skortir milli tveggja, er saman eiga að búa, þar er til-  
efni fyrir hendi til sífelds sundurþykkis og óánægju.

Þessar ömurlegu hugrenningar urðu því þungbærari, sem lengra leið, og reyndi eg að krita mér hughreystingar hjá minni gömlu vinkonu, ungfrú de Porhoét.

Henni var ókunnugt um hvað mér bjó í brjósti, eða lét svo að minsta kosti en í tilsvörum sínum fór hún, ef til vill án þess að gera sér grein fyrir, sinni mjúku konuhönd um blæðandi sár hjarta míns. Þessi gamla kona virtist vera ímynd samúðar og rós mí, og af því að hún sýnd st lífa í æðra huga he mí, en þorri manna, fanst mér streyma frá henni traust og sál-arþróttur, sem verkaði friðandi á mínar æstu tilfinningar.

Með blýant í hönd sat eg tímum saman við uppdráttabók mína og byrgði mig þannig inni í kirkjunni gömlu konunnar, svo að eg gleymdi þá stundina sorgum mínum og raunum.

Eg svo fór eg á hverjum degi á fund göm'u konunnar í öðru skyni, en að afla mér hughreystingar. Eg vildi ekki að hún yrði vör við áhugaleysi hj mér að því er málaferli hennar snerti, svo að eg hélt áf am að rannsaka skja'asafn hennar með sömu nákvæmni, eins og eg hafði gert.

Eg fann í safni þessu nýjar og nýjar frásagnir ættar okkar og lýsingar á siðum og háttum fyrri tíma, sem mér þótti gaman að, og það svo mi'ög, að hugurinn festist í bili við hið umliðna og harmar mínir urðu léttbærari.

Þrautseigja mín hér um varð til þess, að hugsjónir ungfrú Porhoét fyrntust ekki; hún sýndi mér og frá-

bæra þakklátsemi, meiri heldur en eg átti skilið; því að mér var þessi fyrrihöfn ekki annað, en til afþreyingar í raunum mínum.

Því nær sem dró brúðkaupsdeginum, dvínaði sú ákafa kæti, er ungfrú Margrét hafði lát.ð á sér sjá, eftir að alt var fastráðið um ráðahag hennar, og hún varð að minsta kosti öðru hvoru þunglyndisleg eða lét á sér sjá deyfðarlegt kæruleysi.

Eg varð jafnvel var við það einusinni eða tvisvar, að hún einblíndi á mig ráðaleysislega og vandræðalega.

Frú Laroque leit einnig til mín með óró og kvíðafullum svip, eins og hún vildi spyrja mig einhvers, en kæmi sér þó ekki að því.

Í fyrra dag vildi svo til, að eg var staddur einn inni hjá frú Laroque, því að ungfrú Helouin hafði verið send fram með einhver skilaboð; alt í einu varð okkur báðum þá orðfall, rétt eins og við hefðum tekið okkur saman um að þagna, en samtalið hafði þó verið allfjörugt áður en ungfrú Helouin fór.

Eftir að við höfðum þagað stundarkorn, þagði frú Laroque með önuægum drýgindum.

— Þér kjósið hálfkynlega trúnaðarmenn yðar, herra Ódíot.

— Trúnaðarmenn mína, frú mín góð? Eg veit ekki við hvað þér eigið. Að undantekinni ungfrú Porhoét, hefi eg ekki gert neina manneskju hér að trúnaðarmanni mínum.

— Eg væri fús til að trúá því . . . . og eg trúí því . . . . en það er engan veginn fullnægjandi! . . . .

Í sömu svifum kom þá ungfrú Helouin aftur inn og sleit þá samtali okkar.

Daginn eftir — í gær — hafði eg farið burt úr höllinni snemma morguns, til að líta eftir viðarhöggi í skógum nokkrum þar í grendinni.

Klukkan 4 snéri eg aftur heimleiðis, og rakst þá við snöggan þug á veginum alt í einu á ungfrú Margrétu.

Hún kom þar riðandi einsömul.

Eg ætlaði að heilsa henni virðulega og halda svo áfram, en þá stöðvaði hún hest sinn.

— En hvað þetta haustveður er yndislega gott, herra Ódiot, sagði hún.

— Já, alveg ljómandi! Og þér eruð að ríða úti yður til skemtunar, ungfrú?

— Já, eg er að nota þær frelsisstundir, sem eg á enn eftir, eins og þér sjáið, og eg misbrúka þær líka, því að eg er hér í hálfgerðum vandræðum út af því að vera stödd hér ein . . . . fólkíð heima þurfti að láta Alain gera eitthvað . . . . og æumingja Merwin minn er haltur . . . . þér viljið víst ekki slást í förina með mér?

— Jú, með mestu ánægju. Hvert ætlið þér ungfrú?

— Mér hafði komið til hugar að ríða yfir að Elfarturninum.

Um leið benti hún með sviðu sinnu á meðalháan fjallshnúk, sem lá hægra megin vegarins.

— Þér hafið víst aldrei, eftir því sem mér er kunnugt, farið þá leið, sagði hún.

— Nei, það held eg ekki, mig hefir oft langað til þess, en eg veit varla hvernig á því stendur, að aldrei hefir orðið neitt úr því.

— Jæja, þá er einmitt vel til fallið að við förum þangað í dag, en nú er orðið býsna framorðið, svo að við verðum að flýta okkur.

Eg snéri hesti mínum við, og við lögðum af stað og hleyptum á sprett.

Eftir að við vorum komin af stað, tók eg að reyna að gera mér grein fyrir þessu uppátæki, er aug-sýnilega var af yfirlögðu ráði gert.

Mér fór að koma til hugar þegar frá leið, og við nánari íhugun þá hefði hún tekið að verða veikt-úaðri á róg þann, er borinn hafði verið milli hennar og mín.

Hún var visast farin að efast um sannleiksgildi frásagnir ungfrú Helouin, og hún hafði því nær sem færi gæfist hugsað sér að gefa mér einhverskonar uppreisn, því að hún fann að eg átti það skilið.

Af því að hugurinn var fullur af þessum ímynd-unum, hirti eg sára lítið um það, hvert við færum.

Oft hafði eg heyrt minst á Elfar-turninn, eftir að eg kom í þjónustu þeirra mæðgna. Hann var ein þeirra fornmenja, er einna mest þótti til koma þar í grend, og eg hafði aldrei farið svo eftir veginum, sem liggur hjá Rennes og Josselin, niður til strandar, að mér ekki yrði starsýnt á hina feikna-miklu turn-súlu, er sást þaðan gnæfa v'ð himin á víðáttu-mikilli heið-inni; en alt til þessa tíma hafði mér ekki veizt tóm til að fara og skoða hana nákvæmlega.

Við hægðum reiðina, meðan við vorum að fara

í gegnum þorpið Elfi, en yfir því hvíldi einkennilegar miðalda-svipur. Lág húsin og dökkmáluð eru með sama sniði eins og þau voru fyrir fimm eða sex öldum.

Margur mun víst ímynda sér, að hann sé staddur í draumaheimi, er honum verður litið inn um vindaugu í húsveggjunum, er vírnet eru fyrir, og sér þar glitta í kvenfólk spinnandi á rokka, í glorulegum búningi og talandi á undarlegar tungur og óskiljanlegar.

Mörgum dettur víst í hug, er slíkt sér, að þessar einkennilega búnu manneskjur í hálförökrinu, séu vofur, sem gengið hafi úr gröfum sínum, til að leika einhverja sögupætti frá löngu liðnum öldum, að einum einasta áhorfanda ásjáandi. Við þá hugsun er eins og farg leggist á mann, og verður sú tilfinning enn þá áhrifameiri, sakir tómeikans og þagnarinnar í þeirri einu götu, sem til er í þorpinu, þar sem alt vitnar um grafarinnar þögn.

Þegar við vorum komin gegnum Elfar-þorpið, snérum við á veg, er lá upp eftir gróðurlausri hlið. Þaðan máttum við gerla sjá hinn geysimikla steinturn, sem gnæfði uppi á skógivaxinni hæð, beint fram undan okkur, en var þó enn æði langt burtu.

Sléttlendri hæðinni, sem við riðum eftir, hallaði niður að mýrlægum engiteigum, er umluktir voru þéttum kjarrskógum.

Þegar við vorum komin yfir að þessum kjarrskógi, lá leið okkar eftir mjóum og ósléttum vegi, er sennilega hafði oft dunið á miðöldunum, undir hóf-



um þungstígra hesta, er báru eftir honum brynjaða riddara.

Um stund sáum við ekki til turnsins, og eg var í óvissu um, hvar hann mundi vera, þangað til alt í einu, að það virtist, eins og honum hefði verið lyft upp með töfra-sprotu og gnæfði turninn fyrir okkur, upp úr þéttu laufguðu limi trjána.

Turn þessi er ekki rofhrúga fornrar stórbyggingar. Hann er enn jafnhár eins og hann var í öndverðu, hér um bil hundrað fet, og vegna þess hvað undirstöðurnar og neðstu grjótlögin eru ójöfn og óregluleg, virðist turninn til að sjá, eins og feiknamikill granít-drangi, sem nýskeð hafði verið höggvinn með hvössum meitlum.

Það var varla hægt að hugsa sér neitt byggingarsmiði áhrifameira, stórfengilegra, en þó þungbúnara, heldur en þessa gömlu borg, sem stóð þarna lengst úti í skógi, tignarleg í sínum einstæðingsskap, og treg til að láta undan tönn tímans. Djúp borgardíki ligra umhverfis hana, og vaxa upp úr þeim tré í skjóli múrveggjanna, en trjátopparnir ná þó varla upp að neðstu gluggagötunum. Þessi stórfengilegi jurtagróður, sem nálæga byrgir bygginguna að neðanverðu, gerir turninn enn þá æfintýralegrí ásýndum.

Maður sem staddur er úti í eyðiskógi og sér alt í einu þenna merkilega turn, getur varla að því gert, þó honum fljúgi í hug munnmæli um hallarturna í þjóðsögunum gömlu, þar sem sagt var frá konungsdætrum í álögum, er svæfu inni í turninum svo öldum skifti.

Eftir að eg hafði vakið máls á þessu við ungrú Margrétu, mælt hún:

— Eg hefi aldrei séð turninn nema að utan, en ef yður langar til að leysa konungsdótturina úr álögum, þá skulum við koma inn. Eg veit ekki betur, en að hér einhversstaðar í grendinni býi fólk, sem hefir lykil að turninum. Við skulum binda hestana okkar og vita hvers við verðum vísari.

Þvínæst settum við hestana í dálitla rétt, sem var skamt frá turninum, og svo skildum við ungrú Margrét sem snöggvast, meðan við vorum að leita að fólk, sem lánað gæti okkur lykil. En við fundum engan og þótti það í meira lagi leiðinlegt.

En löngun okkar til að sjá turninn að innanverðu óx því meir, sem það var meiri erfiðleikum bændið, og við gengum upp á von og óvon, yfir mjóu trébrúna sem lá yfir síkisgröfina.

Þegar við komum nær, urðum við heldur en ekki fegin. er við síum að dyrnar rambyggilegu voru opnar. Við þurftum þá ekki annað en ýta á hurðina, til að komast inn í þröngt og dimt herbergi fult af múrgrjóti, og hefir þarna að líkindum verið varðstofa á fyrri tímum.

Úr þessu herbergi komum við inn í hringmyndaðan sal; hangdi þar yfir arni skjaldmerki frá krossferðatímunum.

Á salnum var einn stór gluggi og uppi yfir honum kross, höggvinn í steinsylluna. Næg birta var í sjálfum salnum, en skuggsýnt í hinum háu hvelvingum uppi yfir honum.

Þegar við komum inn í salinn, flaug fuglahópur upp við hávaðann og þeytti yfir okkur miklu ryki ofan úr lofthvelvingunum.

Við fórum upp á granít-bekkina við gluggana og gátum þaðan séð yfir síkis-grafirnar og nokkuð af leifum borgarmúranna, sem voru býsna hrörlegir.

Svo héldum við af stað upp eftir turninum. Eg var á undan, og ungfrú Margrét fylgdi mér rösklega eftir, þó að henni væri örðugra um gönguna vegna síðra reiðpilsanna, sem hún var í.

Dökk rökkurmóða hafði lagst yfir krónur trjána laugaðar í haustsins dýrðlega, rauðbleika litljóma, og þaðan teygðist móðan yfir dökk fenin, grænar og gróðurmiklar engjarnar og háa hálsa, er á sló lyf-rauðum bjarma í fjarlægðinni.

Og meðan við vorum að horfa á þetta fagra og víðáttumikla landslag, færðist aftanfriður og rósemi yfir sálir okkar og þunglyndiskent ofurmagn einverunnar lagðist yfir okkur eins og töfrahöfgi.

Þessa stund mættust hjörtu okkar í sameiginlegri aðdáun yfir dýrð náttúrunnar, og sálir okkar urðu gagnsteknar af heilögum fjálgleik; en þessi stund var og sennilega hin síðasta, er mér mundi auðnast að vera einum samvistum með konunni, sem ég elskaði, og þessvegna reyndi eg að halda í þessa stund með ástríðukappi, sem varð mér mikið sársaukaefni.

Mér er ókunnugt um, hversu ungfrú Margétu var innanbrjósts. Hún sat út við brjóstriðið og starði út í fjarlægðarmóðuna, en ég heyrði að hún dró andann ótt og títt.

— Ómögulegt er mér að segja, hve lengi við sátum þarna; en þegar þokan tók að þéttast yfir flatlendum engjunum og síðustu skuggarnir voru að hverfa við sjóndeildarhringinn, stóð ungfrú Margrét upp.

— Nú skulum við fara, sagði hún hálf-hátt, rétt eins og tjald væri nýfalið í einhverjum undrafögurum sjónleik, — nú er alt búið!”

Hún fór að ganga niður stigann og eg á eftir.

En þegar við komum að úti dyrunum, brá okkur heldur en ekki í brún, er við fundum þær lokaðar.

Maðurinn, sem leit eftir turninum, hafði líklega ekki orðið ferða okkar var, og lokað turninum, meðan við vorum upp á hápallinum!

Fyrst gerðum við ekki annað en hlæja að þessu og töldum okkur lokuð í töfrahöll, en eg gerði allvasklega ttraun til að koma okkur úr álögunum. En slagbrandurinn, sem hélt hurðinni fastri, var svo ríkur í, að mér tókst ekki að hnika honum minstu vitund.

Svo tók eg að reyna að fást við hurðina sjálfa, en hvorki vildu rammgerðar hjarirnar né járnslégin eikarborðin láta undan.

Þá tók eg stóra steina úr grjóthrúgunni niðri og eindengdi þeim á hurðina; verkanrnar urðu ekki aðrar en þær, að smá-steinar losnuðu úr loftinu uppi yfir okkur og hrundu niður yfir okkur.

Ungfrú Margrét sá, að þessar tilraunir mínar til að komast úr, voru bæði gagnslausar og hættulegar. Eg hljóp þá út að glugganum og kallaði á hjálp, eins hátt eins og eg gat, en enginn tók undir. Í fullar tuttugu mínútur hélt eg áfram að kalla, með stuttu

míllbil, en alt varð það árangurslaust.

Við reyndum að kanna turninn að innan og leita að öðrum dyrum; en að undanteknum einum, sem múrað hafði verið upp í og hinum hía glugga, sem var þrjátíu fetum ofar en dikið, gátum við engan annan útgang fundið.

En nú var komið kveld, og rökrð hjúpaði turninn dökkri slæðu; einn tunglskinsgeisli skaut inn um glugga-opið og féll skáhalt á steirið.

Ungfrú Margrétu fór smám saman að litast ver á og svaraði ekki nema öðru hvoru ágizkunum þeim, ær eg kom með til að gera hana rólegri.

Hún sat hæringarlaus í myrkrinu, en eg sat í gluggakistunni, sem tunglð lýsti upp og kallaði við og við í hjálp.

En ef satt skal segja, fann eg til ósegjanlegs fagnaðar, er eg sá, að t'raunir mínar báru engan árangur. Sú óvænta ósk rættist mér, sem allir ástfangnir karlmenn undantekningarlaust bera í brjósti: að vera lokaður aleinn inni á afviknum stað, með þeirri konu sem maður elskar.

Lengi, lengi vorum við, hún og eg, einu lifandi verurnar í öllum heimi, einu verurnar sem til voru, fanst mér.

Eg fór að hugsa um öll þau tákn ástúðlegrar verndar og tillætissamrar virðingar, er mér veittist nú færi og heimild til að sýna henni; eg fór að leggja það niður fyrir mér, hvernig eg skyldi fara að draga úr kvíða hennar, telja kjark í hana, og vaka yfir henni sofandi.

Eg fann til fagnaðarríks hugboðs um, að þó að mér tækist ekki á þessu haustkveldi að öðlast ást þessarar yndislegu, ungu stúlku, þá gæti eg þó að minsta kosti áunnið mér óbifanlegt traust og tiltrú hjá henni.

En meðan eg var sem fangaður af þessum eigingjörnu ihugunum, og feginleikurinn sást víst ótvírætt á mér, var eg skyndlega ónáðaður við loftkastalsmíð mína, af þessu ávarpi, sem beint var að mér með rólegri en gremjuþrunginni röddu:

— Hafa margir ódrengir verið í æt yðar á undan yður, de Champcey markis?

Eg rétti mig upp, en hné aftur niður í gluggakistuna, og gat þaðan óljóst séð, hvar ungfrú Margrét sat í myrkrinu.

Alt í einu flaug óttaleg hugsun gegnum huga minn: skyldi hún alt í einu hafa orðð brjáluð af hræðslu og hugstríði.

— Margrét! hrópaði eg, án þess að gera mér grein fyrir hvað eg sagði.

Þegar hún heyrði mig ávarpa sig þannig, óx reiði hennar og gremja enn meir.

— En hvað þetta getur verið andstyggilegt! svirðilegt og frámunalega lítilmannlegt! hrópaði hún.

Nú fór mig að óra fyrir því, hvað hún var að fara; eg gekk niður eitt stigapæpið og spurði:

— Við hvað eigið þér, ungfrú?

— Það eruð þér, svaraði hún með hamslausri gremju, sem hafið mútað umsjónarmanninum hérna, til að loka okkur inni í þessum afskekta turni! Á morgun er sama sem úti um mig .... eg er þá svi-

virt í augum almennings . . . . og eg get þá ekki gífst neinum öðrum en yður! Þetta hafið þér ætlað yður! Hafið nú kjark í yður til að kannast við það! En yður skal ekki verða kápan úr því klæðinu, því lofa eg yður og það skal eg efna!

Þér þekkið mig þá illa, ef þér getið ekki g'izkað á að eg kys svívirðing, k'austurvist — já, jafnvel hældur dauða, en að litillækka mig svo, að eg játað st yður, . . . . játi því, að bindast yður æfilöngu bandi!

En jafnvel þó að þetta þrælslega brauð yðar hefði hepnast, jafnvel þó að eg hefði verið svo þr'klítill, að eg hefði l'tið undan og gífst yður — sem ald ei getur komið til mála og aldrei skal verða — þá veit eg, að það var auður minn, sem hratt yður fram til að vinna þetta níðingsverk!

Hvaða maður eruð þér?

Af hvaða þorparakyni getið þér verið kominn, sem gerið yður að góðu að afla yður fjár og eigin konu, með þessu varmensku-tiltæki?

Þér ættuð að vera mér þakklátur, herra Ódíót, fyrir það, að eg læt ekki að óskum yðar, því að þér munduð hafa iðrast þess beisklega. Ef iimælgí almennings þrengdi svo að mér, að eg fleygði mér í fang yðar, mundi eg sýna yður svo meгна fyrirritning, að þér munduð alveg bugast fyrir henni. Því skal eg lofa yður! Og þó að hjarta yðar væri jafnhart og t'lfínníngarlaust og grjótveggirnir herna umhverfis okkur, skyldi eg samt láta yður komast við — láta yður gráta blóðugum tárurum!"

— Ungfrú góð, sagði eg svo rólega, sem mér var

auð; eg vil biðja yður af alhuga að reyna að átta yður! Þér móðgið mig með yðar ósvífnu orðum. Gætið að hvað þér eruð að segja. .... Grunsemd yðar er ekki byggð á nokkurri minstu röksemd.

Eg hefi ekkert færi haft til að framkvæma þann glæp, sem þér sakið mig um, og þó að eg hefði gætað það, og þó að eg hefði haft kúrk til þess, hefi eg aldrei gefið h.ð minsta tilefni til þess að þér ætlið mér slíka varmensku.

— Jú, alt sem eg veit um yður, styrkir mig einmitt í þeirri trú, hrópaði hún og sló frá sér með svipunni. Og mér þykir vænt um að hafa nú loksins sagt yður, hvað mig hefir lenzi g unað um yður.

Hversvegna hafið þér troðið yður inn á heimili okkar undir fölsku nafni og tekið þar að yður stöðu, sem yður hæfði engan veginn? .... Við mæðgurnar bjuggum þar rólegar og ánægðar áður en þér komuð, en með yður kom, órósemi, sundurlyndi og áhyggjur, sem við höfðum aldrei orðið varar við áður.

Í því skyni að rétta við fjárhag yðar, hafið þér með lævísí rænt trúnaði okkar .... Þér hafið rænt okkur friði .... þér hafið leikið með hreinustu, helgustu og beztu tilfinningar okkar .... Þér hafið í miskunnarleysi traðkað á þeim og gert okkur að ólánsmannekjum.

Þetta hafið þér gert, eða reynt að gera, sem fyrir sama kemur!

Eg er orðin svo óskanlega þrevtt á allri þeirri andstygð, og þó að þér viluð legja drengskap yðar svo sem aðalsmaður við því, að þér hafið sagt satt,



þá hafið þér þó farið svo ómannúðlega að ráði yðar, og höggvið svo ód engilega nærr: mannorði yðar, að þér hafið enga heimild til að ímynda yður, að eg gæti trúað yður — og eg trúi yður heldur ekki!

Eg átti bággt með að hafa stjórn á sjálfum mér, og græip um hendur hennar með ákefð; var þá sem hún sefaðist heldur.

— Aumingja Margrét . . . . hlustið þér nú á mig! Yður skjátlast ekki, þar sem þér gífuð í skyn að eg vldi eiga yður, því að eg ann yður af öllum huga. Aldrei ímynda eg mér að nokkurt karlmannshjarta. hafi haft að geyma innilegri. óeigingjarnari eða hægari ást. En þér elskið mig eigi síður. . . . Þér elskið mig, Margrét, og þó kveljið þér mig til dauða! Þér voruð að tala um að traðkað væri á helgustu tilfinningum manns! . . . . Hvernig haldið þér að þá meðferð ætti að nefna, sem þér hafið beitt gagnvart mín um tilfinningum? En farið með þær eins og yður sýnist. . . .

En um mannorð mitt er öðru máli að gegna, það á eg algerlega sjálfur . . . . það er öldungis óflekkað . . . . og það skuluð þér innan skamms verða að jíta. . . . Og fullvís þess þori eg að segja, að þér munuð gráta mig ef eg bíð bana . . . . en ef eg kemst lífs af, ætla eg aldrei, — þó að eg elski yður af öllu hjarta, og þó að þér bæðuð mig grátandi á knjánnum — að giftast yður, fyr en þér eruð jafnfátæk mér, ællegar eg orðinn eins rikur og þér eruð. Biðjið guð svo að gera kraftaverk, því að nú er þess þörf!

Um leið hratt eg henni ómjúklega frá glugga-

kistunni og stökk upp á efsta haftið; eg hafði hugsett mér ráðagerð, er eg var fastráðinn í að framkvæma.

Eins og eg hefi tekið fram fyr, náðu efstu lim eikartrjáanna, er uxu í borgarsíkinu, upp undir neðstu gluggana.

Með skaftinu á svipu minni tókst mér að draga að mér broddana á lengstu trjágreinunum og stökk út um gluggann um leið.

Í sömu andrání heyrði eg ógurlegt neyðar-óp á bak við mig, og að kallað var til mín og eg nefndur skirnarnafni mínu, Maxíme.

Greinarnar, sem eg hafði gripið í, bognuðu og beygðust niður á við, eins langt og þær náðu; því næst heyrði eg ömurlegt brak; þær brotnuðu fyrir þyngslum líkama míns, og eg steypist til jarðar með miklu falli.

Eg ímynda mér að mýrlendur jarðvegurinn hafi dregið úr fallinu, því að ég fann, að eg hafði komist lífs af, en að eg hlyti þó að hafa beinbrotnað.

Eg hafði lent með handlegginn á steinröð og kendi svo mikils verkjar í honum, að eg féll í ómegin.

Eg raknaði við vonum bróðar og heyrði Margrétu þá hrópa yfirkomna af skelfingu:

— Maxíme, Maxíme! Hafið meðaumkvun með mér í guðs nafni, og fyrirgefið mér! Fyrirgefið mér!

Eg staulaðst á fætur og sá hana þá standa úti í gluggakistunni. Eg sá hana glögt í tungsljósinu. Hún var hattlaus og úfið hárið þyrlaðist til fyrir kveldgolunni; hún hélt sér fast í gluggakistuna og horfði angurmædd ofan í dökka síkislægðina.

— Verið þér óhrædd, kallaði eg upp t'l hennar. Mér hefir ækkert hlekst á. Verið þér rólegar í svo sem eina eða tvær klukkustundir á meðan eg ríð t'l hallarinnar, og þér megið reiða yður á, að eg skal halda því leyndu, sem hér hefir gerst; og bjarga mannorði yðar, eins og eg hefi nýskeð bjargað mínu eig'n mannorði.

Með miklum erfiðismurum komst eg upp á síkisbakkann og fór að leysa hest minn.

Mér tókst að binda um handlegg minn með vasa-klút, en handlegginn gat eg ekkert hreyft og hafði miklar þrautir í honum.

Af því að glaða tunglskin var, gekk mér auðveld'ega að rata og eftir tæpa klukkustund var eg kominn he'm.

Eg heyrði að Desmaret læknir var inni í dagstofunni og hraðaði mér þanagð. Ennfremur var þar fleira fólk og var kvíðasvipur á hverju andliti.

Í því að eg kom inn, sagði ég glaðlega:

— Hesturinn minn fæld'st skuggann sinn, læknir góður, og setti mig af sér; eg er hræddur um, að vinstri handleggurinn hafi brákast. Viljið þér ekki líta á meiðslið?

— Brákast! endurtók læknirinn, þegar hann var búinn að leysa til handleggsins — þér eruð handleggsbrotinn, herra Ódiot.

Frú Laroque, hljóðaði upp yfir sig, færði sig nær mér og sagði:

— Þetta er ljóti óhappadagurinn!

Eg lét eins og mér kæmu þær fréttir mjög á óvart.

— Jæja, hvað fleira hefir gerst af óhöppum?

— Eg er hálf-hrædd um að eitthvað hafi komið fyrir dóttur mína. Hún fór héðan af stað ríðandi klukkan þrjú, og er enn ókomin og nú er klukkan senn átta.

— Eg hitti ungfrú Margrétu . . . .

— Nú, hvar? Og hvenær? Fyrirgefið herra Ódíot, mæður eru allra manneskja eigingjarnastar.

— Eg fann hana á að gizka kl. fimm. Við ríðumst þá hjá, og sagðist hún vera að hugsa um að fara til Elfarturnsins.

— Til Elfarturnsins! Þá hlýtur hún að hafa vilst í skóginum. Látið menn strax fara af stað að leita hennar!

De Bévallan skipaði að leggja á hesta þegar í stað.

Eg lét fyrst eins og eg vildi fara í le'tina, en bæði læknirinn og frú Laroque aftóku það með öllu; eg lét því tillitlaust að fara að háttu, enda þurfti eg þess með.

Eftir að Desmaret hafði bundið um handlegginn, ók hann af stað með frú Laroque, sem sjálf vildi fara, og ætlaði að bíða í Elfarturninum, meðan de Bévallan væri að láta leita þar í grændinni.

Klukkan rétt að kalla tíu kom Alain gamli inn til mín og sagði mér að ungfrú Margrét væri fundin.

Hann skýrði mér nokkvæmlega frá því, hvernig það atvikaðist að ungfrúin hafði lokast inni, að und-

anteknum þeim atriðum, sem engum öðrum voru kunn, en mér og henni.

Litlu síðar kom læknirinn og staðfesti söguna, og þar á eftir frú Laroque, og varð ær næsta feginn, er eg sá, að enginn hallarbúi hafði hinn minsta grun um leyndarmál okkar Margrétar.

Um nóttina hafði eg megna hitasótt og í óráðinu var eg alltaf að þreyta hið háskasamlega stökk úr turnglugganum; en þó að eg gærði það í huganum hvað eftir annað öldungis eins, gat eg e'ki fe't mig við hin löngu loftköst, sem eg varð að taka; mér fanst eins og tekið væri fyrir kverkarnar á mér, eg greip andann á lofti og komst við það til ráðs aftur.

Loks tók að birta af degi, og þá færðist værd yfir mik.

Klukkan átta kom ungfrú de Porhoét inn til mín; hún settist á stól við rúmið mitt með þrjóna sína.

Þar sat hún allan daginn, og tók á móti gestum, sem komu að heimsækja mig.

Næst á eftir minni gömlu vinkonu, kom frú Laroque að finna mig; hún bauð mér góðan dag með hlýju handtaki, og sá eg um leið, að tár hrundu niður kinnar henni.

Skyldi dóttir hennar hafa sagt henni upp alla söguna?

Ungfrú de Porhoét tjáði mér, að gamli Laroque hefði legið rúmfastur frá því daginn fyrir. Hann hafði fengið heilablóð-fall.

Hann var orðinn máttlaus og talinn í mikilli hættu.

Þessvegna hafi verið fastráðið, að brúðkaupð skyldi fara fram svo fljótt, sem auðið yrði, og í því skyni hafði verið sent eftir Laubépin. Það er búið t við að hann komi í dag frá París, og á morgun kvað e'ga að undirrita hjónabands-samninginn.

Eg hefi setið uppi nokkrar klukkustundir í kveld við að skrifa, en læknirinn segir mér, að það sé fásinna, eg muni fá hitaveiki af því, og muni sjá eftir því seinna.

---

### XIII. KAPÍTULI.

3. Október.

Það er engu líkara, en að djöfullegt vald hafi sett sér það mark og m'ð, að finna upp á því að leggja til skiftis tilfinningalíf mitt og samvizku, í þær einkenni-legustu og grimmúðugustu eldraunir, sem hugsast geta.

Af því að Laubépin kom nú ekki í morgun, hefir frú Laroque dottið í hug að senda til mín, til þess að fá hjá mér upplýsingar viðvikjandi hjónabands-samningi, sem á að undirrita á morgun, eins og þegar hæfir verð skýrt frá.

Eg er neyddur til að vera kyr í mínum herbergjum um nokkra daga, svo að eg hefi beðið frú Laroque að senda mér öll þau skjöl og einkaskírte'ni, sem tengdafaðir hennar á, því að mér var nauðsynlegt að

p'  
þá  
fr

þá  
Ch

þes  
hin

ekki  
hafð  
þrigg  
gren

hafði  
tíma,

kynna mér þau grandgæfilega, til þess að geta gefið þær upplýsingar, sem eftir var æskt.

Mér voru þegar í stað sendar tvær skúffur, fullar af skjölum; hafði þeim verið náð með leynd út úr herbergi gamla Laroque, meðan hann svaf, því að hann hefir mjög strangar gætur á skjölum sínum.

Í fyrsta skjalaböglinum, sem fyrir mér varð, rakst eg á ættarnafn, sem kom hvað eftir annað fyrir, og vakti það forvitni mína til muna.

Skjalið var á þessa leið:

Til barnanna mína!

Nafn það, sem eg nefnist, er ekki mitt rétta nafn.

Faðir minn hét Savage. Hann var verkstjóri á plant-teig á Sainte-Lucie, en svo heitir ey nokkur, er þá var undir forræði Frakka, og egn auðugrar ættar frá Dauphine, en ættin hét Champcey d' Haute-rive.

Árið 1793 andaðist faðir minn, og þó að eg væri þá á ungum aldri, tók eg að erfðum það traust, er Champcey-ættin hafði borið til föður míns.

Í lok þessa atburðaríka árs, unnu Englendingar þessar nýlendur af Frökkum, eða réttara sagt, þá gengu hinir svikulu nýlendumenn Englendingum á hönd.

Markísinn af Champcey (Jacques Auguste), sem ekki var þá búinn að fá tilkynning frá Þjóðþinginu, hafði á hendi skipstjórn á freigátunni *Thetis*, er um þriggja ára skeið hafði verið á sveimi um höfin þar í grend.

Þegar augljós var orðin hættan, sem yfir vofði, hafði eg fengið skipun um, og það fyrir æði löngum tíma, að selja plant-teiginn, er eg stýrði eftir andlát

föður míns. Var mér sagt að taka hvaða tilboði, sem í hann kæmi.

Nóttina milli 14. og 15. Nóvember 1793, fór eg einn á bati frá oddanum á Marnæ-au-Sab'e og með leynd burt frá Sainte-Lucie, er óvinirnir höfðu þegar náð á sitt vald.

Eg hafði með mér í enskum bankaseðlum og gulli það fé, sem eg hafði fengið, er eg seldi plantteiginn.

De Champcey hafði sakir kunnugleika síns þar við eyna, leikið á enska varðskipið og lá í leynivogi við Gros-Het, er fæstum var kunnugt um.

Hann hafði lagt svo undir við mig, að eg skyldi koma á sinn fund um nóttina, og hann beið mín að eins, en ætlaði að sigla heim til Frakklands, með öll sín skip, er eg væri kominn.

En á leiðinni til skips hans, var eg svo óheppinn að lenda í klóm Englendinga.

Þessir ódrengir buðu mér strax að kjósa um tvo kosti, annaðhvort að verða skotinn, eðlegar að láta uppskátt, hvar flutningsskipa-flotinn væri. Ef eg gerði það, var mér ennfremur lofað því, að fá að halda óskertri, sjálf um mér til handa, þeirri miljón, sem eg hafði fengið fyrir plantteiginn, og hafði á mér þegar eg var tekinn löndum.

Eg var ungur að aldri . . . . freistingin var mikil . . . . að hálfri stundu liðinni var *Thétis* skotin í kaf, öll skipin klófest og de Champcey særður til ólifis. . . .

Svo leið heilt ár; þennan tíma naut eg hvorki svefns né matar og lá við að eg gengi af vötinu . . . .

Eg ásetti mér þá að láta bannsetta Englendingana



gjalda fyrir þær samvizku-píslir, sem þeir hefðu bak-  
að mér, og eg mátti trautt undir rísa.

Eg fór til Guadeloupe, skipti þar um nafn og  
varði mestum hluta þess fjár, er eg hafði aflað mér  
með röngu, til að útbúa briggskip, til að hærja á Eng-  
lendinga.

Í fimtán ár hefi eg reynt að afmá með mínu  
blóði og þeirra, þann blett er eg í breyskleika setti á  
fána ættar minnar; og þó að mestur hluti auðs míns,  
sé aflaður í heðarlegum bardögum, þá er þó stofnféð  
fengið með svikum.

Þegar eg kom til Frakklands, hniginn að aldri,  
forvitnaðist eg um Champcey d' Haute-rive-ættina.

Sú ætt bjó þá við mikinn auð og í bezta gengi,  
— og þagði eg því yfir mínu ömurlega leyndarmáli.

Eg bið börn mín fyrirgefningar!

Í lifanda lífi hefi eg ekki haft kjark til að með-  
ganga þetta frammi fyrir þeim, en eftir að eg er  
dauður, er þeim í sjálfsvald sett, að snúa að því ráði,  
þessu v'ðvikjandi, ær eg tjái þeim hér, sem samvizk-  
an býður þeim.

Að eins einnar bónar vildi eg biðja þau: Það  
er óhjákvæmilegt, að ófriður komi upp, milli Frakka  
og Englendinga, því að þær þjóðir ala óslökkvandi  
hatur hvor t'l annarar. Hlýtur því til þess að draga,  
að annaðhvort svelgi þeir oss eða vér þá!

Ef þessi ófriður verður á æfidögum barna minna,  
eða barnabarna, beiðist eg þess, að þau gefi ríkinu  
korvettu með allri áhöfn, svo sem búna til bardaga,  
en láti gjöfinni fylgja að eins eitt skilyrði, það, að

föður míns. Var mér sagt að taka hvaða tilboði, sem í hann kæmi.

Nóttina milli 14. og 15. Nóvember 1793, fór eg einn á bát frá oddanum á Marne-au-Sab'e og með læynd burt frá Sainte-Lucie, er óvinirnir höfðu þegar náð á sitt vald.

Eg hafði með mér í enskum bankaseðlum og gulli það fé, sem eg hafði fengið, er eg seldi plantteigin.

De Champcey hafði sakir kunnugleika síns þar við eyna, lekið á enska varðskipið og lá í leynivogi við Gros-Het, er fæstum var kunnugt um.

Hann hafði lagt svo undir við mig, að eg skyldi koma á sinn fund um nóttina, og hann beið mín að eins, en ætlaði að sigla heim til Frakklands, með öll sín skip, er eg væri kominn.

En á leiðinni til skips hans, var eg svo óheppinn að lenda í klóm Englendinga.

Þessir ódrengir buðu mér strax að kjósa um tvo kosti, annaðhvort að verða skotinn, eillegar að láta uppskátt, hvar flutningsskipa-flotinn væri. Ef eg gerði það, var mér enn fremur lofað því, að fá að halda óskertri, sjálf um mér til handa, þeirri miljón, sem eg hafði fengið fyrir plantteigin, og hafði á mér þegar eg var tekinn löndum.

Eg var ungur að aldri . . . . freistingin var mikil . . . . að hálfri stundu liðinni var *Thétis* skotin í kaf, öll skipin klófest og de Champcey særður til ólifis . . . .

Svo leið heilt ár; þennan tíma naut eg hvorki svefns né matar og lá við að eg gengi af v'tinu . . . .

Eg ásetti mér þá að láta bannsetta Englendingana

gjalda fyrir þær samvizku-píslir, sem þeir hefðu bak-  
að mér, og eg mátti trautt undir rísa.

Eg fór til Guadeloupe, skipti þar um nafn og  
varði mestum hluta þess fjár, er eg hafði aflað mér  
með röngu, til að útbúa briggskip, til að hærja á Eng-  
lendinga.

Í fimtán ár hefi eg reynt að afmá með mínu  
blóði og þeirra, þann blett er eg í breyskleika setti á  
fána ættar minnar; og þó að mestur hluti auðs míns,  
sé aflaður í heðarlegum bardögum, þá er þó stofnféð  
fengið með svikum.

Þegar eg kom til Frakklands, hniginn að aldri,  
forvitnaðist eg um Champcey d' Haute-ive-ættina.

Sú ætt bjó þá við mikinn auð og í bezta gengi,  
— og þagði eg því yfir mínu ömurlega leyndarmáli.

Eg bið börn mín fyrirgefningar!

Í lifanda lifi hefi eg ekki haft kjark til að með-  
garga þetta frammi fyrir þeim, en eftir að eg er  
dauður, er þeim í sjálfsvald sett, að snúa að því ráði,  
þessu vðvíkjandi, ær eg tjái þeim hér, sem samvizk-  
an býður þeim.

Að eins einnar bóttar vildi eg biðja þau: Það  
er óhjákvæmilegt, að ófriður komi upp, milli Frakka  
og Englendinga, því að þær þjóðir ala óslökkvandi  
hatur hvor til annarar. Hlýtur því til þess að draga,  
að annaðhvort svelgi þeir oss eða vér þá!

Ef þessi ófriður verður á æfidögum barna minna,  
eða barnabarna, beiðist eg þess, að þau gefi ríkinu  
korvettu með allri áhöfn, svo sëm búna til bardaga,  
en láti gjöfinni fylgja að eins eitt skilyrði, það, að

hún skuli heita "*La Savage*" og að Bretagne-búi skuli vera skipstjóri hennar.

Við hvert skot, sem hún hleypir á bannsetta Eng-  
lendingana, munu bein mín titra af gleði og fögnuði  
í gröfinni!

Richard Savage, kallaður Laroque

Þær endurminningar, sem vöknudu hjá mér, við  
lestur þessarar játningar, tóku af allan efa um, að  
hún væri áreiðanleg.

Margsinnis hafði eg heyrt föður minn minnast  
á þann atburð í æfi föður síns, með mikillæti og  
söknuði, er skjal það greindi frá, sem eg hafði nú  
nýskeð lesið. Sá var munurinn, að ættmenn mínir  
ætluðu, að Richard Savage — eg kannaðist vel við  
nafnið — hefði beðið bana í sama svikaflóðinu, eða  
óhappinu, er riðið hafði Thetis að fullu. En hitt  
kom engum til hugar, að hann hefði verið upphafs-  
maður að því svikræði.

Nú skildist mér líka til fulls, hið einkennilega  
atferli gamla farmannsins gagnvart mér, þó að mér  
hefði þótt það kynlegt, og ekki getað áttað mig á  
því áður, hvað hann var óframfærinn við mig og  
veitti mér þó nána eftirtekt. Faðir minn hafði altaf  
sagt, að eg væri lifandi eftirmynd afa míns, og þennan  
ættarsvip hefði veslings öldungurinn séð, þó að hann  
væri orðinn sljófur og ellihrumur.

Eg var í allmiklum vanda staddur, eftir að eg  
hafði lesið þetta skjal.

Mér var ómögulegt að bera neina þykkju til hins

ógæfusama manns, er hafði afplánað synd sína með refilengri iðrun, örvænting og hatri gagnvart þeim, er höfðu komið honum til að fremja glæpinn.

Miklu fremur lá mér við að dáðst að, og verða snortinn af þeim ákafa, er andaði móti mér úr þessum línunum, skráðum af manni, sem bæði var lögbrotsmáður og hætja.

Hvernig átti eg að fara með þetta ógurlega leyndarmál?

Mér flaug það strax í hug, að nú væri þeirri hindrun rutt úr vegi, er aðskildi okkur Margrétu, og að auðurinn, sem áður hafði hamlað því, að við mættum njótast, væri nú orðinn að tengi-bandi okkar í milli, með því að eg var eini maðurinn í víðri veröld, er gat gert hann, að réttmætri eign hennar, með því að njóta hans ásamt með henni.

Vitanlega var leyndarmál þetta ekki mitt; eg hafði af stakri tilviljun komist að því; þessvegna bar mér víst sannarlega, að vekja ekki máls á þessu, heldur að láta skjalið koma réttum hlutaðeigendum í hendur, þegar hin ákveðna stund til þess væri komin. En meðan á þeirri bið stæði, gat það gerst, er ekki yrði afturtekið! Á meðan á þeirri bið stæði, mundu þau bönd knýtt, er ekki yrði auðið að leysa, og örlogin kollvarpa ást minni og vonum og steypa mér í algera örvænting!

Og alt þetta átti eg að þola, þó að eg þyrfti ekki annað en segja eitt einasta orð, til að koma í veg fyrir það! Og daginn sem sannleikur þessi kæmi í ljós og hyldi andlit tveggja væslings kvenna blygðun-

arroða, mundi eg kannske verða að bera sömu byrði harma og örvæntingar.

Þær mundu fyrstar manna verða til þess að ámæla mér og segja:

— Hversvegna sögðuð þér okkur ekki frá þessu, úr því að yður var kunnugt um það?

Nei, það skal aldrei verða! Ef eg má ráða, skulu þessar göfugu konur aldrei þurfa að finna blygðunarroða leggja um vanga sína, hvorki nú eða nokkru sinni síðar.

Eg vil ekki kaupa hamingju mína með auðmýking þeirra.

Þetta leyndarmál skal vera mitt, að eins mitt — veslings öldungurinn fer aldrei að ljósta því upp — það er ekki til lengur — — ældurinn hefir eytt því!

Eg hefi íhugað vandlega þetta spor, sem eg hefi nú dirfst að stíga.

Eg hefi brent ærfðaskrá, mikilvægt ættarskjal. Það hefði ekki að eins getað orðið mér til hagsmuna, þetta skjal, ef það hefði verið látið óeyðlagt, heldur og systur minni, sem mér er trúað fyrir; þarna bauðst auður handa henni, svo að eg hefi að þessu leyti stuðlað að því, að steypa henni í fátækt.

Alt þetta er mér fyllilega ljóst, en eg hæfi komið í væg fyrir að tvær göfugar konur þurfi að bugast undir byrði glæps, sem þær hafa enga hlutdeild átt í. Eg finn gerla að þegar þannig stendur á, þá hefir maður heimild til að fara ofurlítið á bak við lögin.

Ef eg hefi drýgt lögbrotsverk, þá verð eg og eng-

inn annar að bera ábyrgðina! En þessi barátta hefir orðið mér ofurefli . . . . eg get ekki meira.

*Arnþjótur B. Olsen*

#### XIV. KAPÍTULI

4. Október.

Laubépin kom loksins í gærkveld.

Hann kom snöggvast inn til mín og heilsaði upp á mig; en það lá illa á honum; hann var stuttur í spuna og óánægður, og talaði að eins fáein orð um giftinguna, sem til staði.

— Þetta er einstaklega vel til fundið samband, mjög jafnt á komið með báðum hjónaefnum, og að því er óviðkomandi fólk má sjá, þá hljóta þau að verða einkar hamingjusöm.

Eg óska yður rólegrar nætur, vinur minn; — og nú fer eg beint til hallarinnar, til að gera nauðsynlegan undirbúning að þeim forms-atriðum, sem ætlast er til að ryðji hjónaefnunum hamingjubraut.

Á morgun kl. eitt, er ætlast til að fólk komi saman í dagstofunni, til að verða viðstatt undirritan samningsins.

Eg þakkaði guði fyrir, að mér var hlíft við þeirri sálarkvöl, vegna handleggsbrotsins, að vera viðstöddum þessa hátíðlegu athöfn.

Eg var önnum kafinn við að skrifa systur minni, sem eg hefi ásett mér að vígja hédan af allar minar

hugsanir og krafta, þegar þau Laubépin og ungfrú Porhoét komu inn til mín.

Laubépin hafði kynst vinkonu minni í sínum tíðu ferðum til hallarinnar, og lært að meta hennar miklu og góðu kosti. Hafði því tekist vinátta með þessum öldruðu manneskjum, sem Desmaret læknir er altaf að narrast að.

Eftir að þau höfðu heilsað mér með mestu virktur, settust þau á hægindastólana, sem eg bauð þeim, og tóku svo til að virða mig fyrir sér með hátíðlegri ánægju.

— Jæja, það er þá víst búið spurði eg.

— Jú, það er búið, svöruðu þau bæði einum munni.

— Og gekk það vel?

— Já, ágætlega, svaraði ungfrú de Porhoét.

— Já, það gat ekki betur farið, bætti Laubépin við. Svo þagnaði hann andartak og mælti síðan: Bévallan riddari er farinn til fjandans!

— Og Helouin litla er á leiðinni til sama staðar, hélt ungfrú de Porhoét áfram.

— En herra minn sæll og góður, hvernig á eg að skilja þessar fréttir, sem þið færið mér? spurði eg alveg forviða.

— Það skal eg segja yður, vinur minn, svaraði Laubépin. Þessi ráðahagur var afar-hagkvæmlegur, og hafði sjálfsagt orðið hjónæfnunum næsta hamingju-drjúgur, ef hjónaband væri hagsmuna-fyrirtæki eingöngu; en nú vill svo til, að það er það ekki. Það var því skylda mín, úr því aðstoðar minnar var



óskað, að kynna mér hjartalag persónanna, og samræmi lundarfars þeirra, um leið og eg tók til greina fjármála-ástandið.

Þegar frá upphafi hafði eg fengið veður af því, að engum væri giftingin girndarráð, hvorki minni ágætu vinkonu frú Laroque, ellegar hinni ástúðlegu ungu brúður, né velviljuðustu og tryggustu vinum — í stuttu máli, engum öðrum en brúðgumanum sjálfum, en um hann hæfir mér aldrei getað þótt sérlega vænt.

Eg skal viðurkenna það, að á þessari síðustu athugasemd á ungfrú de Porhoét sök, og að vísu er brúðguminn aðalsmaður.

— Nei, setjum þar snyrtimenni í staðinn, skaut ungfrú de Porhoét inn í mæð alvarlegum svip.

— Látum það gott heita, sagði Laubépin, en hann er sú tegund snyrtimenna, sem mér verður ekki að skapi.

— Ekki mér heldur, sagði ungfrú de Porhoét. Það voru einmitt þess kyns herrar, sem vafasamt orð fór af, er undir leiðsögn hertogans af Chartres, gerðust hvatamenn að konungs-úrskurðinum.

— Já, ef þeir hefðu ekki gert annað en það, þá hefði verið hægt að fyrirgefa þeim, svaraði Laubépin mæðarlega.

— Jæja, við komum okkur ekki saman um þetta at-riði, svo líklega er bezt fyrir okkur að hverfa frá því, og víkja aftur að efninu. Haldið þér nú áfram að segja frá.

— Já, það skal eg gera. Jæja, þegar eg sá að undirbúningurinn undir brúðkaupið var langlíkastur

jarðarfarar undirbúningi, þá fór eg að hugsa upp eitthvert heðarlegt og löglegt ráð til þess, að koma annaðhvort de Bévallan til að sleppa tilkalli til ungfrú Margrétar, ellegar að fá hana til að segja skilið við hann. Sú stefna mín var ekki að eins löglega réttmæt, heldur og sjálfsögð, með því að de Bévallan hafði notað sér ræynsluleysi minnar góðu vinkonu frú Laroque, og feng'ð hana til, með tilstilli lögmanns hér á næstu grösum, að veita sér ýmsa, alveg óhæfilega hagsmuni.

Án þess að fara út fyrir hæfileg takmörk, tókst mér að breyta samningnum býsna mikið, en ýmislegt var búið að semja um áður til fulls, svo að þar um varð engu þokað. En samt sem áður var samningurinn svo aðgengilegur fyrir de Bévallan, að ef hann hefði borið einlægan ástarhug til brúðar sinnar, þá hefði hann hæglega getað látið sér samninginn vel lynda.

En skyldi hann gera það?

Það varð að eiga á hættu, og eg verð að kannast við, að það var ekki alveg kvíðalaust, að eg hóf að lesa samninginn, er nú mátti ekki breyta, fyrir því marga fólki, sem á hann hlýddi.

— Já; mér fanst hjartað ætla að stöðvast í brjósti mínu, greip ungfrú de Porhoét fram í, því að í fyrri hluta sammingsins virtist svo margt í þágu óvinar vors, að mér fanst, sem málið væri tapað.

— Og kvíði yðar var ekki ástæðulaus, ungfrú góð, en þér hafði og svo sem að sjálfsögðu heyrt að alt er undir endalyktunum komið, og því var ekki

óskringilegt að sjá framan í de Bévallan, og stallbróður hans, lögfræðing hans, þegar eg kom með mína skilmála í samningnum.

Fyrst gutu þeir augum hvor til annars, hvísluðust síðan á um hríð; þar næst stóðu þeir báðir á fætur, gengu yfir að borðinu til mín, og beiddust skýringar hjá mér í lágum hljóðum.

— Gerið svo vel og talið upphátt, herrar mínir, mælti eg. Þetta pukur á hér ekki við. Hvað eruð þér að biðja um?

Áheyrendur fóru nú að gerast forvitnir, en de Bévallan hélt áfram með lágri röddu, og sagði að í samningi þessum kendi óþarflega mikillar tortrygni.

— Tortrygni! endurtók eg svo hátt að heyrðist um allan salinn. Hvað eruð þér að segja maður? Talið þér þetta til frú Laroque, til stallbróður míns hér, eða til mín? Hverjum leyfið þér yður að bera þetta á brýn

— Þey! þey! Þér þurfið ekki að gjalla upp með þetta! hvíslaði lögmaður de Bévallans. En það var frá upphafi gert ráð fyrir að heimanmundurinn skyldi ekki koma til græina í samningnum.

— Heimanmundurinn? Hvar er um hann talað hér?

— En yður er kunnugt um það sjálfum, stallbróðir góður, að þér eruð með kænskubrögðum að reyna að bæta úr því!

— Kænskubrögðum, herra lögmaður? Viljið þér gera svo vel og taka til græina þá bendingu frá mér,

svo sem eldri manni í lögmensku, að leggja niður svona munnsöfnuð.

— Mér þykir þetta undarlegt atferli, sagði de Bévallan; það er þrængt kosti mínum og farið með mig rétt eins og eg væri barn.

— Þér skiljið víst ekki hvernig mál þetta er vaxið, herra de Bévallan! Yður er það víst ekki fulltjóst, að hér er um hjónabands-samning, en ekki erfðaskrá að ræða. Yður gleymist víst, að frú Laroque er enn á lífi, að tengdafaðir hennar er enn lifandi og að þér eigið fyrir höndum að kvongast, en ekki að erfa látna manneskju . . . . að minsta kosti ekki enn þá! Þér verðið að hafa ofurlitla þolinmæði!

Þegar hér var komið, stóð ungfrú Margrét á fætur.

— Nú er nóg komið! mælti hún. Gerið svo vel herra Laubépin, að fleygja hjónabands-samningi þessum á eld. En eg ætla að biðja þig mamma, að sjá um að herra de Bévallan verði sendar aftur allar gjafirnar sem hann hefir látið flytja heim til mín.

Að svo mæltu gekk hún út úr salnum og bar hátt höfuðið eins og drotning.

Frú Laroque fór strax út á eftir henni, en eg fleygði samningnum í eldstóna.

— Hér er um ljótt undirferli að ræða, og eg skal komast fyrir um, hvernig því er háttað, sagði de Bévallan í ógnunar-rómi.

— Þér skulið strax fá að heyra, hvernig í þessu liggur, svaraði eg. Unga stúlkan, sem hefir mikinn metnað til að bera, og það að maklegleikum, var

hrædd um, að það væri auður hennar, sem þér væruð að slægjast eftir . . . . um það vildi hún geta gengið úr skugga, og það hæfir henni hpenast. Svo leyfi eg mér að kveðja yður ,herrar mínir.

Því næst fór eg að finna kvenfólkið, sem varð mér fegið og lá við að félli mér um háls af fögnuði.

Að fjórðungi stundar liðnum fór de Bévallan burt úr höllinni ásamt lögmanni sínum.

Brottför biðils'ns varð til þess að losa um mál-beinið á vinnufólkinu, og sagði það nú hispurslaust frá samdrætti hans og ungfrú Helouin.

Sú yngismey hafði ekki átt neinum almennum vinsældum að fagna undanfarið, og þegar hún óskaði eftir að mega fara burt úr vistinni þenna sama dag, var henni veitt það undir eins.

Eg þarf ekki að taka það fram, að þær mæðgur hafa ánafnað henni rífligan framfærslu eyri . . . . .

Jæja, hvernig lízt yður á fréttirnar, vinur minn? Er yður að versna? Þér eruð orðinn náfölnur . . . . .

Sannleikurinn var sá, að þessi tíðindi höfðu vak-ið svo ríkar tilfinningar, bæði harms og fagnaðar í brjósti mínu, að við lá að eg félli í ómegin.

Laubépin ætlar að leggja af stað í fyrra málið og kom hann á fund minn í kveld, til að kveðja mig.

Við töluðum fyrst um hitt og þetta, og svo sagði hann:

— Eg ætla ekki að fara að grenslast eftir einkamálum yðar vinur minn, en ef þér þyrftuð á leiðbeiningum eða ráðunaut að halda, þá gærið svo vel og leitið til mín.

Eg fann gerla, að eg átti ekki kost á vinfengi nokkurs manns, sem tryggari væri, né vildi mér betur, heldur en hann, þessi aldraði heðursmaður, svo eg afréð að segja honum upp alla sögu, af sambandi mínu og ungfrú Margrétar, frá því við kyntumst fyrst alt til yfirstandandi tíma.

Eg las honum enn fremur kafla úr dagbók minni, til þess að honum skildist betur, hvernig tilfinningum mínum væri háttað, og hvernig eg hafði litið á það, sem á daga mína hafði drifið, eftir að eg kom til hallarinnar.

Eg sagði honum hreinskilnislega frá öllu, og dró ekkert undan, nema það léyndarmál, sem eg hafði orðið áskynja um, þegar eg var að skoða skjöl Laroque-ættarinnar.

Gamli Laubépin varð því hryggari á svip sem eg sagði honum lengur frá, og þegar eg hafði lokið máli mínu, mælti hann:

— Eg þarf naumast að skýra yður frá því, vinur minn, að þegar eg réði yður hingað, gerði eg það í þeim tilgangi, að ástir tækjust með ykkur ungfrú Laroque.

Í fyrstu gekk alt að óskum.

Það gat ekki hjá því farið, að þið, sem bæði voruð í broddi lífsins, fengjuð ást hvort á öðru við nána viðkynningu, en eg verð að játa það, að sá rómantiski atburður, sem gerðist í Elfar-turninum, hefir gersamlega ruglað mínar ráðstafanir.

Fyrirgefið þó eg segi yður, að eftir minni meiningu, var það nægileg sönnun fyrir ósérplægni yðar,

að þér stukkuð út um gluggann, eigandi það á hættu að hálsbrotna; það var algerlega óþarft fyrir yður að áréttu með því loforði, að þér skylduð aldrei giftast veslings stúlkunni, nema með þeim skilmálum, sem alveg var óhugsandi, að hægt væri að fullnægja.

Að vísu tel eg mig býsna ráðsnjallan mann, en eg finn að það er mér algerlega um megn að leggja yður ráð til þess, að afla yður svo hundruðum þúsunda skifti í árstekjur, eða svifta ungfrú Margrétu auðæfum hennar.

— En nú langar mig til að spyrja yður ráða, herra Laubépin! Eg treysti betur dómgreind yðar en sjálfs mín; eg fer þess ekki duldur að eg hefi unnið hait, sem mannorð mitt krefst að eg efni. Segið mér einlæglega yðar skoðun viðvíkjandi því, hvort eg á að láta þetta vanhugsaða loforð, svifta mig þeirri hamingju, sem þér höfðuð ætlað mér, eða ekki.

Laubépin stóð á fætur; hann hnyklaði loðnar augabryrnar og skálmaði stundarkorn um gólfð. Loks nam hann staðar, tók í hönd mér og mælti: Þér hafið gert rétt í því, að trúu mér fyrir einkamálum yðar, því að eg er einlægur vinur yðar, og ann yður eins og þér væruð sonur minn.

En jafnvel þó að yður finnist að þér ætlið að vanmegnast undir þeirri byrði, er þér hafið með þessu bundið yður, og mér falli sárt að vita til þess, þá get eg þó ekki svæft samvizku mína, eða brotið bág við þær grundvallar-skoðanir, sem eg hefi myndað mér. Það er margfalt réttara, að ganga hófi lengra í því, að uppfylla mannorðs-skyldur sínar, heldur en of

skamt. Og hver sá sem einhverju hefir heitið, hann er skyldur til að efna loforð sitt, ef það er ekki þess eðlis að svifta sig eða aðra lífi, eða vinna lögbrots verk. Þetta er mín skoðun.

— Sömu skoðun hef eg — og þessvegna legg eg af stað með yður á morgun.

— Nei, Maxímæ, þér ættuð að dvelja hér ennþá um tíma . . . . Eg trúi ekki að kraftaverk gerist nú á tímum, en eg trúi á guð, og hann vill ekki að þeir sem réttvíslega breyta skuli fyrirfarast.

Eg held við ættum að gefa forsjóninni einhvern frest.

Mér dylst ekki að með þessu móti er verið að leggja yður í mikla eldraun, en eg vona, að þegar eg bið yður í nafni vináttu minnar, að gera þetta, þá skorist þér ekki undan því. Ef þér fáið engar nýjar fréttir frá mér að mánuði liðnum, þá megið þér minna vegna fara héðan.

Síðan faðmaði hann mig að sér, og skildi við mig með rórri samvizku, en þó yfirbugaðan af þungum harmi.

## XV.

12. Október.

Nú eru tveir dagar liðnir, síðan eg var orðinn, svo hress, að eg gat farið úr herbergjum mínum og heim til hallarinnar.

Eg hafði ekki séð ungfrú Margrétu síðan við



skildum í Elfar-turninum.

Hún var ein í dagstofunni þegar eg kom inn, og þegar hún sá hver kominn var, hrökk hún við, og sýndi snið á sér til að standa upp og fara burtu; samt hætti hún við það, en varð kafrjóð út undir eyru. Eg fann líka gerla að eg einnig roðnaði.

— Hvernig líður yður, herra Ódíot, eruð þér að hressast? spurði hún og rétti mér höndina.

Hún sagði þetta svo angurblitt og alúðlega, að mér lá við að falla á kné fyrir henni; en eg fann að eg varð að svara henni kuldalega.

Hún leit til mín með hrygðarsvip og grúfði sig svo strax ofan yfir sauma sína.

Rétt á eftir kom orð frá móður hennar, um að hún skyldi koma strax inn til afa síns, því að honum hafði versnað, og var nú mjög sjúkur.

Hann hafði orðið mállaus fyrir nokkrum dögum, og nú var hann orðinn máttlaus allur og gat enga björg sér veitt.

Allur hugsana þróttur var nú horfinn og ekkert eftir nema kvalir og þjáningar.

Það var engum vafa bundið, að öldungurinn átti skamt eftir ólifað, en þessi járnlikami vildi ekki sleppa öndinni, fyr en eftir harða baráttu.

Læknirinn hafði sagt, að dauðastríðið mundi verða mjög hart. Þegar það var orðið augljóst, að sjúklingurinn mundi vera staddur í mikilli hættu, höfðu þær frú Laroque og dóttir hennar, tekið til að hjúkra honum sjálfar, með einstakri umönnun, og ekki vikið frá honum nótt né dag.

Í fyrra dag voru þær orðnar svo lamaðar af þreytu og svefnleysi, að við Desmaret læknir buðumst til að hvíla þær og vaka yfir sjúklingnum næstu nótt.

Þær þágu boðið og ætluðu að ganga til svefnis innan stundar.

Læknirinn var líka þreyttur, og hann hafði ekki verið nema stundarkorn inni í sjúkraherberginu, þegar hann tjáði mér, að hann ætlaði að fara inn í herbergið næsta við svefnherbergið sjúklingsins og leggja sig þar fyrir stundarkorn.

— Eg get ekkert gert hér til gagns, sagði hann, maðurinn er að fram kominn. Þér getið sjálfur séð, að hann er hættur, að taka út kvalir! . . . . Hann liggur í dauðamóki, og er orðinn alveg tilfinningarlaus. Þegar hann vaknar, þá verður dauðans skamt að bíða. Hér er því ekki um neina hjálp að ræða. Ef einhver breyting verður, þá skuluð þér kalla til mín; en eg á ekki von á, að það verði fyr en í fyrra málið. Eg get ekki haldið augunum opnum lengur.

Hann geispaði hátt og fór inn í hliðarherbergið.

Mér hugnaði illa þetta kæruleysislega atferli hans, þar sem dauðinn var fyrir dyrum, og þó var Desmaret læknir góður maður. En hver sá, sem maklega lotning vill sína við andlát manna, má ekki að eins líta á hina hrörlegu líkams-tjaldbúð, sem er að falla, heldur og að vera minnugur hins ódauðlega anda, sem þá hefir öðlast fullkomið frelsi.

Þegar eg var orðinn einn eftir í herberginu, settist eg við fótagafl rúmsins; hvílutjöldin voru dregin

saman, og reyndi eg að lesa ofurlítið mér til afþreyingar, við birtu litla lampans, sem stóð á borðinu við hlið mér.

Bókin féll úr höndum mínum, og eg gat ekki annað, en fest hugann við þá einkennilegu rás viðburðanna, að nú, eftir öll þessi ár, skyldi sonarsonur þess manns, er látið hafði lif sitt fyrir atbeina þessa seka öldungs, verða til þess að vaka yfir honum á dánarbæði síðustu æfistundirnar; og í þögulli kyrð næturinnar rifjuðust upp fyrir mér þeir hryllilegu atburðir, er gamli sjóræninginn hafði orðið sjónarvottur að. Eg tók að reyna að verða áskynja kennimerkja eftir þá atburði á ásjónu hins dæyjandi manns, andlitið var fölt og dauðamörkin á því auðsæ; friður og alvara grafarinnar hafði breiðst yfir það.

Öðru hvoru gekk eg yfir að höfðalaginu, til að fullvissa mig um, hvort sjúklingurinn héldi áfram að anda, og lif væri enn með honum.

En þegar á nóttina leið, færðist yfir mig óumræðileg þreyta, og eg sofnaði snöggvast, styðjandi hönd undir kinn.

Alt í einu fann eg ónotahroll fara um mig, svo sem mér rynni kalt vatn milli skinns og hörunds.

Öldungurinn hafði sest upp í rúminu og starði á mig athugull og undrandi, og með skilningsþrótti, sem eg átti enga von á að hann ætti enn til.

Þegar eg leit framan í hann, fór titringur um limi sjúklingsins, þar sém hann sat, fögur og skininn eins og vofa.

Hann rétti fram hendur sínar í móti mér og kall-

aði með hljómmikilli, biðjandi röddu, sem eg gat ekki annað en komist við af að heyra:

— Fyrirgefið mér, herra markís, fyrirgefið mér! eg gat það ekki; mér fanst eins og eg vera fastur við hægindastólinn, sem eg sat á.

Þeyjandi maðurinn horfði fast á mig og sagði svo aftur, eftir stundarkorn:

“Fyrirgefið mér, herra markís, sýnið mér þá miskunnsemi, að fyrirgefa mér!

Loksins fékk eg þrótt í mig til að standa upp.

Hann virtist horfa undan, því nær sem eg færði mig honum, eins og hann kviði ógúrlega fyrir því að eg snerti við sér.

Eg lyfti annari hendinni og strauk henni hægt niður enni hans og lokaði augunum, sem hann starði á mig, stórum og hvössum.

— Hvilið í friði! Eg fyrirgef yður, sagði eg.

Eg hafði ekki fyr slept orðinu, en mikill gleðibjarmi færðist yfir gulbleikt andlit, og um leið hrundu tvö tár af hvörmum öldungsins, niður magra, kinnfiskasogna vangana.

Hann rétti aðra hönd sína fram í móti mér, en samstundis krepti hann hnefann og steytti hann ógnandi út í loftið.

Eg sá að hann ranghvolfdi augunum æðislega undir lokuðum bránum, rétt eins og kúla hefði hitt hann í hjartað.

— Bansettur Englendingurinn! tautaði hann.

Að svo mæltu hné hann máttvana út af á koddann — og var andaður.

Eg gerði ættingjum hans aðvart, og innan stundar heyrðist ekki annað í herberginu, en harmakvein og innilegar bænir.

Eg hraðaði mér burtu, næsta hræður eftir þennan einkennilega atburð, sem um alla eilífð verður leyndarmál, er engir skulu fá um að vita, nema við tveir.

Þessi sorgaratburður Laroque ættarinnar, hefir orðið tilefni til svo mikils umtals, að eg hefi fundið það skyldu mína, að hverfa ekki burt héðan fyrst í stað, svo sem eg þó að öðru leyti hefði átt að gera.

Mér er það óskiljanlegt, hvað Laubépin hefir gengið til þess að ráða mér frá að fara burtu.

Hvaða vonir skyldi hann hafa getað gert sér um heppilegan árangur af dvöl minni?

Mér virðist sem hann hafi þar látið leiðast af einhvers konar hjátrú, eða af óafsakanlegu þróttleysi, er aldrei hefði átt að ná yfirhönd hjá jafnþrekmiklum manni eins og hann er. Og mér finst, að eg hafi breytt ranglega er eg varð við þessari ósk hans.

Gat honum ekki skilist, að hann var að teygja úr kvalastundum mínum, og að mér mundi verða óhæg og erfið samveran með þeim mæðgum?

Hvaða hlutverk hafði eg að rækja hjá þeim eftirleidis?

Er nú ekki einmitt hægt að segja um mig með réttu, að eg sé að leika með tilfinningar annara?

Fyrsti fundur okkar ungfrú Margrétar, eftir að eg komst á fætur, hefir sannfært mig bezt um, hversu þung raun hefir verið fyrir mig lögð; en andlát

Laroques er í bili afsökun þess, að eg staðfestist hér um stundarsakir.

Rennes 26. Október.

Nú er úti um alt!

En það veit guð, að þungt var að slita böndin, sem tengdu mig við ástney mína. Og segjanlegs sársauka kendi eg þegar þau voru slitin.

Klukkan 9 í kveld sat eg við gluggann heima hjá mér og studdi hönd undir kinn; glugginn var opinn og varð eg þá hálfhissa, er eg sá ljósbjarma litinn færast nær hóbýlum mínum eftir trjágöngunum, sem hallarbúarnir aldrei voru vanir að ganga.

Innan stundar var barið að dyrum hjá mér; ungfrú de Porhoét kom inn og var móð af göngunni.

— Eg þarf að tala við yður, frændi minn, mælti hún.

Eg horfði fast á hana.

— Hefir nokkurt óhapp orðið? spurði eg.

— Ekki beinlínis óhapp . . . . en setjist þér niður og svo skuluð þér fá að dæma um það sjálfur. Þér hafið verið tvö eða þrjú kveld í þessari viku heima í höllinni — og hafið þér þá alls ekki orðið var við neina óvænta breytingu á háttsemi þeirra mæðgna?

— Nei, síður en svo.

— Hafið þér ekki tekið eftir því, að þær eru orðnar miklu rólegri, heldur en þær hafa verið, eins og þær hefðu fastráðið að koma fram einhverju mikilvægu áformi?

— Jú, kannske. Ef ekki er tekið neitt tillit til ástvinamissisins, sem þær mæðgur hafa orðið fyrir nýskeð, þá finst mér þær að vísu vera rólegri og ánægðari hældur en að undanfögnu.

— Já, ekki þyki mér það ólíklegt, að þér hafið orðið þess áskynja. En ef þér hefðuð verið samvistum með þeim síðasta hálfan mánuðinn, eins og eg, þá hefðuð þér sjálfsagt orðið ýmislegs var, sem alls ekki er ómerkilegt.

Eg hefi hvað eftir annað tekið eftir því, að þær hafa litið þannig, hvor til annarar, eins og þær væru búnar að koma sér saman um eitthvað. Þær hafa lagt niður alla sína fyrri siði og háttu. Frú Laroque hefir hætt við að brúka fótavermil sinn, og sömuleiðis að sitja á hægindastólnum með tjaldinu yfir. Hún er tekin til að fara snemma á fætur, og sezt þá strax við saumaborð sitt hjá ungfrú Margrétu. Þær mæðgur sitja altaf sveittar við útsaum og eru síspyrjandi um, fyrir hvæ miklu fé sé hægt að vinna við þá atvinnu.

Hingað til hefi eg ekkert í þessu skilið. En nú loksins hefi eg komist að, hvernig í öllu líggur; að vísu langar mig ekki til að hafa meiri afskifti af yðar einkamálum, hældur en sjálfum yður gott þykir, en samt hefir mér nú virst rétt að vara yður við, og gera yður kunnugt um hvers eg hefi orðið vísari.

Þessu næst tók ungfrú de Porhoét af mér hátiðlegt loforð um að þegja yfir því, er hún ætlaði að segja mér, og því næst mælti hún með sinni virðulegu röddu;

— Frú Aubry kom á fund minn í kyrþey í gærkveld.

Hún rauk strax upp um hálsinn á mér, en mér er þó mesti viðbjóður að hennar andstyggilegu handleggjum.

Eftir langar raunatölur tók hún að biðja mig að skerast í leik, áður en frænkur hennar steyptu sér í algera glötun.

Hún er sem sé vön því að standa á hleri, og hafði þannig komist á snóðir um, að þær mæðgur væru að sækja um leyfi til að gefa katólska klaustrinu í Rennes allar eigur sínar, til þess að þurka burtu þann mismun, sem er á efnahag ungfrú Margrétar og yðar.

Með því þær sjá sér ekki fært að gera yður jafnríkan sér, ætla þær að gerast fátækar sjálfar.

Mér fanst kæri frændi, að það væri skylda mín, að segja yður frá þessu, sem er augljóst tákni um tvent: göfuglyndi þessara kvenna og ákafa um að koma fram vilja sínum.

Eg vona að yður skiljist það, að eg lít svo á, að það sé skylda yðar að koma í veg fyrir þetta tiltæki.

Varla þarf eg að taka það fram, að eg þykist viss um, að þessar kæru vinkonur mínar sjái eftir þessu uppátæki síðar meir, auk þess, sem það mundi verða yður litt-þolanlegur ábyrgðarhluti; haldið þér það ekki sjálfur?

Ef þér gatud gengið að eiga Margrétu nú strax, væri það að öllu leyti hið bezta.

En nú eruð þér bundinn lofordi, sem þér unnið



í gáleysi og augnabliks æsing, en þó verður ekki aftur tekið, né gerlegt að rjúfa.

Eg sé því ekki, að þér eigið nokkurs annars vöð, en að fara burt héðan, og uppræta með ráðnum huga allar þær vonir, sem dvöl yðar hér vafalaust hlýtur fremur að glæða, hældur en hitt.

Þegar þér eruð farinn, mun mér falla það hægra að tala um fyrir vinkonum mínum, og hafa þær ofan af fyrnefndri vitleysu.

— Þér hafið rétt að mæla, ungrú góð, eg er reiðubúinn að leggja af stað strax í kveld.

— Þetta þykir mér vænt að heyra, svaraði hún. Eg vona að þér sjáið að þetta ráð mitt er bygt á því, að mannorð aðalsmanns má engan hnekki bíða.

Eg tek mér brottför yðar mjög svo nærri, því að þér hafið stýtt mér marga einverustund og gert mér ævikveldið ánægjulegt. Þér hafið vakið á ný von í huga mínum, sem því sem nær var sloknuð. Eg tek því fjarska nærri mér að hvætja yður til að fara héðan, — en hjá því verður ekki komist.

Því næst stóð hún á fætur og horfði á mig stundarkorn stúrin á svip. Síðan mælti hún:

— Fólk á mínum aldri faðmar ekki að sér unga menn, sem eru í brautbúningi, en blessun mína ætla eg að leggja yfir yður. Verið þér sælir, kæri ungi vinur minn; eg þakka yður fyrir alla trygðina; góður guð sé með yður og huggi yður og styðji.

Eg kysti á t'randi hendur hennar, og því næst gekk hún hratt út úr herbærginu.

Í mesta flýti tók eg nú að búa mig til ferðar og ritaði frú Laroque nokkrar línur.

Eg bað hana innilega að hætta við hið viðurlutamikla áform sitt, er hún hefði enn ekki gert sér fullnægjandi grein fyrir, en eg vildi ekki með neinu móti bera ábyrgð á.

Eg hét því við drengskap minn, að eg mundi aldrei kaupa hamingju mína með því að gera hana öreiga, og hún vissi gerla að eg mundi halda orð min.

Til þess að herða á henni með að hætta við hina heimskulegu ráðagerð, lét eg þess lauslega getið í enda bréfsins, að eg hefði í hyggju stöðu, sem líkleg væri til að verða mjög arðvænleg, svo að eg mundi auðgast vel áður langt liði.

Um miðnæturskeiðið, er allir voru í fasta svefni, kvaddi eg hryggur bústað minn í gamla turninum — þar sem eg hafði orðið að kenna á öllum þjáningum, sem ástinni eru samfara, og finna til alls þess unaðar, sem hún hefir í för með sér.

Eg laumaðist upp til hallarinnar gegn um leynidyr, sem eg hafði lykil að. Eins og glæpamaður læddist eg á tánum eftir mannlausum göngunum, sem undir tók í við hvert fótmál, og staulaðist áfram í myrkrinu eins hratt og mér var mögulegt.

Loks komst eg inn í dagstofuna þar sem eg hafði séð hana fyrsta sinni.

Það var að eins tæp klukkustund liðin frá því að hún og móðir hennar hafði farið burt úr herberginu, og loftið inni var þrungið af ilmi hárs og

klæða þeirra og fylti sál mína hugljúfri unaðs-tilfinning.

Eg leitaði og fann innan skamms saumakörfu sem hún hafði lagt í útsaums-dót sitt .... En hvað eg fékk tíðan hjartslátt við að snerta það!

Eg féll á kné við stólinn, sem hún var vön að sitja á, studdi enni á litla saumaborðið hennar og grét eins og barn. Ó, drottinn minn! En hvað eg elskaði hana innilega!

Síðari hluta nætur ók eg leynilega af stað til næsta þorps, og þaðan fór eg í morgun með póstvagni til Rennes.

Annað kveld verð eg kominn til Parísar.

Sama fátæktin, einveran og örvinglanin bíður mín þar, eins og þegar eg fór þaðan.

Hér lýkur nú æskudraumum mínum. Héðan af hlýt eg að fara á mis við unaðsleik ástar og hamingju!

*Arnþjotur B. Olsen*

## XVI. KAPÍTULI.

27. Október.

Þegar eg var í þann veginn að leggja af stað morguninn eftir, sá eg póstvagni ekið upp að gisti-húsi:nu þar sem eg dvaldi og gamla Alain stíga út úr honum.

Það glaðnaði yfir honum þegar hann kom auga á mig.

— Komið þér sælir, herra Ódíot; það var hepni

að eg náði í yður áður en þér lögðuð af stað. Eg er hér með bréf til yðar.

Eg þekti strax rithönd Laubépins.

Hann sagði mér í fáum orðum, að ungfrú de Porhoét væri mjög sjúk, og að hana langaði til að sjá mig.

Eg lét í snatri skifta um hesta fyrir póstvagninum; síðan settist eg upp í hann, og fékk Alain eftir miklar fortölur til að setjast þar gegnt mér.

Eg spurði hann ítarlega tíðinda og lét hann endurtaka fréttirnar hvað eftir annað, því að mér virtust þær alveg óskiljanlegar.

Ungfrú de Porhoét hafði daginn áður fengið skjal mikið með innsigli stjórnarinnar fyrir, þar sem því var lýst yfir, að hún ætti nú lögmeta eignarheimild á arfinum eftir hina spönsku frændur sína. Laubépinn hafði fært henni þetta bréf.

— Það eru helzt líkindi til, hélt Alain áfram, að ungfrú de Porhoét eigi yður, herra Ódíot, það að þakka, að hún vann málið, því að þér kváðuð hafa fundið einhver skjöl í safni hennar, sem áður var ekkert kunnugt um, og með þeim skjölum hafði hún náð eignarhaldi á arfinum.

Eg veit ekki með vissu, hvort svo er eða ekki, en sé svo, hugsaði eg með mér, þá er það í meira lagi ranglátt og ósanugjarnt að gamla konan skuli vera að hugsa um þessa heimsklulega kirkjubygging, því að aldrei hefir hún verið ólmari í það, heldur en einmitt nú .... því það er hún herra Ódíot, því megið þér trúá.

Jafnskjótt sem henni barst fréttin um arfinn, féll hún í ómegin á gólfið þar sem hún stóð; fyrst héldu menn, að hún hefði bráðdáið, en að klukkustund liðinni raknaði hún við aftur, og tók þá strax að tala um kirkjuna sína, um kórinn, meginkirkjuna, kórbræðra-stúkuna og prestana og um nyrðri og syðri vænginn, og ekki fékk hún neina fró fyrri en sóttur hafði verið byggingameistari og allir uppdrættirnir höfðu verið lagðir fram fyrir hana, þar sem hún lá í rúminu.

Um kirkjuna hélt hún áfram að tala í fullar þrjár klukkustundir. Því næst féll hún í mók, en jafnskjótt og hún vaknaði, kvaðst hún vilja finna herra . . . . herra markísinn að máli.

Alain lagði aftur augun og laut mér með mikilli lotningu.

— Þá var eg sendur af stað til að sækja yður, af því að hana langaði til að ráðfæra sig við yður um eitthvað viðvikjandi pallstúkunni.

Mér komu þessi merkilegu tíðindi algerlega á óvart. En eftir nokkra íhugun og eftir að hafa dregið saman í heild hina sundurlausu frásögn Alains, datt mér þó í hug skýring, sem brátt kom í ljós að rétt var.

Eins og fyr var á vikið hafði erfðamál ungfrú de Porhoét verið með tvennu móti.

Fyrst hafði hún átt í löngu strefi við ríkt félag í Castilíu á Spáni. Því máli hafði ungfrúin tapað í síðustu átrennu. Að því búnu höfðu ný málaferli hafist, er ungfrú de Porhoét var eiginlega óviðkom-

andi, en stóðu í milli hinna spönsku erfingja og spánska ríkisins; ríkið hélt því fram að sér bæri þær eignir, er erfingjunum höfðu verið dæmdar.

En meðan því fór fram, hafði eg við rannsókn skjala Porhoét-ættarinnar, nokkrum mánuðum fyr fundið skjal nokkurt er eg skal greina hér frá orðréttu. Það var á þessa leið:

— Vér Don Filippus af guðs náð konungur yfir Castíliu, León, Argóníu, Sikileyjum, Jerúsalem, Navarra, Granada, Toledó, Valenciu, Galizíu, Majorca, Seville, Sardiníu, Cordua-Cadix, Murcia, Jaen, Algarva, Algésiras, Gíbraltar, Canadisku eyjunum, Austindíum, Vestindíum eyjum og meginlandi í úthafinu, erkihertogi af Austurríki, hertogi af Bourgogne, Brabant og Milánó, greifi af Habsburg, Flanderu, Tyról, Barcelóma, Biscaya, Moline o. s. frv.

Vér heitum þér því hér með, af sérstakri konunglegri náð, Hervé Jean Jocelyn, eigandi Porhoét-Gaél, greifa af Torre, Nuevas o. s. frv., sem hefir fylgt oss í ríkjum vorum og þjónað oss með óbifanlegri trygð, að ef ætt þín í beinan karlegg skyldi deyja út, þá skulu eignir ættarinnar — jafnvel þó að það verði ríki voru til tjóns, verða eign erfingja hins franska greifa af ættinni Porhoét-Gaél.

Þetta loforð vort er bindandi jafnt fyrir eftirkomendur vora sem sjálfa oss, samkvæmt vorri konunglegu tilskipun.

Veitt í höllinni Escorial, 10. Apríl 1716.

*Filippus.*

Þetta skjal var að eins eftirrit, en eg hafði einnig

funduð frumritið, sem undirritað var af konungi, og innsigli hans undir. Mér hafði ekki dulist að skjal þetta var mikilvægt innlegg í málinu, en hafði samt ekki viljað gera of mik'ð úr þeim ávinningi, sem af því kynni að verða. Eg var í miklum vafa um, að spanska stjórnin mundi vilja viðurkenna gildi skjals þessa eftir jafnlangan tíma, og eftir alla þá atburði, sem gerst höfðu á því tímabili. Eg var jafnvel von-  
daufur um, að stjórnin gæti efnt loforðið, þó að hún væri öll af vilja gerð.

Þessvegna hafði eg afráðið, að segja ungfrú de Porhoét ekki frá þessu, en hafði látið mér nægja að senda Laubépin skjalið.

Síðan hafði eg ekkert frekari heyrt um afdrif þess, og því gleymt því algerlega, vegna harma þeirra, er á huga mínum hvíldu.

En nú var svo að sjá, sem spanska stjórnin hefði mót von minni hiklaust efnt loforð Filippusar fimta, og jafnskjótt sem dómur hafði verið kveðinn upp um það, að ríkinu bæri eignirnar, afhent þær hinum rétta eiganda, ungfrú de Porhoét.

Klukkan níu um kveldið steig eg út úr vagninum fyrir framan litla viðhafnarlausa húsið, sem inn í átti nú að flytjast svo feikna mikill auður á æfíkveldi ungfrú de Porhoét.

Litla vinnukonan lauk upp fyrir mér; hún var stúrin á svip og með tárin í augunum.

Um leið og hurðin var opnum, heyrði eg Laubépin segja, með rólegri og alvarlegri röddu:

— Parna kemur hann.

Eg hljóp upp riðið og inn.

Gamli maðurinn tók innilega í hönd mína og leiddi mig þegjandi inn að rúmi sjúklingsins. Læknirinn og presturinn stóðu þar báðir út við gluggakistuna.

Frú Laroque hafði kropið á kné frammi fyrir rúminu, dóttir hennar stóð við höfðagaflinn, og studdi mína öldruðu vinkonu, sem var náfól í andliti, jafn-mjallhvít eins og svæfill, sem hún hvíldi á.

Þegar sjúka konan sá mig, brosti hún.

Mér fanst hún hafa breyzt fjarskamikið, og með miklum erfiðismunum lyfti hún öðrum handleggnum og lagði hann ofan á yfirsængina.

Eg greip um hönd hennar, fleygði mér á kné við rúmstokkinn og gat ekki varist gráti.

— Drengurinn minn, elsku drengurinn minn! sagði hún.

Því næst leit hún til Laubépins og horfði fast á hann um hrið.

Aldurhnigni lögmaðurinn tók nú upp skjal nokkurt, er lá á rúminu og tók til að lesa, þar sem hann augsýnilega hafði orðið að hætta við áður, en það sem hann las var svo hljóðandi:

— Af framangreindum ástæðum, arfleiddi eg nú að öllum eignum mínum bæði á Spáni og Frakklandi, án allrar takmörkunar og skilyrða, Maxíme Jacques Ódíot, sem er aðalsmaður bæði að innræti og ætt.

Þetta er minn einlægur vilji!

*Jocelynde Jeanne*  
greifafrú af Porhoét-Gaél.



Eg ætlaði að spretta upp og lýsa undrun minni. En þá tók ungrú de Porhoét um hönd mína og lagði hana í hönd Margrétar.

Um leið og hendur okkar snertu hvor aðra, fór titringur um ástmey mína; hún roðnaði, beygði sig yfir sjúku konuna deyjandi, og hvíslaði einhverju að henni, en eg féll á kné og flutti bæn í hljóði.

Þannig var hátíðleg þögn ofurlitla stund, svo dró Margrét höndina að sér kvíðafull á svip.

Læknirinn kom strax að rúminu, en eg stóð á fætur.

Höfuð ungrú de Porhoét hafði hnigið máttvana aftur á bak og hún mændi til himins með lotningar svip, sem ekki verður með orðum lýst. Hún bærði varirnar nærri því ómerkjanlega, og var sem hún talaði upp úr svefni:

— Drottinn minn — sagði hún — miskunnsami guð! Eg sé kirkjuna .... þarna uppi! Já .... mislitu rúðurnar .... og sólina .... sólina sem alt lýsir! Tveir englar liggja á knébeði fyrir altarinu .... þeir eru hvítklæddir. Þeir hreyfa vængina .... Ó! drottinn minn, þeir eru lifandi!

Síðustu orðin dóu á vörum hennar eins og andvarp.

Hún lagði aftur augun og brosti eins og hún sæi himnana opnast upp yfir sér, og yfir ósjónu hennar færðist eins konar dýrðarbjarmi.

Endalok þvílíkrar æfi í slíku andláti var mér ógleymanlegur lærdómur, sem eg mun geyma í sálu minni meðan eg lifi.

Eg beiddist þess að fá að vaka með prestinum yfir líkinu, og þeirri nótt mun eg aldrei gleyma.

Yfir ásjónu þessarar gömlu og guðhræddu konu hvíldi svo ósegjanlegur friður og blíðleiki, að mér duldust ekki að hún hafði nú fengið laun langrar æfi, sakir sjálfsafneitunar sinnar og náungans-kærleika.

Tveim stundum fyrir miðnætti fanst mér eg ætla að vanmegnast af þreytu, svo að eg gekk út til að anda að mér hreinu lofti.

Eg gekk hljóðlega niður dimman stigann, og út í garðinn; gegnum dagstofuna hafði eg ekki viljað fara, því að þar logaði ljós.

Níða-myrkur var úti.

Þegar eg nálgadist lystihúsið við jaðar garðsins, heyrði eg ofurlítið skjáfa í limi beykitrjáanna og í sama mund kom einhver út úr lystihúsinu.

Eg hafði eitthvert hugboð um það, hver það væri; eg fékk ákafan hjartslátt og mér sýndist öll himinhvelfingin blikka, eins og tindrandi stjörnumóða.

— Maðgrét! kallaði eg og breiddi út faðminn móti henni.

Fagnaðar andvarp leð af vörum hennar, og svo hvíslaði hún mér nafni mínu blíðlega . . . . svo undurblítt og innilega . . . . Eg varð gagntekinn af óumræðilegri gleði . . . . eg fann varir minnar ungu ástæmyjar snerta minar . . . . og mér fanst eins og hjartað ætla að springa í brjósti mínu.

Helming eigna minna hefi eg gefið Helenu systur minni.

Eg er nú kvæntur Margrétu fyrir löngu.

Hér hætti eg við dagbók mína; eg þarf ekkert fleira í hana að skrásetja.

Það sama má með sanni segja um einstaklinga, eins og sagt er um þjóðirnar.

Þeir eru hamingjusamir, sem sagan getur ekkert um.

ENDIR.

*Arnþjótur B. Olsson*

*Góð. saga*

---